Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Nr. 60 29. desember 1995

AUGLÝSING

um gildistöku fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands.

Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands frá 10. desember 1992 öðlaðist gildi 1. september 1994, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1993, þar sem samningurinn er birtur, 25/1993 og 54/1995.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Nr. 61 29. desember 1995

AUGLÝSING

um fyrirkomulag viðskipta með landbúnaðarafurðir við Rúmeníu.

Hinn 10. desember 1992 fóru fram erindaskipti milli Íslands og Rúmeníu um fyrirkomulag viðskipta með landbúnaðarafurðir. Fyrirkomulagið öðlaðist gildi 1. júní 1994.
Fyrirkomulagið liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að því.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Nr. 62 29. desember 1995

AUGLÝSING

um Marakess-samning um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Hinn 30. desember 1994 var aðalframkvæmdastjóra samningsaðila hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1947 afhent staðfestingarskjal Íslands vegna Marakess-samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem gerður var í Marakess 15. apríl 1994. Alþingi hafði með ályktun 29. desember 1994 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn. Samningurinn öðlaðist gildi 1. janúar 1995.
Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

MARAKESS-SAMNINGUR UM STOFNUN ALÞJÓÐAVIÐSKIPTA-STOFNUNARINNAR

Aðilar að samningi þessum,

sem viðurkenna að samskipti þeirra á sviði viðskipta og efnahagsmála skuli miða að því að bæta lífskjör, tryggja fulla atvinnu, háar stigvaxandi rauntekjur og virka eftirspurn og auka framleiðslu og viðskipti með vörur og þjónustu, en um leið sem ákjósanlegasta nýtingu auðlinda heimsins í samræmi við markmiðið um sjálfbæra þróun, í því augnamiði að vernda og varðveita umhverfið og efla aðgerðir sem miða að því á þann hátt sem samrýmist þörfum og viðfangsefnum hvers og eins á ýmsum stigum efnahagslegrar þróunar,

sem viðurkenna enn fremur að þörf er á öflugu átaki til þess að þróunarlöndin, einkum þau lönd sem skemmst eru á veg komin í þróun, geti tryggt sér hlutdeild í vexti alþjóðaviðskipta í samræmi við þörf þeirra fyrir efnahagslega þróun*,

sem vilja leggja sitt af mörkum til að þessum markmiðum verði náð með því að koma á gagnkvæmu fyrirkomulagi, sem er hagstætt öllum sem hlut eiga að máli, í þeim tilgangi að draga verulega úr tollum og öðrum viðskiptahindrunum og uppræta mismununarmeðferð í alþjóðaviðskiptum,

sem eru því staðráðnir í að þróa samþætt, lífvænlegra og varanlegra marghliða viðskiptakerfi sem hinn almenni samningur um tolla og viðskipti, niðurstöður fyrri tilrauna til að auka frelsi í viðskiptum og allar niðurstöður Úrúgvælotu samningaviðræðnanna um marghliða viðskipti eru hluti af,

sem einsetja sér að virða þær grundvallarreglur og vinna að þeim markmiðum sem þetta marghliða viðskiptakerfi byggist á,

koma sér saman um eftirfarandi:

I. gr.

Stofnuninni komið á fót.

Alþjóðaviðskiptastofnuninni er hér með komið á fót.

II. gr.

Umfang Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

1. Alþjóðaviðskiptastofnunin skal vera sam-

MARRAKESH AGREEMENT ESTABLISHING THE WORLD TRADE ORGANIZATION

The *Parties* to this Agreement,

Recognizing that their relations in the field of trade and economic endeavour should be conducted with a view to raising standards of living, ensuring full employment and a large and steadily growing volume of real income and effective demand, and expanding the production of and trade in goods and services, while allowing for the optimal use of the world's resources in accordance with the objective of sustainable development, seeking both to protect and preserve the environment and to enhance the means for doing so in a manner consistent with their respective needs and concerns at different levels of economic development,

Recognizing further that there is need for positive efforts designed to ensure that developing countries, and especially the least developed among them, secure a share in the growth in international trade commensurate with the needs of their economic development,

Being desirous of contributing to these objectives by entering into reciprocal and mutually advantageous arrangements directed to the substantial reduction of tariffs and other barriers to trade and to the elimination of discriminatory treatment in international trade relations,

Resolved, therefore, to develop an integrated, more viable and durable multilateral trading system encompassing the General Agreement on Tariffs and Trade, the results of past trade liberalization efforts, and all of the results of the Uruguay Round of Multilateral Trade Negotiations,

Determined to preserve the basic principles and to further the objectives underlying this multilateral trading system,

Agree as follows:

Article I

Establishment of the Organization

The World Trade Organization (hereinafter referred to as "the WTO") is hereby established.

Article II

Scope of the WTO

1. The WTO shall provide the common institu-

eiginlegur stofnanarammi um viðskiptatengsl milli aðila stofnunarinnar í málum er tengjast samningunum og tengdum löggerningum sem eru í viðaukum við þennan samning.
2. Samningarnir og tengdir löggerningar í 1., 2. og 3. viðauka (hér á eftir nefndir „marghliða viðskiptasamningar“) eru óaðskiljanlegur hluti af þessum samningi og bindandi fyrir alla aðila.

3. Samningarnir og tengdir löggerningar í 4. viðauka (hér á eftir nefndir „fjölhliða viðskiptasamningar“) eru einnig hluti af þessum samningi hvað varðar þá aðila sem hafa staðfest þá og eru bindandi fyrir þessa aðila. Fjölhliða viðskiptasamningarnir veita hvorki réttindi þeim aðilum sem hafa ekki staðfest þá né heldur leggja þeir þeim skyldur á herðar.
4. Hinn almenni samningur um tolla og viðskipti frá 1994, eins og hann er tilgreindur í 1. viðauka A, (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994“) er lagalega aðgreindur frá hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti frá 30. október 1947, sem er í viðauka við lokagerðina sem var samþykkt í lok annars fundar undirbúningsnefndar ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og atvinnumál, eins og það hefur verið leiðrétt eða því breytt (hér á eftir nefnt „GATT-samkomulagið frá 1947“).

III. gr.

Starfsemi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

1. Alþjóðaviðskiptastofnunin skal auðvelda framkvæmd þessa samnings og marghliða viðskiptasamninganna, vinna að markmiðum þeirra og enn fremur vera rammi um framkvæmd, stjórnun og virkni fjölhliða viðskiptasamninganna.

2. Alþjóðaviðskiptastofnunin skal vera vettvangur samningaviðræðna milli aðila hennar varðandi marghliða viðskiptatengsl þeirra í málum sem samningarnir, sem eru í viðaukum við þennan samning, fjalla um. Einnig getur Alþjóðaviðskiptastofnunin verið vettvangur frekari samningaviðræðna milli aðila hennar varðandi marghliða viðskiptatengsl þeirra og rammi um framkvæmd á niðurstöðum slíkra samningaviðræðna, eftir því sem ráðherrastefnan kann að ákveða.
3. Alþjóðaviðskiptastofnunin skal sjá um framkvæmd samkomulagsins um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála (hér á eftir nefnt „samkomulagið um lausn deilumála“) í 2. viðauka við þennan samning.

tional framework for the conduct of trade relations among its Members in matters related to the agreements and associated legal instruments included in the Annexes to this Agreement.
2. The agreements and associated legal instruments included in Annexes 1, 2 and 3 (hereinafter referred to as "Multilateral Trade Agreements") are integral parts of this Agreement, binding on all Members.
3. The agreements and associated legal instruments included in Annex 4 (hereinafter referred to as "Plurilateral Trade Agreements") are also part of this Agreement for those Members that have accepted them, and are binding on those Members. The Plurilateral Trade Agreements do not create either obligations or rights for Members that have not accepted them.
4. The General Agreement on Tariffs and Trade 1994 as specified in Annex 1A (hereinafter referred to as "GATT 1994") is legally distinct from the General Agreement on Tariffs and Trade, dated 30 October 1947, annexed to the Final Act Adopted at the Conclusion of the Second Session of the Preparatory Committee of the United Nations Conference on Trade and Employment, as subsequently rectified, amended or modified (hereinafter referred to as "GATT 1947").

Article III

Functions of the WTO

1. The WTO shall facilitate the implementation, administration and operation, and further the objectives, of this Agreement and of the Multilateral Trade Agreements, and shall also provide the framework for the implementation, administration and operation of the Plurilateral Trade Agreements.
2. The WTO shall provide the forum for negotiations among its Members concerning their multilateral trade relations in matters dealt with under the agreements in the Annexes to this Agreement. The WTO may also provide a forum for further negotiations among its Members concerning their multilateral trade relations, and a framework for the implementation of the results of such negotiations, as may be decided by the Ministerial Conference.

3. The WTO shall administer the Understanding on Rules and Procedures Governing the Settlement of Disputes (hereinafter referred to as the "Dispute Settlement Understanding" or "DSU") in Annex 2 to this Agreement.

4. Alþjóðaviðskiptastofnunin skal sjá um framkvæmd fyrirkomulags á endurskoðun viðskiptastefnu sem kveðið er á um í 3. viðauka við þennan samning.
5. Í því skyni að ná fram auknu samræmi í stefnumótun efnahagsmála á alþjóðavettvangi skal Alþjóðaviðskiptastofnunin eiga samstarf, eftir því sem við á, við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og við Alþjóðabankann til endurbyggingar og nýbyggingar og stofnanir honum tengdar.

IV. gr.

Skipulag Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

1. Ráðherrastefna, skipuð fulltrúum allra aðila, skal koma saman að minnsta kosti annað hvert ár. Ráðherrastefnan skal annast starfsemi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og grípa til nauðsynlegra aðgerða í því skyni. Ráðherrastefnan skal hafa vald til að taka ákvarðanir í öllum málum sem snerta marghliða viðskiptasamningana, ef aðili óskar þess, í samræmi við sérstök skilyrði varðandi ákvarðanatöku í þessum samningi og viðkomandi marghliða viðskiptasamningi.

2. Aðalráð, skipað fulltrúum allra aðila, kemur saman eftir því sem við á. Á milli þess sem ráðherrastefnan kemur saman skal aðalráðið annast þá starfsemi sem hún hefur með höndum. Aðalráðið skal einnig gegna þeim störfum sem því eru falin samkvæmt þessum samningi. Aðalráðið setur sér starfsreglur og samþykkir starfsreglur nefnda sem kveðið er á um í 7. mgr.

3. Aðalráðið kemur saman eftir því sem við á til að sinna skyldustörfum nefndarinnar um lausn deilumála sem kveðið er á um í samkomulaginu um lausn deilumála. Nefndin um lausn deilumála getur haft sinn eigin formann og setur hún þær starfsreglur sem hún telur nauðsynlegar til að rækja þessi skyldustörf.

4. Aðalráðið kemur saman eftir því sem við á til að sinna skyldustörfum nefndarinnar um endurskoðun viðskiptastefnu sem fjallað er um innan ramma fyrirkomulags á endurskoðun viðskiptastefnu. Nefndin um endurskoðun viðskiptastefnu getur haft sinn eigin formann og setur hún þær starfsreglur sem hún telur nauðsynlegar til að rækja þessi skyldustörf.
5. Vöruviðskiptaráð, þjónustuviðskiptaráð og ráð um hugverkarétt í viðskiptum (hér á eftir

4. The WTO shall administer the Trade Policy Review Mechanism (hereinafter referred to as the "TPRM") provided for in Annex 3 to this Agreement.
5. With a view to achieving greater coherence in global economic policy-making, the WTO shall cooperate, as appropriate, with the International Monetary Fund and with the International Bank for Reconstruction and Development and its affiliated agencies.

Article IV

Structure of the WTO

1. There shall be a Ministerial Conference composed of representatives of all the Members, which shall meet at least once every two years. The Ministerial Conference shall carry out the functions of the WTO and take actions necessary to this effect. The Ministerial Conference shall have the authority to take decisions on all matters under any of the Multilateral Trade Agreements, if so requested by a Member, in accordance with the specific requirements for decision-making in this Agreement and in the relevant Multilateral Trade Agreement.
2. There shall be a General Council composed of representatives of all the Members, which shall meet as appropriate. In the intervals between meetings of the Ministerial Conference, its functions shall be conducted by the General Council. The General Council shall also carry out the functions assigned to it by this Agreement. The General Council shall establish its rules of procedure and approve the rules of procedure for the Committees provided for in paragraph 7.
3. The General Council shall convene as appropriate to discharge the responsibilities of the Dispute Settlement Body provided for in the Dispute Settlement Understanding. The Dispute Settlement Body may have its own chairman and shall establish such rules of procedure as it deems necessary for the fulfilment of those responsibilities.
4. The General Council shall convene as appropriate to discharge the responsibilities of the Trade Policy Review Body provided for in the TPRM. The Trade Policy Review Body may have its own chairman and shall establish such rules of procedure as it deems necessary for the fulfilment of those responsibilities.

5. There shall be a Council for Trade in Goods, a Council for Trade in Services and a Council

nefnt „hugverkaréttarráðið“) skulu starfa undir almennri umsjón aðalráðsins. Vöruviðskiptaráðið hefur umsjón með framkvæmd marghliða viðskiptasamninganna í 1. viðauka A. Þjónustuviðskiptaráðið hefur umsjón með framkvæmd hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (hér á eftir nefndur „samningurinn um þjónustuviðskipti“). Hugverkaréttarráðið hefur umsjón með framkvæmd samningsins um hugverkarétt í viðskiptum (hér á eftir nefndur „samningurinn um hugverkarétt“). Þessi ráð skulu gegna þeim störfum sem þeim eru falin samkvæmt viðkomandi samningum og af aðalráðinu. Þau setja sér starfsreglur sem eru háðar samþykki aðalráðsins. Fulltrúum allra aðila er heimil seta í þessum ráðum. Ráðin koma saman eftir því sem þörf krefur til að gegna störfum sínum.

6. Vöruviðskiptaráðið, þjónustuviðskiptaráðið og hugverkaréttarráðið skulu koma á fót undirnefndum eftir því sem þörf krefur. Þessar undirnefndir setja sér starfsreglur sem eru háðar samþykki viðkomandi ráða.

7. Ráðherrastefnan skal koma á fót viðskipta- og þróunarnefnd, nefnd um takmarkanir vegna greiðslujafnaðar og fjárhags-, fjármála- og stjórnunarnefnd er gegna skulu þeim störfum sem þeim eru falin samkvæmt þessum samningi og marghliða viðskiptasamningunum, auk annarra starfa sem aðalráðið felur þeim, og er heimilt að koma á fót fleiri nefndum til að sinna þeim störfum sem hún telur viðeigandi. Hluti af starfsemi viðskipta- og þróunarnefndar skal vera að endurskoða reglulega þau sérákvæði marghliða viðskiptasamninganna sem eru sett í þágu aðildarlandanna sem skemmst eru á veg komin í þróun og skila skýrslu til aðalráðsins um viðeigandi aðgerðir. Fulltrúum allra aðila er heimil seta í þessum nefndum.

8. Nefndirnar, sem kveðið er á um í fjölhliða viðskiptasamningunum, skulu gegna þeim störfum sem þeim eru falin samkvæmt þessum samningum og starfa innan stofnanaramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þessar nefndir skulu veita aðalráðinu upplýsingar um starfsemi sína með reglulegu millibili.

for Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights (hereinafter referred to as the "Council for TRIPS"), which shall operate under the general guidance of the General Council. The Council for Trade in Goods shall oversee the functioning of the Multilateral Trade Agreements in Annex 1A. The Council for Trade in Services shall oversee the functioning of the General Agreement on Trade in Services (hereinafter referred to as "GATS"). The Council for TRIPS shall oversee the functioning of the Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights (hereinafter referred to as the "Agreement on TRIPS"). These Councils shall carry out the functions assigned to them by their respective agreements and by the General Council. They shall establish their respective rules of procedure subject to the approval of the General Council. Membership in these Councils shall be open to representatives of all Members. These Councils shall meet as necessary to carry out their functions.

6. The Council for Trade in Goods, the Council for Trade in Services and the Council for TRIPS shall establish subsidiary bodies as required. These subsidiary bodies shall establish their respective rules of procedure subject to the approval of their respective Councils.

7. The Ministerial Conference shall establish a Committee on Trade and Development, a Committee on Balance-of-Payments Restrictions and a Committee on Budget, Finance and Administration, which shall carry out the functions assigned to them by this Agreement and by the Multilateral Trade Agreements, and any additional functions assigned to them by the General Council, and may establish such additional Committees with such functions as it may deem appropriate. As part of its functions, the Committee on Trade and Development shall periodically review the special provisions in the Multilateral Trade Agreements in favour of the least-developed country Members and report to the General Council for appropriate action. Membership in these Committees shall be open to representatives of all Members.

8. The bodies provided for under the Plurilateral Trade Agreements shall carry out the functions assigned to them under those Agreements and shall operate within the institutional framework of the WTO. These bodies shall keep the General Council informed of their activities on a regular basis.

V. gr.
Samskipti við aðrar stofnanir.

1. Aðalráðið skal gera viðeigandi ráðstafanir til árangursríkrar samvinnu við aðrar milliríkjastofnanir sem fást við viðfangsefni sem tengjast viðfangsefnum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
2. Aðalráðið getur gert viðeigandi ráðstafanir um samráð og samvinnu við frjáls félagasamtök sem fást við málefni er tengjast viðfangsefnum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

VI. gr.
Aðalskrifstofan.

1. Alþjóðaviðskiptastofnunin skal hafa aðalskrifstofu sem er undir stjórn aðalframkvæmdastjóra.
2. Ráðherrastefnan skal skipa aðalframkvæmdastjórann og samþykkja reglur þar sem gerð er grein fyrir valdsviði, skyldum, starfsskilmálum og skipunartíma aðalframkvæmdastjórans.
3. Aðalframkvæmdastjórinn skal ráða starfsmenn á aðalskrifstofuna og ákvarða skyldur þeirra og starfsskilmála í samræmi við reglur sem ráðherrastefnan samþykkir.
4. Starfsskyldur aðalframkvæmdastjórans og starfsmanna aðalskrifstofunnar skulu alfarið vera alþjóðlegs eðlis. Í störfum sínum skulu aðalframkvæmdastjórinn og starfsmenn aðalskrifstofunnar ekki leita eftir eða taka við fyrirmælum frá neinni ríkisstjórn eða öðru yfirvaldi utan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þeir skulu ekki aðhafast neitt það sem samrýmist ekki stöðu þeirra sem alþjóðlegir embættismenn. Aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni skulu taka tillit til þess að aðalframkvæmdastjórinn og starfsmenn aðalskrifstofunnar hafa alþjóðlegum skyldum að gegna og skulu ekki leitast við að hafa áhrif á störf þeirra.

VII. gr.
Fjárhagsáætlun og framlög.

1. Aðalframkvæmdastjórinn skal leggja árlega fjárhagsáætlun og ársreikninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar fyrir fjárhags-, fjármála- og stjórnunarnefnd. Nefndin skal endurskoða árlega fjárhagsáætlun og ársreikninga sem aðalframkvæmdastjórinn leggur fram og bera fram tillögur þar að lútandi við aðalráðið. Árleg fjárhagsáætlun skal vera háð samþykki aðalráðsins.

2. Fjárhags-, fjármála- og stjórnunarnefndin skal leggja fyrir aðalráðið fjárhagsreglur sem fela í sér ákvæði þar sem gerð er grein fyrir:

Article V
Relations with Other Organizations

1. The General Council shall make appropriate arrangements for effective cooperation with other intergovernmental organizations that have responsibilities related to those of the WTO.
2. The General Council may make appropriate arrangements for consultation and cooperation with non-governmental organizations concerned with matters related to those of the WTO.

Article VI
The Secretariat

1. There shall be a Secretariat of the WTO (hereinafter referred to as "the Secretariat") headed by a Director-General.
2. The Ministerial Conference shall appoint the Director-General and adopt regulations setting out the powers, duties, conditions of service and term of office of the Director-General.
3. The Director-General shall appoint the members of the staff of the Secretariat and determine their duties and conditions of service in accordance with regulations adopted by the Ministerial Conference.
4. The responsibilities of the Director-General and of the staff of the Secretariat shall be exclusively international in character. In the discharge of their duties, the Director-General and the staff of the Secretariat shall not seek or accept instructions from any government or any other authority external to the WTO. They shall refrain from any action which might adversely reflect on their position as international officials. The Members of the WTO shall respect the international character of the responsibilities of the Director-General and of the staff of the Secretariat and shall not seek to influence them in the discharge of their duties.

Article VII
Budget and Contributions

1. The Director-General shall present to the Committee on Budget, Finance and Administration the annual budget estimate and financial statement of the WTO. The Committee on Budget, Finance and Administration shall review the annual budget estimate and the financial statement presented by the Director-General and make recommendations thereon to the General Council. The annual budget estimate shall be subject to approval by the General Council.
2. The Committee on Budget, Finance and Administration shall propose to the General Council financial regulations which shall include provisions setting out:

a) mælikvarða á framlög og hvernig útgjöldum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skuli skipt niður á aðila hennar; og
b) ráðstöfunum sem ber að gera hvað varðar aðila sem eru komnir í vanskil.

Fjárhagsreglurnar skulu, eftir því sem unnt er, byggjast á reglum og venjum við framkvæmd GATT-samkomulagsins frá 1947.

3. Aðalráðið skal samþykkja fjárhagsreglur og árlega fjárhagsáætlun með meiri hluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða og sem samanstendur af meira en helmingi aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

4. Sérhver aðili skal án tafar greiða Alþjóðaviðskiptastofnuninni sinn hluta í útgjöldum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í samræmi við fjárhagsreglurnar sem aðalráðið samþykkir.

VIII. gr.

Réttarstaða Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

1. Alþjóðaviðskiptastofnunin skal hafa réttarstöðu lögaðila og skal sérhver aðili veita henni það lagalega vald sem kann að vera nauðsynlegt til að hún geti gegnt störfum sínum.

2. Sérhver aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni skal veita henni forréttindi og friðhelgi eftir því sem nauðsynlegt er til að hún geti gegnt störfum sínum.

3. Á sama hátt skal sérhver aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni veita embættismönnum hennar og fulltrúum aðila forréttindi og friðhelgi eftir því sem nauðsynlegt er til að þeir geti óháðir gegnt störfum sínum í tengslum við Alþjóðaviðskiptastofnunina.

4. Forréttindi og friðhelgi, sem aðila ber að veita Alþjóðaviðskiptastofnuninni, embættismönnum hennar og fulltrúum aðila hennar, skulu vera áþekk þeim forréttindum og þeirri friðhelgi sem tilskilin eru í samningnum um forréttindi og friðhelgi sérstofnananna er samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 21. nóvember 1947.

5. Alþjóðaviðskiptastofnunin getur gert samning um höfuðstöðvar.

IX. gr.

Ákvarðanataka.

1. Alþjóðaviðskiptastofnunin skal áfram fylgja þeirri venju að taka ákvarðanir með einróma samþykki sem fylgt var í GATT-samkomulaginu frá 1947.[1] Ef ekki er kveðið á um annað skal taka ákvörðun í máli með atkvæðagreiðslu náist ekki einróma samþykki. Á fundum ráðherra-

(a) the scale of contributions apportioning the expenses of the WTO among its Members; and
(b) the measures to be taken in respect of Members in arrears.

The financial regulations shall be based, as far as practicable, on the regulations and practices of GATT 1947.

3. The General Council shall adopt the financial regulations and the annual budget estimate by a two-thirds majority comprising more than half of the Members of the WTO.

4. Each Member shall promptly contribute to the WTO its share in the expenses of the WTO in accordance with the financial regulations adopted by the General Council.

Article VIII

Status of the WTO

1. The WTO shall have legal personality, and shall be accorded by each of its Members such legal capacity as may be necessary for the exercise of its functions.

2. The WTO shall be accorded by each of its Members such privileges and immunities as are necessary for the exercise of its functions.

3. The officials of the WTO and the representatives of the Members shall similarly be accorded by each of its Members such privileges and immunities as are necessary for the independent exercise of their functions in connection with the WTO.

4. The privileges and immunities to be accorded by a Member to the WTO, its officials, and the representatives of its Members shall be similar to the privileges and immunities stipulated in the Convention on the Privileges and Immunities of the Specialized Agencies, approved by the General Assembly of the United Nations on 21 November 1947.

5. The WTO may conclude a headquarters agreement.

Article IX

Decision-Making

1. The WTO shall continue the practice of decision-making by consensus followed under GATT 1947.[1] Except as otherwise provided, where a decision cannot be arrived at by consensus, the matter at issue shall be decided by voting. At meetings of the Ministerial Con-

stefnunnar og aðalráðsins hefur sérhver aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni eitt atkvæði. Þegar Evrópubandalögin neyta atkvæðisréttar síns skulu þau hafa jafnmörg atkvæði og nemur fjölda aðildarríkja þeirra[2] sem eru aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Ákvarðanir ráðherrastefnunnar og aðalráðsins skulu teknar með meiri hluta greiddra atkvæða, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi eða í viðkomandi marghliða viðskiptasamningi.[3]

2. Ráðherrastefnan og aðalráðið skulu hafa óskorað vald til að samþykkja túlkanir á þessum samningi og marghliða viðskiptasamningunum. Þegar um er að ræða túlkun á marghliða viðskiptasamningi í 1. viðauka skulu ráðherrastefnan og aðalráðið beita valdi sínu á grundvelli tilmæla frá því ráði sem hefur umsjón með framkvæmd viðkomandi samnings. Ákvörðun um að samþykkja túlkun skal tekin af þremur fjórðu hlutum aðila. Ekki skal beita þessari málsgrein með þeim hætti að það dragi úr áhrifum breytingarákvæða X. gr.

3. Við sérstakar aðstæður getur ráðherrastefnan ákveðið að veita aðila undanþágu frá skyldu sem á honum hvílir samkvæmt þessum samningi eða einhverjum af marghliða viðskiptasamningunum, að því tilskildu að slík ákvörðun sé tekin af þremur fjórðu hlutum[4] aðilanna, nema kveðið sé á um annað í þessari málsgrein.

a) Beiðni um undanþágu að því er varðar þennan samning skal lögð fyrir ráðherrastefnuna til umfjöllunar samkvæmt þeirri venju að taka ákvarðanir með einróma samþykki. Ráðherrastefnan skal ákveða tímabil, sem skal ekki vera lengra en 90 dagar, til að fjalla um beiðnina. Ef ekki næst einróma samþykki á því tímabili skal ákvörðun um að veita undanþágu tekin af þremur fjórðu hlutum[4] aðilanna.

b) Beiðni um undanþágu að því er varðar marghliða viðskiptasamningana í 1. viðauka A, 1. viðauka B eða 1. viðauka C og í viðaukum við þá skal í upphafi lögð fyrir vöruviðskiptaráðið, þjónustuviðskiptaráðið eða hugverkaréttarráðið, eftir því sem við á, til umfjöllunar á tímabili sem skal ekki vera lengra en 90 dagar. Í lok tímabilsins skal viðkomandi ráð leggja skýrslu fyrir ráðherrastefnuna.

ference and the General Council, each Member of the WTO shall have one vote. Where the European Communities exercise their right to vote, they shall have a number of votes equal to the number of their member States[2] which are Members of the WTO. Decisions of the Ministerial Conference and the General Council shall be taken by a majority of the votes cast, unless otherwise provided in this Agreement or in the relevant Multilateral Trade Agreement.[3]

2. The Ministerial Conference and the General Council shall have the exclusive authority to adopt interpretations of this Agreement and of the Multilateral Trade Agreements. In the case of an interpretation of a Multilateral Trade Agreement in Annex 1, they shall exercise their authority on the basis of a recommendation by the Council overseeing the functioning of that Agreement. The decision to adopt an interpretation shall be taken by a three-fourths majority of the Members. This paragraph shall not be used in a manner that would undermine the amendment provisions in Article X.

3. In exceptional circumstances, the Ministerial Conference may decide to waive an obligation imposed on a Member by this Agreement or any of the Multilateral Trade Agreements, provided that any such decision shall be taken by three fourths[4] of the Members unless otherwise provided for in this paragraph.

(a) A request for a waiver concerning this Agreement shall be submitted to the Ministerial Conference for consideration pursuant to the practice of decision-making by consensus. The Ministerial Conference shall establish a time period, which shall not exceed 90 days, to consider the request. If consensus is not reached during the time period, any decision to grant a waiver shall be taken by three fourths[4] of the Members.

(b) A request for a waiver concerning the Multilateral Trade Agreements in Annexes 1A or 1B or 1C and their annexes shall be submitted initially to the Council for Trade in Goods, the Council for Trade in Services or the Council for TRIPS, respectively, for consideration during a time period which shall not exceed 90 days. At the end of the time period, the relevant Council shall submit a report to the Ministerial Conference.

4. Í ákvörðun ráðherrastefnunnar um að veita undanþágu skal tilgreina þær sérstöku aðstæður sem réttlæta ákvörðunina, þá skilmála og þau skilyrði er taka til beitingar undanþágunnar og þann dag sem undanþágan fellur úr gildi. Undanþágu, sem veitt er til lengri tíma en eins árs, skal ráðherrastefnan endurskoða eigi síðar en einu ári eftir að hún er veitt og síðan árlega þar til undanþágan fellur úr gildi. Við hverja endurskoðun skal ráðherrastefnan kanna hvort þær sérstöku aðstæður sem réttlæta undanþáguna eru enn fyrir hendi og hvort þeim skilmálum og skilyrðum, sem sett eru fyrir undanþágunni, hefur verið fullnægt. Ráðherrastefnan getur, á grundvelli hinnar árlegu endurskoðunar, framlengt, breytt eða fellt niður undanþágu.

5. Um ákvarðanir samkvæmt fjölhliða viðskiptasamningi, þar með taldar ákvarðanir um túlkanir og undanþágur, fer samkvæmt ákvæðum þess samnings.

X. gr.

Breytingar.

1. Öllum aðilum að Alþjóðaviðskiptastofnuninni er heimilt að gera tillögu um að breyta ákvæðum þessa samnings eða marghliða viðskiptasamninganna sem eru í 1. viðauka með því að leggja slíka tillögu fyrir ráðherrastefnuna. Ráðin, sem um getur í 5. mgr. IV. gr., geta einnig lagt tillögur fyrir ráðherrastefnuna um að breyta ákvæðum þeirra marghliða viðskiptasamninga í 1. viðauka sem þau hafa umsjón með. Innan 90 daga frá því að tillagan er formlega lögð fyrir ráðherrastefnuna skal ráðherrastefnan, nema hún ákveði lengri frest, taka allar ákvarðanir um að leggja breytingartillögu fyrir aðilana til staðfestingar með einróma samþykki. Ef ákvæði 2., 5. eða 6. mgr. gilda ekki skal tilgreina í þeim ákvörðunum hvort ákvæði 3. eða 4. mgr. skuli gilda. Náist einróma samþykki skal ráðherrastefnan þegar í stað leggja breytingartillöguna fyrir aðila til staðfestingar. Náist ekki einróma samþykki á fundi ráðherrastefnunnar innan þess frests sem ákveðinn hefur verið skal ráðherrastefnan ákveða, með atkvæðum tveggja þriðju hluta aðila, hvort leggja beri breytingartillöguna fyrir aðila til staðfestingar. Með fyrirvara um 2., 5. og 6. mgr. skulu ákvæði 3. mgr. gilda um breytingartillöguna nema ráðherrastefnan ákveði, með atkvæðum þriggja fjórðu hluta aðila, að ákvæði 4. mgr. skuli gilda.

4. A decision by the Ministerial Conference granting a waiver shall state the exceptional circumstances justifying the decision, the terms and conditions governing the application of the waiver, and the date on which the waiver shall terminate. Any waiver granted for a period of more than one year shall be reviewed by the Ministerial Conference not later than one year after it is granted, and thereafter annually until the waiver terminates. In each review, the Ministerial Conference shall examine whether the exceptional circumstances justifying the waiver still exist and whether the terms and conditions attached to the waiver have been met. The Ministerial Conference, on the basis of the annual review, may extend, modify or terminate the waiver.

5. Decisions under a Plurilateral Trade Agreement, including any decisions on interpretations and waivers, shall be governed by the provisions of that Agreement.

Article X

Amendments

1. Any Member of the WTO may initiate a proposal to amend the provisions of this Agreement or the Multilateral Trade Agreements in Annex 1 by submitting such proposal to the Ministerial Conference. The Councils listed in paragraph 5 of Article IV may also submit to the Ministerial Conference proposals to amend the provisions of the corresponding Multilateral Trade Agreements in Annex 1 the functioning of which they oversee. Unless the Ministerial Conference decides on a longer period, for a period of 90 days after the proposal has been tabled formally at the Ministerial Conference any decision by the Ministerial Conference to submit the proposed amendment to the Members for acceptance shall be taken by consensus. Unless the provisions of paragraphs 2, 5 or 6 apply, that decision shall specify whether the provisions of paragraphs 3 or 4 shall apply. If consensus is reached, the Ministerial Conference shall forthwith submit the proposed amendment to the Members for acceptance. If consensus is not reached at a meeting of the Ministerial Conference within the established period, the Ministerial Conference shall decide by a two-thirds majority of the Members whether to submit the proposed amendment to the Members for acceptance. Except as provided in paragraphs 2, 5 and 6, the provisions of paragraph 3 shall apply to the proposed amendment, unless the Ministerial Conference decides by a three-fourths majority of the Members that the provisions of paragraph 4 shall apply.

2. Breytingar á ákvæðum þessarar greinar og ákvæðum eftirfarandi greina öðlast aðeins gildi að fenginni staðfestingu allra aðila:

IX. gr. þessa samnings;
I. og II. gr. GATT-samningsins frá 1994;
1. mgr. II. gr. samningsins um þjónustuviðskipti;
4. gr. samningsins um hugverkarétt.

3. Breytingar á ákvæðum þessa samnings eða marghliða viðskiptasamninganna í 1. viðauka A og 1. viðauka C, aðrar en þær sem um getur í 2. og 6. mgr., sem eru þess eðlis að þær mundu breyta réttindum og skyldum aðila, skulu öðlast gildi, að því er varðar þá aðila sem hafa staðfest þær, þegar tveir þriðju hlutar aðila hafa staðfest þær, og eftir það, að því er varðar alla aðra aðila, þegar þeir hafa staðfest slíkar breytingar. Ráðherrastefnan getur ákveðið, með atkvæðum þriggja fjórðu hluta aðila, að breyting sem öðlast gildi samkvæmt þessari málsgrein sé þess eðlis að aðila, sem hefur ekki staðfest hana innan þess frests sem ráðherrastefnan tiltekur í hverju tilviki, skuli vera frjálst að segja upp aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni eða vera áfram aðili að henni með samþykki ráðherrastefnunnar.

4. Breytingar á ákvæðum þessa samnings eða marghliða viðskiptasamninganna í 1. viðauka A og 1. viðauka C, aðrar en þær sem um getur í 2. og 6. mgr., sem eru þess eðlis að þær hefðu ekki í för með sér breytingar á réttindum og skyldum aðila, skulu öðlast gildi, að því er alla aðila varðar, þegar tveir þriðju hlutar aðilanna hafa staðfest þær.

5. Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. hér að framan skulu breytingar á I., II. og III. hluta samningsins um þjónustuviðskipti og viðeigandi viðaukum öðlast gildi, að því er varðar þá aðila sem hafa staðfest þær, þegar tveir þriðju hlutar aðila hafa staðfest þær og eftir það, að því er varðar hvern aðila, þegar hann hefur staðfest slíkar breytingar. Ráðherrastefnan getur ákveðið, með atkvæðum þriggja fjórðu hluta aðila, að breyting, sem öðlast gildi samkvæmt undanfarandi ákvæði, sé þess eðlis að aðila, sem ekki hefur staðfest hana innan þess frests sem ráðherrastefnan tiltekur í hverju tilviki, skuli vera frjálst að segja upp aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni eða vera áfram aðili að henni með samþykki ráðherrastefnunnar. Breytingar á IV., V. og VI. hluta samningsins um þjónustuviðskipti og viðeigandi viðaukum skulu öðlast gildi, að því er alla aðila varðar, þegar tveir þriðju hlutar aðilanna hafa staðfest þær.

2. Amendments to the provisions of this Article and to the provisions of the following Articles shall take effect only upon acceptance by all Members:

Article IX of this Agreement;
Articles I and II of GATT 1994;
Article II:1 of GATS;

Article 4 of the Agreement on TRIPS.

3. Amendments to provisions of this Agreement, or of the Multilateral Trade Agreements in Annexes 1A and 1C, other than those listed in paragraphs 2 and 6, of a nature that would alter the rights and obligations of the Members, shall take effect for the Members that have accepted them upon acceptance by two thirds of the Members and thereafter for each other Member upon acceptance by it. The Ministerial Conference may decide by a three-fourths majority of the Members that any amendment made effective under this paragraph is of such a nature that any Member which has not accepted it within a period specified by the Ministerial Conference in each case shall be free to withdraw from the WTO or to remain a Member with the consent of the Ministerial Conference.

4. Amendments to provisions of this Agreement or of the Multilateral Trade Agreements in Annexes 1A and 1C, other than those listed in paragraphs 2 and 6, of a nature that would not alter the rights and obligations of the Members, shall take effect for all Members upon acceptance by two thirds of the Members.

5. Except as provided in paragraph 2 above, amendments to Parts I, II and III of GATS and the respective annexes shall take effect for the Members that have accepted them upon acceptance by two thirds of the Members and thereafter for each Member upon acceptance by it. The Ministerial Conference may decide by a three-fourths majority of the Members that any amendment made effective under the preceding provision is of such a nature that any Member which has not accepted it within a period specified by the Ministerial Conference in each case shall be free to withdraw from the WTO or to remain a Member with the consent of the Ministerial Conference. Amendments to Parts IV, V and VI of GATS and the respective annexes shall take effect for all Members upon acceptance by two thirds of the Members.

6. Þrátt fyrir önnur ákvæði þessarar greinar getur ráðherrastefnan, án frekara formlegs staðfestingarferlis, samþykkt breytingar á samningnum um hugverkarétt sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 71. gr. hans.

7. Aðili, sem staðfestir breytingar á þessum samningi eða marghliða viðskiptasamningi í 1. viðauka, skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar staðfestingarskjal til vörslu innan þess frests sem ráðherrastefnan veitir til staðfestingar.
8. Aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni getur gert tillögu um að breyta ákvæðum marghliða viðskiptasamninganna í 2. og 3. viðauka með því að leggja slíka tillögu fyrir ráðherrastefnuna. Ákvörðun um að samþykkja breytingar á marghliða viðskiptasamningnum í 2. viðauka skal tekin með einróma samþykki og skulu þær breytingar öðlast gildi að því er alla aðila varðar þegar ráðherrastefnan hefur samþykkt þær. Ákvarðanir um að samþykkja breytingar á marghliða viðskiptasamningnum í 3. viðauka skulu öðlast gildi að því er alla aðila varðar þegar ráðherrastefnan hefur samþykkt þær.
9. Ráðherrastefnan getur, að beiðni aðila sem eiga aðild að viðskiptasamningi, einungis ákveðið með einróma samþykki að bæta þeim samningi við 4. viðauka. Ráðherrastefnan getur, að beiðni aðila sem eiga aðild að fjölhliða viðskiptasamningi, ákveðið að fella þann samning brott úr 4. viðauka.
10. Um breytingar á fjölhliða viðskiptasamningi fer samkvæmt ákvæðum þess samnings.

6. Notwithstanding the other provisions of this Article, amendments to the Agreement on TRIPS meeting the requirements of paragraph 2 of Article 71 thereof may be adopted by the Ministerial Conference without further formal acceptance process.
7. Any Member accepting an amendment to this Agreement or to a Multilateral Trade Agreement in Annex 1 shall deposit an instrument of acceptance with the Director-General of the WTO within the period of acceptance specified by the Ministerial Conference.
8. Any Member of the WTO may initiate a proposal to amend the provisions of the Multilateral Trade Agreements in Annexes 2 and 3 by submitting such proposal to the Ministerial Conference. The decision to approve amendments to the Multilateral Trade Agreement in Annex 2 shall be made by consensus and these amendments shall take effect for all Members upon approval by the Ministerial Conference. Decisions to approve amendments to the Multilateral Trade Agreement in Annex 3 shall take effect for all Members upon approval by the Ministerial Conference.
9. The Ministerial Conference, upon the request of the Members parties to a trade agreement, may decide exclusively by consensus to add that agreement to Annex 4. The Ministerial Conference, upon the request of the Members parties to a Plurilateral Trade Agreement, may decide to delete that Agreement from Annex 4.
10. Amendments to a Plurilateral Trade Agreement shall be governed by the provisions of that Agreement.

XI. gr.
Stofnaðild.

1. Samningsaðilar að GATT-samkomulaginu frá 1947 á gildistökudegi þessa samnings og Evrópubandalögin, sem staðfesta þennan samning og marghliða viðskiptasamningana og eiga ívilnana- og skuldbindingaskrár í viðauka við GATT-samninginn frá 1994 og skrár yfir sérstakar skuldbindingar í viðauka við samninginn um þjónustuviðskipti, skulu vera stofnaðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.
2. Löndin, sem eru skemmst á veg komin í þróun og viðurkennd eru sem slík af Sameinuðu þjóðunum, þurfa einungis að taka á sig skuldbindingar og veita ívilnanir að því marki sem samrýmist þörfum hvers og eins þeirra með tilliti til þróunar, fjárhags og viðskipta eða getu stjórnsýslu- og stofnanakerfis þeirra.

Article XI
Original Membership

1. The contracting parties to GATT 1947 as of the date of entry into force of this Agreement, and the European Communities, which accept this Agreement and the Multilateral Trade Agreements and for which Schedules of Concessions and Commitments are annexed to GATT 1994 and for which Schedules of Specific Commitments are annexed to GATS shall become original Members of the WTO.
2. The least-developed countries recognized as such by the United Nations will only be required to undertake commitments and concessions to the extent consistent with their individual development, financial and trade needs or their administrative and institutional capabilities.

XII. gr.
Aðild.

1. Ríki eða sérstöku tollsvæði, sem hefur fulla sjálfsstjórn í utanríkisviðskiptum og öðrum málum sem kveðið er á um í þessum samningi og marghliða viðskiptasamningunum, er heimilt að gerast aðili að þessum samningi með skilmálum sem ríkið eða tollsvæðið og Alþjóðaviðskiptastofnunin koma sér saman um. Slík aðild skal ná til þessa samnings og marghliða viðskiptasamninganna sem eru í viðaukum við hann.
2. Ráðherrastefnan skal taka ákvarðanir um aðild. Ráðherrastefnan skal samþykkja samninginn um aðildarskilmála með atkvæðum tveggja þriðju hluta aðila Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
3. Um aðild að fjölhliða viðskiptasamningi fer samkvæmt ákvæðum þess samnings.

Article XII
Accession

1. Any State or separate customs territory possessing full autonomy in the conduct of its external commercial relations and of the other matters provided for in this Agreement and the Multilateral Trade Agreements may accede to this Agreement, on terms to be agreed between it and the WTO. Such accession shall apply to this Agreement and the Multilateral Trade Agreements annexed thereto.
2. Decisions on accession shall be taken by the Ministerial Conference. The Ministerial Conference shall approve the agreement on the terms of accession by a two-thirds majority of the Members of the WTO.
3. Accession to a Plurilateral Trade Agreement shall be governed by the provisions of that Agreement.

XIII. gr.
Frávik frá beitingu marghliða viðskiptasamninga milli tiltekinna aðila.

1. Þessi samningur og marghliða viðskiptasamningarnir í 1. og 2. viðauka gilda ekki milli tveggja aðila ef annar hvor þeirra samþykkir það ekki á þeim tíma sem annar hvor þeirra gerist aðili.

2. Ekki er unnt að beita ákvæði 1. mgr. milli stofnaðila Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem voru samningsaðilar að GATT-samkomulaginu frá 1947 nema ákvæðum XXXV. gr. þess samkomulags hafi verið beitt áður og þau hafi verið í gildi milli þeirra samningsaðila þegar samningur þessi öðlaðist gildi að því er þá varðar.
3. Ákvæði 1. mgr. gildir ekki milli aðila og annars aðila sem hefur gerst aðili á grundvelli XII. gr., nema aðilinn, sem samþykkir ekki slíka beitingu, hafi tilkynnt ráðherrastefnunni um það áður en ráðherrastefnan samþykkir samninginn um aðildarskilmála.

4. Ráðherrastefnunni er heimilt að endurskoða beitingu þessarar greinar í sérstökum tilvikum að beiðni aðila og bera fram viðeigandi tilmæli.

5. Um frávik frá beitingu fjölhliða viðskiptasamnings milli aðila að þeim samningi fer samkvæmt ákvæðum þess samnings.

Article XIII
Non-Application of Multilateral Trade Agreements between Particular Members

1. This Agreement and the Multilateral Trade Agreements in Annexes 1 and 2 shall not apply as between any Member and any other Member if either of the Members, at the time either becomes a Member, does not consent to such application.
2. Paragraph 1 may be invoked between original Members of the WTO which were contracting parties to GATT 1947 only where Article XXXV of that Agreement had been invoked earlier and was effective as between those contracting parties at the time of entry into force for them of this Agreement.
3. Paragraph 1 shall apply between a Member and another Member which has acceded under Article XII only if the Member not consenting to the application has so notified the Ministerial Conference before the approval of the agreement on the terms of accession by the Ministerial Conference.
4. The Ministerial Conference may review the operation of this Article in particular cases at the request of any Member and make appropriate recommendations.
5. Non-application of a Plurilateral Trade Agreement between parties to that Agreement shall be governed by the provisions of that Agreement.

XIV. gr.

Staðfesting, gildistaka og varsla.

1. Þessi samningur skal vera opinn til staðfestingar, með undirritun eða með öðrum hætti, af hálfu samningsaðila að GATT-samkomulaginu frá 1947 og Evrópubandalaganna, sem koma til greina sem stofnaðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni samkvæmt XI. gr. þessa samnings. Slík staðfesting skal gilda um þennan samning og marghliða viðskiptasamningana sem fylgja hér með í viðaukum. Þessi samningur og marghliða viðskiptasamningarnir, sem fylgja hér með í viðaukum, öðlast gildi á þeim degi sem ráðherrarnir ákveða skv. 3. mgr. lokagerðarinnar um niðurstöður Úrúgvæ-lotu marghliða viðskiptaviðræðnanna og skulu áfram opnir til staðfestingar í tvö ár frá þeim degi nema ráðherrarnir ákveði annað. Staðfesting í kjölfar gildistöku þessa samnings öðlast gildi á 30. degi frá slíkri staðfestingu.

2. Aðili, sem staðfestir þennan samning eftir gildistöku hans, skal veita þær ívilnanir og taka á sig þær skuldbindingar í marghliða viðskiptasamningunum sem koma eiga til framkvæmda á tímabili sem hefst við gildistöku þessa samnings á sama hátt og hann hefði staðfest samninginn á gildistökudegi hans.

3. Fram að gildistöku þessa samnings skal texti þessa samnings og marghliða viðskiptasamninganna vera í vörslu aðalframkvæmdastjóra SAMNINGSAÐILA að GATT-samkomulaginu frá 1947. Aðalframkvæmdastjórinn skal þegar í stað láta öllum ríkisstjórnum og Evrópubandalögunum, sem hafa staðfest þennan samning, í té staðfest eintak af þessum samningi og marghliða viðskiptasamningunum, ásamt tilkynningu um sérhverja staðfestingu á honum. Við gildistöku þessa samnings skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar þennan samning og marghliða viðskiptasamningana til vörslu, ásamt breytingum.

8. Consultations may be held under the simplified procedures approved on 19 December 1972 (BISD 20S/47-49, referred to in this Understanding as "simplified consultation procedures") in the case of least-developed country Members or in the case of developing country Members which are pursuing liberalization efforts in conformity with the schedule presented to the Committee in previous consultations. Simplified

heimilt að nota einfaldað viðræðuferli þegar endurskoðun á viðskiptastefnu þróunaraðildarlands er tímasett á sama almanaksári og viðræðurnar. Í slíkum tilvikum skal ákveða, á grundvelli þeirra atriða sem talin eru upp í 8. mgr. yfirlýsingarinnar frá 1979, hvort viðhafa skuli ítarlegt viðræðuferli. Aðeins er heimilt að efna tvisvar í röð til viðræðna samkvæmt einfölduðu viðræðuferli nema þegar um er að ræða aðildarlönd sem skemmst eru á veg komin í þróun.

consultation procedures may also be used when the Trade Policy Review of a developing country Member is scheduled for the same calendar year as the date fixed for the consultations. In such cases the decision as to whether full consultation procedures should be used will be made on the basis of the factors enumerated in paragraph 8 of the 1979 Declaration. Except in the case of least-developed country Members, no more than two successive consultations may be held under simplified consultation procedures.

Tilkynningar og gögn.

9. Aðilar skulu tilkynna aðalráðinu um nýjar innflutningstakmarkanir sem gripið er til vegna greiðslujafnaðar, eða breytingar á þeim, sem og um breyttar tímaáætlanir varðandi afnám slíkra ráðstafana sem tilkynntar eru skv. 1. mgr. Tilkynna skal aðalráðinu um umtalsverðar breytingar áður en eða eigi síðar en 30 dögum eftir að tilkynnt er um þær. Aðilar skulu árlega senda aðalskrifstofunni heildartilkynningu sem hefur að geyma allar breytingar á lögum og reglum, stefnumarkandi yfirlýsingum eða opinberum auglýsingum til athugunar af hálfu aðila. Tilkynningar skulu, að því marki sem unnt er, hafa að geyma tæmandi upplýsingar varðandi hvert tollskrársvið, um það hvers konar ráðstöfunum er beitt, hvaða viðmiðanir gilda um stjórnun þeirra, vörurnar sem þær taka til og áhrif þeirra á viðskiptaflæði.

10. Nefndinni er heimilt, að beiðni aðila, að endurskoða tilkynningar. Slík endurskoðun skal einungis taka til skýringar á sérstökum málefnum sem bent er á í tilkynningu eða könnunar á því hvort þörf sé á viðræðum skv. a-lið 4. mgr. XII. gr. eða a-lið 12. mgr. XVIII. gr. Aðilar, sem hafa ástæðu til að ætla að annar aðili hafi gripið til innflutningstakmarkana vegna greiðslujafnaðar, geta vakið athygli nefndarinnar á málinu. Formaður nefndarinnar skal óska eftir upplýsingum um ráðstafanirnar og veita öllum aðilum aðgang að þeim upplýsingum. Heimilt er að leggja spurningar fyrirfram fyrir þann aðila sem kallaður er til viðræðna, með fyrirvara um rétt allra aðila sem sæti eiga í nefndinni til að óska eftir viðeigandi skýringum á meðan viðræður standa yfir.

11. Aðili sem kallaður er til viðræðna skal taka saman greinargerð vegna viðræðnanna sem felur í sér, auk annarra upplýsinga sem taldar eru skipta máli: *a)* yfirlit yfir greiðslujöfnuð og horfur hvað hann varðar, þar á meðal umfjöllun um innri og ytri þætti sem hafa áhrif á greiðslu-

Notification and Documentation

9. A Member shall notify to the General Council the introduction of or any changes in the application of restrictive import measures taken for balance-of-payments purposes, as well as any modifications in time-schedules for the removal of such measures as announced under paragraph 1. Significant changes shall be notified to the General Council prior to or not later than 30 days after their announcement. On a yearly basis, each Member shall make available to the Secretariat a consolidated notification, including all changes in laws, regulations, policy statements or public notices, for examination by Members. Notifications shall include full information, as far as possible, at the tariff-line level, on the type of measures applied, the criteria used for their administration, product coverage and trade flows affected.

10. At the request of any Member, notifications may be reviewed by the Committee. Such reviews would be limited to the clarification of specific issues raised by a notification or examination of whether a consultation under paragraph 4(a) of Article XII or paragraph 12(a) of Article XVIII is required. Members which have reasons to believe that a restrictive import measure applied by another Member was taken for balance-of-payments purposes may bring the matter to the attention of the Committee. The Chairman of the Committee shall request information on the measure and make it available to all Members. Without prejudice to the right of any member of the Committee to seek appropriate clarifications in the course of consultations, questions may be submitted in advance for consideration by the consulting Member.

11. The consulting Member shall prepare a Basic Document for the consultations which, in addition to any other information considered to be relevant, should include: *(a)* an overview of the balance-of-payments situation and prospects,

jöfnuð og stefnumarkandi ráðstafanir sem gripið hefur verið til á innlendum vettvangi til þess að koma aftur á traustu jafnvægi til frambúðar; *b)* ítarlega lýsingu á takmörkunum sem beitt er vegna greiðslujafnaðar, lagalegum grundvelli þeirra og þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að draga úr verndaráhrifum þeim samfara; *c)* ráðstafanir sem gripið hefur verið til frá því síðast var efnt til viðræðna til að afnema innflutningstakmarkanir, með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar; *d)* áætlun um að afnema og draga smám saman úr þeim takmörkunum sem eftir eru. Heimilt er, þegar við á, að vísa í upplýsingar sem hafa verið veittar í öðrum tilkynningum eða skýrslum sem sendar hafa verið Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Aðili sem kallaður er til viðræðna skal, samkvæmt einfölduðu viðræðuferli, leggja fram skriflega yfirlýsingu þar sem fram koma grundvallarupplýsingar um þá þætti sem fyrrnefnd greinargerð tekur til.

12. Í því augnamiði að greiða fyrir viðræðum innan nefndarinnar skal aðalskrifstofan taka saman greinargerð um málsatvik þar sem fjallað er um hinar mismunandi hliðar viðræðuáætlunarinnar. Þegar um er að ræða þróunaraðildarlönd skal greinargerð aðalskrifstofunnar fela í sér almennar og sundurliðaðar upplýsingar sem máli skipta um áhrif ytra viðskiptaumhverfis á greiðslujöfnuð og horfur hvað hann varðar hjá þeim aðila sem kallaður er til viðræðna. Tækniþjónusta aðalskrifstofunnar skal, að beiðni þróunaraðildarlands, veita aðstoð við undirbúning gagna vegna viðræðnanna.

Niðurstöður viðræðna um greiðslujöfnuð.

13. Nefndin skal gefa aðalráðinu skýrslu um viðræðurnar. Þegar um fullt viðræðuferli er að ræða skulu niðurstöður nefndarinnar um hina mismunandi þætti viðræðuáætlunarinnar koma fram í skýrslunni sem og þær staðreyndir og þau rök sem niðurstöðurnar byggjast á. Í niðurstöðum sínum skal nefndin leitast við að setja fram tillögur um tilmæli með það fyrir augum að stuðla að framkvæmd ákvæða XII. gr. og B-hluta XVIII. gr., yfirlýsingarinnar frá 1979 og þessa samkomulags. Í þeim tilvikum, þegar tímaáætlun hefur verið lögð fram um afnám takmarkana sem gripið hefur verið til vegna greiðslujafnaðar, getur aðalráðið lagt til að aðili teljist uppfylla skyldur sínar samkvæmt GATT-samningnum frá 1994 ef hann fylgir þeirri tímaáætlun. Hvenær sem aðalráðið setur fram sérstök tilmæli skal meta réttindi og skyldur aðila með

including a consideration of the internal and external factors having a bearing on the balance-of-payments situation and the domestic policy measures taken in order to restore equilibrium on a sound and lasting basis; *(b)* a full description of the restrictions applied for balance-of-payments purposes, their legal basis and steps taken to reduce incidental protective effects; *(c)* measures taken since the last consultation to liberalize import restrictions, in the light of the conclusions of the Committee; *(d)* a plan for the elimination and progressive relaxation of remaining restrictions. References may be made, when relevant, to the information provided in other notifications or reports made to the WTO. Under simplified consultation procedures, the consulting Member shall submit a written statement containing essential information on the elements covered by the Basic Document.

12. The Secretariat shall, with a view to facilitating the consultations in the Committee, prepare a factual background paper dealing with the different aspects of the plan for consultations. In the case of developing country Members, the Secretariat document shall include relevant background and analytical material on the incidence of the external trading environment on the balance-of-payments situation and prospects of the consulting Member. The technical assistance services of the Secretariat shall, at the request of a developing country Member, assist in preparing the documentation for the consultations.

Conclusions of Balance-of-Payments Consultations

13. The Committee shall report on its consultations to the General Council. When full consultation procedures have been used, the report should indicate the Committee's conclusions on the different elements of the plan for consultations, as well as the facts and reasons on which they are based. The Committee shall endeavour to include in its conclusions proposals for recommendations aimed at promoting the implementation of Articles XII and XVIII:B, the 1979 Declaration and this Understanding. In those cases in which a time-schedule has been presented for the removal of restrictive measures taken for balance-of-payments purposes, the General Council may recommend that, in adhering to such a time-schedule, a Member shall be deemed to be in compliance with its GATT 1994 obligations. Whenever the General Council has

hliðsjón af þeim tilmælum. Leggi aðalráðið ekki fram sérstakar tillögur um tilmæli skal skrá í niðurstöður nefndarinnar þau ólíku sjónarmið sem fram koma í nefndinni. Hafi einfaldað viðræðuferli verið notað skal skýrslan hafa að geyma samantekt á helstu atriðunum sem fjallað var um í nefndinni og ákvörðun um hvort þörf sé á fullu viðræðuferli.

made specific recommendations, the rights and obligations of Members shall be assessed in the light of such recommendations. In the absence of specific proposals for recommendations by the General Council, the Committee's conclusions should record the different views expressed in the Committee. When simplified consultation procedures have been used, the report shall include a summary of the main elements discussed in the Committee and a decision on whether full consultation procedures are required.

Samkomulag um túlkun XXIV. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994.

Aðilar,

sem hafa hliðsjón af ákvæðum XXIV. gr. GATT-samningsins frá 1994,

sem viðurkenna að tollabandalögum og fríverslunarsvæðum hefur fjölgað til mikilla muna og mikilvægi þeirra aukist frá því að GATT-samkomulagið frá 1947 var gert og að þau ráða nú yfir umtalsverðum hluta heimsviðskipta,

sem viðurkenna að aukinn samruni efnahagskerfa þeirra sem eiga aðild að slíkum samningum stuðlar að aukningu heimsviðskipta,

sem viðurkenna enn fremur að þessi aukning verði enn meiri ef afnám tolla og annarra takmarkandi viðskiptareglna milli hlutaðeigandi yfirráðasvæða nær til allra viðskipta og að aukningin verði minni ef eitthvert mikilvægt viðskiptasvið er undanskilið,

sem árétta að tilgangurinn með slíkum samningum ætti að vera að auðvelda viðskipti milli hlutaðeigandi yfirráðasvæða og ekki að setja hömlur á viðskipti annarra aðila við þessi yfirráðasvæði; og að þeir sem gera slíka samninga eða víkka gildissvið þeirra skuli, eftir því sem framast er unnt, forðast að skaða viðskipti annarra aðila,

sem eru einnig sannfærðir um nauðsyn þess að efla hlutverk vöruviðskiptaráðsins þegar endurskoða á samninga sem tilkynnt er um samkvæmt XXIV. gr., með því að skýra viðmiðanirnar og málsmeðferðina sem beitt er við mat á nýjum eða útvíkkuðum samningum og með því að auka gagnsæi allra samninga sem gerðir eru með hliðsjón af XXIV. gr.,

sem viðurkenna nauðsyn þess að sameiginlegur skilningur ríki um hvað felist í skyldum aðila samkvæmt 12. mgr. XXIV. gr.,

Understanding on the Interpretation of Article XXIV of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994

Members,

Having regard to the provisions of Article XXIV of GATT 1994;

Recognizing that customs unions and free-trade areas have greatly increased in number and importance since the establishment of GATT 1947 and today cover a significant proportion of world trade;

Recognizing the contribution to the expansion of world trade that may be made by closer integration between the economies of the parties to such agreements;

Recognizing also that such contribution is increased if the elimination between the constituent territories of duties and other restrictive regulations of commerce extends to all trade, and diminished if any major sector of trade is excluded;

Reaffirming that the purpose of such agreements should be to facilitate trade between the constituent territories and not to raise barriers to the trade of other Members with such territories; and that in their formation or enlargement the parties to them should to the greatest possible extent avoid creating adverse effects on the trade of other Members;

Convinced also of the need to reinforce the effectiveness of the role of the Council for Trade in Goods in reviewing agreements notified under Article XXIV, by clarifying the criteria and procedures for the assessment of new or enlarged agreements, and improving the transparency of all Article XXIV agreements;

Recognizing the need for a common understanding of the obligations of Members under paragraph 12 of Article XXIV;

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

1. Tollabandalög, fríverslunarsvæði og bráðabirgðasamningar sem leiða til myndunar tollabandalags eða fríverslunarsvæðis skulu, til að samrýmast ákvæðum XXIV. gr., meðal annars uppfylla ákvæði 5., 6., 7. og 8. mgr. þeirrar greinar.

5. mgr. XXIV. gr.

2. Mat skv. a-lið 5. mgr. XXIV. gr. á almennum áhrifum tolla og annarra viðskiptareglna sem er beitt fyrir og eftir myndun tollabandalags skal, að því er varðar tolla og gjöld, byggt á heildarmati á vegnu meðaltali tollskrártaxta og tolla sem innheimtir eru. Þetta mat skal byggt á tölfræðilegum upplýsingum um innflutning, sem tollabandalagið lætur í té fyrir næstliðið viðmiðunartímabil, á grundvelli tollskrársviðs, verðs og magns, sundurliðað fyrir hvert og eitt upprunaland Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Aðalskrifstofan skal reikna út vegið meðaltal tollskrártaxta og tolla sem eru innheimtir í samræmi við þá aðferðafræði sem var beitt við mat á tollatilboðum í Úrúgvæ-lotu marghliða viðskiptaviðræðnanna. Með þetta í huga skulu tollar og gjöld, sem taka skal tillit til, vera gildandi tolltaxtar. Viðurkennt er að í tengslum við heildarmat á áhrifum annarra viðskiptareglna, sem erfitt er að ná yfir eða taka saman, geti verið nauðsynlegt að láta fara fram rannsókn á einstökum ráðstöfunum, reglum, vörusviðum og áhrifum á viðskiptaflæði.

3. Hinn „sanngjarni tími“ sem um getur í c-lið 5. mgr. XXIV. gr. skal einungis í undantekningartilvikum vera lengri en tíu ár. Ef aðilar, sem eiga aðild að bráðabirgðasamningi, telja að tíu ár nægi ekki skulu þeir gera vöruviðskiptaráðinu ítarlega grein fyrir ástæðum þess að þörf sé á lengri fresti.

6. mgr. XXIV. gr.

4. Í 6. mgr. XXIV. gr. er kveðið á um málsmeðferð sem ber að fylgja þegar aðili sem myndar tollabandalag leggur til að bundinn tolltaxti verði hækkaður. Í þessu tilliti árétta aðilar að hefja skuli málsmeðferðina sem gerð er grein fyrir í XXVIII. gr., eins og hún er útfærð í viðmiðunarreglunum sem samþykktar voru 10. nóvember 1980 (BISD 27S/26-28) og í samkomu-

Hereby *agree* as follows:

1. Customs unions, free-trade areas, and interim agreements leading to the formation of a customs union or free-trade area, to be consistent with Article XXIV, must satisfy, *inter alia*, the provisions of paragraphs 5, 6, 7 and 8 of that Article.

Article XXIV:5

2. The evaluation under paragraph 5(a) of Article XXIV of the general incidence of the duties and other regulations of commerce applicable before and after the formation of a customs union shall in respect of duties and charges be based upon an overall assessment of weighted average tariff rates and of customs duties collected. This assessment shall be based on import statistics for a previous representative period to be supplied by the customs union, on a tariff-line basis and in values and quantities, broken down by WTO country of origin. The Secretariat shall compute the weighted average tariff rates and customs duties collected in accordance with the methodology used in the assessment of tariff offers in the Uruguay Round of Multilateral Trade Negotiations. For this purpose, the duties and charges to be taken into consideration shall be the applied rates of duty. It is recognized that for the purpose of the overall assessment of the incidence of other regulations of commerce for which quantification and aggregation are difficult, the examination of individual measures, regulations, products covered and trade flows affected may be required.

3. The "reasonable length of time" referred to in paragraph 5(c) of Article XXIV should exceed 10 years only in exceptional cases. In cases where Members parties to an interim agreement believe that 10 years would be insufficient they shall provide a full explanation to the Council for Trade in Goods of the need for a longer period.

Article XXIV:6

4. Paragraph 6 of Article XXIV establishes the procedure to be followed when a Member forming a customs union proposes to increase a bound rate of duty. In this regard Members reaffirm that the procedure set forth in Article XXVIII, as elaborated in the guidelines adopted on 10 November 1980 (BISD 27S/26-28) and in the Understanding on the Interpretation of Arti-

laginu um túlkun XXVIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, áður en tollaívilnunum er breytt eða þær afturkallaðar við myndun tollabandalags eða við gerð bráðabirgðasamnings sem leiðir til myndunar tollabandalags.

5. Gengið skal til þessara samningaviðræðna í góðri trú með það í huga að koma sér saman um bætur sem hlutaðeigandi sætta sig við. Í slíkum viðræðum skal, eins og krafist er í 6. mgr. XXIV. gr., tekið tilhlýðilegt tillit til lækkunar tolla á sama tollskrársviði sem aðrir þátttakendur í tollabandalaginu hafa veitt við myndun þess. Ef slík lækkun nægir ekki til að veita nauðsynlegar bætur býður tollabandalagið bætur sem geta verið í formi tollalækkana á öðrum tollskrársviðum. Aðilar sem hafa samningsrétt varðandi bindingu, sem verið er að breyta eða afnema, skulu taka slíkt boð til athugunar. Ef bæturnar eru áfram óviðunandi skal samningaviðræðunum haldið áfram. Ef ekki er hægt, þrátt fyrir slíka viðleitni, að komast að samkomulagi um bætur skv. XXVIII. gr., eins og útfært er í samkomulaginu um túlkun XXVIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, innan eðlilegs tíma frá því að samningaviðræður hófust skal tollabandalaginu þó frjálst að breyta ívilnunum eða afturkalla þær; aðilum sem slíkt hefur áhrif á er þá frjálst að afturkalla ívilnanir sem eru í meginatriðum jafngildar í samræmi við XXVIII. gr.

6. Ákvæði GATT-samningsins frá 1994 leggja engum aðila, sem hefur ávinning af lækkun tolla í kjölfar myndunar tollabandalags eða gerðar bráðabirgðasamnings sem leiðir til myndunar tollabandalags, þær skyldur á herðar að greiða þátttakendum þess bætur.

Endurskoðun á tollabandalögum og fríverslunarsvæðum.

7. Allar tilkynningar skv. a-lið 7. mgr. XXIV. gr. skulu skoðaðar af starfshópi með hliðsjón af viðeigandi ákvæðum GATT-samningsins frá 1994 og 1. mgr. þessa samkomulags. Starfshópurinn skal leggja skýrslu fyrir vöruviðskiptaráðið um niðurstöður sínar þar að lútandi. Vöruviðskiptaráðinu er heimilt að beina þeim tilmælum til aðila eftir því sem það telur við eiga.

8. Að því er varðar bráðabirgðasamninga er starfshópnum heimilt að setja fram í skýrslu sinni viðeigandi tilmæli um fyrirhugaðan tímaramma og þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru

cle XXVIII of GATT 1994, must be commenced before tariff concessions are modified or withdrawn upon the formation of a customs union or an interim agreement leading to the formation of a customs union.

5. These negotiations will be entered into in good faith with a view to achieving mutually satisfactory compensatory adjustment. In such negotiations, as required by paragraph 6 of Article XXIV, due account shall be taken of reductions of duties on the same tariff line made by other constituents of the customs union upon its formation. Should such reductions not be sufficient to provide the necessary compensatory adjustment, the customs union would offer compensation, which may take the form of reductions of duties on other tariff lines. Such an offer shall be taken into consideration by the Members having negotiating rights in the binding being modified or withdrawn. Should the compensatory adjustment remain unacceptable, negotiations should be continued. Where, despite such efforts, agreement in negotiations on compensatory adjustment under Article XXVIII as elaborated by the Understanding on the Interpretation of Article XXVIII of GATT 1994 cannot be reached within a reasonable period from the initiation of negotiations, the customs union shall, nevertheless, be free to modify or withdraw the concessions; affected Members shall then be free to withdraw substantially equivalent concessions in accordance with Article XXVIII.

6. GATT 1994 imposes no obligation on Members benefiting from a reduction of duties consequent upon the formation of a customs union, or an interim agreement leading to the formation of a customs union, to provide compensatory adjustment to its constituents.

Review of Customs Unions and Free-Trade Areas

7. All notifications made under paragraph 7(a) of Article XXIV shall be examined by a working party in the light of the relevant provisions of GATT 1994 and of paragraph 1 of this Understanding. The working party shall submit a report to the Council for Trade in Goods on its findings in this regard. The Council for Trade in Goods may make such recommendations to Members as it deems appropriate.

8. In regard to interim agreements, the working party may in its report make appropriate recommendations on the proposed time-frame and on measures required to complete the formation of

til að ljúka við myndun tollabandalagsins eða fríverslunarsvæðisins. Ef nauðsyn krefur getur starfshópurinn gengist fyrir frekari endurskoðun á samningnum.
9. Aðilar, sem eiga aðild að bráðabirgðasamningi, skulu tilkynna vöruviðskiptaráðinu um umtalsverðar breytingar á skipulagi og tímaáætlun í samningnum og, ef fram kemur beiðni um það, skal ráðið skoða þessar breytingar.
10. Ef ekki er að finna skipulag og tímaáætlun í bráðabirgðasamningi sem tilkynnt er um skv. a-lið 7. mgr. XXIV. gr., andstætt c-lið 5. mgr. XXIV. gr., skal starfshópurinn mæla með slíku skipulagi og tímaáætlun í skýrslu sinni. Hlutaðeigandi skulu ekki viðhalda eða koma slíkum samningi í framkvæmd, eftir því sem við á, ef þeir eru ekki reiðubúnir að breyta honum í samræmi við þessi tilmæli. Setja skal ákvæði um síðari endurskoðun á framkvæmd tilmælanna.

11. Tollabandalög og þátttakendur í fríverslunarsvæðum skulu gefa vöruviðskiptaráðinu skýrslu með reglulegu millibili um framkvæmd viðkomandi samnings, eins og SAMNINGSAÐILAR að GATT-samkomulaginu frá 1947 gerðu ráð fyrir í fyrirmælum sínum til ráðs GATT-samkomulagsins frá 1947 varðandi skýrslur um svæðisbundna samninga (BISD 18S/38). Tilkynna skal jafnóðum um allar verulegar breytingar og/eða þróun í samningunum.

Lausn deilumála.

12. Beita má ákvæðum XXII. og XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, eins og þau eru útfærð og þeim beitt samkvæmt samkomulaginu um lausn deilumála, að því er varðar málefni sem koma upp vegna beitingar þeirra ákvæða XXIV. gr. sem snerta tollabandalög, fríverslunarsvæði eða bráðabirgðasamninga sem leiða til myndunar tollabandalags eða fríverslunarsvæðis.

12. mgr. XXIV. gr.

13. Sérhver aðili ber, samkvæmt GATT-samningnum frá 1994, fulla ábyrgð á því að farið sé að öllum ákvæðum GATT-samningsins frá 1994 og skal gera hverjar þær ráðstafanir sem teljast eðlilegar og hann hefur tök á til að tryggja að svæðisbundnar og staðbundnar stjórnir og yfirvöld á yfirráðasvæði hans fari að ákvæðunum.
14. Beita má ákvæðum XXII. og XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, eins og þau eru útfærð og þeim beitt samkvæmt samkomulaginu

the customs union or free-trade area. It may if necessary provide for further review of the agreement.

9. Members parties to an interim agreement shall notify substantial changes in the plan and schedule included in that agreement to the Council for Trade in Goods and, if so requested, the Council shall examine the changes.
10. Should an interim agreement notified under paragraph 7(a) of Article XXIV not include a plan and schedule, contrary to paragraph 5(c) of Article XXIV, the working party shall in its report recommend such a plan and schedule. The parties shall not maintain or put into force, as the case may be, such agreement if they are not prepared to modify it in accordance with these recommendations. Provision shall be made for subsequent review of the implementation of the recommendations.
11. Customs unions and constituents of free-trade areas shall report periodically to the Council for Trade in Goods, as envisaged by the CONTRACTING PARTIES to GATT 1947 in their instruction to the GATT 1947 Council concerning reports on regional agreements (BISD 18S/38), on the operation of the relevant agreement. Any significant changes and/or developments in the agreements should be reported as they occur.

Dispute Settlement

12. The provisions of Articles XXII and XXIII of GATT 1994 as elaborated and applied by the Dispute Settlement Understanding may be invoked with respect to any matters arising from the application of those provisions of Article XXIV relating to customs unions, free-trade areas or interim agreements leading to the formation of a customs union or free-trade area.

Article XXIV:12

13. Each Member is fully responsible under GATT 1994 for the observance of all provisions of GATT 1994, and shall take such reasonable measures as may be available to it to ensure such observance by regional and local governments and authorities within its territory.

14. The provisions of Articles XXII and XXIII of GATT 1994 as elaborated and applied by the Dispute Settlement Understanding may be

um lausn deilumála, að því er varðar ráðstafanir sem svæðisbundnar eða staðbundnar stjórnir og yfirvöld á yfirráðasvæði aðila grípa til og hafa áhrif á að samningurinn sé virtur. Ef nefndin um lausn deilumála úrskurðar að ákvæði í GATT-samningnum frá 1994 hafi ekki verið virt skal hlutaðeigandi aðili gera hverjar þær ráðstafanir sem teljast eðlilegar og hann hefur tök á til að tryggja að ákvæðið sé virt. Ákvæðin um bætur og frestun ívilnana eða annarra skyldna gilda þegar ekki hefur reynst unnt að tryggja að ákvæði séu virt.

15. Sérhver aðili skuldbindur sig til að fjalla um málflutning annars aðila með velvilja og veita nægileg tækifæri til viðræðna að því er varðar ráðstafanir sem gerðar eru á yfirráðasvæði hins fyrrnefnda og hafa áhrif á framkvæmd GATT-samningsins frá 1994.

invoked in respect of measures affecting its observance taken by regional or local governments or authorities within the territory of a Member. When the Dispute Settlement Body has ruled that a provision of GATT 1994 has not been observed, the responsible Member shall take such reasonable measures as may be available to it to ensure its observance. The provisions relating to compensation and suspension of concessions or other obligations apply in cases where it has not been possible to secure such observance.

15. Each Member undertakes to accord sympathetic consideration to and afford adequate opportunity for consultation regarding any representations made by another Member concerning measures affecting the operation of GATT 1994 taken within the territory of the former.

Samkomulag um túlkun XXVIII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994.

Aðilar koma sér hér með saman um eftirfarandi:

1. Í beiðni um undanþágu eða um framlengingu gildandi undanþágu skal lýsa þeim ráðstöfunum sem aðili hefur í hyggju að grípa til, þeim sérstöku stefnumiðum sem aðili leitast við að ná og ástæðum þess að aðili getur ekki náð stefnumiðum sínum með ráðstöfunum sem eru í samræmi við skyldur hans samkvæmt GATT-samningnum frá 1994.

2. Undanþága, sem er í gildi á gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, skal, nema hún sé framlengd í samræmi við málsmeðferðina hér að framan og málsmeðferðina í IX. gr. samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, falla niður á þeim degi sem hún rennur út eða tveimur árum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, hvort heldur er fyrr.

3. Aðili, sem telur að ávinningur, sem hann hefur samkvæmt GATT-samningnum frá 1994, sé gerður að engu eða skertur vegna þess að:

a) aðili, sem nýtur undanþágu, virðir ekki skilmála eða skilyrði undanþágunnar, eða

b) beitt er ráðstöfun sem er í samræmi við skilmála og skilyrði undanþágunnar,

getur nýtt sér ákvæði XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 eins og þau eru útfærð og þeim beitt samkvæmt samkomulaginu um lausn deilumála.

Understanding in Respect of Waivers of Obligations under the General Agreement on Tariffs and Trade 1994

Members hereby *agree* as follows:

1. A request for a waiver or for an extension of an existing waiver shall describe the measures which the Member proposes to take, the specific policy objectives which the Member seeks to pursue and the reasons which prevent the Member from achieving its policy objectives by measures consistent with its obligations under GATT 1994.

2. Any waiver in effect on the date of entry into force of the WTO Agreement shall terminate, unless extended in accordance with the procedures above and those of Article IX of the WTO Agreement, on the date of its expiry or two years from the date of entry into force of the WTO Agreement, whichever is earlier.

3. Any Member considering that a benefit accruing to it under GATT 1994 is being nullified or impaired as a result of:

(a) the failure of the Member to whom a waiver was granted to observe the terms or conditions of the waiver, or

(b) the application of a measure consistent with the terms and conditions of the waiver

may invoke the provisions of Article XXIII of GATT 1994 as elaborated and applied by the Dispute Settlement Understanding.

Samkomulag um túlkun XXVIII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994.

Aðilar koma sér hér með saman um eftirfarandi:

1. Að því er varðar breytingu á ívilnun eða afturköllun hennar skal sá aðili, sem hefur hæsta hlutfall útflutningsvöru sem ívilnunin hefur áhrif á (þ.e. útflutnings vörunnar á markað þess aðila sem breytir ívilnuninni eða afturkallar hana) miðað við heildarútflutning, teljast eiga hagsmuna að gæta sem aðalbirgir ef hann á ekki þegar upphaflegan samningsrétt eða hagsmuna að gæta sem aðalbirgir eins og kveðið er á um í 1. mgr. XXVIII. gr. Þó er samkomulag um að vöruviðskiptaráðið endurskoði þessa málsgrein fimm árum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina í því augnamiði að ákveða hvort þessi viðmiðun hafi tryggt á fullnægjandi hátt endurdreifingu samningsréttarins til hagsbóta fyrir litla og meðalstóra aðila sem eru útflytjendur (hér á eftir nefndir „útflutningsaðilar"). Ef svo reynist ekki verður hugað að mögulegum úrbótum, meðal annars, með tilliti til þess hvort næg gögn séu fyrirliggjandi, að setja viðmiðun sem byggist á því hvert hlutfall útflutnings, sem ívilnunin hefur áhrif á, er miðað við útflutning viðkomandi vöru á alla markaði.

2. Ef aðili telur sig eiga hagsmuna að gæta sem aðalbirgir skv. 1. mgr. skal hann gera skriflegt tilkall til þess og senda ásamt sönnunargögnum til aðilans sem leggur til að ívilnuninni verði breytt eða hún afturkölluð og upplýsa jafnframt aðalskrifstofuna um það. Í þessum tilvikum gildir 4. mgr. í „málsmeðferð í samningaviðræðum skv. XXVIII. gr." sem samþykkt var 10. nóvember 1980 (BISD 27S/26-28).

3. Þegar ákvarðað er hvaða aðilar eigi hagsmuna að gæta sem aðalbirgjar (skv. 1. mgr. hér að framan eða 1. mgr. XXVIII. gr.), eða eigi verulegra hagsmuna að gæta, skal aðeins taka tilllit til viðskipta með viðkomandi vöru á grundvelli bestu kjara. Þó skal einnig tekið tillit til viðskipta með viðkomandi vöru á grundvelli ósamningsbundinna fríðinda ef viðskiptin sem um ræðir njóta ekki lengur góðs af slíkri fríðindameðferð og eru þar með orðin viðskipti á grundvelli bestu kjara þegar samningaviðræður fara fram um breytingu á ívilnun eða afturköllun hennar eða njóta ekki lengur góðs af slíkum fríðindum þegar samningaviðræðum lýkur.

Understanding on the Interpretation of Article XXVIII of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994

Members hereby *agree* as follows:

1. For the purposes of modification or withdrawal of a concession, the Member which has the highest ratio of exports affected by the concession (i.e. exports of the product to the market of the Member modifying or withdrawing the concession) to its total exports shall be deemed to have a principal supplying interest if it does not already have an initial negotiating right or a principal supplying interest as provided for in paragraph 1 of Article XXVIII. It is however agreed that this paragraph will be reviewed by the Council for Trade in Goods five years from the date of entry into force of the WTO Agreement with a view to deciding whether this criterion has worked satisfactorily in securing a redistribution of negotiating rights in favour of small and medium-sized exporting Members. If this is not the case, consideration will be given to possible improvements, including, in the light of the availability of adequate data, the adoption of a criterion based on the ratio of exports affected by the concession to exports to all markets of the product in question.

2. Where a Member considers that it has a principal supplying interest in terms of paragraph 1, it should communicate its claim in writing, with supporting evidence, to the Member proposing to modify or withdraw a concession, and at the same time inform the Secretariat. Paragraph 4 of the "Procedures for Negotiations under Article XXVIII" adopted on 10 November 1980 (BISD 27S/26-28) shall apply in these cases.

3. In the determination of which Members have a principal supplying interest (whether as provided for in paragraph 1 above or in paragraph 1 of Article XXVIII) or substantial interest, only trade in the affected product which has taken place on an MFN basis shall be taken into consideration. However, trade in the affected product which has taken place under non-contractual preferences shall also be taken into account if the trade in question has ceased to benefit from such preferential treatment, thus becoming MFN trade, at the time of the negotiation for the modification or withdrawal of the concession, or will do so by the conclusion of that negotiation.

4. Þegar tollaívilnun fyrir nýja vöru (þ.e. vöru sem engar tölfræðilegar upplýsingar um viðskipti eru til um sem ná yfir þriggja ára tímabil) er breytt eða hún afturkölluð skal aðili, sem á upphaflegan samningsrétt varðandi tollskrársvið þar sem varan er eða var flokkuð, talinn eiga upphaflegan samningsrétt varðandi ívilnunina sem um ræðir. Þegar ákvarðað er hvort um hagsmuni sem aðalbirgir og verulega hagsmuni sé að ræða, og þegar bætur eru reiknaðar út, skal meðal annars taka tillit til framleiðslugetu og fjárfestingar í viðkomandi vöru í landi útflutningsaðila og áætlana um útflutningsaukningu og einnig spár um eftirspurn eftir vörunni hjá aðila sem er innflytjandi (hér á eftir nefndur „innflutningsaðili"). Í þessari málsgrein felur „ný vara" í sér vöruheiti sem er tekið út af tollskrársviði sem fyrir er.

5. Ef aðili telur sig eiga hagsmuna að gæta sem aðalbirgir eða verulegra hagsmuna að gæta samkvæmt 4. mgr. skal hann gera tilkall til þess skriflega og senda ásamt sönnunargögnum til aðilans sem leggur til að ívilnuninni verði breytt eða hún afturkölluð og upplýsa jafnframt aðalskrifstofuna um það. Í þessum tilvikum gildir 4. mgr. í framangreindri „málsmeðferð í samningaviðræðum skv. XXVIII. gr."

6. Þegar tolltaxtakvóti kemur í stað ótakmarkaðar tollaívilnunar skal bótafjárhæð vera hærri en sem nemur þeim viðskiptum sem breytingar á ívilnun hafa í raun haft áhrif á. Reiknigrunnur bóta skal vera sú fjárhæð sem talið er að verði umfram kvóta í væntanlegum viðskiptum. Gert er ráð fyrir að útreikningur á væntanlegum viðskiptum byggist á þeirri tölu sem er hærri af eftirfarandi:

a) meðaltali ársviðskipta á næstliðnu þriggja ára viðmiðunartímabili að viðbættu meðaltali ársaukningar innflutnings á sama tímabili, eða að viðbættum 10 af hundraði, hvort heldur er hærra; eða
b) viðskiptum á næstliðnu ári að viðbættum 10 af hundraði.

Fjárhæð bótaábyrgðar aðila skal aldrei nema meira en þeirri fjárhæð sem algjör afturköllun ívilnunar hefði í för með sér.

7. Veita skal hverjum aðila sem á hagsmuna að gæta sem aðalbirgir samkvæmt 1. mgr. hér að framan eða 1. mgr. XXVIII. gr., með tilliti til ívilnunar sem er breytt eða afturkölluð, upphaflegan samningsrétt að því er varðar bótaívilnanir, nema hlutaðeigandi aðilar samþykki annað bótaform.

4. When a tariff concession is modified or withdrawn on a new product (i.e. a product for which three years' trade statistics are not available) the Member possessing initial negotiating rights on the tariff line where the product is or was formerly classified shall be deemed to have an initial negotiating right in the concession in question. The determination of principal supplying and substantial interests and the calculation of compensation shall take into account, *inter alia*, production capacity and investment in the affected product in the exporting Member and estimates of export growth, as well as forecasts of demand for the product in the importing Member. For the purposes of this paragraph, "new product" is understood to include a tariff item created by means of a breakout from an existing tariff line.

5. Where a Member considers that it has a principal supplying or a substantial interest in terms of paragraph 4, it should communicate its claim in writing, with supporting evidence, to the Member proposing to modify or withdraw a concession, and at the same time inform the Secretariat. Paragraph 4 of the above-mentioned "Procedures for Negotiations under Article XXVIII" shall apply in these cases.

6. When an unlimited tariff concession is replaced by a tariff rate quota, the amount of compensation provided should exceed the amount of the trade actually affected by the modification of the concession. The basis for the calculation of compensation should be the amount by which future trade prospects exceed the level of the quota. It is understood that the calculation of future trade prospects should be based on the greater of:

(a) the average annual trade in the most recent representative three-year period, increased by the average annual growth rate of imports in that same period, or by 10 per cent, whichever is the greater; or
(b) trade in the most recent year increased by 10 per cent.

In no case shall a Member's liability for compensation exceed that which would be entailed by complete withdrawal of the concession.

7. Any Member having a principal supplying interest, whether as provided for in paragraph 1 above or in paragraph 1 of Article XXVIII, in a concession which is modified or withdrawn shall be accorded an initial negotiating right in the compensatory concessions, unless another form of compensation is agreed by the Members concerned.

Marakess-bókun við hinn almenna samning um tolla og viðskipti frá 1994.

Aðilar,

sem hafa átt í samningaviðræðum innan ramma GATT-samkomulagsins frá 1947, í samræmi við ráðherrayfirlýsinguna um Úrúgvæ-lotuna,

koma sér hér með saman um eftirfarandi,

1. Skrá aðila í viðauka við þessa bókun mun verða skrá þess aðila í viðauka við GATT-samninginn frá 1994 daginn sem samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina öðlast gildi að því er þann aðila varðar. Skrár, sem lagðar eru fram í samræmi við ráðherraákvörðunina um ráðstafanir til hagsbóta fyrir þau lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, skulu teljast til viðauka við þessa bókun.

2. Tollalækkanir, sem hver aðili samþykkir, skulu koma til framkvæmda í fimm jöfnum skrefum, nema annað sé tilgreint í skrá aðila. Fyrsta lækkunin skal koma til framkvæmda á gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, en sérhver síðari lækkun 1. janúar næstu ár eftir það og skal endanlegt hlutfall vera komið til framkvæmda eigi síðar en fjórum árum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, nema annað sé tilgreint í skrá þess aðila. Ef annað er ekki tilgreint í skrá hans skal aðili, sem staðfestir samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina eftir gildistöku hans, láta allar hlutfallslækkanir, sem þegar hafa átt sér stað, koma til framkvæmda daginn sem sá samningur öðlast gildi gagnvart þeim aðila og jafnframt lækkanir, sem hann væri samkvæmt undanfarandi málslið skuldbundinn til að láta koma til framkvæmda 1. janúar næsta ár á eftir auk þess að láta allar lækkanir, sem eftir eru á skránni sem tilgreind er í undanfarandi málslið, koma til framkvæmda. Lækkað tollhlutfall skal hverju sinni jafnað í fyrsta aukastaf. Að því er varðar landbúnaðarvörur, eins og þær eru skilgreindar í 2. gr. samningsins um landbúnað, skulu lækkanir koma til framkvæmda eins og tilgreint er í viðkomandi köflum skránna.

3. Að fenginni beiðni skal af hálfu aðila gerð marghliða athugun á framkvæmd ívilnana og skuldbindinga í skránum sem fylgja þessari bókun. Þetta hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur aðila samkvæmt samningunum í 1. viðauka A við samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

4. Eftir að skrá aðila í viðauka við þessa bókun er orðin að skrá í viðauka við GATT-samning-

Marrakesh Protocol to the General Agreement on Tariffs and Trade 1994

Members,

Having carried out negotiations within the framework of GATT 1947, pursuant to the Ministerial Declaration on the Uruguay Round,

Hereby *agree* as follows:

1. The schedule annexed to this Protocol relating to a Member shall become a Schedule to GATT 1994 relating to that Member on the day on which the WTO Agreement enters into force for that Member. Any schedule submitted in accordance with the Ministerial Decision on Measures in Favour of Least-Developed Countries shall be deemed to be annexed to this Protocol.

2. The tariff reductions agreed upon by each Member shall be implemented in five equal rate reductions, except as may be otherwise specified in a Member's Schedule. The first such reduction shall be made effective on the date of entry into force of the WTO Agreement, each successive reduction shall be made effective on 1 January of each of the following years, and the final rate shall become effective no later than the date four years after the date of entry into force of the WTO Agreement, except as may be otherwise specified in that Member's Schedule. Unless otherwise specified in its Schedule, a Member that accepts the WTO Agreement after its entry into force shall, on the date that Agreement enters into force for it, make effective all rate reductions that have already taken place together with the reductions which it would under the preceding sentence have been obligated to make effective on 1 January of the year following, and shall make effective all remaining rate reductions on the schedule specified in the previous sentence. The reduced rate should in each stage be rounded off to the first decimal. For agricultural products, as defined in Article 2 of the Agreement on Agriculture, the staging of reductions shall be implemented as specified in the relevant parts of the schedules.

3. The implementation of the concessions and commitments contained in the schedules annexed to this Protocol shall, upon request, be subject to multilateral examination by the Members. This would be without prejudice to the rights and obligations of Members under Agreements in Annex 1A of the WTO Agreement.

4. After the schedule annexed to this Protocol relating to a Member has become a Schedule to

inn frá 1994 í samræmi við ákvæði 1. mgr. er þeim aðila hvenær sem er heimilt að fresta ívilnunum í skránni eða afturkalla þær að hluta til eða að öllu leyti að því er varðar vöru frá öðrum þátttakanda í Úrúgvæ-lotunni, sem er aðalbirgir þeirrar vöru, á meðan skrá þess síðarnefnda er enn ekki orðin að skrá í viðauka við GATT-samninginn frá 1994. Þó er einungis heimilt að gera slíka ráðstöfun eftir að skrifleg tilkynning um frestun eða afturköllun ívilnana hefur verið send til vöruviðskiptaráðsins og eftir að viðræður hafa farið fram, hafi þeirra verið óskað, við aðila sem á verulegra hagsmuna að gæta varðandi viðkomandi vöru, enda sé skrá hans þá orðin að skrá í viðauka við GATT-samninginn frá 1994. Frestaðar eða afturkallaðar ívilnanir af þessu tagi skulu aftur koma til framkvæmda frá og með þeim degi er skrá aðilans, sem á hagsmuna að gæta sem aðalbirgir, verður að skrá í viðauka við GATT-samninginn frá 1994.

5. a) Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. 4. gr. samningsins um landbúnað, að því er varðar tilvísun í b- og c-lið 1. mgr. II. gr. GATT-samningsins frá 1994 til dagsetningar þess samnings, skal dagsetning þessarar bókunar vera viðmiðunardagsetningin fyrir hverja vöru sem ívilnanir, samkvæmt ívilnanaskrá sem fylgir þessari bókun, taka til.

b) Að því er varðar tilvísun í a-lið 6. mgr. II. gr. GATT-samningsins frá 1994 til dagsetningar þess samnings skal dagsetning þessarar bókunar vera gildandi dagsetning fyrir ívilnanaskrá sem fylgir þessari bókun.

6. Um breytingu eða afturköllun ívilnana varðandi aðrar ráðstafanir en tolla, sbr. III. hluta skránna, gilda ákvæði XXVIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og „málsmeðferð í samningaviðræðum skv. XXVIII. gr." sem samþykkt var 10. nóvember 1980 (BISD 27S/26-28). Þetta hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur aðila samkvæmt GATT-samningnum frá 1994.

7. Í þeim tilvikum þegar skrá í viðauka við þessa bókun hefur í för með sér óhagstæðari meðferð vöru en kveðið var á um varðandi slíka vöru í skrám GATT-samkomulagsins frá 1947 fyrir gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina skal sá aðili sem skráin varðar teljast hafa gripið til viðeigandi aðgerða eins og annars hefði verið nauðsynlegt samkvæmt við-

GATT 1994 pursuant to the provisions of paragraph 1, such Member shall be free at any time to withhold or to withdraw in whole or in part the concession in such Schedule with respect to any product for which the principal supplier is any other Uruguay Round participant the schedule of which has not yet become a Schedule to GATT 1994. Such action can, however, only be taken after written notice of any such withholding or withdrawal of a concession has been given to the Council for Trade in Goods and after consultations have been held, upon request, with any Member, the relevant schedule relating to which has become a Schedule to GATT 1994 and which has a substantial interest in the product involved. Any concessions so withheld or withdrawn shall be applied on and after the day on which the schedule of the Member which has the principal supplying interest becomes a Schedule to GATT 1994.

5. (a) Without prejudice to the provisions of paragraph 2 of Article 4 of the Agreement on Agriculture, for the purpose of the reference in paragraphs 1(b) and 1(c) of Article II of GATT 1994 to the date of that Agreement, the applicable date in respect of each product which is the subject of a concession provided for in a schedule of concessions annexed to this Protocol shall be the date of this Protocol.

(b) For the purpose of the reference in paragraph 6(a) of Article II of GATT 1994 to the date of that Agreement, the applicable date in respect of a schedule of concessions annexed to this Protocol shall be the date of this Protocol.

6. In cases of modification or withdrawal of concessions relating to non-tariff measures as contained in Part III of the schedules, the provisions of Article XXVIII of GATT 1994 and the "Procedures for Negotiations under Article XXVIII" adopted on 10 November 1980 (BISD 27S/26-28) shall apply. This would be without prejudice to the rights and obligations of Members under GATT 1994.

7. In each case in which a schedule annexed to this Protocol results for any product in treatment less favourable than was provided for such product in the Schedules of GATT 1947 prior to the entry into force of the WTO Agreement, the Member to whom the schedule relates shall be deemed to have taken appropriate action as

komandi ákvæðum XXVIII. gr. GATT-samkomulagsins frá 1947 eða GATT-samningsins frá 1994. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga aðeins við um Egyptaland, Perú, Suður-Afríku og Úrúgvæ.

8. Viðaukaskrárnar eru gildar á ensku, frönsku eða spænsku eins og tilgreint er í hverri skrá.

9. Þessi bókun er dagsett 15. apríl 1994.

SAMNINGUR UM LANDBÚNAÐ

Aðilar,

sem hafa ákveðið að skapa grundvöll fyrir því að hefja umbætur í viðskiptum með landbúnaðarvörur í samræmi við markmið samningaviðræðnanna eins og gerð er grein fyrir þeim í yfirlýsingunni frá Punta del Este,

10. Non-exempt direct payments: non-exempt direct payments which are dependent on a price gap shall be calculated either using the gap between the fixed reference price and the applied administered price multiplied by the quantity of production eligible to receive the administered price, or using budgetary outlays.

11. The fixed reference price shall be based on the years 1986 to 1988 and shall generally be the actual price used for determining payment rates.
12. Non-exempt direct payments which are based on factors other than price shall be measured using budgetary outlays.

13. Aðrar óundanþegnar ráðstafanir, þar með taldir aðfangastyrkir og aðrar ráðstafanir á borð við ráðstafanir til að draga úr kostnaði við markaðssetningu; verðgildi slíkra ráðstafana skal ákvarða með því að taka mið af opinberum útgjöldum stjórnvalda eða, í þeim tilvikum sem opinber útgjöld endurspegla ekki að öllu leyti viðkomandi styrk, skal grundvöllurinn fyrir útreikningi styrksins vera mismunurinn milli verðs á vöru eða þjónustu, sem nýtur styrkja, og dæmigerðs markaðsverðs fyrir svipaða vöru eða þjónustu margfaldað með vörumagni eða umfangi þjónustunnar.

13. Other non-exempt measures, including input subsidies and other measures such as marketing-cost reduction measures: the value of such measures shall be measured using government budgetary outlays or, where the use of budgetary outlays does not reflect the full extent of the subsidy concerned, the basis for calculating the subsidy shall be the gap between the price of the subsidized good or service and a representative market price for a similar good or service multiplied by the quantity of the good or service.

4. VIÐAUKI
INNANLANDSSTUÐNINGUR: ÚTREIKNINGUR Á JAFNGILDUM STUÐNINGI

1. Með fyrirvara um ákvæði 6. gr. skal reikna út jafngildan stuðning að því er varðar allar grunnlandbúnaðarvörur þegar markaðsverðstuðningur, eins og hann er skilgreindur í 3. viðauka, er fyrir hendi en útreikningur á þeim þætti heildarstuðnings er ekki gerlegur. Hvað slíkar vörur varðar, skal grunnstig við framkvæmd skuldbindinga um að draga úr innanlandsstuðningi vera samsett af markaðsverðstuðningsþætti, gefið upp sem jafngildur stuðningur skv. 2. mgr. hér á eftir, og óundanþegnum beinum greiðslum og öðrum óundanþegnum stuðningi, sem meta skal í samræmi við það sem kveðið er á um í 3. mgr. hér á eftir. Stuðningur, bæði á landsmælikvarða og svæðisbundinn, skal talinn með.

2. Jafngildan stuðning, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal reikna út á grundvelli tiltekinnar vöru fyrir allar grunnlandbúnaðarvörur eins nálægt fyrsta sölustigi og unnt er þegar markaðsverðstuðningur er fyrir hendi og útreikningur á markaðsverðstuðningsþætti heildarstuðnings er ekki gerlegur. Að því er þessar grunnlandbúnaðarvörur varðar, skal meta jafngildan markaðsverðstuðning með því að miða við gildandi fyrirfram ákveðið verð og það framleiðslumagn sem greiða má slíkt verð fyrir eða, þegar það er ekki gerlegt, með því að miða við opinber útgjöld sem þjóna þeim tilgangi að viðhalda verði framleiðanda.

3. Ef grunnlandbúnaðarvörur, sem falla undir 1. mgr., eru óundanþegnar beinum greiðslum eða öðrum styrkjum, sem tengjast sérstakri vöru og eru ekki undanþegnir skuldbindingu um að draga úr stuðningi, skal jafngildur stuðningur, að því er þessar ráðstafanir varðar, byggjast á sams konar útreikningum og fyrir samsvarandi heildar-

ANNEX 4
DOMESTIC SUPPORT: CALCULATION OF EQUIVALENT MEASUREMENT OF SUPPORT

1. Subject to the provisions of Article 6, equivalent measurements of support shall be calculated in respect of all basic agricultural products where market price support as defined in Annex 3 exists but for which calculation of this component of the AMS is not practicable. For such products the base level for implementation of the domestic support reduction commitments shall consist of a market price support component expressed in terms of equivalent measurements of support under paragraph 2 below, as well as any non-exempt direct payments and other non-exempt support, which shall be evaluated as provided for under paragraph 3 below. Support at both national and sub-national level shall be included.

2. The equivalent measurements of support provided for in paragraph 1 shall be calculated on a product-specific basis for all basic agricultural products as close as practicable to the point of first sale receiving market price support and for which the calculation of the market price support component of the AMS is not practicable. For those basic agricultural products, equivalent measurements of market price support shall be made using the applied administered price and the quantity of production eligible to receive that price or, where this is not practicable, on budgetary outlays used to maintain the producer price.

3. Where basic agricultural products falling under paragraph 1 are the subject of non-exempt direct payments or any other product-specific subsidy not exempted from the reduction commitment, the basis for equivalent measurements of support concerning these measures shall be calculations as for the corresponding AMS com-

stuðningsþætti (tilgreindum í 10.-13. mgr. 3. viðauka).
4. Jafngildan stuðning skal reikna út á grundvelli fjárhæðar styrks eins nálægt fyrsta sölustigi viðkomandi grunnlandbúnaðarvöru og unnt er. Taka skal tillit til ráðstafana sem beinast að vinnsluaðilum í landbúnaði að svo miklu leyti sem framleiðendur grunnlandbúnaðarvara hafa ávinning af slíkum ráðstöfunum. Sérstakar álögur og gjöld, sem framleiðendur í landbúnaði greiða, skulu lækka jafngildan stuðning um samsvarandi fjárhæð.

5. VIÐAUKI
SÉRSTÖK MEÐFERÐ MEÐ TILLITI TIL 2. MGR. 4. GR.

Þáttur A.

1. Ákvæði 2. mgr. 4. gr. þessa samnings skulu ekki koma til framkvæmda við gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina að því er varðar landbúnaðarhráefni og unnar og/eða tilreiddar vörur úr því („auðkenndar vörur“) þar sem eftirfarandi skilyrðum hefur verið fullnægt (hér á eftir nefnd „sérstök meðferð“):

a) innflutningur á auðkenndum vörum er undir 3% af samsvarandi innanlandsneyslu á viðmiðunartímabilinu 1986-1988 („viðmiðunartímabilið“);

b) engir útflutningsstyrkir hafa verið veittir vegna auðkenndu varanna frá upphafi viðmiðunartímabilsins;

c) árangursríkum ráðstöfunum sem takmarka framleiðslu er beitt gagnvart landbúnaðarhráefninu;

d) slíkar vörur eru auðkenndar „ST – Annex 5“ í þætti I-B í I. hluta í skrá aðila, sem er viðauki við Marakess-bókunina, til að gefa til kynna að þær eigi að fá sérstaka meðferð vegna þátta sem eru ekki viðskiptalegs eðlis, á borð við fæðuöryggi og umhverfisvernd; og

e) lágmarksaðgangsmöguleikar fyrir auðkenndu vörurnar samsvara, eins og tilgreint er í þætti I-B í I. hluta í skrá viðkomandi aðila, 4% af innanlandsneyslu hinna auðkenndu vara á viðmiðunartímabilinu frá upphafi fyrsta árs framkvæmdartímabilsins og eru auknir eftir það um 0,8% af samsvarandi innanlandsneyslu á hverju ári á viðmiðunartímabilinu það sem eftir lifir framkvæmdartímabilsins.

ponents (specified in paragraphs 10 through 13 of Annex 3).
4. Equivalent measurements of support shall be calculated on the amount of subsidy as close as practicable to the point of first sale of the basic agricultural product concerned. Measures directed at agricultural processors shall be included to the extent that such measures benefit the producers of the basic agricultural products. Specific agricultural levies or fees paid by producers shall reduce the equivalent measurements of support by a corresponding amount.

ANNEX 5
SPECIAL TREATMENT WITH RESPECT TO PARAGRAPH 2 OF ARTICLE 4

Section A

1. The provisions of paragraph 2 of Article 4 shall not apply with effect from the entry into force of the WTO Agreement to any primary agricultural product and its worked and/or prepared products ("designated products") in respect of which the following conditions are complied with (hereinafter referred to as "special treatment"):

(a) imports of the designated products comprised less than 3 per cent of corresponding domestic consumption in the base period 1986-1988 ("the base period");

(b) no export subsidies have been provided since the beginning of the base period for the designated products;

(c) effective production-restricting measures are applied to the primary agricultural product;

(d) such products are designated with the symbol "ST-Annex 5" in Section I-B of Part I of a Member's Schedule annexed to the Marrakesh Protocol, as being subject to special treatment reflecting factors of non-trade concerns, such as food security and environmental protection; and

(e) minimum access opportunities in respect of the designated products correspond, as specified in Section I-B of Part I of the Schedule of the Member concerned, to 4 per cent of base period domestic consumption of the designated products from the beginning of the first year of the implementation period and, thereafter, are increased by 0.8 per cent of corresponding domestic consumption in the base period per year for the remainder of the implementation period.

2. Við upphaf hvaða árs framkvæmdartímabilsins sem er getur aðili hætt að beita sérstakri meðferð vegna auðkenndra vara með því að uppfylla ákvæði 6. mgr. Þá skal viðkomandi aðili viðhalda þeim lágmarksaðgangsmöguleikum, sem þegar eru í gildi, og auka lágmarksaðgangsmöguleika um 0,4% af samsvarandi innanlandsneyslu á hverju ári á viðmiðunartímabilinu það sem eftir lifir framkvæmdartímabilsins. Eftir það skal því stigi lágmarksaðgangsmöguleika sem leiðir af þessari forskrift á lokaári framkvæmdartímabilsins viðhaldið í skrá viðkomandi aðila.

3. Samningaviðræðum um það hvort unnt sé að halda áfram sérstakri meðferð eins og um getur í 1. mgr. að framkvæmdartímabilinu loknu skal lokið innan tímamarka sjálfs framkvæmdartímabilsins sem hluta af samningaviðræðunum, sem um getur í 20. gr. þessa samnings, að teknu tilliti til þeirra þátta sem eru ekki viðskiptalegs eðlis.

4. Ef samþykkt er í kjölfar samningaviðræðnanna, sem um getur í 3. mgr., að aðila sé heimilt að halda áfram að beita sérstakri meðferð skal sá aðili veita viðunandi viðbótarívilnanir eins og ákvarðað er í þeim samningaviðræðum.

5. Ef ekki á að halda áfram að beita sérstakri meðferð í lok framkvæmdartímabils skal viðkomandi aðili koma ákvæðum 6. mgr. í framkvæmd. Þá skal, að framkvæmdartímabilinu loknu, viðhalda í skrá viðkomandi aðila lágmarksaðgangsmöguleikum vegna auðkenndra vara á stigi sem svarar til 8% af samsvarandi innanlandsneyslu á viðmiðunartímabilinu.

6. Ráðstafanir á landamærum, aðrar en venjulegir tollar sem er viðhaldið vegna auðkenndra vara, skulu falla undir ákvæði 2. mgr. 4. gr. og gilda frá og með upphafi þess árs sem hætt er að beita sérstakri meðferð. Á slíkar vörur skulu lagðir venjulegir tollar, sem eru bundnir í skrá viðkomandi aðila og lagðir á við upphaf þess árs sem hætt er að beita sérstakri meðferð og gilda eftir það, í því tollahlutfalli sem hefði gilt ef lækkun sem næmi minnst 15% hefði komið til framkvæmda á framkvæmdartímabilinu í jöfnum árlegum áföngum. Þessir tollar skulu ákvarðaðir á grundvelli tollaígilda sem reiknuð eru út í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem mælt er fyrir um á fylgiblaði með þessum viðauka.

2. At the beginning of any year of the implementation period a Member may cease to apply special treatment in respect of the designated products by complying with the provisions of paragraph 6. In such a case, the Member concerned shall maintain the minimum access opportunities already in effect at such time and increase the minimum access opportunities by 0.4 per cent of corresponding domestic consumption in the base period per year for the remainder of the implementation period. Thereafter, the level of minimum access opportunities resulting from this formula in the final year of the implementation period shall be maintained in the Schedule of the Member concerned.

3. Any negotiation on the question of whether there can be a continuation of the special treatment as set out in paragraph 1 after the end of the implementation period shall be completed within the time-frame of the implementation period itself as a part of the negotiations set out in Article 20 of this Agreement, taking into account the factors of non-trade concerns.

4. If it is agreed as a result of the negotiation referred to in paragraph 3 that a Member may continue to apply the special treatment, such Member shall confer additional and acceptable concessions as determined in that negotiation.

5. Where the special treatment is not to be continued at the end of the implementation period, the Member concerned shall implement the provisions of paragraph 6. In such a case, after the end of the implementation period the minimum access opportunities for the designated products shall be maintained at the level of 8 per cent of corresponding domestic consumption in the base period in the Schedule of the Member concerned.

6. Border measures other than ordinary customs duties maintained in respect of the designated products shall become subject to the provisions of paragraph 2 of Article 4 with effect from the beginning of the year in which the special treatment ceases to apply. Such products shall be subject to ordinary customs duties, which shall be bound in the Schedule of the Member concerned and applied, from the beginning of the year in which special treatment ceases and thereafter, at such rates as would have been applicable had a reduction of at least 15 per cent been implemented over the implementation period in equal annual instalments. These duties shall be established on the basis of tariff equivalents to be calculated in accordance with the guidelines prescribed in the attachment hereto.

Þáttur B

7. Ákvæði 2. mgr. 4. gr. skulu heldur ekki koma strax til framkvæmda við gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina að því er varðar landbúnaðarhráefni sem er aðalundirstaða hefðbundins mataræðis þróunaraðildarlands og þar sem eftirfarandi skilyrðum hefur verið fullnægt, til viðbótar þeim skilyrðum sem tilgreind eru í a- til d-lið 1. mgr. hér að framan, eins og þau gilda um viðkomandi vörur:

a) lágmarksaðgangstækifæri, að því er varðar viðkomandi vörur, eins og tilgreint er í þætti I-B í I. hluta skrár viðkomandi þróunaraðildarlands, samsvara 1% af innanlandsneyslu viðkomandi vara á viðmiðunartímabilinu frá upphafi fyrsta árs framkvæmdartímabilsins, og eru auknir í jöfnum árlegum áföngum upp í 2% af samsvarandi innanlandsneyslu á viðmiðunartímabilinu við upphaf fimmta árs framkvæmdartímabilsins. Frá upphafi sjötta árs framkvæmdartímabilsins samsvara lágmarksaðgangstækifæri, að því er viðkomandi vörur varðar, 2% af samsvarandi innanlandsneyslu á viðmiðunartímabilinu, og eru auknir í jöfnum árlegum áföngum upp í 4% af samsvarandi innanlandsneyslu á viðmiðunartímabilinu fram að upphafi tíunda ársins. Eftir það skal því stigi lágmarksaðgangstækifæra, sem leiðir af þessari forskrift á tíunda árinu, viðhaldið í skrá viðkomandi þróunaraðildarlands;

b) viðeigandi tækifæri til markaðsaðgangs hafa verið veitt vegna annarra vara samkvæmt þessum samningi.

8. Samningaviðræður um það hvort unnt sé að halda áfram sérstakri meðferð, eins og um getur í 7. mgr., að loknu tíunda árinu frá upphafi framkvæmdartímabilsins skulu hefjast og þeim lokið áður en tíunda árið frá upphafi framkvæmdartímabilsins er liðið.

9. Ef samþykkt er í kjölfar samningaviðræðnanna, sem um getur í 8. mgr., að aðila sé heimilt að halda áfram að beita sérstakri meðferð skal sá aðili veita viðunandi viðbótarívilnanir eins og ákvarðað er í þeim samningaviðræðum.

Section B

7. The provisions of paragraph 2 of Article 4 shall also not apply with effect from the entry into force of the WTO Agreement to a primary agricultural product that is the predominant staple in the traditional diet of a developing country Member and in respect of which the following conditions, in addition to those specified in paragraph 1(a) through 1(d), as they apply to the products concerned, are complied with:

(a) minimum access opportunities in respect of the products concerned, as specified in Section I-B of Part I of the Schedule of the developing country Member concerned, correspond to 1 per cent of base period domestic consumption of the products concerned from the beginning of the first year of the implementation period and are increased in equal annual instalments to 2 per cent of corresponding domestic consumption in the base period at the beginning of the fifth year of the implementation period. From the beginning of the sixth year of the implementation period, minimum access opportunities in respect of the products concerned correspond to 2 per cent of corresponding domestic consumption in the base period and are increased in equal annual instalments to 4 per cent of corresponding domestic consumption in the base period until the beginning of the 10th year. Thereafter, the level of minimum access opportunities resulting from this formula in the 10th year shall be maintained in the Schedule of the developing country Member concerned;

(b) appropriate market access opportunities have been provided for in other products under this Agreement.

8. Any negotiation on the question of whether there can be a continuation of the special treatment as set out in paragraph 7 after the end of the 10th year following the beginning of the implementation period shall be initiated and completed within the time-frame of the 10th year itself following the beginning of the implementation period.

9. If it is agreed as a result of the negotiation referred to in paragraph 8 that a Member may continue to apply the special treatment, such Member shall confer additional and acceptable concessions as determined in that negotiation.

10. Ef ekki á að halda áfram að beita sérstakri meðferð skv. 7. mgr. eftir tíunda árið frá upphafi framkvæmdartímabilsins skal leggja venjulega tolla á viðkomandi vörur, sem ákvarðaðir eru á grundvelli tollaígilda sem reiknuð eru út í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem mælt er fyrir um á fylgiblaði með þessum viðauka, og skulu þeir bundnir í skrá viðkomandi aðila. Að öðru leyti skulu ákvæði 6. mgr. gilda eins og þeim er breytt með hliðsjón af hinni sérstöku og mismunandi meðferð sem þróunaraðildarlöndin fá samkvæmt þessum samningi.

Fylgiblað með 5. viðauka.
Viðmiðunarreglur um útreikning á tollaígildum vegna sérstakra markmiða sem eru tilgreind í 6. og 10. mgr. þessa viðauka.

1. Tollaígildi, hvort sem þau eru gefin upp sem verðtollur eða magntollur, skulu reiknuð út með því að nota raunverulegan mun á verði innanlands og erlendis með gagnsæjum hætti. Gögnin sem eru notuð skulu taka til áranna 1986-1988. Tollaígildi:

a) skal fyrst og fremst ákvarða á grundvelli fjögurra stafa flokkunar samræmdu tollskrárinnar;
b) skal ákvarða á grundvelli sex stafa eða enn nákvæmari flokkunar samræmdu tollskrárinnar eftir því sem við á;
c) skal almennt vera ákvarðað fyrir unnar og/eða tilreiddar vörur með því að margfalda eitt eða fleiri tiltekin tollaígildi fyrir landbúnaðarhráefni með hlutfalli er miðast við, eftir því sem við á, verðgildi eða magn landbúnaðarhráefnis í unnu og/eða tilreiddu vörunum og ef nauðsynlegt er skal taka tillit til annarra viðbótarþátta sem eru til verndar iðnaði.

2. Erlent verð skal almennt vera raunverulegt meðaltal c.i.f. einingaverðs fyrir innflutningsland. Ef meðaltal c.i.f. einingarverðs er ekki fyrir hendi, eða á ekki við, skal erlent verð annaðhvort vera:

a) viðeigandi meðaltal c.i.f. einingarverðs í nærliggjandi landi; eða
b) metið út frá meðaltali f.o.b. einingarverðs hjá stórum útflytjanda eða útflytjendum, aðlagað með því að bæta við áætluðum tryggingar- eða fraktkostnaði og öðrum tilheyrandi kostnaði innflutningslands.

10. In the event that special treatment under paragraph 7 is not to be continued beyond the 10th year following the beginning of the implementation period, the products concerned shall be subject to ordinary customs duties, established on the basis of a tariff equivalent to be calculated in accordance with the guidelines prescribed in the attachment hereto, which shall be bound in the Schedule of the Member concerned. In other respects, the provisions of paragraph 6 shall apply as modified by the relevant special and differential treatment accorded to developing country Members under this Agreement.

Attachment to Annex 5
Guidelines for the Calculation of Tariff Equivalents for the Specific Purpose Specified in Paragraphs 6 and 10 of this Annex

1. The calculation of the tariff equivalents, whether expressed as *ad valorem* or specific rates, shall be made using the actual difference between internal and external prices in a transparent manner. Data used shall be for the years 1986 to 1988. Tariff equivalents:

(a) shall primarily be established at the four-digit level of the HS;
(b) shall be established at the six-digit or a more detailed level of the HS wherever appropriate;
(c) shall generally be established for worked and/or prepared products by multiplying the specific tariff equivalent(s) for the primary agricultural product(s) by the proportion(s) in value terms or in physical terms as appropriate of the primary agricultural product(s) in the worked and/or prepared products, and take account, where necessary, of any additional elements currently providing protection to industry.

2. External prices shall be, in general, actual average c.i.f. unit values for the importing country. Where average c.i.f. unit values are not available or appropriate, external prices shall be either:

(a) appropriate average c.i.f. unit values of a near country; or
(b) estimated from average f.o.b. unit values of (an) appropriate major exporter(s) adjusted by adding an estimate of insurance, freight and other relevant costs to the importing country.

3. Erlendu verði skal almennt breytt í innlendan gjaldmiðil með því að styðjast við ársmeðaltal markaðsgengis yfir sama tímabil og verðupplýsingarnar taka til.
4. Innlent verð skal almennt vera dæmigert heildsöluverð, sem er ríkjandi á innanlandsmarkaði, eða áætlað heildsöluverð ef fullnægjandi upplýsingar eru ekki fyrir hendi.
5. Ef nauðsynlegt er að taka tillit til mismunandi gæða eða tegunda er heimilt að leiðrétta upphafleg tollaígildi með því að nota viðeigandi stuðul.
6. Ef tollaígildi, sem byggist á þessum viðmiðunarreglum, er neikvætt eða lægra en tollbinding, sem er í gildi, er heimilt að ákvarða upphaflegt tollaígildi eftir gildandi tollbindingu eða á grundvelli innlendra tilboða í vöruna.
7. Ef tollaígildisstig, sem byggðist á framangreindum viðmiðunarreglum, er aðlagað skal viðkomandi aðili, ef þess er óskað, gefa nægileg tækifæri til viðræðna í því augnamiði að semja um heppilegar lausnir.

3. The external prices shall generally be converted to domestic currencies using the annual average market exchange rate for the same period as the price data.
4. The internal price shall generally be a representative wholesale price ruling in the domestic market or an estimate of that price where adequate data is not available.
5. The initial tariff equivalents may be adjusted, where necessary, to take account of differences in quality or variety using an appropriate coefficient.
6. Where a tariff equivalent resulting from these guidelines is negative or lower than the current bound rate, the initial tariff equivalent may be established at the current bound rate or on the basis of national offers for that product.
7. Where an adjustment is made to the level of a tariff equivalent which would have resulted from the above guidelines, the Member concerned shall afford, on request, full opportunities for consultation with a view to negotiating appropriate solutions.

SAMNINGUR UM BEITINGU RÁÐSTAFANA UM HOLLUSTUHÆTTI OG HEILBRIGÐI DÝRA OG PLANTNA

Aðilar,

sem árétta að ekki skuli koma í veg fyrir að aðili samþykki eða framfylgi nauðsynlegum ráðstöfunum til að vernda líf eða heilbrigði manna, dýra eða plantna, að því tilskildu að þessum ráðstöfunum sé ekki beitt með þeim hætti að í þeim felist geðþóttabundin eða óréttlætanleg mismunun milli aðila þar sem sömu aðstæður ríkja eða dulin takmörkun í alþjóðaviðskiptum,

sem æskja þess að ástand á sviði heilbrigðis manna, dýra og plantna í löndum þeirra verði bætt,

sem gera sér ljóst að ráðstöfunum um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna er oft beitt á grundvelli tvíhliða samninga eða bókana,

sem æskja þess að settur verði marghliða rammi reglna og verklagsreglna til leiðbeiningar við mótun, samþykkt og framkvæmd ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna til að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum þeirra á viðskipti,

sem viðurkenna mikilvægi alþjóðlegra staðla, viðmiðunarreglna og tilmæla í þessu tilliti,

sem æskja þess að stuðla að beitingu samhæfðra ráðstafana sín á meðal um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna, á grundvelli alþjóðlegra staðla, viðmiðunarreglna og tilmæla sem eru þróuð á vegum hlutaðeigandi alþjóðastofnana, þar með talin fæðustaðlaskrárnefnd (Codex Alimentarius), Alþjóðastofnunin um smitsjúkdóma dýra og viðkomandi alþjóða- og svæðastofnanir er starfa á grundvelli alþjóðasamningsins um plöntuvernd, en þess er þó ekki krafist að aðilar þurfi að breyta því verndarstigi sem þeir telja hæfilegt að því er varðar líf eða heilbrigði manna, dýra eða plantna,

sem viðurkenna að fyrir aðila sem eru þróunarlönd (hér eftir nefnd „þróunaraðildarlönd“) geti verið sérstökum erfiðleikum bundið að hlíta þeim ráðstöfunum sem aðilar sem eru innflytjendur (hér eftir nefndir „innflutningsaðilar“) gera um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna og þar með að fá markaðsaðgang og einnig að móta og beita ráðstöfunum um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna á eigin yfirráðasvæði, og hafa fullan hug á að styðja þá í viðleitni sinni í þessu tilliti,

AGREEMENT ON THE APPLICATION OF SANITARY AND PHYTOSANITARY MEASURES

Members,

Reaffirming that no Member should be prevented from adopting or enforcing measures necessary to protect human, animal or plant life or health, subject to the requirement that these measures are not applied in a manner which would constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination between Members where the same conditions prevail or a disguised restriction on international trade;

Desiring to improve the human health, animal health and phytosanitary situation in all Members;

Noting that sanitary and phytosanitary measures are often applied on the basis of bilateral agreements or protocols;

Desiring the establishment of a multilateral framework of rules and disciplines to guide the development, adoption and enforcement of sanitary and phytosanitary measures in order to minimize their negative effects on trade;

Recognizing the important contribution that international standards, guidelines and recommendations can make in this regard;

Desiring to further the use of harmonized sanitary and phytosanitary measures between Members, on the basis of international standards, guidelines and recommendations developed by the relevant international organizations, including the Codex Alimentarius Commission, the International Office of Epizootics, and the relevant international and regional organizations operating within the framework of the International Plant Protection Convention, without requiring Members to change their appropriate level of protection of human, animal or plant life or health;

Recognizing that developing country Members may encounter special difficulties in complying with the sanitary or phytosanitary measures of importing Members, and as a consequence in access to markets, and also in the formulation and application of sanitary or phytosanitary measures in their own territories, and desiring to assist them in their endeavours in this regard;

sem æskja þess þar af leiðandi að samdar verði reglur um beitingu ákvæða GATT-samningsins frá 1994 sem tengjast beitingu ráðstafana um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna, einkum ákvæða b-liðar XX. gr.,[14]

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

1. gr.
Almenn ákvæði.

1. Þessi samningur gildir um allar ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna er kunna að hafa bein eða óbein áhrif á alþjóðaviðskipti. Slíkar ráðstafanir skal þróa og beita þeim í samræmi við ákvæði þessa samnings.
2. Að því er þennan samning varðar gilda skilgreiningarnar sem kveðið er á um í viðauka A.
3. Viðaukarnir eru óaðskiljanlegur hluti þessa samnings.
4. Ekkert í þessum samningi skal hafa áhrif á réttindi aðila samkvæmt samningnum um tæknilegar viðskiptahindranir að því er varðar ráðstafanir sem falla ekki undir gildissvið þessa samnings.

2. gr.
Grundvallarréttindi og -skyldur.

1. Aðilar eiga rétt á að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda líf eða heilbrigði manna, dýra eða plantna, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir brjóti ekki í bága við ákvæði þessa samnings.
2. Aðilar skulu sjá til þess að ráðstöfunum um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna sé einungis beitt að því marki sem nauðsynlegt er til að vernda líf eða heilbrigði manna, dýra eða plantna, að þær byggist á vísindalegum meginreglum og sé ekki viðhaldið án fullnægjandi vísindalegra sönnunargagna, nema að því leyti sem kveðið er á um í 7. mgr. 5. gr.
3. Aðilar skulu sjá til þess að í ráðstöfunum um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna felist ekki geðþóttabundin eða óréttlætanleg mismunun milli aðila þar sem sömu eða svipaðar aðstæður ríkja, þar með talið milli eigin yfirráðasvæðis og yfirráðasvæða annarra aðila. Ráðstöfunum um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna skal ekki beitt með þeim hætti sem hefði í för með sér dulda takmörkun í alþjóðaviðskiptum.
4. Ráðstafanir um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna, sem samrýmast viðkomandi ákvæðum þessa samnings, skulu teljast vera í samræmi við skyldur aðila samkvæmt þeim

Desiring therefore to elaborate rules for the application of the provisions of GATT 1994 which relate to the use of sanitary or phytosanitary measures, in particular the provisions of Article XX(b)[14];

Hereby agree as follows:

Article 1
General Provisions

1. This Agreement applies to all sanitary and phytosanitary measures which may, directly or indirectly, affect international trade. Such measures shall be developed and applied in accordance with the provisions of this Agreement.
2. For the purposes of this Agreement, the definitions provided in Annex A shall apply.
3. The annexes are an integral part of this Agreement.
4. Nothing in this Agreement shall affect the rights of Members under the Agreement on Technical Barriers to Trade with respect to measures not within the scope of this Agreement.

Article 2
Basic Rights and Obligations

1. Members have the right to take sanitary and phytosanitary measures necessary for the protection of human, animal or plant life or health, provided that such measures are not inconsistent with the provisions of this Agreement.
2. Members shall ensure that any sanitary or phytosanitary measure is applied only to the extent necessary to protect human, animal or plant life or health, is based on scientific principles and is not maintained without sufficient scientific evidence, except as provided for in paragraph 7 of Article 5.

3. Members shall ensure that their sanitary and phytosanitary measures do not arbitrarily or unjustifiably discriminate between Members where identical or similar conditions prevail, including between their own territory and that of other Members. Sanitary and phytosanitary measures shall not be applied in a manner which would constitute a disguised restriction on international trade.

4. Sanitary or phytosanitary measures which conform to the relevant provisions of this Agreement shall be presumed to be in accordance with the obligations of the Members under the

ákvæðum GATT-samningsins frá 1994 er tengjast beitingu ráðstafana um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna, einkum ákvæðum b-liðar XX. gr.

3. gr.
Samhæfing.

1. Til að samhæfa ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna á eins víðtækan hátt og unnt er skulu ráðstafanir aðila um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna byggjast á alþjóðlegum stöðlum, viðmiðunarreglum eða tilmælum, ef slíkt er fyrir hendi, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, einkum 3. mgr.
2. Ráðstafanir um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna, sem samrýmast alþjóðlegum stöðlum, viðmiðunarreglum eða tilmælum, skulu teljast nauðsynlegar til að vernda líf eða heilbrigði manna, dýra eða plantna og skal gera ráð fyrir að þær séu í samræmi við viðeigandi ákvæði þessa samnings og GATT-samningsins frá 1994.
3. Aðilar geta gert eða viðhaldið ráðstöfunum um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna sem hafa í för með sér hærra verndarstig í hollustuháttum eða heilbrigði dýra og plantna en unnt væri að ná með ráðstöfunum byggðum á viðeigandi alþjóðlegum stöðlum, viðmiðunarreglum eða tilmælum, ef slíkt er réttlætanlegt frá vísindalegu sjónarmiði, eða sem eru gerðar vegna þess verndarstigs í hollustuháttum eða heilbrigði dýra og plantna sem aðili ákvarðar að sé hæfilegt í samræmi við viðkomandi ákvæði 1.-8. mgr. 5. gr.[15] Þrátt fyrir það sem sagt er hér að framan skulu allar ráðstafanir, sem hafa í för með sér annað verndarstig en unnt væri að ná með ráðstöfunum byggðum á alþjóðlegum stöðlum, viðmiðunarreglum eða tilmælum, ekki brjóta í bága við önnur ákvæði þessa samnings.
4. Aðilar skulu, eftir því sem efni og ástæður leyfa, taka fullan þátt í starfsemi hlutaðeigandi alþjóðastofnana og undirstofnana þeirra, einkum fæðustaðlaskrárnefndar, Alþjóðastofnunarinnar um smitsjúkdóma dýra og alþjóða- og svæðastofnana er starfa á grundvelli alþjóðasamningsins um plöntuvernd, til að stuðla að þróun og reglubundinni endurskoðun staðla, viðmiðunarreglna og tilmæla innan þessara stofnana að því er varðar alla þætti ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

5. Nefnd um ráðstafanir um hollustuhætti og

provisions of GATT 1994 which relate to the use of sanitary or phytosanitary measures, in particular the provisions of Article XX(b).

Article 3
Harmonization

1. To harmonize sanitary and phytosanitary measures on as wide a basis as possible, Members shall base their sanitary or phytosanitary measures on international standards, guidelines or recommendations, where they exist, except as otherwise provided for in this Agreement, and in particular in paragraph 3.

2. Sanitary or phytosanitary measures which conform to international standards, guidelines or recommendations shall be deemed to be necessary to protect human, animal or plant life or health, and presumed to be consistent with the relevant provisions of this Agreement and of GATT 1994.

3. Members may introduce or maintain sanitary or phytosanitary measures which result in a higher level of sanitary or phytosanitary protection than would be achieved by measures based on the relevant international standards, guidelines or recommendations, if there is a scientific justification, or as a consequence of the level of sanitary or phytosanitary protection a Member determines to be appropriate in accordance with the relevant provisions of paragraphs 1 through 8 of Article 5.[15] Notwithstanding the above, all measures which result in a level of sanitary or phytosanitary protection different from that which would be achieved by measures based on international standards, guidelines or recommendations shall not be inconsistent with any other provision of this Agreement.
4. Members shall play a full part, within the limits of their resources, in the relevant international organizations and their subsidiary bodies, in particular the Codex Alimentarius Commission, the International Office of Epizootics, and the international and regional organizations operating within the framework of the International Plant Protection Convention, to promote within these organizations the development and periodic review of standards, guidelines and recommendations with respect to all aspects of sanitary and phytosanitary measures.
5. The Committee on Sanitary and Phytosanitary

heilbrigði dýra og plantna (í þessum samningi kölluð „nefndin"), sem kveðið er á um í 1. og 4. mgr. 12. gr., skal þróa aðferð til að fylgjast með alþjóðlegu samhæfingarferli og samræma aðgerðir í þessu tilliti við hlutaðeigandi alþjóðastofnanir.

Measures provided for in paragraphs 1 and 4 of Article 12 (referred to in this Agreement as the "Committee") shall develop a procedure to monitor the process of international harmonization and coordinate efforts in this regard with the relevant international organizations.

4. gr.
Jafngildi.

1. Aðilar skulu staðfesta ráðstafanir annarra aðila um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna sem jafngildar, jafnvel þótt þessar ráðstafanir séu ólíkar þeirra eigin ráðstöfunum eða ráðstöfunum annarra aðila er versla með sömu vöru, ef aðili sem er útflytjandi (hér eftir nefndur „útflutningsaðili") sýnir aðila sem er innflytjandi (hér eftir nefndur „innflutningsaðili") fram á það með hlutlægum hætti að með ráðstöfunum hans sé unnt að ná því verndarstigi í hollustuháttum eða heilbrigði dýra og plantna sem innflutningsaðili telur hæfilegt. Í þessu skyni skal, sé þess óskað, veita innflutningsaðila tilhlýðilega aðgangsheimild vegna skoðunar, prófunar og annarra viðeigandi aðgerða.

2. Aðilar skulu, sé þess óskað, hefja viðræður í þeim tilgangi að gera tvíhliða og marghliða samninga um viðurkenningu á jafngildi sérstakra ráðstafana um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna.

Article 4
Equivalence

1. Members shall accept the sanitary or phytosanitary measures of other Members as equivalent, even if these measures differ from their own or from those used by other Members trading in the same product, if the exporting Member objectively demonstrates to the importing Member that its measures achieve the importing Member's appropriate level of sanitary or phytosanitary protection. For this purpose, reasonable access shall be given, upon request, to the importing Member for inspection, testing and other relevant procedures.

2. Members shall, upon request, enter into consultations with the aim of achieving bilateral and multilateral agreements on recognition of the equivalence of specified sanitary or phytosanitary measures.

5. gr.
Mat á áhættu og ákvörðun hæfilegs verndarstigs í hollustuháttum eða heilbrigði dýra og plantna.

1. Aðilar skulu sjá til þess að ráðstafanir þeirra um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna byggist á mati, eftir því sem við á miðað við aðstæður, á áhættu fyrir líf eða heilbrigði manna, dýra eða plantna, að teknu tilliti til þeirrar tækni sem beitt er við áhættumat og hlutaðeigandi alþjóðastofnanir hafa þróað.

2. Við mat á áhættu skulu aðilar taka tillit til tiltækra vísindalegra sönnunargagna, viðeigandi vinnslu og framleiðsluaðferða, viðeigandi skoðunar-, sýnatöku- og prófunaraðferða, algengi tiltekinna sjúkdóma eða plágna, svæða sem eru laus við plágur eða sjúkdóma, viðeigandi vistfræði- og umhverfisskilyrða og sóttvarna eða annarrar meðhöndlunar.

3. Þegar aðilar meta áhættu fyrir líf eða heilbrigði dýra eða plantna og taka ákvörðun um hvaða ráðstöfun skuli beita til að ná hæfilegu verndarstigi í hollustuháttum og heilbrigði dýra

Article 5
Assessment of Risk and Determination of the Appropriate Level of Sanitary or Phytosanitary Protection

1. Members shall ensure that their sanitary or phytosanitary measures are based on an assessment, as appropriate to the circumstances, of the risks to human, animal or plant life or health, taking into account risk assessment techniques developed by the relevant international organizations.

2. In the assessment of risks, Members shall take into account available scientific evidence; relevant processes and production methods; relevant inspection, sampling and testing methods; prevalence of specific diseases or pests; existence of pest- or disease-free areas; relevant ecological and environmental conditions; and quarantine or other treatment.

3. In assessing the risk to animal or plant life or health and determining the measure to be applied for achieving the appropriate level of sanitary or phytosanitary protection from such risk,

og plantna gegn slíkri áhættu skulu þeir taka tillit til eftirfarandi efnahagsþátta: hugsanlegs tjóns vegna framleiðslu- eða sölutaps þegar plága eða sjúkdómur kemur upp, ílendist eða breiðist út, kostnaðar við að halda í skefjum eða útrýma plágum og sjúkdómum á yfirráðasvæði innflutningsaðila og hlutfallslegra áhrifa á kostnað ef aðrar aðferðir eru notaðar við að takmarka áhættu.

4. Þegar aðilar ákvarða hæfilegt verndarstig í hollustuháttum eða heilbrigði dýra og plantna skulu þeir taka tillit til markmiðsins um að draga úr neikvæðum áhrifum á viðskipti.

5. Til að ná fram samræmi í notkun hugtaksins um hæfilegt verndarstig í hollustuháttum eða heilbrigði dýra og plantna vegna áhættu fyrir líf eða heilbrigði manna, dýra eða plantna skulu aðilar forðast geðþóttabundinn eða óréttlætanlegan mismun á þeim stigum sem þeir telja hæfa við ólíkar aðstæður, ef slíkur munur hefur í för með sér mismunun eða dulda takmörkun í alþjóðaviðskipti. Aðilar skulu vinna saman í nefndinni, í samræmi við 1., 2. og 3. mgr. 12. gr., að samningu viðmiðunarreglna til að stuðla að hagnýtri framkvæmd þessa ákvæðis. Við samningu viðmiðunarreglnanna skal nefndin taka tillit til allra þátta sem máli skipta, þar með talið sérstöðu þeirrar heilbrigðisáhættu sem menn taka sjálfviljugir.

6. Með fyrirvara um 2. mgr. 3. gr. skulu aðilar sjá til þess, þegar ráðstafanir til að ná hæfilegu verndarstigi í hollustuháttum eða heilbrigði dýra og plantna eru teknar upp eða viðhaldið, að ráðstafanirnar takmarki viðskipti ekki meira en nauðsynlegt er til að ná hæfilegu verndarstigi í hollustuháttum eða heilbrigði dýra og plantna, að teknu tilliti til þess hvað er tæknilega og efnahagslega gerlegt.[16]

7. Þegar viðkomandi vísindaleg sönnunargögn eru ófullnægjandi getur aðili samþykkt bráðabirgðaráðstafanir um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna á grundvelli tiltækra upplýsinga þar að lútandi, þar með talið upplýsinga frá hlutaðeigandi alþjóðastofnunum og upplýsinga á grundvelli ráðstafana um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna sem aðrir aðilar beita. Við slíkar aðstæður skulu aðilar leita eftir nauðsynlegum viðbótarupplýsingum fyrir hlutlægara áhættumat og endurskoða ráðstafanir um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna í samræmi við það innan hæfilegs tíma.

8. Ef aðili hefur ástæðu til að ætla að tiltekin ráðstöfun um hollustuhætti eða heilbrigði dýra

Members shall take into account as relevant economic factors: the potential damage in terms of loss of production or sales in the event of the entry, establishment or spread of a pest or disease; the costs of control or eradication in the territory of the importing Member; and the relative cost-effectiveness of alternative approaches to limiting risks.

4. Members should, when determining the appropriate level of sanitary or phytosanitary protection, take into account the objective of minimizing negative trade effects.

5. With the objective of achieving consistency in the application of the concept of appropriate level of sanitary or phytosanitary protection against risks to human life or health, or to animal and plant life or health, each Member shall avoid arbitrary or unjustifiable distinctions in the levels it considers to be appropriate in different situations, if such distinctions result in discrimination or a disguised restriction on international trade. Members shall cooperate in the Committee, in accordance with paragraphs 1, 2 and 3 of Article 12, to develop guidelines to further the practical implementation of this provision. In developing the guidelines, the Committee shall take into account all relevant factors, including the exceptional character of human health risks to which people voluntarily expose themselves.

6. Without prejudice to paragraph 2 of Article 3, when establishing or maintaining sanitary or phytosanitary measures to achieve the appropriate level of sanitary or phytosanitary protection, Members shall ensure that such measures are not more trade-restrictive than required to achieve their appropriate level of sanitary or phytosanitary protection, taking into account technical and economic feasibility.[16]

7. In cases where relevant scientific evidence is insufficient, a Member may provisionally adopt sanitary or phytosanitary measures on the basis of available pertinent information, including that from the relevant international organizations as well as from sanitary or phytosanitary measures applied by other Members. In such circumstances, Members shall seek to obtain the additional information necessary for a more objective assessment of risk and review the sanitary or phytosanitary measure accordingly within a reasonable period of time.

8. When a Member has reason to believe that a specific sanitary or phytosanitary measure intro-

og plantna, sem annar aðili hefur gert eða viðhaldið, hamli eða geti hamlað útflutningi hans og ráðstöfunin byggist ekki á viðeigandi alþjóðlegum stöðlum, viðmiðunarreglum eða tilmælum, eða slíkir staðlar, viðmiðunarreglur eða tilmæli eru ekki fyrir hendi, er unnt að krefjast skýringa á ástæðum fyrir slíkri ráðstöfun og skal aðilinn sem viðheldur ráðstöfununum gefa þær.

duced or maintained by another Member is constraining, or has the potential to constrain, its exports and the measure is not based on the relevant international standards, guidelines or recommendations, or such standards, guidelines or recommendations do not exist, an explanation of the reasons for such sanitary or phytosanitary measure may be requested and shall be provided by the Member maintaining the measure.

6. gr.

Aðlögun að svæðisbundnum skilyrðum, þar með talið á svæðum sem eru laus við plágur eða sjúkdóma eða svæðum þar sem plágur og sjúkdómar eru óalgeng.

1. Aðilar skulu sjá til þess að ráðstafanir þeirra um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna séu lagaðar að einkennum hollustuhátta eða heilbrigðis dýra og plantna á því svæði sem varan kemur frá eða á að fara til – hvort sem um er að ræða land, landshluta, nokkur lönd eða svæði sem nær til nokkurra landa. Þegar lagt er mat á einkenni hollustuhátta eða heilbrigðis dýra og plantna á tilteknu svæði skulu aðilar meðal annars taka tillit til algengis sérstakra sjúkdóma eða plágna, sóttvarna- eða eftirlitsáætlana og viðeigandi viðmiðana eða viðmiðunarreglna sem hafa verið þróaðar á vegum hlutaðeigandi alþjóðastofnana.

2. Aðilar skulu einkum viðurkenna hugtökin svæði sem eru laus við plágur eða sjúkdóma og svæði þar sem plágur eða sjúkdómar eru óalgeng. Slík svæði skulu ákvörðuð á grundvelli þátta á borð við landfræðilega legu, vistkerfi, faraldursfræðilegt eftirlit og árangur af eftirliti með hollustuháttum eða heilbrigði dýra og plantna.

3. Útflutningsaðilar, sem halda því fram að svæði á yfirráðasvæði þeirra séu laus við plágur eða sjúkdóma eða að plágur eða sjúkdómar séu óalgeng á slíku svæði, skulu leggja fram fullnægjandi sönnunargögn þar að lútandi, til að sýna innflutningsaðila fram á það á hlutlægan hátt að slík svæði séu og verði að líkindum áfram laus við plágur eða sjúkdóma eða að plágur eða sjúkdómar þar verði áfram óalgeng. Í þessu skyni skal, ef þess er óskað, veita innflutningsaðila eðlilega aðgangsheimild vegna skoðunar, prófunar og annarrar viðeigandi málsmeðferðar.

Article 6

Adaptation to Regional Conditions, Including Pest- or Disease-Free Areas and Areas of Low Pest or Disease Prevalence

1. Members shall ensure that their sanitary or phytosanitary measures are adapted to the sanitary or phytosanitary characteristics of the area - whether all of a country, part of a country, or all or parts of several countries - from which the product originated and to which the product is destined. In assessing the sanitary or phytosanitary characteristics of a region, Members shall take into account, *inter alia*, the level of prevalence of specific diseases or pests, the existence of eradication or control programmes, and appropriate criteria or guidelines which may be developed by the relevant international organizations.

2. Members shall, in particular, recognize the concepts of pest- or disease-free areas and areas of low pest or disease prevalence. Determination of such areas shall be based on factors such as geography, ecosystems, epidemiological surveillance, and the effectiveness of sanitary or phytosanitary controls.

3. Exporting Members claiming that areas within their territories are pest- or disease-free areas or areas of low pest or disease prevalence shall provide the necessary evidence thereof in order to objectively demonstrate to the importing Member that such areas are, and are likely to remain, pest- or disease-free areas or areas of low pest or disease prevalence, respectively. For this purpose, reasonable access shall be given, upon request, to the importing Member for inspection, testing and other relevant procedures.

7. gr.

Gagnsæi.

Aðilar skulu tilkynna breytingar á ráðstöfunum sínum um hollustuhætti eða heilbrigði dýra

Article 7

Transparency

Members shall notify changes in their sanitary or phytosanitary measures and shall provide

og plantna og veita upplýsingar um slíkar ráðstafanir í samræmi við ákvæði viðauka B.

8. gr.
Málsmeðferð við eftirlit, skoðun og samþykki.

Aðilar skulu hlíta ákvæðum viðauka C þegar málsmeðferð við eftirlit, skoðun og samþykki er beitt, þar með talið innlendum aðferðum við að samþykkja notkun aukefna eða ákvarða vikmörk vegna aðskotaefna í matvælum, drykkjarvörum eða fóðri, og sjá til þess að öðru leyti að málsmeðferð þeirra brjóti ekki í bága við ákvæði þessa samnings.

9. gr.
Tækniaðstoð.

5.4 In cases where a positive assurance is required that products conform with technical regulations or standards, and relevant guides or recommendations issued by international standardizing bodies exist or their completion is imminent, Members shall ensure that central government bodies use them, or the relevant parts of them, as a basis for their conformity assessment procedures, except where, as duly explained upon request, such guides or recommendations or relevant parts are inappropriate for the Members concerned, for, inter alia, such reasons as: national security requirements; the prevention of deceptive practices; protection of human health or safety, animal or plant life or health, or the environment; fundamental climatic or other geographical factors; fundamental technological or infrastructural problems.

5.5 With a view to harmonizing conformity assessment procedures on as wide a basis as possible, Members shall play a full part, within the limits of their resources, in the preparation by appropriate international standardizing bodies of guides and recommendations for conformity assessment procedures.

5.6 Whenever a relevant guide or recommendation issued by an international standardizing body does not exist or the technical content of a proposed conformity assessment procedure is not in accordance with relevant guides and recommendations issued by international standardizing bodies, and if the conformity assessment procedure may have a significant effect on trade of other Members, Members shall:

5.6.1 publish a notice in a publication at

og unnt er og með þeim hætti að þeim sem eiga hagsmuna að gæta í löndum annarra aðila sé gert kleift að kynna sér efni hennar um að þeir hyggist taka upp sérstaka málsmeðferð við samræmismat;

5.6.2 tilkynna öðrum aðilum með milligöngu aðalskrifstofunnar um þær vörur sem fyrirhuguð málsmeðferð við samræmismat tekur til og tilgreina í stuttu máli markmið með og forsendu fyrir henni. Þessar tilkynningar skal senda eins fljótt og unnt er á meðan enn gefst svigrúm til að gera breytingar og taka tillit til athugasemda;

5.6.3 láta öðrum aðilum í té nákvæmar upplýsingar um eða eintök af fyrirhugaðri málsmeðferð að fenginni beiðni og, þegar unnt er, tilgreina þá hluta sem víkja í meginatriðum frá viðkomandi leiðbeiningum eða tilmælum sem alþjóðlegar staðlastofnanir gefa út;

5.6.4 veita öðrum aðilum, án mismununar, hæfilegan frest til að leggja fram skriflegar athugasemdir, ræða þær að fenginni beiðni, og taka tillit til þeirra og niðurstaðna úr viðræðunum.

5.7 Með fyrirvara um ákvæðin í upphafsorðum 6. mgr., ef upp kemur vandi sem brýnt er að leysa í öryggis-, heilbrigðis- eða umhverfismálum eða málum sem varða þjóðaröryggi eða hætta er á að slíkur vandi komi upp hjá aðila, er þeim aðila heimilt að sleppa þeim af atriðunum sem talin eru upp í 6. mgr., sem hann telur þörf á, að því tilskildu að sá aðili geri eftirfarandi um leið og málsmeðferðin er tekin upp:

5.7.1 tilkynni þegar í stað öðrum aðilum, með milligöngu aðalskrifstofunnar, um tiltekna málsmeðferð og þær vörur sem hún tekur til ásamt stuttri lýsingu á markmiði með og forsendu fyrir málsmeðferðinni, þar á meðal eðli þess vanda sem brýnt er að leysa;

5.7.2 láti öðrum aðilum í té eintök af þeim reglum sem gilda um málsmeðferðina, að fenginni beiðni;

5.7.3 geri öðrum aðilum kleift, án mismununar, að leggja fram skriflegar athugasemdir, ræði þær að fenginni

an early appropriate stage, in such a manner as to enable interested parties in other Members to become acquainted with it, that they propose to introduce a particular conformity assessment procedure;

5.6.2 notify other Members through the Secretariat of the products to be covered by the proposed conformity assessment procedure, together with a brief indication of its objective and rationale. Such notifications shall take place at an early appropriate stage, when amendments can still be introduced and comments taken into account;

5.6.3 upon request, provide to other Members particulars or copies of the proposed procedure and, whenever possible, identify the parts which in substance deviate from relevant guides or recommendations issued by international standardizing bodies;

5.6.4 without discrimination, allow reasonable time for other Members to make comments in writing, discuss these comments upon request, and take these written comments and the results of these discussions into account.

5.7 Subject to the provisions in the lead-in to paragraph 6, where urgent problems of safety, health, environmental protection or national security arise or threaten to arise for a Member, that Member may omit such of the steps enumerated in paragraph 6 as it finds necessary, provided that the Member, upon adoption of the procedure, shall:

5.7.1 notify immediately other Members through the Secretariat of the particular procedure and the products covered, with a brief indication of the objective and the rationale of the procedure, including the nature of the urgent problems;

5.7.2 upon request, provide other Members with copies of the rules of the procedure;

5.7.3 without discrimination, allow other Members to present their comments in writing, discuss these comments

beiðni og taki tillit til þeirra og niðurstaðna úr viðræðunum.

5.8 Aðilar skulu sjá til þess að málsmeðferð við samræmismat, sem hefur verið tekin upp, sé birt þegar í stað eða gerð aðgengileg á annan hátt sem gerir þeim sem eiga hagsmuna að gæta í löndum annarra aðila kleift að kynna sér efni hennar.

5.9 Aðilar skulu, nema vandi sé á höndum sem brýnt er að leysa, eins og um getur í 7. mgr., láta hæfilegan tíma líða frá því að kröfur um málsmeðferð við samræmismat eru birtar og þar til þær taka gildi, til þess að framleiðendum útflutningsaðila, einkum hjá þróunaraðildarlöndum, gefist svigrúm til að laga framleiðslu sína eða framleiðsluaðferðir að kröfum innflutningsaðila.

upon request, and take these written comments and the results of these discussions into account.

5.8 Members shall ensure that all conformity assessment procedures which have been adopted are published promptly or otherwise made available in such a manner as to enable interested parties in other Members to become acquainted with them.

5.9 Except in those urgent circumstances referred to in paragraph 7, Members shall allow a reasonable interval between the publication of requirements concerning conformity assessment procedures and their entry into force in order to allow time for producers in exporting Members, and particularly in developing country Members, to adapt their products or methods of production to the requirements of the importing Member.

6. gr.

Viðurkenning samræmismats af hálfu ríkisstofnana.

Eftirfarandi ákvæði gilda um ríkisstofnanir aðila:

6.1 Með fyrirvara um ákvæði 3. og 4. mgr. skulu aðilar sjá til þess, þegar unnt er, að niðurstöður málsmeðferðar við samræmismat annarra aðila séu staðfestar, jafnvel þótt málsmeðferðin sé frábrugðin þeirra eigin, að því tilskildu að þeir séu þess fullvissir að sú málsmeðferð tryggi samræmi við gildandi tæknilegar reglugerðir eða staðla sem eru jafngildir þeirra eigin málsmeðferð. Viðurkennt er að undanfarandi viðræður kunni að vera nauðsynlegar svo unnt sé að komast að samkomulagi sem allir aðilar geta sætt sig við, einkum varðandi:

6.1.1 viðunandi og varanlega sérfræðiþekkingu viðkomandi samræmismatsstofnana útflutningsaðila þannig að tiltrú á áreiðanleika niðurstaðna þeirra varðandi samræmismat haldist; í þessu sambandi skal taka samræmi við viðeigandi leiðbeiningar eða tilmæli, sem alþjóðlegar staðlastofnanir gefa út og staðfest hefur verið, til dæmis með faggildingu, til greina sem vísbendingu um viðunandi sérfræðiþekkingu;

6.1.2 hvort takmarka eigi staðfestingu á niðurstöðum samræmismats við þær niðurstöður sem eru lagðar fram af tilnefndum stofnunum í landi útflutningsaðila.

Article 6

Recognition of Conformity Assessment by Central Government Bodies

With respect to their central government bodies:

6.1 Without prejudice to the provisions of paragraphs 3 and 4, Members shall ensure, whenever possible, that results of conformity assessment procedures in other Members are accepted, even when those procedures differ from their own, provided they are satisfied that those procedures offer an assurance of conformity with applicable technical regulations or standards equivalent to their own procedures. It is recognized that prior consultations may be necessary in order to arrive at a mutually satisfactory understanding regarding, in particular:

6.1.1 adequate and enduring technical competence of the relevant conformity assessment bodies in the exporting Member, so that confidence in the continued reliability of their conformity assessment results can exist; in this regard, verified compliance, for instance through accreditation, with relevant guides or recommendations issued by international standardizing bodies shall be taken into account as an indication of adequate technical competence;

6.1.2 limitation of the acceptance of conformity assessment results to those produced by designated bodies in the exporting Member.

6.2 Aðilar skulu sjá til þess að málsmeðferð þeirra við samræmismat geri framkvæmd ákvæða 1. mgr. mögulega að svo miklu leyti sem það er gerlegt.
6.3 Aðilar eru hvattir til að sýna vilja til viðræðna um gerð samninga um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum málsmeðferðar við samræmismat hvers annars, komi fram beiðni um slíkt frá öðrum aðilum. Aðilar geta krafist þess að slíkir samningar uppfylli þær viðmiðanir sem um getur í 1. mgr. og veiti gagnkvæma fullvissu fyrir því að þeir muni greiða fyrir viðskiptum með þær vörur sem um ræðir.
6.4 Aðilar eru hvattir til að leyfa stofnunum, sem annast samræmismat og eru staðsettar á yfirráðasvæðum annarra aðila, að taka þátt í málsmeðferð sinni við samræmismat með skilmálum sem eru ekki óhagstæðari en þeir skilmálar sem stofnanir, sem staðsettar eru á þeirra eigin yfirráðasvæði eða yfirráðasvæði annarra landa, njóta.

6.2 Members shall ensure that their conformity assessment procedures permit, as far as practicable, the implementation of the provisions in paragraph 1.
6.3 Members are encouraged, at the request of other Members, to be willing to enter into negotiations for the conclusion of agreements for the mutual recognition of results of each other's conformity assessment procedures. Members may require that such agreements fulfil the criteria of paragraph 1 and give mutual satisfaction regarding their potential for facilitating trade in the products concerned.
6.4 Members are encouraged to permit participation of conformity assessment bodies located in the territories of other Members in their conformity assessment procedures under conditions no less favourable than those accorded to bodies located within their territory or the territory of any other country.

7. gr.
Málsmeðferð við samræmismat á vegum stofnana staðbundinna stjórnvalda.

Eftirfarandi ákvæði gilda um stofnanir staðbundinna stjórnvalda á yfirráðasvæðum aðila:
7.1. Aðilar skulu gera hverjar þær ráðstafanir sem teljast eðlilegar og þeir hafa tök á til að tryggja að þessar stofnanir fari að ákvæðum 5. og 6. gr. að undanskilinni tilkynningaskyldunni sem um getur í málsgreinum 6.2 og 7.1 í 5. gr.
7.2 Aðilar skulu sjá til þess að tilkynnt sé um málsmeðferð við samræmismat sem staðbundin stjórnvöld á næsta stjórnsýslustigi fyrir neðan ríkisstjórnir í löndum aðila beita í samræmi við ákvæði málsgreina 6.2 og 7.1 í 5. gr., með þeim fyrirvara að ekki er nauðsynlegt að tilkynna um málsmeðferð við samræmismat ef tæknilegt inntak hennar er í grundvallaratriðum það sama og í málsmeðferð við samræmismat sem ríkisstofnanir viðkomandi aðila beita og áður hefur verið tilkynnt um.
7.3 Aðilar geta krafist þess að samskipti við aðra aðila, þar á meðal tilkynningar, upplýsingamiðlun, athugasemdir og viðræður, sem um getur í 6. og 7. mgr. 5. gr., fari fram með milligöngu viðkomandi ríkisstjórnar.
7.4 Aðilar skulu ekki gera ráðstafanir sem skylda eða hvetja stofnanir staðbundinna stjórnvalda á yfirráðasvæðum þeirra til að aðhafast á þann hátt sem brýtur í bága við ákvæði 5. og 6. gr.
7.5 Aðilar bera að öllu leyti ábyrgð á því, sam-

Article 7
Procedures for Assessment of Conformity by Local Government Bodies

With respect to their local government bodies within their territories:
7.1 Members shall take such reasonable measures as may be available to them to ensure compliance by such bodies with the provisions of Articles 5 and 6, with the exception of the obligation to notify as referred to in paragraphs 6.2 and 7.1 of Article 5.
7.2 Members shall ensure that the conformity assessment procedures of local governments on the level directly below that of the central government in Members are notified in accordance with the provisions of paragraphs 6.2 and 7.1 of Article 5, noting that notifications shall not be required for conformity assessment procedures the technical content of which is substantially the same as that of previously notified conformity assessment procedures of central government bodies of the Members concerned.
7.3 Members may require contact with other Members, including the notifications, provision of information, comments and discussions referred to in paragraphs 6 and 7 of Article 5, to take place through the central government.
7.4 Members shall not take measures which require or encourage local government bodies within their territories to act in a manner inconsistent with the provisions of Articles 5 and 6.

7.5 Members are fully responsible under this

kvæmt ákvæðum þessa samnings, að öll ákvæði 5. og 6. gr. séu virt. Aðilar skulu móta og beita sérstökum ráðstöfunum og kerfum sem stuðla að því að aðrar stofnanir en ríkisstofnanir virði ákvæði 5. og 6. gr.

8. gr.
Málsmeðferð við samræmismat á vegum óopinberra stofnana.

8.1 Aðilar skulu gera hverjar þær ráðstafanir sem teljast eðlilegar og þeir hafa tök á til að tryggja að óopinberar stofnanir á yfirráðasvæðum þeirra, sem annast framkvæmd málsmeðferðar við samræmismat, fari að ákvæðum 5. og 6. gr., að þeirri skyldu undanskilinni að tilkynna um fyrirhugaða málsmeðferð við samræmismat. Þar að auki skulu aðilar ekki gera ráðstafanir sem beint eða óbeint stuðla að því að skylda eða hvetja slíkar stofnanir til að grípa til aðgerða sem brjóta í bága við ákvæði 5. og 6. gr.

8.2 Aðilar skulu sjá til þess að ríkisstofnanir þeirra treysti því aðeins á málsmeðferð við samræmismat, sem óopinberar stofnanir framkvæma, að þessar síðarnefndu stofnanir fari að ákvæðum 5. og 6. gr., að þeirri skyldu undanskilinni að tilkynna um fyrirhugaða málsmeðferð við samræmismat.

9. gr.
Alþjóðleg og svæðisbundin kerfi.

9.1 Þegar krafist er fullrar vissu fyrir því að samræmis við tæknilegar reglugerðir eða staðla sé gætt skulu aðilar, þegar unnt er, móta og samþykkja alþjóðleg kerfi fyrir samræmismat og gerast aðilar að eða þátttakendur í þeim.

9.2 Aðilar skulu gera hverjar þær ráðstafanir sem teljast eðlilegar og þeir hafa tök á til að tryggja að alþjóðleg og svæðisbundin samræmismatskerfi, sem viðkomandi stofnanir á yfirráðasvæðum þeirra eru aðilar að eða þátttakendur í, séu í samræmi við ákvæði 5. og 6. gr. Þar að auki skulu aðilar ekki gera ráðstafanir sem beint eða óbeint skylda eða hvetja til að slík kerfi vinni á þann hátt að brjóta í bága við ákvæði 5. og 6. gr.

9.3 Aðilar skulu sjá til þess að ríkisstofnanir þeirra treysti því aðeins á alþjóðleg eða svæðisbundin samræmismatskerfi að þau séu í samræmi við ákvæði 5. og 6. gr., eftir því sem við á.

Agreement for the observance of all provisions of Articles 5 and 6. Members shall formulate and implement positive measures and mechanisms in support of the observance of the provisions of Articles 5 and 6 by other than central government bodies.

Article 8
Procedures for Assessment of Conformity by Non-Governmental Bodies

8.1 Members shall take such reasonable measures as may be available to them to ensure that non-governmental bodies within their territories which operate conformity assessment procedures comply with the provisions of Articles 5 and 6, with the exception of the obligation to notify proposed conformity assessment procedures. In addition, Members shall not take measures which have the effect of, directly or indirectly, requiring or encouraging such bodies to act in a manner inconsistent with the provisions of Articles 5 and 6.

8.2 Members shall ensure that their central government bodies rely on conformity assessment procedures operated by non-governmental bodies only if these latter bodies comply with the provisions of Articles 5 and 6, with the exception of the obligation to notify proposed conformity assessment procedures.

Article 9
International and Regional Systems

9.1 Where a positive assurance of conformity with a technical regulation or standard is required, Members shall, wherever practicable, formulate and adopt international systems for conformity assessment and become members thereof or participate therein.

9.2 Members shall take such reasonable measures as may be available to them to ensure that international and regional systems for conformity assessment in which relevant bodies within their territories are members or participants comply with the provisions of Articles 5 and 6. In addition, Members shall not take any measures which have the effect of, directly or indirectly, requiring or encouraging such systems to act in a manner inconsistent with any of the provisions of Articles 5 and 6.

9.3 Members shall ensure that their central government bodies rely on international or regional conformity assessment systems only to the extent that these systems comply with the provisions of Articles 5 and 6, as applicable.

UPPLÝSINGAR OG AÐSTOÐ

10. gr.

Upplýsingar um tæknilegar reglugerðir, staðla og málsmeðferð við samræmismat.

10.1 Sérhver aðili skal sjá til þess að fyrir hendi sé upplýsingamiðstöð þar sem öllum eðlilegum fyrirspurnum frá öðrum aðilum og þeim sem eiga hagsmuna að gæta í löndum annarra aðila er svarað og viðeigandi gögn látin í té varðandi:

10.1.1 tæknilegar reglugerðir sem ríkisstofnanir eða stofnanir staðbundinna stjórnvalda, óopinberar stofnanir, sem hafa lagalegar heimildir til að framfylgja ákvæðum tæknilegrar reglugerðar, eða svæðisbundnar staðlastofnanir, sem þessar stofnanir eru aðilar að eða þátttakendur í, hafa samþykkt eða hyggjast samþykkja á yfirráðasvæði hans;

10.1.2 staðla sem ríkisstofnanir eða stofnanir staðbundinna stjórnvalda eða svæðisbundnar staðlastofnanir, sem slíkar stofnanir eru aðilar að eða þátttakendur í, hafa samþykkt eða hyggjast samþykkja á yfirráðasvæði hans;

10.1.3 málsmeðferð við samræmismat eða fyrirhugaða málsmeðferð við samræmismat sem ríkisstofnanir eða stofnanir staðbundinna stjórnvalda eða óopinberar stofnanir, sem hafa lagalegar heimildir til að framfylgja ákvæðum tæknilegrar reglugerðar, eða svæðisbundnar staðlastofnanir, sem slíkar stofnanir eru aðilar að eða þátttakendur í, beita á yfirráðasvæði hans;

10.1.4 aðild og þátttöku aðila eða hlutaðeigandi ríkisstofnana eða stofnana staðbundinna stjórnvalda á yfirráðasvæði hans í alþjóðlegum og svæðisbundnum staðlastofnunum og samræmismatskerfum og í tvíhliða og marghliða fyrirkomulagi innan gildissviðs þessa samnings; hann skal einnig geta látið í té sanngjarnar upplýsingar um ákvæði um slík kerfi og fyrirkomulag;

10.1.5 hvar tilkynningar, sem birtar eru samkvæmt ákvæðum þessa samnings, er að finna eða vitneskju um hvar hægt er að fá þessar upplýsingar; og

INFORMATION AND ASSISTANCE

Article 10

Information About Technical Regulations, Standards and Conformity Assessment Procedures

10.1 Each Member shall ensure that an enquiry point exists which is able to answer all reasonable enquiries from other Members and interested parties in other Members as well as to provide the relevant documents regarding:

10.1.1 any technical regulations adopted or proposed within its territory by central or local government bodies, by non-governmental bodies which have legal power to enforce a technical regulation, or by regional standardizing bodies of which such bodies are members or participants;

10.1.2 any standards adopted or proposed within its territory by central or local government bodies, or by regional standardizing bodies of which such bodies are members or participants;

10.1.3 any conformity assessment procedures, or proposed conformity assessment procedures, which are operated within its territory by central or local government bodies, or by non-governmental bodies which have legal power to enforce a technical regulation, or by regional bodies of which such bodies are members or participants;

10.1.4 the membership and participation of the Member, or of relevant central or local government bodies within its territory, in international and regional standardizing bodies and conformity assessment systems, as well as in bilateral and multilateral arrangements within the scope of this Agreement; it shall also be able to provide reasonable information on the provisions of such systems and arrangements;

10.1.5 the location of notices published pursuant to this Agreement, or the provision of information as to where such information can be obtained; and

10.1.6 staðsetningu upplýsingamiðstöðvanna sem getið er um í 3. mgr.

10.2 Komi aðili samt sem áður á fót fleiri en einni upplýsingamiðstöð, af lagalegum eða stjórnsýslulegum ástæðum, skal sá aðili láta öðrum aðilum í té tæmandi og ótvíræðar upplýsingar um verksvið hverrar upplýsingamiðstöðvar fyrir sig. Viðkomandi aðili skal einnig sjá til þess að öllum fyrirspurnum sem beint er til rangrar upplýsingamiðstöðvar sé þegar í stað komið til réttrar upplýsingamiðstöðvar.

10.3 Sérhver aðili skal gera hverjar þær ráðstafanir sem teljast eðlilegar og hann hefur tök á til að tryggja að fyrir hendi sé ein upplýsingamiðstöð eða fleiri þar sem öllum eðlilegum fyrirspurnum frá öðrum aðilum og þeim sem eiga hagsmuna að gæta í löndum annarra aðila er svarað og viðeigandi gögn látin í té eða upplýsingar veittar um hvar þau er að finna varðandi:

10.3.1 staðla sem óopinberar eða svæðisbundnar staðlastofnanir, sem þessar stofnanir eru aðilar að eða þátttakendur í, hafa samþykkt eða hyggjast samþykkja á yfirráðasvæði hans; og

10.3.2 málsmeðferð við samræmismat eða fyrirhugaða málsmeðferð við samræmismat sem óopinberar stofnanir eða svæðisbundnar stofnanir, sem slíkar stofnanir eru aðilar að eða þátttakendur í, beita á yfirráðasvæði hans;

10.3.3 aðild og þátttöku hlutaðeigandi óopinberra stofnana á yfirráðasvæði hans í alþjóðlegum og svæðisbundnum staðlastofnunum og samræmismatskerfum og í tvíhliða og marghliða fyrirkomulagi innan gildissviðs þessa samnings; upplýsingastöðvarnar skulu einnig geta látið í té eðlilegar upplýsingar um ákvæði um slík kerfi og fyrirkomulag.

10.4 Aðilar skulu gera hverjar þær ráðstafanir sem teljast eðlilegar og þeir hafa tök á til að tryggja að komi fram beiðni frá öðrum aðilum, eða þeim sem eiga hagsmuna að gæta hjá öðrum aðilum, um eintök af skjölum í samræmi við ákvæði þessa samnings séu þau látin í té gegn sanngjörnu gjaldi (ef gjalds er krafist) sem skal vera hið sama, að raunverulegum sendingarkostnaði undanskildum, fyrir ríkisborgara[27] viðkomandi aðila og ríkisborgara allra annarra aðila.

10.1.6 the location of the enquiry points mentioned in paragraph 3.

10.2 If, however, for legal or administrative reasons more than one enquiry point is established by a Member, that Member shall provide to the other Members complete and unambiguous information on the scope of responsibility of each of these enquiry points. In addition, that Member shall ensure that any enquiries addressed to an incorrect enquiry point shall promptly be conveyed to the correct enquiry point.

10.3 Each Member shall take such reasonable measures as may be available to it to ensure that one or more enquiry points exist which are able to answer all reasonable enquiries from other Members and interested parties in other Members as well as to provide the relevant documents or information as to where they can be obtained regarding:

10.3.1 any standards adopted or proposed within its territory by non-governmental standardizing bodies, or by regional standardizing bodies of which such bodies are members or participants; and

10.3.2 any conformity assessment procedures, or proposed conformity assessment procedures, which are operated within its territory by non-governmental bodies, or by regional bodies of which such bodies are members or participants;

10.3.3 the membership and participation of relevant non-governmental bodies within its territory in international and regional standardizing bodies and conformity assessment systems, as well as in bilateral and multilateral arrangements within the scope of this Agreement; they shall also be able to provide reasonable information on the provisions of such systems and arrangements.

10.4 Members shall take such reasonable measures as may be available to them to ensure that where copies of documents are requested by other Members or by interested parties in other Members, in accordance with the provisions of this Agreement, they are supplied at an equitable price (if any) which shall, apart from the real cost of delivery, be the same for the nationals[27] of the Member concerned or of any other Member.

10.5 Aðilar sem eru iðnríki (hér eftir nefndir „iðnaðaraðildarlönd“) skulu, ef fram kemur beiðni þess efnis frá öðrum aðilum, láta í té þýðingu á ensku, frönsku eða spænsku á þeim skjölum sem tiltekin tilkynning tekur til eða samantekt úr slíkum skjölum þegar um er að ræða löng skjöl.

10.6 Þegar aðalskrifstofunni berast tilkynningar í samræmi við ákvæði þessa samnings skal hún dreifa eintökum af þeim til allra aðila og alþjóðlegra staðlastofnana og samræmismatsstofnana sem hagsmuna eiga að gæta og vekja athygli þróunaraðildarlanda á tilkynningum varðandi vörur sem hafa sérstaka þýðingu fyrir þau.

10.7 Þegar aðili hefur náð samningum við annað land eða lönd um málefni sem varða tæknilegar reglugerðir, staðla eða málsmeðferð við samræmismat, sem kunna að hafa veruleg áhrif á viðskipti, skal að minnsta kosti einn þeirra aðila, sem aðild eiga að samningnum, tilkynna öðrum aðilum, með milligöngu aðalskrifstofunnar, um þær vörur sem samningurinn skal taka til og skal stutt lýsing á samningnum fylgja með. Viðkomandi aðilar eru hvattir til að hefja viðræður við aðra aðila, að fenginni beiðni, í þeim tilgangi að gera samsvarandi samninga við þá eða gera ráðstafanir til að þeir geti gerst aðilar að slíkum samningum.

10.8 Ekkert í þessum samningi ber að túlka sem kröfu um að:

10.8.1 birtir séu textar á öðru tungumáli en þjóðtungu viðkomandi aðila;

10.8.2 veittar séu upplýsingar um einstök atriði eða eintök af drögum látin í té á öðru tungumáli en þjóðtungu viðkomandi aðila, að því undanskildu sem fram kemur í 5. mgr.; eða

10.8.3 aðilar láti í té upplýsingar sem þeir telja andstætt grundvallarhagsmunum sínum í öryggismálum að birta.

10.9 Tilkynningar til aðalskrifstofunnar skulu vera á ensku, frönsku eða spænsku.

10.10 Aðilar skulu tilnefna eitt opinbert yfirvald sem á innlendum vettvangi ber ábyrgð á að ákvæðum um málsmeðferð við tilkynningar samkvæmt þessum samningi sé framfylgt, að þeim ákvæðum undanskildum sem fram koma í 3. viðauka.

10.11 Skiptist ábyrgð á tilkynningum hins vegar milli tveggja eða fleiri opinberra yfirvalda af lagalegum eða stjórnsýslulegum ástæðum skal viðkomandi aðili láta öðrum aðilum í té tæm-

10.5 Developed country Members shall, if requested by other Members, provide, in English, French or Spanish, translations of the documents covered by a specific notification or, in case of voluminous documents, of summaries of such documents.

10.6 The Secretariat shall, when it receives notifications in accordance with the provisions of this Agreement, circulate copies of the notifications to all Members and interested international standardizing and conformity assessment bodies, and draw the attention of developing country Members to any notifications relating to products of particular interest to them.

10.7 Whenever a Member has reached an agreement with any other country or countries on issues related to technical regulations, standards or conformity assessment procedures which may have a significant effect on trade, at least one Member party to the agreement shall notify other Members through the Secretariat of the products to be covered by the agreement and include a brief description of the agreement. Members concerned are encouraged to enter, upon request, into consultations with other Members for the purposes of concluding similar agreements or of arranging for their participation in such agreements.

10.8 Nothing in this Agreement shall be construed as requiring:

10.8.1 the publication of texts other than in the language of the Member;

10.8.2 the provision of particulars or copies of drafts other than in the language of the Member except as stated in paragraph 5; or

10.8.3 Members to furnish any information, the disclosure of which they consider contrary to their essential security interests.

10.9 Notifications to the Secretariat shall be in English, French or Spanish.

10.10 Members shall designate a single central government authority that is responsible for the implementation on the national level of the provisions concerning notification procedures under this Agreement except those included in Annex 3.

10.11 If, however, for legal or administrative reasons the responsibility for notification procedures is divided among two or more central government authorities, the Member concerned shall

andi og ótvíræðar upplýsingar um umfang þeirrar ábyrgðar sem hvert þessara yfirvalda ber.

11. gr.

Tæknileg aðstoð veitt öðrum aðilum.

11.1 Aðilar skulu, ef fram kemur beiðni þess efnis, veita öðrum aðilum, einkum þróunaraðildarlöndum, ráðgjöf varðandi samningu tæknilegra reglugerða.

11.2 Aðilar skulu, ef fram kemur beiðni þess efnis, veita öðrum aðilum, einkum þróunaraðildarlöndum, ráðgjöf og tæknilega aðstoð með skilmálum og skilyrðum sem samkomulag er um við að koma á fót innlendum staðlastofnunum og taka þátt í starfsemi alþjóðlegra staðlastofnana og skulu hvetja innlendar staðlastofnanir sínar til hins sama.

11.3 Aðilar skulu, ef fram kemur beiðni þess efnis, gera hverjar þær ráðstafanir sem teljast eðlilegar og þeir hafa tök á til að stuðla að því að stjórnsýslustofnanir á yfirráðasvæðum þeirra veiti öðrum aðilum, einkum þróunaraðildarlöndum, ráðgjöf og skulu veita þeim tæknilega aðstoð með skilmálum og skilyrðum sem samkomulag er um að því er varðar:

11.3.1 að koma á fót stjórnsýslustofnunum eða stofnunum til að meta samræmi við tæknilegar reglugerðir; og

11.3.2 aðferðir til að tryggja sem best að farið sé að ákvæðum tæknilegra reglugerða þeirra.

11.4 Aðilar skulu, ef fram kemur beiðni þess efnis, gera hverjar þær ráðstafanir sem teljast eðlilegar og þeir hafa tök á til að stuðla að því að öðrum aðilum, einkum þróunaraðildarlöndum, sé veitt ráðgjöf og skulu veita þeim tæknilega aðstoð með skilmálum og skilyrðum sem samkomulag er um, við að koma á fót stofnunum til að meta samræmi við staðla sem samþykktir eru á yfirráðasvæði aðilans sem leggur beiðnina fram.

11.5 Aðilar skulu, ef fram kemur beiðni þess efnis, veita öðrum aðilum, einkum þróunaraðildarlöndum, ráðgjöf og tæknilega aðstoð með skilmálum og skilyrðum sem samkomulag er um, við þær ráðstafanir sem framleiðendum þeirra ber að gera óski þeir eftir aðgangi að samræmismatskerfum sem ríkisstofnanir eða óopinberar stofnanir beita á yfirráðasvæði þess aðila sem beiðninni er beint til.

11.6 Aðilar sem eiga aðild að eða eru þátttak-

provide to the other Members complete and unambiguous information on the scope of responsibility of each of these authorities.

Article 11

Technical Assistance to Other Members

11.1 Members shall, if requested, advise other Members, especially the developing country Members, on the preparation of technical regulations.

11.2 Members shall, if requested, advise other Members, especially the developing country Members, and shall grant them technical assistance on mutually agreed terms and conditions regarding the establishment of national standardizing bodies, and participation in the international standardizing bodies, and shall encourage their national standardizing bodies to do likewise.

11.3 Members shall, if requested, take such reasonable measures as may be available to them to arrange for the regulatory bodies within their territories to advise other Members, especially the developing country Members, and shall grant them technical assistance on mutually agreed terms and conditions regarding:

11.3.1 the establishment of regulatory bodies, or bodies for the assessment of conformity with technical regulations; and

11.3.2 the methods by which their technical regulations can best be met.

11.4 Members shall, if requested, take such reasonable measures as may be available to them to arrange for advice to be given to other Members, especially the developing country Members, and shall grant them technical assistance on mutually agreed terms and conditions regarding the establishment of bodies for the assessment of conformity with standards adopted within the territory of the requesting Member.

11.5 Members shall, if requested, advise other Members, especially the developing country Members, and shall grant them technical assistance on mutually agreed terms and conditions regarding the steps that should be taken by their producers if they wish to have access to systems for conformity assessment operated by governmental or non-governmental bodies within the territory of the Member receiving the request.

11.6 Members which are members or partici-

endur í alþjóðlegum eða svæðisbundnum samræmismatskerfum skulu, ef fram kemur beiðni þess efnis, veita öðrum aðilum, einkum þróunaraðildarlöndum, ráðgjöf og tæknilega aðstoð með skilmálum og skilyrðum sem samkomulag er um, við að koma á fót stofnunum og setja rammalöggjöf sem gerir þeim kleift að fullnægja skyldum samfara aðild að eða þátttöku í slíkum kerfum.

11.7 Aðilar skulu, ef fram kemur beiðni þess efnis, hvetja stofnanir á yfirráðasvæðum sínum sem eiga aðild að eða eru þátttakendur í alþjóðlegum eða svæðisbundnum samræmismatskerfum til að veita öðrum aðilum, einkum þróunaraðildarlöndum, ráðgjöf og taka til athugunar beiðni þeirra um tæknilega aðstoð við að koma á fót stofnunum sem gera viðkomandi stofnunum á yfirráðasvæðum þeirra kleift að fullnægja skyldum samfara aðild eða þátttöku.

11.8 Þegar aðilar veita öðrum aðilum ráðgjöf og tæknilega aðstoð samkvæmt ákvæðum 1.–7. mgr. skulu þeir láta þarfir þeirra aðildarlanda sem eru skemmst á veg komin í þróun hafa forgang.

12. gr.

Sérstök og mismunandi meðferð fyrir þróunaraðildarlönd.

12.1 Aðilar skulu veita þróunaraðildarlöndum sem eru aðilar að þessum samningi, mismunandi og hagstæðari meðferð með því að beita eftirfarandi ákvæðum og viðeigandi ákvæðum annarra greina þessa samnings.

12.2 Aðilar skulu gefa sérstakan gaum þeim ákvæðum þessa samnings er varða réttindi og skyldur þróunaraðildarlanda og taka tillit til sérstakra þarfa þeirra á sviði þróunar, fjármála og viðskipta við framkvæmd þessa samnings, bæði á innlendum vettvangi og við beitingu stofnanaákvæða þessa samnings.

12.3 Aðilar skulu, við samningu og beitingu tæknilegra reglugerða, staðla og málsmeðferðar við samræmismat, taka tillit til sérstakra þarfa þróunaraðildarlanda á sviði þróunar, fjármála og viðskipta með það fyrir augum að tryggja að þessar tæknilegu reglugerðir, staðlar og málsmeðferð við samræmismat hindri ekki að óþörfu útflutning frá þróunaraðildarlöndum.

12.4 Aðilar viðurkenna að þrátt fyrir að alþjóðlegir staðlar, leiðbeiningar og tilmæli kunni að

pants of international or regional systems for conformity assessment shall, if requested, advise other Members, especially the developing country Members, and shall grant them technical assistance on mutually agreed terms and conditions regarding the establishment of the institutions and legal framework which would enable them to fulfil the obligations of membership or participation in such systems.

11.7 Members shall, if so requested, encourage bodies within their territories which are members or participants of international or regional systems for conformity assessment to advise other Members, especially the developing country Members, and should consider requests for technical assistance from them regarding the establishment of the institutions which would enable the relevant bodies within their territories to fulfil the obligations of membership or participation.

11.8 In providing advice and technical assistance to other Members in terms of paragraphs 1 to 7, Members shall give priority to the needs of the least-developed country Members.

Article 12

Special and Differential Treatment of Developing Country Members

12.1 Members shall provide differential and more favourable treatment to developing country Members to this Agreement, through the following provisions as well as through the relevant provisions of other Articles of this Agreement.

12.2 Members shall give particular attention to the provisions of this Agreement concerning developing country Members' rights and obligations and shall take into account the special development, financial and trade needs of developing country Members in the implementation of this Agreement, both nationally and in the operation of this Agreement's institutional arrangements.

12.3 Members shall, in the preparation and application of technical regulations, standards and conformity assessment procedures, take account of the special development, financial and trade needs of developing country Members, with a view to ensuring that such technical regulations, standards and conformity assessment procedures do not create unnecessary obstacles to exports from developing country Members.

12.4 Members recognize that, although international standards, guides or recommendations

vera fyrir hendi samþykki þróunaraðildarlönd tilteknar tæknilegar reglugerðir, staðla eða málsmeðferð við samræmismat með hliðsjón af sérstökum tæknilegum og félags- og efnahagslegum skilyrðum sem þeir búa við, sem miða að því að varðveita innlenda tækni og innlendar framleiðslu- og vinnsluaðferðir sem samrýmast þróunarþörfum þeirra. Aðilar viðurkenna þar af leiðandi að ekki beri að krefjast þess að þróunaraðildarlönd noti alþjóðlega staðla sem grunn að tæknilegum reglugerðum sínum eða stöðlum, þar með taldar prófunaraðferðir sem eru ekki í samræmi við þarfir þeirra á sviði þróunar, fjármála og viðskipta.

12.5 Aðilar skulu gera hverjar þær ráðstafanir sem teljast eðlilegar og þeir hafa tök á til að tryggja að alþjóðlegar staðlastofnanir og alþjóðleg samræmismatskerfi séu skipulögð og starfrækt með þeim hætti að hlutaðeigandi stofnunum allra aðila sé auðveldað að taka virkan þátt í starfsemi þeirra og hafa þar fulltrúa, að teknu tilliti til sérstakra vandamála þróunaraðildarlanda.

12.6 Aðilar skulu gera hverjar þær ráðstafanir sem teljast eðlilegar og þeir hafa tök á til að tryggja að alþjóðlegar staðlastofnanir kanni, að fenginni beiðni frá þróunaraðildarlöndum, grundvöll fyrir alþjóðlegum stöðlum vegna vara sem tengjast sérstökum hagsmunum þróunaraðildarlanda og setji slíka staðla ef það er gerlegt.

12.7 Aðilar skulu veita þróunaraðildarlöndum tæknilega aðstoð, í samræmi við ákvæði 11. gr., til að tryggja að samning og beiting tæknilegra reglugerða, staðla og málsmeðferðar við samræmismat hindri ekki að óþörfu aukningu og fjölbreytni í útflutningi frá þróunaraðildarlöndum. Taka skal tillit til þróunarstigs þess aðila sem leggur fram beiðni um aðstoð, einkum þeirra aðildarlanda sem eru skemmst á veg komin í þróun, þegar skilmálar og skilyrði fyrir tæknilegri aðstoð eru ákveðin.

12.8 Viðurkennt er að þróunaraðildarlönd kunni að standa frammi fyrir sérstökum vandamálum, þar á meðal varðandi uppbyggingu stofnana og grunnvirkis, við samningu og beitingu tæknilegra reglugerða, staðla og málsmeðferðar við samræmismat. Einnig er viðurkennt að sérstakar þarfir þróunaraðildarlanda á sviði þróunar og viðskipta og það stig sem tækniþróun þeirra er á kunni að draga úr getu þeirra til að rækja í einu og öllu skyldur sínar samkvæmt ákvæðum

may exist, in their particular technological and socio-economic conditions, developing country Members adopt certain technical regulations, standards or conformity assessment procedures aimed at preserving indigenous technology and production methods and processes compatible with their development needs. Members therefore recognize that developing country Members should not be expected to use international standards as a basis for their technical regulations or standards, including test methods, which are not appropriate to their development, financial and trade needs.

12.5 Members shall take such reasonable measures as may be available to them to ensure that international standardizing bodies and international systems for conformity assessment are organized and operated in a way which facilitates active and representative participation of relevant bodies in all Members, taking into account the special problems of developing country Members.

12.6 Members shall take such reasonable measures as may be available to them to ensure that international standardizing bodies, upon request of developing country Members, examine the possibility of, and, if practicable, prepare international standards concerning products of special interest to developing country Members.

12.7 Members shall, in accordance with the provisions of Article 11, provide technical assistance to developing country Members to ensure that the preparation and application of technical regulations, standards and conformity assessment procedures do not create unnecessary obstacles to the expansion and diversification of exports from developing country Members. In determining the terms and conditions of the technical assistance, account shall be taken of the stage of development of the requesting Members and in particular of the least-developed country Members.

12.8 It is recognized that developing country Members may face special problems, including institutional and infrastructural problems, in the field of preparation and application of technical regulations, standards and conformity assessment procedures. It is further recognized that the special development and trade needs of developing country Members, as well as their stage of technological development, may hinder their ability to discharge fully their obligations under

þessa samnings. Aðilar skulu þar af leiðandi taka fullt tillit til þessa. Samkvæmt því og með það í huga að tryggja að þróunaraðildarlönd séu fær um að framfylgja ákvæðum þessa samnings er nefndinni um tæknilegar viðskiptahindranir, sem kveðið er á um í 13. gr., (í þessum samningi kölluð „nefndin") gefin heimild til að veita, að fenginni beiðni, tilgreindar, tímabundnar undanþágur frá skyldum samkvæmt ákvæðum þessa samnings, að öllu leyti eða að hluta til. Nefndin skal, þegar hún tekur slíka beiðni til athugunar, taka tillit til sérstakra vandamála við samningu og beitingu tæknilegra reglugerða, staðla og málsmeðferðar við samræmismat og sérstakra þarfa viðkomandi þróunaraðildarlands á sviði þróunar og viðskipta og þess stigs sem tækniþróun þess er á, sem kunna að draga úr getu þess til að rækja í einu og öllu skyldur sínar samkvæmt ákvæðum þessa samnings. Nefndin skal einkum taka tillit til sérstakra vandamála þeirra aðildarlanda sem eru skemmst á veg komin í þróun.

12.9 Meðan viðræður standa yfir skulu iðnaðaraðildarlönd hafa í huga þá sérstöku erfiðleika sem þróunaraðildarlönd eiga við að etja við mótun og notkun staðla og tæknilegra reglugerða og málsmeðferðar við samræmismat og skulu taka tillit til sérstakra þarfa þeirra varðandi fjármál, viðskipti og þróun er þeir hyggjast veita þróunaraðildarlöndum aðstoð hvað þetta varðar.

12.10 Nefndin skal kanna með reglulegu millibili þá sérstöku og mismunandi meðferð, sem er veitt þróunaraðildarlöndum á innlendum og alþjóðlegum vettvangi eins og mælt er fyrir um í þessum samningi.

this Agreement. Members, therefore, shall take this fact fully into account. Accordingly, with a view to ensuring that developing country Members are able to comply with this Agreement, the Committee on Technical Barriers to Trade provided for in Article 13 (referred to in this Agreement as the "Committee") is enabled to grant, upon request, specified, time-limited exceptions in whole or in part from obligations under this Agreement. When considering such requests the Committee shall take into account the special problems, in the field of preparation and application of technical regulations, standards and conformity assessment procedures, and the special development and trade needs of the developing country Member, as well as its stage of technological development, which may hinder its ability to discharge fully its obligations under this Agreement. The Committee shall, in particular, take into account the special problems of the least-developed country Members.

12.9 During consultations, developed country Members shall bear in mind the special difficulties experienced by developing country Members in formulating and implementing standards and technical regulations and conformity assessment procedures, and in their desire to assist developing country Members with their efforts in this direction, developed country Members shall take account of the special needs of the former in regard to financing, trade and development.

12.10 The Committee shall examine periodically the special and differential treatment, as laid down in this Agreement, granted to developing country Members on national and international levels.

STOFNANIR, VIÐRÆÐUR OG LAUSN DEILUMÁLA

13. gr.

Nefnd um tæknilegar viðskiptahindranir.

13.1 Hér með er komið á fót nefnd um tæknilegar viðskiptahindranir sem er skipuð fulltrúum allra aðila. Nefndin kýs sér formann og kemur saman eftir þörfum, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári, í þeim tilgangi að veita aðilum tækifæri til viðræðna um málefni sem varða framkvæmd þessa samnings eða stuðla að því að markmið hans náist og skal hún sinna þeim skyldustörfum sem henni eru falin samkvæmt ákvæðum þessa samnings eða af aðilunum.

INSTITUTIONS, CONSULTATION AND DISPUTE SETTLEMENT

Article 13

The Committee on Technical Barriers to Trade

13.1 A Committee on Technical Barriers to Trade is hereby established, and shall be composed of representatives from each of the Members. The Committee shall elect its own Chairman and shall meet as necessary, but no less than once a year, for the purpose of affording Members the opportunity of consulting on any matters relating to the operation of this Agreement or the furtherance of its objectives, and shall carry out such responsibilities as assigned to it under this Agreement or by the Members.

13.2 Nefndin skal koma á fót starfshópum eða öðrum stofnunum, eftir því sem við á, sem sinna þeim skyldustörfum sem hún kann að fela þeim í samræmi við viðkomandi ákvæði þessa samnings.

13.3 Sá skilningur ríkir að koma eigi í veg fyrir óþarfan tvíverknað við störf samkvæmt ákvæðum þessa samnings og störf á vegum stjórna í öðrum tæknistofnunum. Nefndin skal kanna þetta vandamál með það í huga að draga sem mest úr slíkum tvíverknaði.

13.2 The Committee shall establish working parties or other bodies as may be appropriate, which shall carry out such responsibilities as may be assigned to them by the Committee in accordance with the relevant provisions of this Agreement.

13.3 It is understood that unnecessary duplication should be avoided between the work under this Agreement and that of governments in other technical bodies. The Committee shall examine this problem with a view to minimizing such duplication.

14. gr.

Viðræður og lausn deilumála.

14.1 Viðræður og lausn deilumála, að því er varðar málefni sem hafa áhrif á framkvæmd þessa samnings, skulu fara fram á vegum nefndarinnar um lausn deilumála og, að breyttu breytanda, samkvæmt ákvæðum XXII. og XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, eins og þau eru útfærð og þeim beitt samkvæmt samkomulaginu um lausn deilumála.

14.2 Kærunefnd er heimilt, að beiðni deiluaðila eða að eigin frumkvæði, að koma á fót hópi tæknisérfræðinga til aðstoðar í málum sem eru tæknilegs eðlis, þar sem nákvæmrar athugunar sérfræðinga er þörf.

14.3 Um hópa tæknisérfræðinga fer samkvæmt þeim reglum sem um getur í 2. viðauka.

14.4 Unnt er að beita þeim ákvæðum um lausn deilumála, sem eru sett fram hér að framan, ef aðili telur að annar aðili hafi ekki náð fullnægjandi árangri samkvæmt ákvæðum 3., 4., 7., 8. og 9. gr. og hafi það veruleg áhrif á viðskiptahagsmuni hans. Slíkur árangur skal í þessu sambandi jafngilda þeim árangri sem næðist ef viðkomandi stofnun væri aðili.

Article 14

Consultation and Dispute Settlement

14.1 Consultations and the settlement of disputes with respect to any matter affecting the operation of this Agreement shall take place under the auspices of the Dispute Settlement Body and shall follow, mutatis mutandis, the provisions of Articles XXII and XXIII of GATT 1994, as elaborated and applied by the Dispute Settlement Understanding.

14.2 At the request of a party to a dispute, or at its own initiative, a panel may establish a technical expert group to assist in questions of a technical nature, requiring detailed consideration by experts.

14.3 Technical expert groups shall be governed by the procedures of Annex 2.

14.4 The dispute settlement provisions set out above can be invoked in cases where a Member considers that another Member has not achieved satisfactory results under Articles 3, 4, 7, 8 and 9 and its trade interests are significantly affected. In this respect, such results shall be equivalent to those as if the body in question were a Member.

LOKAÁKVÆÐI

15. gr.

Lokaákvæði.

Fyrirvarar.

15.1 Ekki er heimilt er að setja fyrirvara við ákvæði þessa samnings án samþykkis hinna aðilanna.

FINAL PROVISIONS

Article 15

Final Provisions

Reservations

15.1 Reservations may not be entered in respect of any of the provisions of this Agreement without the consent of the other Members.

Endurskoðun.

15.2 Sérhver aðili skal þegar í stað eftir að samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina öðlast gildi að því er hann varðar upplýsa nefndina um ráðstafanir sem eru í gildi eða eru gerðar til að tryggja framkvæmd þessa samnings og umsýslu vegna hans. Einnig skal tilkynna nefndinni um allar breytingar sem gerðar eru á slíkum ráðstöfunum eftir það.

Review

15.2 Each Member shall, promptly after the date on which the WTO Agreement enters into force for it, inform the Committee of measures in existence or taken to ensure the implementation and administration of this Agreement. Any changes of such measures thereafter shall also be notified to the Committee.

15.3 Nefndin skal árlega endurskoða framkvæmd og beitingu þessa samnings að teknu tilliti til þeirra markmiða sem stefnt er að með honum.

15.4 Nefndin skal, eigi síðar en í lok þriðja árs frá gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina og við lok hvers þriggja ára tímabils eftir það, endurskoða beitingu og framkvæmd þessa samnings, þar á meðal ákvæðanna um gagnsæi, með það fyrir augum að leggja til breytingar á réttindum og skyldum samkvæmt þessum samningi þar sem nauðsyn krefur til að tryggja gagnkvæman efnahagslegan ávinning og jafnvægi milli réttinda og skyldna, með fyrirvara um ákvæði 12. gr. Nefndin skal, þar sem við á, meðal annars með hliðsjón af fenginni reynslu við framkvæmd samningsins, leggja tillögur að breytingum á texta þessa samnings fyrir vöruviðskiptaráðið.

15.3 The Committee shall review annually the implementation and operation of this Agreement taking into account the objectives thereof.

15.4 Not later than the end of the third year from the date of entry into force of the WTO Agreement and at the end of each three-year period thereafter, the Committee shall review the operation and implementation of this Agreement, including the provisions relating to transparency, with a view to recommending an adjustment of the rights and obligations of this Agreement where necessary to ensure mutual economic advantage and balance of rights and obligations, without prejudice to the provisions of Article 12. Having regard, inter alia, to the experience gained in the implementation of the Agreement, the Committee shall, where appropriate, submit proposals for amendments to the text of this Agreement to the Council for Trade in Goods.

Viðaukar.

15.5 Viðaukarnir við þennan samning eru óaðskiljanlegur hluti af honum.

Annexes

15.5 The annexes to this Agreement constitute an integral part thereof.

1. VIÐAUKI
HUGTÖK OG SKILGREININGAR ÞEIRRA Í ÞESSUM SAMNINGI

Hugtökin sem eru sett fram í sjöttu útgáfu Alþjóðlegu staðlasamtakanna og Alþjóðaraftækniráðsins af leiðbeiningariti 2: 1991, Almenn heiti og skilgreiningar þeirra í stöðlun og starfsemi sem henni tengist, skulu, þegar þau eru notuð í þessum samningi, hafa sömu merkingu og tiltekin er í skilgreiningum í fyrrnefndu leiðbeiningariti, að teknu tilliti til þess að þjónusta heyrir ekki undir gildissvið þessa samnings.

Í þessum samningi skulu þó eftirfarandi skilgreiningar gilda:

1. *Tæknileg reglugerð.*

Skjal þar sem tilgreindir eru eiginleikar vöru eða vinnslu og framleiðsluaðferðir sem þeim tengjast, að meðtöldum viðeigandi stjórnsýsluákvæðum sem skylt er að fara eftir. Í tæknilegum reglugerðum getur og falist eða verið fjallað einvörðungu um kröfur varðandi hugtök, tákn, pökkun, auðkenningu eða merkingu, eftir því hvort þær eiga við um vöru, vinnslu eða framleiðsluaðferð.

ANNEX 1
TERMS AND THEIR DEFINITIONS FOR THE PURPOSE OF THIS AGREEMENT

The terms presented in the sixth edition of the ISO/IEC Guide 2: 1991, General Terms and Their Definitions Concerning Standardization and Related Activities, shall, when used in this Agreement, have the same meaning as given in the definitions in the said Guide taking into account that services are excluded from the coverage of this Agreement.

For the purpose of this Agreement, however, the following definitions shall apply:

1. *Technical regulation*

Document which lays down product characteristics or their related processes and production methods, including the applicable administrative provisions, with which compliance is mandatory. It may also include or deal exclusively with terminology, symbols, packaging, marking or labelling requirements as they apply to a product, process or production method.

Skýringar.

Skilgreining Alþjóðlegu staðlasamtakanna og Alþjóðaraftækniráðsins í leiðbeiningariti 2 er ekki sjálfstæð heldur byggð á hinu svonefnda „grunneiningakerfi".

2. *Staðall.*

Skjal samþykkt af viðurkenndri stofnun þar sem settar eru fram, til almennrar og endurtekinnar notkunar, reglur, viðmiðunarreglur eða eiginleikar varðandi vörur eða vinnslu og framleiðsluaðferðir sem þeim tengjast en ekki er skylt að fara eftir. Í stöðlum getur og falist eða verið fjallað einvörðungu um kröfur varðandi hugtök, tákn, pökkun, auðkenningu og merkingu, eftir því hvort þeir eiga við um vöru, vinnslu eða framleiðsluaðferð.

Skýringar.

Hugtök samkvæmt skilgreiningu Alþjóðlegu staðlasamtakanna og Alþjóðaraftækniráðsins í leiðbeiningariti 2 ná yfir vörur, vinnslu og þjónustu. Þessi samningur fjallar eingöngu um tæknilegar reglugerðir, staðla og málsmeðferð við samræmismat í tengslum við vörur, vinnslu og framleiðsluaðferðir. Staðlar, samkvæmt skilgreiningu Alþjóðlegu staðlasamtakanna og Alþjóðaraftækniráðsins í leiðbeiningariti 2 geta verið skyldubundnir eða valfrjálsir. Í þessum samningi eru staðlar skilgreindir sem valfrjáls skjöl en tæknilegar reglugerðir sem skyldubundin skjöl. Staðlar sem eru samdir af staðlastofnunum á alþjóðavettvangi byggjast á einróma samþykki. Þessi samningur gildir einnig um skjöl sem byggjast ekki á einróma samþykki.

3. *Málsmeðferð við samræmismat.*

Hver sú málsmeðferð sem er notuð, beint eða óbeint, til að ákvarða hvort viðeigandi kröfum í tæknilegum reglugerðum eða stöðlum sé fullnægt.

Skýringar.

Málsmeðferð við samræmismat felur meðal annars í sér sýnatöku-, prófunar- og skoðunaraðferðir; mat, sannprófun og tryggingu fyrir samræmi; enn fremur skráningu, faggildingu og samþykki, svo og hvers kyns samsetningar þessara þátta.

4. *Alþjóðleg stofnun eða kerfi.*

Stofnun eða kerfi sem að minnsta kosti hlutaðeigandi stofnanir allra aðila geta átt aðild að.

Explanatory note

The definition in ISO/IEC Guide 2 is not self-contained, but based on the so-called "building block" system.

2. *Standard*

Document approved by a recognized body, that provides, for common and repeated use, rules, guidelines or characteristics for products or related processes and production methods, with which compliance is not mandatory. It may also include or deal exclusively with terminology, symbols, packaging, marking or labelling requirements as they apply to a product, process or production method.

Explanatory note

The terms as defined in ISO/IEC Guide 2 cover products, processes and services. This Agreement deals only with technical regulations, standards and conformity assessment procedures related to products or processes and production methods. Standards as defined by ISO/IEC Guide 2 may be mandatory or voluntary. For the purpose of this Agreement standards are defined as voluntary and technical regulations as mandatory documents. Standards prepared by the international standardization community are based on consensus. This Agreement covers also documents that are not based on consensus.

3. *Conformity assessment procedures*

Any procedure used, directly or indirectly, to determine that relevant requirements in technical regulations or standards are fulfilled.

Explanatory note

Conformity assessment procedures include, *inter alia*, procedures for sampling, testing and inspection; evaluation, verification and assurance of conformity; registration, accreditation and approval as well as their combinations.

4. *International body or system*

Body or system whose membership is open to the relevant bodies of at least all Members.

5. *Svæðisbundin stofnun eða kerfi.*
Stofnun eða kerfi sem einungis hlutaðeigandi stofnanir sumra aðila geta átt aðild að.
6. *Ríkisstofnun.*
Ríkisstjórn, ráðuneyti hennar og stjórnardeildir eða stofnanir sem heyra undir ríkisstjórn að því er varðar þá starfsemi sem um ræðir.

Skýringar.
Þegar um Evrópubandalögin er að ræða gilda ákvæðin um ríkisstofnanir. Hins vegar er heimilt að setja á stofn svæðisbundnar stofnanir eða samræmismatskerfi innan Evrópubandalaganna, sem myndu í slíkum tilvikum heyra undir ákvæði þessa samnings um svæðisbundnar stofnanir eða samræmismatskerfi.

7. *Stofnun staðbundinna stjórnvalda.*
Stjórnvöld, önnur en ríkisstjórn (t.d. í fylkjum, héruðum, sambandsríkjum, kantónum, sveitarfélögum o.s.frv.), ráðuneyti þeirra eða stjórnardeildir eða stofnanir sem heyra undir slík stjórnvöld að því er varðar þá starfsemi sem um ræðir.
8. *Óopinber stofnun.*
Stofnun sem er hvorki ríkisstofnun né stofnun staðbundinna stjórnvalda, þar á meðal óopinber stofnun sem hefur lagalegar heimildir til að framfylgja tæknilegri reglugerð.

2. VIÐAUKI
HÓPAR TÆKNISÉRFRÆÐINGA

Eftirfarandi reglur gilda um hópa tæknisérfræðinga sem komið er á fót í samræmi við ákvæði 14. gr.
1. Hópar tæknisérfræðinga heyra undir kærunefndina. Kærunefndin ákveður starfsskyldur þeirra og setur þeim nákvæmar starfsreglur og þeir skulu skila áliti til hennar.
2. Hópar tæknisérfræðinga skulu einungis skipaðir einstaklingum með fagþekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.
3. Ríkisborgarar deiluaðila skulu ekki starfa í hópi tæknisérfræðinga án sameiginlegs samþykkis deiluaðila nema kærunefndin álíti, við sérstakar aðstæður, að ekki sé unnt að fullnægja þörfinni fyrir vísindalega sérþekkingu á annan hátt. Embættismenn stjórnvalds sem er deiluaðili skulu ekki starfa í hópi tæknisérfræðinga. Einstaklingar, sem eru í hópi tæknisérfræðinga, skulu starfa þar á einstaklingsgrundvelli en ekki sem fulltrúar stjórnvalda og ekki heldur sem fulltrúar samtaka. Þess vegna skulu stjórnvöld eða samtök ekki gefa þeim fyrirmæli í málum sem eru til umfjöllunar hjá hópi tæknisérfræðinga.

5. *Regional body or system*
Body or system whose membership is open to the relevant bodies of only some of the Members.
6. *Central government body*
Central government, its ministries and departments or any body subject to the control of the central government in respect of the activity in question.

Explanatory note
In the case of the European Communities the provisions governing central government bodies apply. However, regional bodies or conformity assessment systems may be established within the European Communities, and in such cases would be subject to the provisions of this Agreement on regional bodies or conformity assessment systems.
7. *Local government body*
Government other than a central government (e.g. states, provinces, Länder, cantons, municipalities, etc.), its ministries or departments or any body subject to the control of such a government in respect of the activity in question.
8. *Non-governmental body*
Body other than a central government body or a local government body, including a non-governmental body which has legal power to enforce a technical regulation.

ANNEX 2
TECHNICAL EXPERT GROUPS

The following procedures shall apply to technical expert groups established in accordance with the provisions of Article 14.
1. Technical expert groups are under the panel's authority. Their terms of reference and detailed working procedures shall be decided by the panel, and they shall report to the panel.
2. Participation in technical expert groups shall be restricted to persons of professional standing and experience in the field in question.
3. Citizens of parties to the dispute shall not serve on a technical expert group without the joint agreement of the parties to the dispute, except in exceptional circumstances when the panel considers that the need for specialized scientific expertise cannot be fulfilled otherwise. Government officials of parties to the dispute shall not serve on a technical expert group. Members of technical expert groups shall serve in their individual capacities and not as government representatives, nor as representatives of any organization. Governments or organizations shall therefore not give them instructions with regard to matters before a technical expert group.

4. Hópar tæknisérfræðinga geta leitað eftir ráðum og upplýsingum og tæknilegri ráðgjöf hvar sem þeir telja það við eiga. Áður en hópur tæknisérfræðinga leitar eftir slíkum upplýsingum eða ráðgjöf innan lögsögu aðila skal hann tilkynna stjórnvöldum þess aðila um það. Aðilar skulu bregðast þegar í stað við öllum beiðnum hópa tæknisérfræðinga um þær upplýsingar sem hópurinn telur nauðsynlegar og við eiga.

5. Deiluaðilar skulu hafa aðgang að öllum upplýsingum sem berast hópi tæknisérfræðinga og málið varðar, nema um trúnaðarmál sé að ræða. Trúnaðarupplýsingar sem fengnar eru hópi tæknisérfræðinga í hendur skulu ekki látnar öðrum í té nema með formlegu samþykki stjórnvaldsins, samtakanna eða einstaklingsins sem veitti þær. Komi fram beiðni um að hópur tæknisérfræðinga láti slíkar upplýsingar í té, en honum óheimilt að láta þær af hendi, ber stjórnvaldinu, samtökunum eða einstaklingnum sem veitir upplýsingarnar að láta í té samantekt úr þeim sem er ekki trúnaðarmál.
6. Hópur tæknisérfræðinga skal leggja drög að skýrslu fyrir viðkomandi aðila með það fyrir augum að fá athugasemdir frá þeim og skal tekið tillit til þessara athugasemda, eftir því sem við á, í lokaskýrslunni sem skal einnig dreift til viðkomandi aðila þegar hún er lögð fyrir kærunefndina.

4. Technical expert groups may consult and seek information and technical advice from any source they deem appropriate. Before a technical expert group seeks such information or advice from a source within the jurisdiction of a Member, it shall inform the government of that Member. Any Member shall respond promptly and fully to any request by a technical expert group for such information as the technical expert group considers necessary and appropriate.
5. The parties to a dispute shall have access to all relevant information provided to a technical expert group, unless it is of a confidential nature. Confidential information provided to the technical expert group shall not be released without formal authorization from the government, organization or person providing the information. Where such information is requested from the technical expert group but release of such information by the technical expert group is not authorized, a non-confidential summary of the information will be provided by the government, organization or person supplying the information.
6. The technical expert group shall submit a draft report to the Members concerned with a view to obtaining their comments, and taking them into account, as appropriate, in the final report, which shall also be circulated to the Members concerned when it is submitted to the panel.

3. VIÐAUKI
REGLUR UM GÓÐA STARFSHÆTTI VIÐ SAMNINGU, SAMÞYKKT OG BEITINGU STAÐLA

Almenn ákvæði.

A. Skilgreiningarnar í 1. viðauka við þennan samning gilda að því er þessar reglur varðar.
B. Allar staðlastofnanir á yfirráðasvæði aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, hvort sem þær eru ríkisstofnanir, stofnanir staðbundinna stjórnvalda eða óopinberar stofnanir, geta staðfest þessar reglur; einnig allar svæðisbundnar staðlastofnanir á vegum stjórnvalda þar sem einn eða fleiri þátttakendur eru aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni; og allar óopinberar svæðisbundnar staðlastofnanir þar sem einn eða fleiri þátttakendur eru staðsettir á yfirráðasvæði aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (í þessum reglum sameiginlega nefndar „staðlastofnanir“ og hver fyrir sig nefnd „staðlastofnunin“).
C. Staðlastofnanir, sem hafa staðfest þessar reglur eða hverfa frá þeim, skulu tilkynna um það

ANNEX 3
CODE OF GOOD PRACTICE FOR THE PREPARATION, ADOPTION AND APPLICATION OF STANDARDS

General Provisions

A. For the purposes of this Code the definitions in Annex 1 of this Agreement shall apply.
B. This Code is open to acceptance by any standardizing body within the territory of a Member of the WTO, whether a central government body, a local government body, or a non-governmental body; to any governmental regional standardizing body one or more members of which are Members of the WTO; and to any non-governmental regional standardizing body one or more members of which are situated within the territory of a Member of the WTO (referred to in this Code collectively as "standardizing bodies" and individually as "the standardizing body").

C. Standardizing bodies that have accepted or withdrawn from this Code shall notify this fact

til upplýsingamiðstöðvar Alþjóðlegu staðlasamtakanna og Alþjóðaraftækniráðsins í Genf. Í tilkynningunni skal koma fram nafn og heimilisfang viðkomandi stofnunar og umfang yfirstandandi og fyrirhugaðrar stöðlunarstarfsemi hennar. Heimilt er að senda tilkynninguna annaðhvort beint til upplýsingamiðstöðvar Alþjóðlegu staðlasamtakanna og Alþjóðaraftækniráðsins eða með milligöngu innlendrar stofnunar sem á aðild að samtökunum eða ráðinu eða öðru fremur með milligöngu viðkomandi innlends aðila að upplýsingaþjónustu Alþjóðlegu staðlasamtakanna eða alþjóðlegs aðila er tengist henni, eftir því sem við á.

Efnisákvæði.

D. Vörur upprunnar á yfirráðasvæði annarra aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni skulu, með tilliti til staðla, ekki hljóta óhagstæðari meðferð af hálfu staðlastofnunar en samsvarandi vörur af innlendum uppruna og samsvarandi vörur upprunnar í öðrum löndum.

E. Staðlastofnun skal sjá til þess að staðlar séu ekki samdir, samþykktir eða þeim beitt með það í huga eða með þeim afleiðingum að þeir skapi hindranir í alþjóðaviðskiptum að óþörfu.

F. Ef alþjóðlegir staðlar eru fyrir hendi eða setningu þeirra um það bil að ljúka skal staðlastofnun nota þá, eða viðeigandi hluta þeirra, sem grunn að stöðlum sínum nema þessir alþjóðlegu staðlar eða viðeigandi hlutar þeirra yrðu ófullnægjandi eða óviðeigandi, til dæmis vegna ófullnægjandi verndar eða veðurfarslegra eða landfræðilegra þátta sem hafa grundvallarþýðingu eða tæknilegra vandkvæða sem hafa grundvallarþýðingu.

G. Staðlastofnun skal, með það fyrir augum að samhæfa staðla á eins víðtækan hátt og unnt er, taka, með viðeigandi hætti og eftir efnum og ástæðum, fullan þátt í vinnu hlutaðeigandi alþjóðlegra staðlastofnana við samningu alþjóðlegra staðla vegna viðfangsefna sem hún hefur annaðhvort samþykkt eða hyggst samþykkja staðla fyrir. Þegar því verður við komið skal ein sendinefnd, sem er fulltrúi allra staðlastofnana á því yfirráðasvæði sem hefur samþykkt eða hyggst samþykkja staðla vegna þeirra viðfangsefna sem viðkomandi staðlastarf á alþjóðavettvangi tengist, annast tiltekið staðlastarf á alþjóðavettvangi fyrir hönd staðlastofnana á yfirráðasvæði aðila.

H. Staðlastofnun á yfirráðasvæði aðila skal gera allt sem í hennar valdi stendur til að koma í veg

to the ISO/IEC Information Centre in Geneva. The notification shall include the name and address of the body concerned and the scope of its current and expected standardization activities. The notification may be sent either directly to the ISO/IEC Information Centre, or through the national member body of ISO/IEC or, preferably, through the relevant national member or international affiliate of ISONET, as appropriate.

Substantive Provisions

D. In respect of standards, the standardizing body shall accord treatment to products originating in the territory of any other Member of the WTO no less favourable than that accorded to like products of national origin and to like products originating in any other country.

E. The standardizing body shall ensure that standards are not prepared, adopted or applied with a view to, or with the effect of, creating unnecessary obstacles to international trade.

F. Where international standards exist or their completion is imminent, the standardizing body shall use them, or the relevant parts of them, as a basis for the standards it develops, except where such international standards or relevant parts would be ineffective or inappropriate, for instance, because of an insufficient level of protection or fundamental climatic or geographical factors or fundamental technological problems.

G. With a view to harmonizing standards on as wide a basis as possible, the standardizing body shall, in an appropriate way, play a full part, within the limits of its resources, in the preparation by relevant international standardizing bodies of international standards regarding subject matter for which it either has adopted, or expects to adopt, standards. For standardizing bodies within the territory of a Member, participation in a particular international standardization activity shall, whenever possible, take place through one delegation representing all standardizing bodies in the territory that have adopted, or expect to adopt, standards for the subject matter to which the international standardization activity relates.

H. The standardizing body within the territory of a Member shall make every effort to avoid dupli-

fyrir tvíverknað eða skörun við vinnu annarra staðlastofnana á yfirráðasvæði heimalands eða vinnu hlutaðeigandi alþjóðlegra eða svæðisbundinna staðlastofnana. Þær skulu einnig gera allt sem í þeirra valdi stendur til að ná einróma samþykki á innlendum vettvangi um þá staðla sem þær þróa. Á sama hátt skal svæðisbundin staðlastofnun gera allt sem í hennar valdi stendur til að koma í veg fyrir tvíverknað eða skörun við vinnu hlutaðeigandi alþjóðlegra staðlastofnana.

I. Staðlastofnun skal, þar sem við á, tilgreina staðla sem byggðir eru á kröfum sem gerðar eru um virkni vörunnar fremur en um hönnun eða tæknilega eiginleika hennar.

J. Staðlastofnun skal, að minnsta kosti einu sinni á hverjum sex mánuðum, birta vinnuáætlun sem hefur að geyma nafn hennar og heimilisfang, þá staðla sem eru í vinnslu og staðla sem hún hefur samþykkt á undanfarandi tímabili. Staðall er í vinnslu frá þeim tíma sem ákvörðun er tekin um að þróa hann og þar til hann hefur verið samþykktur. Heiti á tilteknum drögum að stöðlum skulu látin í té á ensku, frönsku eða spænsku ef farið er fram á það. Birta skal tilkynningu um fyrirliggjandi vinnuáætlun í innlendu eða, ef þannig háttar til, svæðisbundnu riti um staðlastörf.

Í vinnuáætluninni skal koma fram, í samræmi við reglur upplýsingaþjónustu Alþjóðlegu staðlasamtakanna, flokkun viðvíkjandi viðfangsefni hvers staðals, á hvaða stigi þróun hans er og tilvísun í alþjóðlega staðla sem lagðir eru til grundvallar. Staðlastofnunin skal, eigi síðar en þegar vinnuáætlunin er birt, tilkynna upplýsingamiðstöð Alþjóðlegu staðlasamtakanna og Alþjóðaraftækniráðsins í Genf um hana.

Tilkynningin skal hafa að geyma nafn og heimilisfang staðlastofnunarinnar, heiti og tölublað þess rits sem vinnuáætlunin er birt í, tímabilið sem vinnuáætlunin gildir fyrir, hvað ritið kostar (ef það kostar eitthvað) og hvernig og hvar unnt er að fá það í hendur. Heimilt er að senda vinnuáætlunina beint til upplýsingamiðstöðvar Alþjóðlegu staðlasamtakanna og Alþjóðaraftækniráðsins, eða öðru fremur með milligöngu viðkomandi innlends þátttakanda í upplýsingaþjónustu Alþjóðlegu staðlasamtakanna eða milligöngu alþjóðlegs aðila er tengist henni, eftir því sem við á.

K. Innlendur þátttakandi í Alþjóðlegu staðlasamtökunum og Alþjóðaraftækniráðinu skal gera allt sem í valdi hans stendur til að fá aðild að upplýsingaþjónustu Alþjóðlegu staðlasamtak-

cation of, or overlap with, the work of other standardizing bodies in the national territory or with the work of relevant international or regional standardizing bodies. They shall also make every effort to achieve a national consensus on the standards they develop. Likewise the regional standardizing body shall make every effort to avoid duplication of, or overlap with, the work of relevant international standardizing bodies.

I. Wherever appropriate, the standardizing body shall specify standards based on product requirements in terms of performance rather than design or descriptive characteristics.

J. At least once every six months, the standardizing body shall publish a work programme containing its name and address, the standards it is currently preparing and the standards which it has adopted in the preceding period. A standard is under preparation from the moment a decision has been taken to develop a standard until that standard has been adopted. The titles of specific draft standards shall, upon request, be provided in English, French or Spanish. A notice of the existence of the work programme shall be published in a national or, as the case may be, regional publication of standardization activities.

The work programme shall for each standard indicate, in accordance with any ISONET rules, the classification relevant to the subject matter, the stage attained in the standard's development, and the references of any international standards taken as a basis. No later than at the time of publication of its work programme, the standardizing body shall notify the existence thereof to the ISO/IEC Information Centre in Geneva.

The notification shall contain the name and address of the standardizing body, the name and issue of the publication in which the work programme is published, the period to which the work programme applies, its price (if any), and how and where it can be obtained. The notification may be sent directly to the ISO/IEC Information Centre, or, preferably, through the relevant national member or international affiliate of ISONET, as appropriate.

K. The national member of ISO/IEC shall make every effort to become a member of ISONET or to appoint another body to become a member as well as to acquire the most advanced member-

anna eða tilnefna aðra stofnun til þess og reyna að fá fyllstu aðild sem völ er á að upplýsingaþjónustu Alþjóðlegu staðlasamtakanna. Aðrar staðlastofnanir skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að hafa tengsl við aðilann að upplýsingaþjónustu Alþjóðlegu staðlasamtakanna.

L. Áður en staðall er samþykktur skal staðlastofnunin veita þeim sem eiga hagsmuna að gæta á yfirráðasvæði aðila að samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina að minnsta kosti 60 daga frest til að leggja fram athugasemdir við frumvarp að staðlinum. Samt sem áður er heimilt að stytta þennan frest ef upp kemur vandi sem brýnt er að leysa í öryggis-, heilbrigðis- eða umhverfismálum eða hætta er á slíku. Staðlastofnun skal, eigi síðar en við upphaf frests til að leggja fram athugasemdir, birta tilkynningu um hann í því riti sem um getur í J-lið. Í tilkynningunni skal koma fram, að því marki sem unnt er, hvort frumvarp að staðli víki frá viðkomandi alþjóðlegum stöðlum.

M. Staðlastofnun skal, að beiðni þeirra sem eiga hagsmuna að gæta á yfirráðasvæði aðila að samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina, láta þeim þegar í stað í té eintak af frumvarpi að staðli sem hún hefur lagt fram til umsagnar eða gera ráðstafanir til að það verði gert. Gjald fyrir þessa þjónustu skal vera hið sama fyrir útlenda og innlenda aðila, að sendingarkostnaði undanskildum.

N. Staðlastofnun skal, þegar frekari útfærsla staðalsins fer fram, taka tillit til þeirra athugasemda sem berast á þeim tíma sem gefinn er til þess. Svara skal athugasemdum, sem berast með milligöngu staðlastofnanna sem hafa staðfest þessar reglur um góða starfshætti, eins fljótt og unnt er ef farið er fram á það. Í svarinu skal útskýra hvers vegna víkja þarf frá viðeigandi alþjóðlegum stöðlum.

O. Birta skal staðal þegar í stað eftir að hann hefur verið samþykktur.

P. Staðlastofnun skal, að beiðni þeirra sem eiga hagsmuna að gæta á yfirráðasvæði aðila að samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina, láta þeim þegar í stað í té eintak af nýjustu vinnuáætlun sinni eða staðli sem hún hefur samið eða gera ráðstafanir til að það verði gert. Gjald fyrir þessa þjónustu skal vera hið sama fyrir útlenda og innlenda aðila að sendingarkostnaði undanskildum.

Q. Staðlastofnun skal taka til velviljaðrar athugunar og veita nægileg tækifæri til viðræðna um athugasemdir staðlastofnana, sem hafa staðfest þessar reglur um góða starfshætti, um hvernig

ship type possible for the ISONET member. Other standardizing bodies shall make every effort to associate themselves with the ISONET member.

L. Before adopting a standard, the standardizing body shall allow a period of at least 60 days for the submission of comments on the draft standard by interested parties within the territory of a Member of the WTO. This period may, however, be shortened in cases where urgent problems of safety, health or environment arise or threaten to arise. No later than at the start of the comment period, the standardizing body shall publish a notice announcing the period for commenting in the publication referred to in paragraph J. Such notification shall include, as far as practicable, whether the draft standard deviates from relevant international standards.

M. On the request of any interested party within the territory of a Member of the WTO, the standardizing body shall promptly provide, or arrange to provide, a copy of a draft standard which it has submitted for comments. Any fees charged for this service shall, apart from the real cost of delivery, be the same for foreign and domestic parties.

N. The standardizing body shall take into account, in the further processing of the standard, the comments received during the period for commenting. Comments received through standardizing bodies that have accepted this Code of Good Practice shall, if so requested, be replied to as promptly as possible. The reply shall include an explanation why a deviation from relevant international standards is necessary.

O. Once the standard has been adopted, it shall be promptly published.

P. On the request of any interested party within the territory of a Member of the WTO, the standardizing body shall promptly provide, or arrange to provide, a copy of its most recent work programme or of a standard which it produced. Any fees charged for this service shall, apart from the real cost of delivery, be the same for foreign and domestic parties.

Q. The standardizing body shall afford sympathetic consideration to, and adequate opportunity for, consultation regarding representations with respect to the operation of this Code pre-

þeim skuli beitt. Hún skal leitast við að leysa ágreiningsmál á hlutlægan hátt.

SAMNINGUR UM FJÁRFESTINGARÁÐSTAFANIR Í VIÐSKIPTUM

Aðilar,

sem hafa í huga að í Punta del Este-yfirlýsingunni komu ráðherrar sér saman um að „Í framhaldi af könnun á beitingu ákvæða GATT-samningsins, með tilliti til hindrana og röskunar á viðskiptum sem fjárfestingaráðstafanir hafa í för með sér, beri í viðræðum að semja ný ákvæði, eftir því sem við á, sem kunna að vera nauðsynleg til að koma í veg fyrir slík skaðleg áhrif á viðskipti“,

sem æskja þess að stuðla að auknu frjálsræði í heimsviðskiptum og efla þau og greiða fyrir fjárfestingu yfir landamæri í því augnamiði að auka hagvöxt allra viðskiptaaðila, einkum aðila sem eru þróunarlönd (hér eftir nefnd „þróunaraðildarlönd“), og tryggja um leið frjálsa samkeppni,

sem taka tillit til sérstakra þróunarlegra, viðskiptalegra og fjárhagslegra þarfa þróunaraðildarlanda, einkum þeirra aðildarlanda sem skemmst eru á veg komin í þróun,

sem viðurkenna að tilteknar fjárfestingaráðstafanir geti leitt til hindrana og röskunar á viðskiptum,

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

1. gr.
Gildissvið.

Þessi samningur gildir um fjárfestingaráðstafanir sem tengjast vöruviðskiptum einvörðungu (í þessum samningi nefndar „fjárfestingaráðstafanir í viðskiptum“).

2. gr.
Innlend meðferð og magntakmarkanir.

1. Með fyrirvara um önnur réttindi og skyldur samkvæmt GATT-samningnum frá 1994 skulu aðilar ekki beita fjárfestingaráðstöfunum í viðskiptum sem brjóta í bága við ákvæði III. eða XI. gr. GATT-samningsins frá 1994.

2. Í viðauka við þennan samning er skýringaskrá yfir fjárfestingaráðstafanir í viðskiptum sem brjóta í bága við þá skyldu að veita innlenda meðferð, sem kveðið er á um í 4. mgr. III. gr. GATT-samningsins frá 1994, og skylduna um almennt afnám magntakmarkana sem kveðið er á um í 1. mgr. XI. gr. GATT-samningsins frá 1994.

sented by standardizing bodies that have accepted this Code of Good Practice. It shall make an objective effort to solve any complaints.

AGREEMENT ON TRADE-RELATED INVESTMENT MEASURES

Members,

Considering that Ministers agreed in the Punta del Este Declaration that "Following an examination of the operation of GATT Articles related to the trade-restrictive and distorting effects of investment measures, negotiations should elaborate, as appropriate, further provisions that may be necessary to avoid such adverse effects on trade";

Desiring to promote the expansion and progressive liberalisation of world trade and to facilitate investment across international frontiers so as to increase the economic growth of all trading partners, particularly developing country Members, while ensuring free competition;

Taking into account the particular trade, development and financial needs of developing country Members, particularly those of the least-developed country Members;

Recognizing that certain investment measures can cause trade-restrictive and distorting effects;

Hereby *agree* as follows:

Article 1
Coverage

This Agreement applies to investment measures related to trade in goods only (referred to in this Agreement as "TRIMs").

Article 2
National Treatment and Quantitative Restrictions

1. Without prejudice to other rights and obligations under GATT 1994, no Member shall apply any TRIM that is inconsistent with the provisions of Article III or Article XI of GATT 1994.

2. An illustrative list of TRIMs that are inconsistent with the obligation of national treatment provided for in paragraph 4 of Article III of GATT 1994 and the obligation of general elimination of quantitative restrictions provided for in paragraph 1 of Article XI of GATT 1994 is contained in the Annex to this Agreement.

3. gr.
Undantekningar.

Allar undantekningar samkvæmt GATT-samningnum frá 1994 gilda, eftir því sem við á, um ákvæði þessa samnings.

4. gr.
Þróunaraðildarlönd.

Þróunaraðildarlöndum er frjálst að víkja tímabundið frá ákvæðum 2. gr. að því marki og á þann hátt sem XVIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, samkomulagið um ákvæði um greiðslujöfnuð í GATT-samningnum frá 1994 og yfirlýsingin um ráðstafanir í viðskiptum vegna greiðslujafnaðar, sem samþykkt var 28. nóvember 1979 (BISD 26S/205-209), heimila aðila að víkja frá ákvæðum III. og XI. gr. GATT-samningsins frá 1994.

5. gr.
Tilkynning og aðlögunarfyrirkomulag.

1. Aðilar skulu tilkynna vöruviðskiptaráðinu, innan 90 daga frá gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, um allar fjárfestingaráðstafanir í viðskiptum sem þeir beita en eru ekki í samræmi við ákvæði þessa samnings. Tilkynna skal um slíkar fjárfestingaráðstafanir í viðskiptum, bæði almennar og sértækar, og hverjar þær eru í aðalatriðum.[28]

2. Aðilar skulu afnema allar fjárfestingaráðstafanir í viðskiptum, sem tilkynnt er um samkvæmt ákvæðum 1. mgr., innan tveggja ára frá gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina þegar um er að ræða aðila sem eru iðnríki (hér eftir nefnd „iðnaðaraðildarlönd"), innan fimm ára þegar um er að ræða þróunaraðildarlönd og innan sjö ára þegar um er að ræða aðildarlönd sem eru skemmst á veg komin í þróun.

3. Vöruviðskiptaráðinu er heimilt, ef farið er fram á það, að framlengja aðlögunartímabilið fyrir afnám fjárfestingaráðstafana í viðskiptum, sem tilkynnt hefur verið um samkvæmt ákvæðum 1. mgr., fyrir þróunaraðildarlönd, þar á meðal aðildarlönd sem eru skemmst á veg komin í þróun og geta sýnt fram á að þau eigi í sérstökum erfiðleikum með að koma ákvæðum þessa samnings í framkvæmd. Vöruviðskiptaráðið skal, þegar slík beiðni er tekin til athugunar, taka tillit til sérstakra þarfa viðkomandi aðila á sviði þróunar, fjármála og viðskipta.

4. Á aðlögunartímabilinu skal aðili ekki breyta skilmálum fjárfestingaráðstafana í viðskiptum, sem hann tilkynnir um samkvæmt 1. mgr., frá

Article 3
Exceptions

All exceptions under GATT 1994 shall apply, as appropriate, to the provisions of this Agreement.

Article 4
Developing Country Members

A developing country Member shall be free to deviate temporarily from the provisions of Article 2 to the extent and in such a manner as Article XVIII of GATT 1994, the Understanding on the Balance-of-Payments Provisions of GATT 1994, and the Declaration on Trade Measures Taken for Balance-of-Payments Purposes adopted on 28 November 1979 (BISD 26S/205-209) permit the Member to deviate from the provisions of Articles III and XI of GATT 1994.

Article 5
Notification and Transitional Arrangements

1. Members, within 90 days of the date of entry into force of the WTO Agreement, shall notify the Council for Trade in Goods of all TRIMs they are applying that are not in conformity with the provisions of this Agreement. Such TRIMs of general or specific application shall be notified, along with their principal features.[28]

2. Each Member shall eliminate all TRIMs which are notified under paragraph 1 within two years of the date of entry into force of the WTO Agreement in the case of a developed country Member, within five years in the case of a developing country Member, and within seven years in the case of a least-developed country Member.

3. On request, the Council for Trade in Goods may extend the transition period for the elimination of TRIMs notified under paragraph 1 for a developing country Member, including a least-developed country Member, which demonstrates particular difficulties in implementing the provisions of this Agreement. In considering such a request, the Council for Trade in Goods shall take into account the individual development, financial and trade needs of the Member in question.

4. During the transition period, a Member shall not modify the terms of any TRIM which it notifies under paragraph 1 from those prevailing at

því sem þeir almennt voru á gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina á þann hátt að ósamræmi við ákvæði 2. gr. aukist. Aðlögunarfyrirkomulagið, sem kveðið er á um í 2. mgr., gildir ekki um fjárfestingaráðstafanir í viðskiptum sem gerðar eru 180 dögum fyrir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina eða síðar.

5. Til að skaða ekki fyrirtæki sem fyrir eru og falla undir fjárfestingaráðstöfun í viðskiptum, sem tilkynnt er um samkvæmt ákvæðum 1. mgr., er aðila heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að beita sömu fjárfestingaráðstöfun á aðlögunartímabilinu gagnvart nýrri fjárfestingu, i) þegar vörur fram komnar vegna slíkrar fjárfestingar eru samsvarandi vörum fyrirtækja sem fyrir eru og, ii) þegar nauðsynlegt er til að forðast röskun á samkeppnisskilyrðum milli nýrrar fjárfestingar og fyrirtækja sem fyrir eru. Tilkynna ber vöruviðskiptaráðinu um allar fjárfestingaráðstafanir í viðskiptum sem beitt er með þessum hætti gagnvart nýrri fjárfestingu. Skilmálar slíkra fjárfestingaráðstafana í viðskiptum skulu með tilliti til samkeppni, vera jafngildir þeim sem gilda fyrir fyrirtæki sem fyrir eru og þeim skal lokið á sama tíma.

the date of entry into force of the WTO Agreement so as to increase the degree of inconsistency with the provisions of Article 2. TRIMs introduced less than 180 days before the date of entry into force of the WTO Agreement shall not benefit from the transitional arrangements provided in paragraph 2.

5. Notwithstanding the provisions of Article 2, a Member, in order not to disadvantage established enterprises which are subject to a TRIM notified under paragraph 1, may apply during the transition period the same TRIM to a new investment (*i*) where the products of such investment are like products to those of the established enterprises, and (*ii*) where necessary to avoid distorting the conditions of competition between the new investment and the established enterprises. Any TRIM so applied to a new investment shall be notified to the Council for Trade in Goods. The terms of such a TRIM shall be equivalent in their competitive effect to those applicable to the established enterprises, and it shall be terminated at the same time.

6. gr.

Gagnsæi.

1. Aðilar árétta, með tilliti til fjárfestingaráðstafana í viðskiptum, að þeir muni rækja skyldur sínar varðandi gagnsæi og tilkynningar sem um getur í X. gr. GATT-samningsins frá 1994, í skuldbindingu varðandi „tilkynningar“, sem um getur í samkomulaginu um tilkynningar, viðræður, lausn deilumála og eftirlit, sem samþykkt var 28. nóvember 1979 og í ráðherraákvörðuninni um málsmeðferð við tilkynningar sem samþykkt var 15. apríl 1994.

2. Aðilar skulu tilkynna aðalskrifstofunni um rit þar sem fjallað er um fjárfestingaráðstafanir í viðskiptum, meðal annars þau sem svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld á yfirráðasvæðum þeirra nota.

3. Aðilar skulu fjalla um beiðnir um upplýsingar með velvilja og veita nægileg tækifæri til viðræðna um þau mál sem annar aðili ber upp í tengslum við ákvæði þessa samnings. Ákvæði X. gr. GATT-samningsins frá 1994 leggja engum aðila þær skyldur á herðar að láta af hendi upplýsingar sem eru trúnaðarmál ef slíkt hindraði framkvæmd laga eða væri á annan hátt andstætt hagsmunum almennings eða skaðaði lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja, í eigu hins opinbera eða í einkaeign.

Article 6

Transparency

1. Members reaffirm, with respect to TRIMs, their commitment to obligations on transparency and notification in Article X of GATT 1994, in the undertaking on "Notification" contained in the Understanding Regarding Notification, Consultation, Dispute Settlement and Surveillance adopted on 28 November 1979 and in the Ministerial Decision on Notification Procedures adopted on 15 April 1994.

2. Each Member shall notify the Secretariat of the publications in which TRIMs may be found, including those applied by regional and local governments and authorities within their territories.

3. Each Member shall accord sympathetic consideration to requests for information, and afford adequate opportunity for consultation, on any matter arising from this Agreement raised by another Member. In conformity with Article X of GATT 1994 no Member is required to disclose information the disclosure of which would impede law enforcement or otherwise be contrary to the public interest or would prejudice the legitimate commercial interests of particular enterprises, public or private.

7. gr.
Nefnd um fjárfestingaráðstafanir í viðskiptum.

1. Hér með er komið á fót nefnd um fjárfestingaráðstafanir í viðskiptum (í þessum samningi kölluð „nefndin“) og er öllum aðilum heimil seta í henni. Nefndin kýs sér formann og varaformann og kemur saman að minnsta kosti einu sinni á ári og þar fyrir utan að beiðni aðila.

2. Nefndin sinnir þeim skyldustörfum sem vöruviðskiptaráðið felur henni og veitir aðilum tækifæri til að eiga viðræður um málefni sem varða beitingu og framkvæmd þessa samnings.

3. Nefndin skal fylgjast með rekstri og framkvæmd þessa samnings og gefa vöruviðskiptaráðinu árlega skýrslu um niðurstöður sínar þar að lútandi.

8. gr.
Viðræður og lausn deilumála.

Ákvæði XXII. og XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, eins og þau eru útfærð og þeim beitt í samkomulaginu um lausn deilumála, skulu gilda um viðræður og lausn deilumála að því er varðar þennan samning.

9. gr.
Endurskoðun vöruviðskiptaráðsins.

Vöruviðskiptaráðið skal, eigi síðar en fimm árum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, endurskoða framkvæmd þessa samnings og leggja, eftir því sem við á, tillögur um breytingar á texta hans fyrir ráðherrastefnuna. Vöruviðskiptaráðið skal við fyrrnefnda endurskoðun taka til athugunar hvort bæta eigi við samninginn ákvæðum um stefnu í fjárfestingar- og samkeppnismálum.

VIÐAUKI
Skýringaskrá.

1. Til fjárfestingaráðstafana í viðskiptum, sem eru í ósamræmi við þá skyldu að veita innlenda meðferð sem kveðið er á um í 4. mgr. III. gr. GATT-samningsins frá 1994, teljast þær ráðstafanir sem eru skyldubundnar eða aðfararhæfar samkvæmt landslögum eða stjórnsýsluúrskurði eða sem nauðsynlegt er að hlíta til að ná fram hagræði og hafa í för með sér að:

a) fyrirtæki verður að kaupa eða nota vörur af innlendum uppruna eða af innlendum toga, hvort heldur þær eru tilgreindar sem

Article 7
Committee on Trade-Related Investment Measures

1. A Committee on Trade-Related Investment Measures (referred to in this Agreement as the "Committee") is hereby established, and shall be open to all Members. The Committee shall elect its own Chairman and Vice-Chairman, and shall meet not less than once a year and otherwise at the request of any Member.
2. The Committee shall carry out responsibilities assigned to it by the Council for Trade in Goods and shall afford Members the opportunity to consult on any matters relating to the operation and implementation of this Agreement.
3. The Committee shall monitor the operation and implementation of this Agreement and shall report thereon annually to the Council for Trade in Goods.

Article 8
Consultation and Dispute Settlement

The provisions of Articles XXII and XXIII of GATT 1994, as elaborated and applied by the Dispute Settlement Understanding, shall apply to consultations and the settlement of disputes under this Agreement.

Article 9
Review by the Council for Trade in Goods

Not later than five years after the date of entry into force of the WTO Agreement, the Council for Trade in Goods shall review the operation of this Agreement and, as appropriate, propose to the Ministerial Conference amendments to its text. In the course of this review, the Council for Trade in Goods shall consider whether the Agreement should be complemented with provisions on investment policy and competition policy.

ANNEX
ILLUSTRATIVE LIST

1. TRIMs that are inconsistent with the obligation of national treatment provided for in paragraph 4 of Article III of GATT 1994 include those which are mandatory or enforceable under domestic law or under administrative rulings, or compliance with which is necessary to obtain an advantage, and which require:

(a) the purchase or use by an enterprise of products of domestic origin or from any domestic source, whether specified in

tilteknar vörur, sem magn eða verðgildi vara eða sem hlutfall af magni eða verðgildi staðbundinnar framleiðslu þess; eða

b) kaup eða notkun fyrirtækis á innfluttum vörum takmarkast við fjárhæð sem samsvarar því magni eða verðgildi staðbundinnar framleiðsluvöru sem það flytur út.

2. Til fjárfestingaráðstafana í viðskiptum, sem eru í ósamræmi við skylduna um almennt afnám magntakmarkana, sem kveðið er á um í 1. mgr. XI. gr. GATT-samningsins frá 1994, teljast þær ráðstafanir sem eru skyldubundnar eða aðfararhæfar samkvæmt landslögum eða stjórnsýsluúrskurði eða sem nauðsynlegt er að hlíta til að ná fram hagræði og takmarka:

a) innflutning fyrirtækis á vörum sem eru notaðar í eða tengjast staðbundinni framleiðslu þess almennt eða við fjárhæð er samsvarar því magni eða verðgildi staðbundinnar framleiðsluvöru sem það flytur út;

b) innflutning fyrirtækis á vörum sem eru notaðar í eða tengjast staðbundinni framleiðslu þess með því að takmarka aðgang þess að erlendum gjaldeyri við fjárhæð samsvarandi innstreymi erlends gjaldeyris sem unnt er að rekja til fyrirtækisins; eða

c) útflutning fyrirtækis eða sölu vegna útflutnings á vörum, hvort heldur þær eru tilgreindar sem tilteknar vörur, sem magn eða verðgildi vara eða sem hlutfall af magni eða verðgildi staðbundinnar framleiðslu þess.

terms of particular products, in terms of volume or value of products, or in terms of a proportion of volume or value of its local production; or

(b) that an enterprise's purchases or use of imported products be limited to an amount related to the volume or value of local products that it exports.

2. TRIMs that are inconsistent with the obligation of general elimination of quantitative restrictions provided for in paragraph 1 of Article XI of GATT 1994 include those which are mandatory or enforceable under domestic law or under administrative rulings, or compliance with which is necessary to obtain an advantage, and which restrict:

(a) the importation by an enterprise of products used in or related to its local production, generally or to an amount related to the volume or value of local production that it exports;

(b) the importation by an enterprise of products used in or related to its local production by restricting its access to foreign exchange to an amount related to the foreign exchange inflows attributable to the enterprise; or

(c) the exportation or sale for export by an enterprise of products, whether specified in terms of particular products, in terms of volume or value of products, or in terms of a proportion of volume or value of its local production.

SAMNINGUR UM FRAMKVÆMD VI. GR. HINS ALMENNA SAMNINGS UM TOLLA OG VIÐSKIPTI FRÁ 1994

Aðilar koma sér hér með saman um eftirfarandi:

I. HLUTI

1. gr.

Meginreglur.

Ekki skal beita ráðstöfunum gegn undirboði nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samkvæmt rannsóknum sem eru hafnar[29] og framkvæmdar í samræmi við ákvæði þessa samnings. Eftirfarandi ákvæði gilda um beitingu VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 að því marki sem gripið er til aðgerða samkvæmt lögum og reglum um undirboð.

2. gr.

Ákvörðun þess hvort um undirboð er að ræða.

14.1 Yfirvöld þriðja lands sem fer fram á aðgerðir gegn undirboði skulu leggja fram umsókn um aðgerðirnar fyrir hönd þess.

14.2 Slík umsókn skal rökstudd með upplýsingum um verð, sem sýna að innfluttu vörurnar eru boðnar fram með undirboðskjörum, ásamt ítarlegum upplýsingum sem sýna að hið meinta undirboð skaðar viðkomandi innlenda atvinnu-

otherwise make available through a separate report, all relevant information on the matters of fact and law and reasons which have led to the imposition of final measures or the acceptance of a price undertaking, due regard being paid to the requirement for the protection of confidential information. In particular, the notice or report shall contain the information described in subparagraph 2.1, as well as the reasons for the acceptance or rejection of relevant arguments or claims made by the exporters and importers, and the basis for any decision made under subparagraph 10.2 of Article 6.

12.2.3 A public notice of the termination or suspension of an investigation following the acceptance of an undertaking pursuant to Article 8 shall include, or otherwise make available through a separate report, the non-confidential part of this undertaking.

12.3 The provisions of this Article shall apply *mutatis mutandis* to the initiation and completion of reviews pursuant to Article 11 and to decisions under Article 10 to apply duties retroactively.

Article 13
Judicial Review

Each Member whose national legislation contains provisions on anti-dumping measures shall maintain judicial, arbitral or administrative tribunals or procedures for the purpose, *inter alia*, of the prompt review of administrative actions relating to final determinations and reviews of determinations within the meaning of Article 11. Such tribunals or procedures shall be independent of the authorities responsible for the determination or review in question.

Article 14
Anti-Dumping Action on Behalf of a Third Country

14.1 An application for anti-dumping action on behalf of a third country shall be made by the authorities of the third country requesting action.

14.2 Such an application shall be supported by price information to show that the imports are being dumped and by detailed information to show that the alleged dumping is causing injury to the domestic industry concerned in the third

grein í þriðja landi. Ríkisstjórn þriðja landsins skal veita yfirvöldum innflutningslandsins alla nauðsynlega aðstoð við að afla frekari upplýsinga sem það síðarnefnda kann að óska eftir.

14.3 Þegar yfirvöld innflutningslandsins taka slíka umsókn til athugunar skulu þau taka tillit til heildaráhrifa hins meinta undirboðs á viðkomandi atvinnugrein í þriðja landi; sem þýðir að hvorki skal meta skaðann eingöngu í sambandi við áhrif hins meinta undirboðs á útflutning atvinnugreinarinnar til innflutningslandsins né á heildarútflutning í þessari atvinnugrein.

14.4 Innflutningslandið ákveður hvort málinu skuli haldið áfram. Ákveði innflutningslandið að það sé reiðubúið að grípa til aðgerða er það hlutverk þess að leita til vöruviðskiptaráðs um samþykki fyrir aðgerðunum.

15. gr.

Aðilar sem eru þróunarlönd.

Viðurkennt er að aðilar sem eru iðnríki (hér eftir nefndir „iðnaðaraðildarlönd“) verða að taka sérstakt tillit til sérstakra aðstæðna aðila sem eru þróunarlönd (hér eftir nefndir „þróunaraðildarlönd“) þegar þau íhuga hvort beita skuli ráðstöfunum gegn undirboði samkvæmt þessum samningi. Kanna skal möguleika á úrræðum til bóta, sem kveðið er á um í þessum samningi, áður en lagðir eru á undirboðstollar sem hafa áhrif á grundvallarhagsmuni þróunaraðildarlanda.

II. HLUTI

16. gr.

Nefnd um aðgerðir gegn undirboði.

16.1 Hér með er komið á fót nefnd um aðgerðir gegn undirboði (í þessum samningi kölluð „nefndin“) sem skipuð er fulltrúum allra aðila. Nefndin kýs sér formann og kemur saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári og að öðru leyti að beiðni aðila eins og viðkomandi ákvæði þessa samnings segja til um. Nefndin skal gegna þeim skyldustörfum sem henni eru falin samkvæmt þessum samningi eða aðilar fela henni og skal hún veita aðilum tækifæri til viðræðna í málum er varða framkvæmd samningsins eða framgang markmiða hans. Aðalskrifstofa Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar gegnir hlutverki aðalskrifstofu nefndarinnar.

16.2 Nefndinni er heimilt að koma á fót undirnefndum eftir því sem við á.

country. The government of the third country shall afford all assistance to the authorities of the importing country to obtain any further information which the latter may require.

14.3 In considering such an application, the authorities of the importing country shall consider the effects of the alleged dumping on the industry concerned as a whole in the third country; that is to say, the injury shall not be assessed in relation only to the effect of the alleged dumping on the industry's exports to the importing country or even on the industry's total exports.

14.4 The decision whether or not to proceed with a case shall rest with the importing country. If the importing country decides that it is prepared to take action, the initiation of the approach to the Council for Trade in Goods seeking its approval for such action shall rest with the importing country.

Article 15

Developing Country Members

It is recognized that special regard must be given by developed country Members to the special situation of developing country Members when considering the application of anti-dumping measures under this Agreement. Possibilities of constructive remedies provided for by this Agreement shall be explored before applying anti-dumping duties where they would affect the essential interests of developing country Members.

PART II

Article 16

Committee on Anti-Dumping Practices

16.1 There is hereby established a Committee on Anti-Dumping Practices (referred to in this Agreement as the "Committee") composed of representatives from each of the Members. The Committee shall elect its own Chairman and shall meet not less than twice a year and otherwise as envisaged by relevant provisions of this Agreement at the request of any Member. The Committee shall carry out responsibilities as assigned to it under this Agreement or by the Members and it shall afford Members the opportunity of consulting on any matters relating to the operation of the Agreement or the furtherance of its objectives. The WTO Secretariat shall act as the secretariat to the Committee.

16.2 The Committee may set up subsidiary bodies as appropriate.

16.3 Nefndinni og undirnefndum er heimilt við skyldustörf sín að leita eftir ráðgjöf og upplýsingum í hverjum þeim heimildum sem þykja heppilegar. Nefnd eða undirnefnd skal þó láta hlutaðeigandi aðila vita áður en hún leitar eftir upplýsingum í heimildum innan lögsögu hans. Hún skal fá samþykki aðilans og allra fyrirtækja sem hún hyggst ráðfæra sig við.

16.4 Aðilar skulu án tafar gefa nefndinni skýrslu um allar bráðabirgðaaðgerðir og endanlegar aðgerðir gegn undirboðum. Aðrir aðilar skulu hafa aðgang að slíkum skýrslum á aðalskrifstofunni. Aðilar skulu einnig, tvisvar á ári, leggja fram skýrslur um allar aðgerðir sem gripið hefur verið til gegn undirboði á undanfarandi sex mánuðum. Þær skýrslur skulu lagðar fram á samþykktum, stöðluðum eyðublöðum.
16.5 Sérhver aðili skal veita nefndinni upplýsingar um *a)* hvaða yfirvöld eru til þess bær að hefja og halda fram rannsóknum sem um getur í 5. gr. og *b)* innlenda málsmeðferð sem er beitt þegar slíkar rannsóknir eru hafnar og þeim haldið fram.

16.3 In carrying out their functions, the Committee and any subsidiary bodies may consult with and seek information from any source they deem appropriate. However, before the Committee or a subsidiary body seeks such information from a source within the jurisdiction of a Member, it shall inform the Member involved. It shall obtain the consent of the Member and any firm to be consulted.
16.4 Members shall report without delay to the Committee all preliminary or final anti-dumping actions taken. Such reports shall be available in the Secretariat for inspection by other Members. Members shall also submit, on a semi-annual basis, reports of any anti-dumping actions taken within the preceding six months. The semi-annual reports shall be submitted on an agreed standard form.
16.5 Each Member shall notify the Committee *(a)* which of its authorities are competent to initiate and conduct investigations referred to in Article 5 and *(b)* its domestic procedures governing the initiation and conduct of such investigations.

17. gr.

Viðræður og lausn deilumála.

17.1 Sé ekki kveðið á um annað í þessum samningi gildir samkomulagið um lausn deilumála um viðræður og lausn að því er varðar þennan samning.
17.2. Sérhver aðili skal fjalla með velvilja, og veita nægileg tækifæri til viðræðna, um málflutning annars aðila vegna málefna sem hafa áhrif á framkvæmd þessa samnings.

17.3 Telji aðili að annar aðili eða aðilar hafi gert að engu eða skert ávinning sem hann hefur, beint eða óbeint, samkvæmt þessum samningi eða hindrað að einhver af markmiðum samningsins náist er honum heimilt að leggja fram skriflega beiðni um viðræður við umræddan eða umrædda aðila með það fyrir augum að finna lausn sem allir málsaðilar geta sætt sig við. Sérhver aðili skal fjalla með velvilja um beiðni annarra aðila um viðræður.

17.4 Telji aðilinn, sem óskaði eftir viðræðum, að ekki hafi tekist með viðræðum skv. 3. mgr. að finna lausn sem samkomulag er um og hafi hlutaðeigandi yfirvöld innflutningsaðilans gripið til lokaaðgerða með álagningu endanlegra undirboðstolla eða staðfest verðskuldbindingar er aðilanum heimilt að vísa málinu til nefndarinn-

Article 17

Consultation and Dispute Settlement

17.1 Except as otherwise provided herein, the Dispute Settlement Understanding is applicable to consultations and the settlement of disputes under this Agreement.
17.2 Each Member shall afford sympathetic consideration to, and shall afford adequate opportunity for consultation regarding, representations made by another Member with respect to any matter affecting the operation of this Agreement.
17.3 If any Member considers that any benefit accruing to it, directly or indirectly, under this Agreement is being nullified or impaired, or that the achievement of any objective is being impeded, by another Member or Members, it may, with a view to reaching a mutually satisfactory resolution of the matter, request in writing consultations with the Member or Members in question. Each Member shall afford sympathetic consideration to any request from another Member for consultation.
17.4 If the Member that requested consultations considers that the consultations pursuant to paragraph 3 have failed to achieve a mutually agreed solution, and if final action has been taken by the administering authorities of the importing Member to levy definitive anti-dumping duties or to accept price undertakings, it may refer the

ar um lausn deilumála (deilumálanefndarinnar). Hafi bráðabirgðaráðstafanir veruleg áhrif og telji aðilinn sem óskaði eftir viðræðum að ráðstafanirnar sem gerðar voru brjóti í bága við ákvæði 1. mgr. 7. gr. er þeim aðila einnig heimilt að vísa því máli til deilumálanefndarinnar.

17.5 Deilumálanefndin skal, að beiðni kæranda, koma á fót kærunefnd til að kanna málið á grundvelli:

i) skriflegrar yfirlýsingar aðilans sem leggur fram beiðnina þar sem tilgreint er hvernig beinn eða óbeinn ávinningur hans samkvæmt þessum samningi hefur verið gerður að engu eða skertur eða hvernig það hefur verið hindrað að markmið samningsins náist, og

ii) staðreynda sem yfirvöld innflutningsaðilans fá upplýsingar um í samræmi við viðeigandi innlendar reglur.

17.6 Þegar kærunefndin kannar málið sem um getur í 5. mgr. skal hún:

i) við mat á staðreyndum málsins, ákvarða hvort yfirvöld hafa farið rétt með þær og vegið og metið þær á óvilhallan og hlutlægan hátt. Hafi meðferð yfirvalda verið rétt og mat þeirra óvilhallt og hlutlaust skal matinu ekki hnekkt þótt kærunefndin hefði getað komist að annarri niðurstöðu;

ii) túlka viðeigandi ákvæði samningsins í samræmi við almennar reglur um túlkun þjóðarréttar. Komist kærunefndin að þeirri niðurstöðu að unnt sé að túlka viðeigandi ákvæði samningsins á fleiri en einn veg skal hún úrskurða að ráðstafanir yfirvalda séu í samræmi við samninginn ef þær byggjast á einni þessara hugsanlegu túlkana.

17.7 Ekki skal afhenda upplýsingar sem kærunefnd eru veittar sem trúnaðarmál án formlegrar heimildar frá þeim einstaklingi, stofnun eða yfirvaldi sem þær veitir. Sé kærunefnd beðin um þess konar upplýsingar en hefur ekki heimild til að láta þær af hendi skal samantekt á þeim, sem er ekki trúnaðarmál, látin í té með leyfi þess einstaklings, stofnunar eða yfirvalds sem upplýsingarnar veitir.

matter to the Dispute Settlement Body ("DSB"). When a provisional measure has a significant impact and the Member that requested consultations considers that the measure was taken contrary to the provisions of paragraph 1 of Article 7, that Member may also refer such matter to the DSB.

17.5 The DSB shall, at the request of the complaining party, establish a panel to examine the matter based upon:

(i) a written statement of the Member making the request indicating how a benefit accruing to it, directly or indirectly, under this Agreement has been nullified or impaired, or that the achieving of the objectives of the Agreement is being impeded, and

(ii) the facts made available in conformity with appropriate domestic procedures to the authorities of the importing Member.

17.6 In examining the matter referred to in paragraph 5:

(i) in its assessment of the facts of the matter, the panel shall determine whether the authorities' establishment of the facts was proper and whether their evaluation of those facts was unbiased and objective. If the establishment of the facts was proper and the evaluation was unbiased and objective, even though the panel might have reached a different conclusion, the evaluation shall not be overturned;

(ii) the panel shall interpret the relevant provisions of the Agreement in accordance with customary rules of interpretation of public international law. Where the panel finds that a relevant provision of the Agreement admits of more than one permissible interpretation, the panel shall find the authorities' measure to be in conformity with the Agreement if it rests upon one of those permissible interpretations.

17.7 Confidential information provided to the panel shall not be disclosed without formal authorization from the person, body or authority providing such information. Where such information is requested from the panel but release of such information by the panel is not authorized, a non-confidential summary of the information, authorized by the person, body or authority providing the information, shall be provided.

III. HLUTI

18. gr.

Lokaákvæði.

18.1 Ekki er unnt að grípa til sérstakra aðgerða gegn undirboðsvörum sem fluttar eru út frá öðrum aðila nema það sé gert í samræmi við ákvæði GATT-samningsins frá 1994, eins og þau eru túlkuð í þessum samningi.[52]

18.2 Ekki er heimilt að setja fyrirvara við ákvæði þessa samnings án samþykkis hinna aðilanna.

18.3 Með fyrirvara um undirliði 3.1 og 3.2 skulu ákvæði þessa samnings gilda um rannsóknir og endurskoðun gildandi ráðstafana sem eru hafnar samkvæmt umsóknum sem eru lagðar fram sama dag og samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnun öðlast gildi að því er aðila varðar eða síðar.

18.3.1 Við útreikning á umboðsfrávikum vegna endurgreiðslna skv. 3. mgr. 9. gr. gilda þær reglur sem notaðar voru þegar undirboð var síðast ákvarðað eða endurskoðað.

18.3.2 Að því er 3. mgr. 11. gr. varðar skulu gildandi ráðstafanir gegn undirboði teljast hafnar eigi síðar en daginn sem samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnun öðlast gildi að því er aðila varðar, nema sams konar ákvæði og er að finna í þeirri málsgrein séu þegar í gildandi innlendum lögum aðila á þeim degi.

18.4 Sérhver aðili skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, almenns eða sérstaks eðlis, til að tryggja, eigi síðar en daginn sem samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnun öðlast gildi að því er hann varðar, að lög hans, reglur og stjórnsýslumeðferð séu í samræmi við ákvæði þessa samnings eins og þeim er beitt gagnvart hlutaðeigandi aðila.

18.5 Sérhver aðili skal tilkynna nefndinni um allar breytingar á lögum sínum og reglum sem varða þennan samning og á framkvæmd slíkra laga og reglna.

18.6 Nefndin skal endurskoða framkvæmd og rekstur þessa samnings ár hvert með tilliti til markmiða hans. Nefndin skal tilkynna vöruviðskiptaráðinu árlega um þá þróun sem orðið hefur á því tímabili sem endurskoðunin náði til.

18.7 Viðaukarnir við þennan samning eru óaðskiljanlegur hluti hans.

PART III

Article 18

Final Provisions

18.1 No specific action against dumping of exports from another Member can be taken except in accordance with the provisions of GATT 1994, as interpreted by this Agreement.[52]

18.2 Reservations may not be entered in respect of any of the provisions of this Agreement without the consent of the other Members.

18.3 Subject to subparagraphs 3.1 and 3.2, the provisions of this Agreement shall apply to investigations, and reviews of existing measures, initiated pursuant to applications which have been made on or after the date of entry into force for a Member of the WTO Agreement.

18.3.1 With respect to the calculation of margins of dumping in refund procedures under paragraph 3 of Article 9, the rules used in the most recent determination or review of dumping shall apply.

18.3.2 For the purposes of paragraph 3 of Article 11, existing anti-dumping measures shall be deemed to be imposed on a date not later than the date of entry into force for a Member of the WTO Agreement, except in cases in which the domestic legislation of a Member in force on that date already included a clause of the type provided for in that paragraph.

18.4 Each Member shall take all necessary steps, of a general or particular character, to ensure, not later than the date of entry into force of the WTO Agreement for it, the conformity of its laws, regulations and administrative procedures with the provisions of this Agreement as they may apply for the Member in question.

18.5 Each Member shall inform the Committee of any changes in its laws and regulations relevant to this Agreement and in the administration of such laws and regulations.

18.6 The Committee shall review annually the implementation and operation of this Agreement taking into account the objectives thereof. The Committee shall inform annually the Council for Trade in Goods of developments during the period covered by such reviews.

18.7 The Annexes to this Agreement constitute an integral part thereof.

I. VIÐAUKI
MÁLSMEÐFERÐ VIÐ VETTVANGSRANNSÓKN SAMKVÆMT 7. MGR. 6. GR.

1. Við upphaf rannsóknar skulu yfirvöld útflutningsaðilans og fyrirtæki, sem vitað er að málið varðar, látin vita ef fyrirhugað er að láta fara fram vettvangsrannsóknir.

2. Ef fyrirhugað er, við sérstakar aðstæður, að sérfræðingar, sem eru ekki í þjónustu hins opinbera, taki þátt í rannsóknarhópnum skulu fyrirtæki og yfirvöld útflutningsaðilans látin vita um það. Ströng viðurlög skulu liggja við því ef slíkir sérfræðingar virða ekki kröfuna um þagnarskyldu.

3. Það ætti að vera föst venja að fá fullgilt samþykki viðkomandi fyrirtækja hjá útflutningsaðila áður en vitjunardagur er ákveðinn.
4. Strax og samþykki viðkomandi fyrirtækja er fengið skulu rannsóknaryfirvöld tilkynna yfirvöldum útflutningsaðilans um nöfn og heimilisföng fyrirtækjanna sem verður vitjað og hvaða dag það verður.
5. Fyrirtækin sem eiga í hlut skulu látin vita um vitjunina með góðum fyrirvara.
6. Vitjanir til að útskýra spurningalista skulu aðeins gerðar að beiðni útflutningsfyrirtækis. Slík vitjun er aðeins heimil ef *a)* yfirvöld innflutningsaðilans tilkynna það fulltrúum stjórnvalda viðkomandi aðila og *b)* sá síðarnefndi er ekki mótfallinn vitjuninni.
7. Þar sem megintilgangur vettvangsrannsóknar er að sannreyna upplýsingar sem hafa verið veittar, eða afla frekari upplýsinga, skal hún fara fram eftir að svar hefur borist við spurningalistanum nema fyrirtækið samþykki hið gagnstæða og ef rannsóknaryfirvöld upplýsa stjórnvöld útflutningsaðilans um væntanlega vitjun og þau eru henni ekki mótfallin; enn fremur ætti að vera föst venja við vitjun að veita viðkomandi fyrirtæki vitneskju almenns eðlis um upplýsingarnar sem á að sannreyna og allar frekari upplýsingar sem þarf að útvega, en þetta skal þó ekki koma í veg fyrir að frekari spurningar verði lagðar fyrir á staðnum í ljósi fenginna upplýsinga.

8. Þegar unnt er skal svara fyrirspurnum eða spurningum, sem yfirvöld eða fyrirtæki útflutningsaðilans bera fram og eru nauðsynlegar til að vettvangsrannsókn heppnist vel, áður en farið er í vitjun.

ANNEX I
PROCEDURES FOR ON-THE-SPOT INVESTIGATIONS PURSUANT TO PARAGRAPH 7 OF ARTICLE 6

1. Upon initiation of an investigation, the authorities of the exporting Member and the firms known to be concerned should be informed of the intention to carry out on-the-spot investigations.
2. If in exceptional circumstances it is intended to include non-governmental experts in the investigating team, the firms and the authorities of the exporting Member should be so informed. Such non-governmental experts should be subject to effective sanctions for breach of confidentiality requirements.
3. It should be standard practice to obtain explicit agreement of the firms concerned in the exporting Member before the visit is finally scheduled.
4. As soon as the agreement of the firms concerned has been obtained, the investigating authorities should notify the authorities of the exporting Member of the names and addresses of the firms to be visited and the dates agreed.
5. Sufficient advance notice should be given to the firms in question before the visit is made.
6. Visits to explain the questionnaire should only be made at the request of an exporting firm. Such a visit may only be made if *(a)* the authorities of the importing Member notify the representatives of the Member in question and *(b)* the latter do not object to the visit.
7. As the main purpose of the on-the-spot investigation is to verify information provided or to obtain further details, it should be carried out after the response to the questionnaire has been received unless the firm agrees to the contrary and the government of the exporting Member is informed by the investigating authorities of the anticipated visit and does not object to it; further, it should be standard practice prior to the visit to advise the firms concerned of the general nature of the information to be verified and of any further information which needs to be provided, though this should not preclude requests to be made on the spot for further details to be provided in the light of information obtained.
8. Enquiries or questions put by the authorities or firms of the exporting Members and essential to a successful on-the-spot investigation should, whenever possible, be answered before the visit is made.

II. VIÐAUKI
BESTU FYRIRLIGGJANDI UPPLÝSINGAR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR 8. MGR. 6. GR.

1. Eins fljótt og unnt er eftir að rannsókn er hafin skulu rannsóknaryfirvöld tilgreina nákvæmlega hvaða upplýsingar hver málsaðili, sem á hagsmuna að gæta, skuli leggja fram og á hvaða hátt hagsmunaaðilar skuli setja upplýsingarnar fram í svari sínu. Yfirvöld skulu einnig sjá til þess að málsaðilar geri sér ljóst að yfirvöldum er frjálst að taka ákvarðanir á grundvelli þeirra staðreynda sem kunnar eru ef upplýsingarnar eru ekki veittar innan eðlilegra tímamarka, þar með taldar þær upplýsingar sem koma fram í umsókn innlendu atvinnugreinarinnar um að hefja rannsókn.
2. Yfirvöld geta einnig óskað eftir því að málsaðili, sem á hagsmuna að gæta, láti svar sitt í té á tilteknum geymslumiðli (t.d. segulbandi fyrir tölvur) eða á tilteknu forritunarmáli. Þegar farið er fram á slíkt skulu yfirvöld meta hvort málsaðili, sem á hagsmuna að gæta, eigi auðvelt með að senda svar á þeim geymslumiðli eða á því forritunarmáli og ekki skal biðja málsaðila, sem á hagsmuna að gæta, að senda svar á öðru tölvukerfi en hann hefur til umráða. Yfirvöld skulu ekki halda fast við beiðni um svar í tölvutæku formi ef málsaðili, sem á hagsmuna að gæta, hefur ekki tölvufært bókhald og það yrði ósanngjarnt aukaálag á málsaðilann að svara á umbeðinn hátt, t.d. ef það myndi hafa í för með sér viðbótarkostnað og fyrirhöfn. Yfirvöld skulu ekki halda fast við beiðni um svar á tilteknum geymslumiðli eða tilteknu forritunarmáli ef málsaðili, sem á hagsmuna að gæta, færir ekki bókhald á þeim miðli eða á því forritunarmáli og það yrði ósanngjarnt aukaálag á málsaðilann að svara á umbeðinn hátt, t.d. ef það myndi hafa í för með sér viðbótarkostnað og fyrirhöfn.

3. Við ákvarðanatöku skal taka tillit til allra upplýsinga sem hægt er að staðfesta, eru lagðar fram á réttan hátt svo að unnt sé að nota þær við rannsóknina án óþarfra vandkvæða, veittar tímanlega og, eftir því sem við á, á þeim geymslumiðli eða því forritunarmáli sem yfirvöld óska eftir. Svari málsaðili, sem á hagsmuna að gæta, ekki á þeim geymslumiðli eða því forritunarmáli en yfirvöld komast að þeirri niðurstöðu að þær aðstæður, sem um getur í 2. mgr., séu á þann hátt sem þar greinir skal litið svo á að það hindri ekki rannsóknina að mun þótt svar hafi ekki verið sent á þeim geymslumiðli eða því forritunarmáli sem ákjósanlegt þykir.

ANNEX II
BEST INFORMATION AVAILABLE IN TERMS OF PARAGRAPH 8 OF ARTICLE 6

1. As soon as possible after the initiation of the investigation, the investigating authorities should specify in detail the information required from any interested party, and the manner in which that information should be structured by the interested party in its response. The authorities should also ensure that the party is aware that if information is not supplied within a reasonable time, the authorities will be free to make determinations on the basis of the facts available, including those contained in the application for the initiation of the investigation by the domestic industry.
2. The authorities may also request that an interested party provide its response in a particular medium (e.g. computer tape) or computer language. Where such a request is made, the authorities should consider the reasonable ability of the interested party to respond in the preferred medium or computer language, and should not request the party to use for its response a computer system other than that used by the party. The authority should not maintain a request for a computerized response if the interested party does not maintain computerized accounts and if presenting the response as requested would result in an unreasonable extra burden on the interested party, e.g. it would entail unreasonable additional cost and trouble. The authorities should not maintain a request for a response in a particular medium or computer language if the interested party does not maintain its computerized accounts in such medium or computer language and if presenting the response as requested would result in an unreasonable extra burden on the interested party, e.g. it would entail unreasonable additional cost and trouble.
3. All information which is verifiable, which is appropriately submitted so that it can be used in the investigation without undue difficulties, which is supplied in a timely fashion, and, where applicable, which is supplied in a medium or computer language requested by the authorities, should be taken into account when determinations are made. If a party does not respond in the preferred medium or computer language but the authorities find that the circumstances set out in paragraph 2 have been satisfied, the failure to respond in the preferred medium or computer language should not be considered to significantly impede the investigation.

4. Þegar yfirvöld eru ófær um vinnslu upplýsinga sem eru veittar á tilteknum geymslumiðli (t.d. segulbandi fyrir tölvur) skal veita upplýsingarnar skriflega eða í öðru formi sem yfirvöld taka gilt.

5. Þótt veittar upplýsingar séu ekki að öllu leyti eins og best verður á kosið gefur það yfirvöldum ekki rétt til að líta framhjá þeim, að því tilskildu að málsaðilinn, sem á hagsmuna að gæta, hafi gert allt sem í hans valdi stóð.

6. Ef sönnunargögn eða upplýsingar eru ekki tekin gild skal þegar í stað tilkynna þeim málsaðila, sem lagði þær fram, um ástæður fyrir því og veita honum tækifæri til að gefa frekari skýringar innan hæfilegs tíma, að teknu tilhlýðilegu tilliti til tímamarka rannsóknarinnar. Telji yfirvöld þær skýringar eða sönnunargögn ekki fullnægjandi skal gefa upp ástæður fyrir því að þeim var hafnað í öllum ákvörðunum sem eru birtar.

7. Verði yfirvöld að byggja niðurstöður sínar, einnig þær sem taka til eðlisverðs, á upplýsingum frá annarri heimild, þar með talið upplýsingar sem voru veittar í umsókn um rannsókn, skal það gert með ítrustu varkárni. Þegar svo háttar til ber yfirvöldum, þegar því verður við komið, að bera upplýsingarnar saman við upplýsingar frá öðrum óháðum heimildum sem þau hafa aðgang að, til dæmis verðlista sem hafa verið birtir, opinberar innflutningstölur og tollskýrslur, og saman við upplýsingar sem aðrir málsaðilar, sem eiga hagsmuna að gæta, veittu við rannsóknina. Það er þó ljóst að sé málsaðili, sem á hagsmuna að gæta, ósamvinnuþýður þannig að yfirvöld fá ekki upplýsingar sem skipta máli, getur það leitt til óhagstæðari niðurstaðna fyrir málsaðilann en ef hann sýndi samstarfsvilja.

4. Where the authorities do not have the ability to process information if provided in a particular medium (e.g. computer tape), the information should be supplied in the form of written material or any other form acceptable to the authorities.

5. Even though the information provided may not be ideal in all respects, this should not justify the authorities from disregarding it, provided the interested party has acted to the best of its ability.

6. If evidence or information is not accepted, the supplying party should be informed forthwith of the reasons therefor, and should have an opportunity to provide further explanations within a reasonable period, due account being taken of the time-limits of the investigation. If the explanations are considered by the authorities as not being satisfactory, the reasons for the rejection of such evidence or information should be given in any published determinations.

7. If the authorities have to base their findings, including those with respect to normal value, on information from a secondary source, including the information supplied in the application for the initiation of the investigation, they should do so with special circumspection. In such cases, the authorities should, where practicable, check the information from other independent sources at their disposal, such as published price lists, official import statistics and customs returns, and from the information obtained from other interested parties during the investigation. It is clear, however, that if an interested party does not cooperate and thus relevant information is being withheld from the authorities, this situation could lead to a result which is less favourable to the party than if the party did cooperate.

SAMNINGUR UM FRAMKVÆMD VII. GR. HINS ALMENNA SAMNINGS UM TOLLA OG VIÐSKIPTI FRÁ 1994

AGREEMENT ON IMPLEMENTATION OF ARTICLE VII OF THE GENERAL AGREEMENT ON TARIFFS AND TRADE 1994

Almenn aðfaraorð.

1. Megingrunnur fyrir tollverð samkvæmt þessum samningi er „viðskiptaverð“ eins og það er skilgreint í 1. gr. Lesa skal 1. gr. með 8. gr. þar sem meðal annars er kveðið á um leiðréttingu á verði sem er greitt í raun eða ber að greiða í tilvikum þar sem tilteknir sérliðir, sem teljast vera hluti af verðgildi vegna tollafgreiðslu, eru innifaldir í verði til kaupanda en eru ekki hluti af því verði sem er greitt í raun eða ber að greiða

General Introductory Commentary

1. The primary basis for customs value under this Agreement is "transaction value" as defined in Article 1. Article 1 is to be read together with Article 8 which provides, *inter alia*, for adjustments to the price actually paid or payable in cases where certain specific elements which are considered to form a part of the value for customs purposes are incurred by the buyer but are not included in the price actually paid or payable

fyrir innfluttu vöruna. Í 8. gr. er einnig kveðið á um að telja skuli með í viðskiptaverði sérstakar greiðslur sem geta gengið frá kaupanda til seljanda í formi tilgreindrar vöru eða þjónustu fremur en í formi peninga. Í 2.–7. gr. er kveðið á um aðferðir til að ákvarða tollverð þegar ekki er unnt að ákvarða það samkvæmt ákvæðum 1. gr.

2. Þegar ekki er unnt að ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum 1. gr. ætti að jafnaði að eiga sér stað samráð milli tollyfirvalda og innflytjanda með það fyrir augum að finna verðgrundvöll samkvæmt ákvæðum 2. eða 3. gr. Til dæmis getur komið fyrir að innflytjandi hafi upplýsingar um tollverð sams konar eða svipaðrar innfluttrar vöru sem tollyfirvöld hafa ekki greiðan aðgang að í innflutningshöfninni. Á hinn bóginn geta tollyfirvöld haft upplýsingar um tollverð sams konar eða svipaðrar innfluttrar vöru sem innflytjandi hefur ekki greiðan aðgang að. Samráð milli þessara tveggja aðila gerir það mögulegt að skiptast á upplýsingum, með fyrirvara um viðskiptaleynd, með það fyrir augum að finna réttan grundvöll fyrir tollverðsákvörðun.

3. Í 5. og 6. gr. er kveðið á um tvenns konar grundvöll sem byggja má ákvörðun um tollverð á þegar ekki er unnt að ákvarða það á grundvelli viðskiptaverðs innfluttu vörunnar eða sams konar eða svipaðrar innfluttrar vöru. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. er tollverð ákvarðað á grundvelli þess verðs sem varan er seld á til óháðs kaupanda í innflutningslandinu í sama ástandi og hún er flutt inn. Innflytjandinn hefur einnig rétt til að láta meta, samkvæmt ákvæðum 5. gr., verðmæti vara sem fá frekari vinnslu eftir innflutning, ef hann óskar eftir því. Samkvæmt 6. gr. er tollverð ákvarðað á grundvelli reiknaðs verðmætis. Báðar þessar aðferðir eru vissum erfiðleikum bundnar og þess vegna hefur innflytjandinn leyfi til, samkvæmt ákvæðum 4. gr., að velja um í hvaða röð þessum tveimur aðferðum er beitt.

4. Í 7. gr. er tilgreint hvernig ákvarða skuli tollverð í þeim tilvikum þegar ekki er unnt að ákvarða það samkvæmt ákvæðum neinnar af undanfarandi greinum.

Aðilar,

sem hafa hliðsjón af marghliða samningaviðræðunum um viðskipti,

sem æskja þess að vinna að markmiðum

for the imported goods. Article 8 also provides for the inclusion in the transaction value of certain considerations which may pass from the buyer to the seller in the form of specified goods or services rather than in the form of money. Articles 2 through 7 provide methods of determining the customs value whenever it cannot be determined under the provisions of Article 1.

2. Where the customs value cannot be determined under the provisions of Article 1 there should normally be a process of consultation between the customs administration and importer with a view to arriving at a basis of value under the provisions of Article 2 or 3. It may occur, for example, that the importer has information about the customs value of identical or similar imported goods which is not immediately available to the customs administration in the port of importation. On the other hand, the customs administration may have information about the customs value of identical or similar imported goods which is not readily available to the importer. A process of consultation between the two parties will enable information to be exchanged, subject to the requirements of commercial confidentiality, with a view to determining a proper basis of value for customs purposes.

3. Articles 5 and 6 provide two bases for determining the customs value where it cannot be determined on the basis of the transaction value of the imported goods or of identical or similar imported goods. Under paragraph 1 of Article 5 the customs value is determined on the basis of the price at which the goods are sold in the condition as imported to an unrelated buyer in the country of importation. The importer also has the right to have goods which are further processed after importation valued under the provisions of Article 5 if the importer so requests. Under Article 6 the customs value is determined on the basis of the computed value. Both these methods present certain difficulties and because of this the importer is given the right, under the provisions of Article 4, to choose the order of application of the two methods.

4. Article 7 sets out how to determine the customs value in cases where it cannot be determined under the provisions of any of the preceding Articles.

Members,

Having regard to the Multilateral Trade Negotiations;

Desiring to further the objectives of

GATT-samningsins frá 1994 og tryggja að alþjóðaviðskipti þróunarlandanna beri aukinn ávöxt,

sem viðurkenna mikilvægi ákvæða VII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og æskja þess að settar verði reglur um beitingu þeirra í því skyni að auka einsleitni og öryggi við framkvæmd þeirra,

sem viðurkenna þörfina fyrir réttlátt, einsleitt og hlutlaust kerfi fyrir verðákvörðun vara vegna tollafgreiðslu, sem kemur í veg fyrir geðþóttaákvörðun tollverðs eða að óraunhæft tollverð sé notað,

sem viðurkenna að grundvöllur fyrir verðákvörðun vara vegna tollafgreiðslu eigi, í eins miklum mæli og unnt er, að vera viðskiptaverð vörunnar sem verið er að virða,

sem viðurkenna að tollverð eigi að byggjast á einföldum og réttlátum viðmiðunum í samræmi við viðskiptahætti og að málsmeðferð við verðákvörðun skuli hafa almennt gildi án þess að gerður sé greinarmunur eftir því hvaðan varan er upprunnin,

sem viðurkenna að ekki eigi að nota málsmeðferð við verðákvörðun til að berjast gegn undirboðum,

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

I. HLUTI
REGLUR UM TOLLVERÐSÁKVÖRÐUN
1. gr.

1. Tollverð innfluttrar vöru skal vera viðskiptaverð sem er það verð sem er greitt í raun eða ber að greiða fyrir vörur sem eru fluttar út og seldar til innflutningslands, leiðrétt í samræmi við ákvæði 8. gr., að því tilskildu:

a) að engar takmarkanir séu á ráðstöfun eða notkun varanna af hálfu kaupanda aðrar en takmarkanir sem:
   i) eru settar eða er krafist í lögum eða af opinberum yfirvöldum í innflutningslandinu;
   ii) takmarka landsvæði þar sem leyfilegt er að endurselja vöruna; eða
   iii) hafa ekki veruleg áhrif á verð vörunnar;
b) að sala eða verð sé ekki háð skilyrðum eða forsendum sem ekki er unnt að meta til verðs með tilliti til vörunnar sem verið er að virða;
c) að enginn hluti hagnaðar af endursölu, ráðstöfun eða notkun vörunnar síðar, af hálfu kaupanda, renni beint eða óbeint til

GATT 1994 and to secure additional benefits for the international trade of developing countries;

Recognizing the importance of the provisions of Article VII of GATT 1994 and desiring to elaborate rules for their application in order to provide greater uniformity and certainty in their implementation;

Recognizing the need for a fair, uniform and neutral system for the valuation of goods for customs purposes that precludes the use of arbitrary or fictitious customs values;

Recognizing that the basis for valuation of goods for customs purposes should, to the greatest extent possible, be the transaction value of the goods being valued;

Recognizing that customs value should be based on simple and equitable criteria consistent with commercial practices and that valuation procedures should be of general application without distinction between sources of supply;

Recognizing that valuation procedures should not be used to combat dumping;

Hereby *agree* as follows:

PART I
RULES ON CUSTOMS VALUATION
Article 1

1. The customs value of imported goods shall be the transaction value, that is the price actually paid or payable for the goods when sold for export to the country of importation adjusted in accordance with the provisions of Article 8, provided:

(a) that there are no restrictions as to the disposition or use of the goods by the buyer other than restrictions which:
   (i) are imposed or required by law or by the public authorities in the country of importation;
   (ii) limit the geographical area in which the goods may be resold; or
   (iii) do not substantially affect the value of the goods;
(b) that the sale or price is not subject to some condition or consideration for which a value cannot be determined with respect to the goods being valued;
(c) that no part of the proceeds of any subsequent resale, disposal or use of the goods by the buyer will accrue directly

seljandans nema unnt sé að gera viðeigandi leiðréttingu í samræmi við ákvæði 8. gr.; og

d) að ekki séu tengsl milli kaupanda og seljanda eða, ef tengsl eru milli kaupanda og seljanda, að viðskiptaverð sé nothæft í tollalegu tilliti samkvæmt ákvæðum 2. mgr.

2. a) Við ákvörðun á því hvort viðskiptaverð sé nothæft að því er varðar 1. mgr. skulu tengsl á milli kaupanda og seljanda í skilningi 15. gr. ekki í sjálfu sér vera næg ástæða til að viðskiptaverð sé talið ónothæft. Í því tilviki skal kanna aðstæður við sölu og samþykkja viðskiptaverðið ef tengslin hafa ekki haft áhrif á verðið. Ef tollyfirvöld hafa ástæðu til að ætla, í ljósi upplýsinga frá innflytjanda eða með öðrum hætti, að tengslin hafi haft áhrif á verðið skulu þau láta innflytjandann vita af þeirri ástæðu og skal hann fá sanngjarnt tækifæri til andsvara. Ef innflytjandinn óskar eftir því skal gera honum skriflega grein fyrir þessum ástæðum.

b) Við sölu milli einstaklinga sem eru tengdir innbyrðis skal viðskiptaverðið tekið gilt og vörurnar virtar í samræmi við ákvæði 1. mgr. svo fremi innflytjandinn sýni fram á að slíkt verð liggi mjög nærri einhverju af eftirfarandi frá sama tíma eða um sama leyti:

i) viðskiptaverði þar sem um er að ræða sölu til ótengdra kaupenda á sams konar eða svipuðum vörum sem eru fluttar út til sama innflutningslands;
ii) tollverði sams konar eða svipaðrar vöru eins og það er ákvarðað samkvæmt ákvæðum 5. gr.;
iii) tollverði sams konar eða svipaðrar vöru eins og það er ákvarðað samkvæmt ákvæðum 6. gr.

Við beitingu áðurnefndra athugana skal taka tilhlýðilegt tillit til mismunar sem kemur fram á viðskiptastigi, magni, atriðunum sem eru talin upp í 8. gr. og þeim kostnaði sem seljandi ber í við-

or indirectly to the seller, unless an appropriate adjustment can be made in accordance with the provisions of Article 8; and

(d) that the buyer and seller are not related, or where the buyer and seller are related, that the transaction value is acceptable for customs purposes under the provisions of paragraph 2.

2. (a) In determining whether the transaction value is acceptable for the purposes of paragraph 1, the fact that the buyer and the seller are related within the meaning of Article 15 shall not in itself be grounds for regarding the transaction value as unacceptable. In such case the circumstances surrounding the sale shall be examined and the transaction value shall be accepted provided that the relationship did not influence the price. If, in the light of information provided by the importer or otherwise, the customs administration has grounds for considering that the relationship influenced the price, it shall communicate its grounds to the importer and the importer shall be given a reasonable opportunity to respond. If the importer so requests, the communication of the grounds shall be in writing.

(b) In a sale between related persons, the transaction value shall be accepted and the goods valued in accordance with the provisions of paragraph 1 whenever the importer demonstrates that such value closely approximates to one of the following occurring at or about the same time:

(i) the transaction value in sales to unrelated buyers of identical or similar goods for export to the same country of importation;

(ii) the customs value of identical or similar goods as determined under the provisions of Article 5;

(iii) the customs value of identical or similar goods as determined under the provisions of Article 6;

In applying the foregoing tests, due account shall be taken of demonstrated differences in commercial levels, quantity levels, the elements enumerated in Article 8 and costs incurred by the seller in

skiptum þar sem engin tengsl eru milli seljanda og kaupanda en seljandi ber ekki í viðskiptum þar sem tengsl eru milli seljanda og kaupanda.

c) Athuganirnar sem um getur í b-lið 2. mgr. skulu notaðar að frumkvæði innflytjandans og eingöngu til samanburðar. Ekki er heimilt að nota verð sem er fundið samkvæmt ákvæðum b-liðar 2. mgr. í stað rétta verðsins.

2. gr.

1. a) Sé ekki unnt að ákvarða tollverð innfluttrar vöru samkvæmt ákvæðum 1. gr. skal tollverðið vera viðskiptaverð sams konar vöru sem er flutt út og seld til sama innflutningslands á sama tíma eða um sama leyti og varan sem verið er að virða.

b) Þegar þessari grein er beitt skal nota viðskiptaverð sams konar vöru, sem er seld á sama viðskiptastigi og í svipuðu magni og varan sem verið er að virða, til að ákvarða tollverð. Ef ekki eru dæmi um slík viðskipti skal viðskiptaverð sams konar vöru, sem er seld á öðru viðskiptastigi og/eða í öðru magni, notað og leiðrétt þannig að tekið sé tillit til mismunar sem kemur fram vegna annars viðskiptastigs og/eða annars magns, að því tilskildu að fram komin sönnunargögn liggi til grundvallar slíkri leiðréttingu og sýni greinilega að leiðréttingin er sanngjörn og nákvæm, hvort heldur hún leiðir til hækkunar eða lækkunar verðsins.

2. Þegar kostnaðurinn og gjöldin, sem um getur í 2. mgr. 8. gr., eru innifalin í viðskiptaverði skal leiðrétta verðið þannig að tekið sé tillit til þess ef verulegur munur er á slíkum kostnaði og gjöldum milli innfluttu vörunnar og sams konar vöru sem um ræðir vegna mismunandi fjarlægðar og flutningsmáta.

3. Ef fleiri en eitt viðskiptaverð sams konar vöru kemur til greina við beitingu þessarar greinar skal nota lægsta verðið til að ákvarða tollverð innfluttu vörunnar.

3. gr.

1. a) Sé ekki unnt að ákvarða tollverð innfluttrar vöru samkvæmt ákvæðum 1. og 2. gr. skal tollverðið vera viðskiptaverð

sales in which the seller and the buyer are not related that are not incurred by the seller in sales in which the seller and the buyer are related.

(c) The tests set forth in paragraph 2(b) are to be used at the initiative of the importer and only for comparison purposes. Substitute values may not be established under the provisions of paragraph 2(b).

Article 2

1. (a) If the customs value of the imported goods cannot be determined under the provisions of Article 1, the customs value shall be the transaction value of identical goods sold for export to the same country of importation and exported at or about the same time as the goods being valued.

(b) In applying this Article, the transaction value of identical goods in a sale at the same commercial level and in substantially the same quantity as the goods being valued shall be used to determine the customs value. Where no such sale is found, the transaction value of identical goods sold at a different commercial level and/or in different quantities, adjusted to take account of differences attributable to commercial level and/or to quantity, shall be used, provided that such adjustments can be made on the basis of demonstrated evidence which clearly establishes the reasonableness and accuracy of the adjustment, whether the adjustment leads to an increase or a decrease in the value.

2. Where the costs and charges referred to in paragraph 2 of Article 8 are included in the transaction value, an adjustment shall be made to take account of significant differences in such costs and charges between the imported goods and the identical goods in question arising from differences in distances and modes of transport.

3. If, in applying this Article, more than one transaction value of identical goods is found, the lowest such value shall be used to determine the customs value of the imported goods.

Article 3

1. (a) If the customs value of the imported goods cannot be determined under the provisions of Articles 1 and 2, the cus-

svipaðrar vöru sem er flutt út og seld til sama innflutningslands á sama tíma eða um sama leyti og varan sem verið er að virða.

b) Þegar þessari grein er beitt skal nota viðskiptaverð svipaðrar vöru, sem er seld á sama viðskiptastigi og í svipuðu magni og varan sem verið er að virða, til að ákvarða tollverð. Ef ekki eru dæmi um slík viðskipti skal viðskiptaverð svipaðrar vöru sem er seld á öðru viðskiptastigi og/eða í öðru magni notað og leiðrétt þannig að tekið sé tillit til mismunar sem kemur fram vegna annars viðskiptastigs og/eða annars magns, að því tilskildu að fram komin sönnunargögn liggi til grundvallar slíkri leiðréttingu og sýni greinilega að leiðréttingin er sanngjörn og nákvæm, hvort heldur hún leiðir til hækkunar eða lækkunar verðsins.

2. Þegar kostnaðurinn og gjöldin, sem um getur í 2. mgr. 8. gr., eru innifalin í viðskiptaverði skal leiðrétta verðið þannig að tekið verði tillit til þess ef verulegur munur er á slíkum kostnaði og gjöldum milli innfluttu vörunnar og svipaðrar vöru sem um ræðir vegna mismunandi fjarlægðar og flutningsmáta.

3. Ef fleiri en eitt viðskiptaverð svipaðrar vöru kemur til greina við beitingu þessarar greinar skal nota lægsta verðið til að ákvarða tollverð innfluttu vörunnar.

4. gr.

Sé ekki unnt að ákvarða tollverð innfluttrar vöru samkvæmt ákvæðum 1., 2. og 3. gr. skal tollverðið ákvarðað samkvæmt ákvæðum 5. gr. eða, sé ekki unnt að ákvarða tollverð samkvæmt þeirri grein, samkvæmt ákvæðum 6. gr., nema 5. og 6. gr. sé beitt í öfugri röð að beiðni innflytjanda.

5. gr.

1. Í a- og b-lið 2. mgr. er kveðið á um aðrar aðferðir til að ákveða hvenær viðskiptaverð skuli tekið gilt.

2. Í a-lið 2. mgr. er kveðið á um að þar sem tengsl eru milli kaupanda og seljanda skuli kanna aðstæður við sölu og að taka skuli viðskiptaverð gilt sem tollverð að því tilskildu að þau tengsl hafi ekki áhrif á verðið. Ekki er ætlast til að könnun á aðstæðum fari fram í öllum tilvikum þar sem tengsl eru milli kaupanda og seljanda. Slíkrar könnunar verður aðeins krafist þar sem vafi leikur á um hvort unnt sé að taka verðið gilt. Þegar tollyfirvöld eru ekki í neinum vafa um að taka beri verðið gilt skal það samþykkt án þess að óska eftir frekari upplýsingum frá innflytjandanum. Til dæmis kunna tollyfirvöld að hafa kannað tengslin áður eða hafa þegar ítarlegar upplýsingar um kaupanda og seljanda

ued, the transaction value shall not be acceptable for customs purposes. Some examples of this include:

(a) the seller establishes the price of the imported goods on condition that the buyer will also buy other goods in specified quantities;

(b) the price of the imported goods is dependent upon the price or prices at which the buyer of the imported goods sells other goods to the seller of the imported goods;

(c) the price is established on the basis of a form of payment extraneous to the imported goods, such as where the imported goods are semi-finished goods which have been provided by the seller on condition that the seller will receive a specified quantity of the finished goods.

2. However, conditions or considerations relating to the production or marketing of the imported goods shall not result in rejection of the transaction value. For example, the fact that the buyer furnishes the seller with engineering and plans undertaken in the country of importation shall not result in rejection of the transaction value for the purposes of Article 1. Likewise, if the buyer undertakes on the buyer's own account, even though by agreement with the seller, activities relating to the marketing of the imported goods, the value of these activities is not part of the customs value nor shall such activities result in rejection of the transaction value.

Paragraph 2

1. Paragraphs 2(a) and 2(b) provide different means of establishing the acceptability of a transaction value.

2. Paragraph 2(a) provides that where the buyer and the seller are related, the circumstances surrounding the sale shall be examined and the transaction value shall be accepted as the customs value provided that the relationship did not influence the price. It is not intended that there should be an examination of the circumstances in all cases where the buyer and the seller are related. Such examination will only be required where there are doubts about the acceptability of the price. Where the customs administration have no doubts about the acceptability of the price, it should be accepted without requesting further information from the importer. For example, the customs administration may have previously

og eru þegar fullviss um, vegna slíkra kannana eða upplýsinga, að tengslin hafi ekki haft áhrif á verðið.

3. Þegar tollyfirvöld geta ekki tekið viðskiptaverðið gilt án frekari athugunar skulu þau gefa innflytjanda tækifæri til að útvega slíkar viðbótarupplýsingar, eins ítarlegar og þörf krefur, til að gera þeim kleift að kanna aðstæður við sölu. Í þessu sambandi þurfa tollyfirvöld að vera við því búin að kanna allar hliðar viðskiptanna sem máli skipta, þar með talið hvernig viðskiptatengslum kaupanda og seljanda er háttað og á hvern hátt umrætt verð var fengið, til að ákvarða hvort þessi tengsl hafi haft áhrif á verðið. Þegar unnt er að sýna fram á að kaupandi og seljandi, þó að tengsl séu á milli þeirra skv. 15. gr., kaupi af og selji hvor öðrum eins og ekki væri um nein tengsl að ræða, sýnir það að tengslin hafa ekki haft áhrif á verðið. Dæmi um þetta er að þegar verð er ákveðið á þann hátt sem samrýmist venjulegum verðlagningarháttum í þeirri atvinnugrein sem um ræðir, eða á sama hátt og seljandi ákveður verð til kaupenda sem hann hefur engin tengsl við, sýnir það að tengslin hafa ekki haft áhrif á verðið. Annað dæmi, sem gefur til kynna að tengsl hafa ekki áhrif á verðið, er þegar sýnt er fram á að verðið nægi til að mæta öllum kostnaði og gefi auk þess hagnað sem er dæmigerður fyrir heildarhagnað fyrirtækisins á tilteknu viðmiðunartímabili (t.d. á einu ári), þegar um er að ræða sölu á vörum í sama flokki eða af sömu tegund.

4. Í b-lið 2. mgr. er kveðið á um að innflytjandi skuli fá tækifæri til að sýna fram á að viðskiptaverð liggi mjög nærri „viðmiðunarverði“ sem tollyfirvöld hafa áður samþykkt og sem er þess vegna unnt að taka það gilt samkvæmt ákvæðum 1. gr. Ef viðmiðunum skv. b-lið 2. mgr. er fullnægt er ekki nauðsynlegt að kanna hvort tengsl hafi haft áhrif á verð skv. a-lið 2. mgr. Hafi tollyfirvöld þegar fengið nægar upplýsingar til að vera þess fullviss, án frekari athugunar á einstökum atriðum, að einhverri þeirra viðmiðana sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr. sé fullnægt hafa þau enga ástæðu til að krefjast þess að innflytjandinn sanni það. Í b-lið 2. mgr. merkir hugtakið „ótengdir kaupendur“ kaupendur sem eru ekki í neinum tengslum við seljanda í einstökum málum.

examined the relationship, or it may already have detailed information concerning the buyer and the seller, and may already be satisfied from such examination or information that the relationship did not influence the price.

3. Where the customs administration is unable to accept the transaction value without further inquiry, it should give the importer an opportunity to supply such further detailed information as may be necessary to enable it to examine the circumstances surrounding the sale. In this context, the customs administration should be prepared to examine relevant aspects of the transaction, including the way in which the buyer and seller organize their commercial relations and the way in which the price in question was arrived at, in order to determine whether the relationship influenced the price. Where it can be shown that the buyer and seller, although related under the provisions of Article 15, buy from and sell to each other as if they were not related, this would demonstrate that the price had not been influenced by the relationship. As an example of this, if the price had been settled in a manner consistent with the normal pricing practices of the industry in question or with the way the seller settles prices for sales to buyers who are not related to the seller, this would demonstrate that the price had not been influenced by the relationship. As a further example, where it is shown that the price is adequate to ensure recovery of all costs plus a profit which is representative of the firm's overall profit realized over a representative period of time (e.g. on an annual basis) in sales of goods of the same class or kind, this would demonstrate that the price had not been influenced.

4. Paragraph 2(b) provides an opportunity for the importer to demonstrate that the transaction value closely approximates to a "test" value previously accepted by the customs administration and is therefore acceptable under the provisions of Article 1. Where a test under paragraph 2(b) is met, it is not necessary to examine the question of influence under paragraph 2(a). If the customs administration has already sufficient information to be satisfied, without further detailed inquiries, that one of the tests provided in paragraph 2(b) has been met, there is no reason for it to require the importer to demonstrate that the test can be met. In paragraph 2(b) the term "unrelated buyers" means buyers who are not related to the seller in any particular case.

b-liður 2. mgr.

Taka verður tillit til nokkurra þátta við ákvörðun á því hvort verð „liggi mjög nærri" öðru verði. Þessir þættir eru meðal annars eðli innfluttu vörunnar, eðli atvinnugreinarinnar, sá árstími sem varan er flutt inn á og hvort verðmismunurinn hefur áhrif á viðskipti. Þar sem þessir þættir geta verið mismunandi frá einu tilviki til annars er ógerlegt að setja fasta staðla, svo sem fastar prósentur, í hverju tilviki um sig. Til dæmis gæti verið að litlum verðmun yrði hafnað í tilviki sem snertir eina vörutegund, en mikill verðmunur samþykktur í tilviki sem snertir aðra vörutegund, við ákvörðun á því hvort viðskiptaverð liggi mjög nærri viðmiðunarverðinu sem sett er fram í b-lið 2. mgr. 1. gr.

Athugasemd við 2. gr.

1. Við beitingu 2. gr. skulu tollyfirvöld, þegar unnt er, styðjast við sölu sams konar vöru, á sama viðskiptastigi og í nokkurn veginn sama magni og varan sem verið er að virða. Þegar engin dæmi eru til um slíka sölu er heimilt að styðjast við sölu sams konar vöru, sem hefur átt sér stað samkvæmt einu af eftirfarandi þremur skilyrðum:
   a) sala á sama viðskiptastigi en í öðru magni;
   b) sala á öðru viðskiptastigi en í nokkurn veginn sama magni; eða
   c) sala á öðru viðskiptastigi og í öðru magni.
2. Þegar fundist hefur dæmi um sölu, sem flokkast undir eitt af þessum þremur skilyrðum, skal gera leiðréttingar með tilliti til:
   a) magns eingöngu;
   b) viðskiptastigs eingöngu; eða
   c) bæði viðskiptastigs og magns.

3. Með orðunum „og/eða" er gefinn til kynna sveigjanleiki til að styðjast við sölu og gera nauðsynlegar leiðréttingar við eitthvert þeirra þriggja skilyrða sem eru nefnd hér að framan.
4. Að því varðar 2. gr. merkir viðskiptaverð sams konar innfluttrar vöru tollverð, leiðrétt eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. og í 2. mgr., sem hefur þegar verið samþykkt samkvæmt 1. gr.
5. Skilyrði fyrir leiðréttingu vegna annars viðskiptastigs eða annars magns er að slík leiðrétting, hvort sem hún leiðir til hækkunar eða lækkunar verðs, sé aðeins gerð á grundvelli fram

Paragraph 2(b)

A number of factors must be taken into consideration in determining whether one value "closely approximates" to another value. These factors include the nature of the imported goods, the nature of the industry itself, the season in which the goods are imported, and, whether the difference in values is commercially significant. Since these factors may vary from case to case, it would be impossible to apply a uniform standard such as a fixed percentage, in each case. For example, a small difference in value in a case involving one type of goods could be unacceptable while a large difference in a case involving another type of goods might be acceptable in determining whether the transaction value closely approximates to the "test" values set forth in paragraph 2(b) of Article 1.

Note to Article 2

1. In applying Article 2, the customs administration shall, wherever possible, use a sale of identical goods at the same commercial level and in substantially the same quantities as the goods being valued. Where no such sale is found, a sale of identical goods that takes place under any one of the following three conditions may be used:
   (a) a sale at the same commercial level but in different quantities;
   (b) a sale at a different commercial level but in substantially the same quantities; or
   (c) a sale at a different commercial level and in different quantities.
2. Having found a sale under any one of these three conditions adjustments will then be made, as the case may be, for:
   (a) quantity factors only;
   (b) commercial level factors only; or
   (c) both commercial level and quantity factors.
3. The expression "and/or" allows the flexibility to use the sales and make the necessary adjustments in any one of the three conditions described above.
4. For the purposes of Article 2, the transaction value of identical imported goods means a customs value, adjusted as provided for in paragraphs 1(b) and 2, which has already been accepted under Article 1.
5. A condition for adjustment because of different commercial levels or different quantities is that such adjustment, whether it leads to an increase or a decrease in the value, be made only

kominna sönnunargagna sem staðfesta ótvírætt að leiðréttingin er eðlileg og nákvæm, t.d. gildandi verðlista þar sem verð er sett fram með tilvísun til mismunandi stiga eða mismunandi magns. Dæmi um þetta er að ef innflutt vara, sem verið er að virða, er 10 eininga vörusending, og eina sams konar innflutta varan sem viðskiptaverð er til um er 500 eininga vörusending og vitað er að seljandi gefur magnafslátt, þá er hægt að gera nauðsynlega leiðréttingu með því að grípa til verðlista seljandans og nota verðið sem gildir um sölu á 10 einingum. Þetta merkir ekki að salan verði að eiga sér stað í 10 einingum ef verðlistinn hefur reynst áreiðanlegur við sölu í öðru magni. Sé slíkur hlutlægur mælikvarði ekki fyrir hendi á ekki við að beita tollverðsákvörðun samkvæmt ákvæðum 2. gr.

Athugasemd við 3. gr.

1. Við beitingu 3. gr. skulu tollyfirvöld, þegar unnt er, styðjast við sölu svipaðrar vöru, á sama viðskiptastigi og í nokkurn veginn sama magni og varan sem verið er að virða. Þegar engin dæmi eru til um slíka sölu er heimilt að styðjast við sölu svipaðrar vöru sem hefur átt sér stað samkvæmt einu af eftirfarandi þremur skilyrðum:

a) sala á sama viðskiptastigi en í öðru magni;
b) sala á öðru viðskiptastigi en í nokkurn veginn sama magni; eða
c) sala á öðru viðskiptastigi og í öðru magni.

2. Þegar fundist hefur dæmi um sölu sem flokkast undir eitt af þessum þremur skilyrðum skal gera leiðréttingar eftir því sem við á með tilliti til:

a) magns eingöngu;
b) viðskiptastigs eingöngu; eða
c) bæði viðskiptastigs og magns.

3. Með orðunum „og/eða“ er gefinn til kynna sveigjanleiki til að styðjast við sölu og gera nauðsynlegar leiðréttingar við eitthvert þeirra þriggja skilyrða sem eru nefnd hér að framan.

4. Að því varðar 3. gr. merkir viðskiptaverð svipaðrar innfluttrar vöru tollverð, leiðrétt eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. og í 2. mgr., sem hefur þegar verið samþykkt samkvæmt 1. gr.

5. Skilyrði fyrir leiðréttingu vegna annars við-

on the basis of demonstrated evidence that clearly establishes the reasonableness and accuracy of the adjustments, e.g. valid price lists containing prices referring to different levels or different quantities. As an example of this, if the imported goods being valued consist of a shipment of 10 units and the only identical imported goods for which a transaction value exists involved a sale of 500 units, and it is recognized that the seller grants quantity discounts, the required adjustment may be accomplished by resorting to the seller's price list and using that price applicable to a sale of 10 units. This does not require that a sale had to have been made in quantities of 10 as long as the price list has been established as being bona fide through sales at other quantities. In the absence of such an objective measure, however, the determination of a customs value under the provisions of Article 2 is not appropriate.

Note to Article 3

1. In applying Article 3, the customs administration shall, wherever possible, use a sale of similar goods at the same commercial level and in substantially the same quantities as the goods being valued. Where no such sale is found, a sale of similar goods that takes place under any one of the following three conditions may be used:

(a) a sale at the same commercial level but in different quantities;
(b) a sale at a different commercial level but in substantially the same quantities; or
(c) a sale at a different commercial level and in different quantities.

2. Having found a sale under any one of these three conditions adjustments will then be made, as the case may be, for:

(a) quantity factors only;
(b) commercial level factors only; or
(c) both commercial level and quantity factors.

3. The expression "and/or" allows the flexibility to use the sales and make the necessary adjustments in any one of the three conditions described above.

4. For the purpose of Article 3, the transaction value of similar imported goods means a customs value, adjusted as provided for in paragraphs 1(b) and 2, which has already been accepted under Article 1.

5. A condition for adjustment because of differ-

skiptastigs eða annars magns er að slík leiðrétting, hvort sem hún leiðir til hækkunar eða lækkunar verðs, sé aðeins gerð á grundvelli fram kominna sönnunargagna sem staðfesta ótvírætt að leiðréttingin er eðlileg og nákvæm, t.d. gildandi verðlista þar sem verð er sett fram með tilvísun til mismunandi stiga eða mismunandi magns. Dæmi um þetta er að ef innflutt vara, sem verið er að virða, er 10 eininga vörusending, og eina svipaða innflutta varan sem viðskiptaverð er til um er 500 eininga vörusending og vitað er að seljandi gefur magnafslátt, þá er heimilt að gera nauðsynlega leiðréttingu með því að grípa til verðlista seljandans og nota verðið sem gildir um sölu á 10 einingum. Þetta merkir ekki að salan verði að eiga sér stað í 10 einingum ef verðlistinn hefur reynst áreiðanlegur við sölu í öðru magni. Sé slíkur hlutlægur mælikvarði ekki fyrir hendi á ekki við að beita tollverðsákvörðun samkvæmt 3. gr.

Athugasemd við 5. gr.

1. Orðalagið „einingaverð sem ... vara er seld á í mesta heildarmagni" merkir verð sem mesti einingafjöldi er seldur á í viðskiptum við einstaklinga sem hafa engin tengsl við þá einstaklinga sem þeir kaupa þessar vörur af á fyrsta viðskiptastigi sem slík sala á sér stað eftir innflutning.
2. Sem dæmi um þetta er þegar vörur eru seldar gegnum verðlista þar sem hægt er að fá hagstætt einingarverð þegar mikið magn er keypt.

Sölumagn	Einingarverð	Sölufjöldi	Heildarmagn selt á hverju verði
1-10 einingar	100	10 sölur á 5 einingum	65
		5 sölur á 3 einingum	
11-25 einingar	95	5 sölur á 11 einingum	55
meira en 25 ein.	90	1 sala á 30 einingum	80
		1 sala á 50 einingum	

Mesti fjöldi sem er seldur á tilteknu verði er 80 einingar; einingarverðið í mesta heildarmagni er því 90.
3. Í öðru dæmi er um að ræða tvær sölur. Í fyrri sölunni eru 500 einingar seldar á verðinu 95 gjaldmiðilseiningar hver eining. Í síðari sölunni eru 400 einingar seldar á verðinu 90 gjaldmiðilseiningar hver eining. Í þessu dæmi er mesti fjöldi eininga sem seldur er á tilteknu verði 500;

ent commercial levels or different quantities is that such adjustment, whether it leads to an increase or a decrease in the value, be made only on the basis of demonstrated evidence that clearly establishes the reasonableness and accuracy of the adjustment, e.g. valid price lists containing prices referring to different levels or different quantities. As an example of this, if the imported goods being valued consist of a shipment of 10 units and the only similar imported goods for which a transaction value exists involved a sale of 500 units, and it is recognized that the seller grants quantity discounts, the required adjustment may be accomplished by resorting to the seller's price list and using that price applicable to a sale of 10 units. This does not require that a sale had to have been made in quantities of 10 as long as the price list has been established as being bona fide through sales at other quantities. In the absence of such an objective measure, however, the determination of a customs value under the provisions of Article 3 is not appropriate.

Note to Article 5

1. The term "unit price at which ... goods are sold in the greatest aggregate quantity" means the price at which the greatest number of units is sold in sales to persons who are not related to the persons from whom they buy such goods at the first commercial level after importation at which such sales take place.
2. As an example of this, goods are sold from a price list which grants favourable unit prices for purchases made in larger quantities.

Sale quantity	Unit price	Number of sales	Total quantity sold at each proce
1-10 units	100	10 sales of 5 units	65
		5 sales of 3 units	
11-25 units	95	5 sales of 11 units	55
over 25 units	90	1 sale of 30 units	80
		1 sale of 50 units	

The greatest number of units sold at a price is 80; therefore, the unit price in the greatest aggregate quantity is 90.
3. As another example of this, two sales occur. In the first sale 500 units are sold at a price of 95 currency units each. In the second sale 400 units are sold at a price of 90 currency units each. In this example, the greatest number of units sold at a particular price is 500; therefore,

einingarverðið í mesta heildarmagni er því 95.

4. Í þriðja dæminu er gert ráð fyrir eftirfarandi kringumstæðum þar sem ýmiss konar magn er selt á ýmiss konar verði.

a) Sala

Sölumagn	*Einingarverð*
40 einingar	100
30 einingar	90
15 einingar	100
50 einingar	95
25 einingar	105
35 einingar	90
5 einingar	100

b) Samtals

Heildarmagn sem er selt	*Einingarverð*
65	90
50	95
60	100
25	105

Í þessu dæmi eru 65 einingar mesti fjöldi sem seldur er á tilteknu verði; einingarverðið í mesta heildarmagni er því 90.

5. Þegar einingarverð er ákveðið samkvæmt 5. gr. skal ekki tekið tillit til sölu í innflutningslandinu, sem lýst er í 1. mgr. hér að framan, til einstaklings sem lætur beint eða óbeint í té, endurgjaldslaust eða á niðursettu verði, til nota í sambandi við framleiðslu og útflutning á innfluttu vörunni, einhvern þeirra þátta sem tilgreindir eru í b-lið 1. mgr. 8. gr.

6. Tekið skal fram að líta ber á „hagnað og almenn útgjöld", sem um getur í 1. mgr. 5. gr., sem eina heild. Þessi frádráttartala skal ákvörðuð á grundvelli upplýsinga sem látnar eru í té af innflytjanda eða fyrir hans hönd, nema tölur innflytjandans séu í ósamræmi við tölur sem grundvallast á sölu innfluttrar vöru í sama flokki eða af sömu tegund í innflutningslandinu. Þegar tölur innflytjanda eru í ósamræmi við slíkar tölur er heimilt að byggja fjárhæð hagnaðar og almennra útgjalda á viðeigandi upplýsingum, öðrum en þeim sem látnar eru í té af innflytjandanum eða fyrir hans hönd.

7. Í „almennum útgjöldum" er innifalinn beinn og óbeinn kostnaður við markaðssetningu vörunnar sem um er að ræða.

8. Innlendir skattar sem ber að greiða vegna vörusölu þar sem ekki er dregið frá samkvæmt ákvæðum iv-liðar a-liðar 1. mgr. 5. gr. skulu

the unit price in the greatest aggregate quantity is 95.

4. A third example would be the following situation where various quantities are sold at various prices.

(a) Sales

Sale quantity	*Unit price*
40 units	100
30 units	90
15 units	100
50 units	95
25 units	105
35 units	90
5 units	100

(b) Totals

Total quantity sold	*Unit price*
65	90
50	95
60	100
25	105

In this example, the greatest number of units sold at a particular price is 65; therefore, the unit price in the greatest aggregate quantity is 90.

5. Any sale in the importing country, as described in paragraph 1 above, to a person who supplies directly or indirectly free of charge or at reduced cost for use in connection with the production and sale for export of the imported goods any of the elements specified in paragraph 1(b) of Article 8, should not be taken into account in establishing the unit price for the purposes of Article 5.

6. It should be noted that "profit and general expenses" referred to in paragraph 1 of Article 5 should be taken as a whole. The figure for the purposes of this deduction should be determined on the basis of information supplied by or on behalf of the importer unless the importer's figures are inconsistent with those obtained in sales in the country of importation of imported goods of the same class or kind. Where the importer's figures are inconsistent with such figures, the amount for profit and general expenses may be based upon relevant information other than that supplied by or on behalf of the importer.

7. The "general expenses" include the direct and indirect costs of marketing the goods in question.

8. Local taxes payable by reason of the sale of the goods for which a deduction is not made under the provisions of paragraph 1(a)(iv) of

dregnir frá samkvæmt ákvæðum i-liðar a-liðar 1. mgr. 5. gr.
9. Þegar ákvarða skal umboðslaun eða venjulegan hagnað og almenn útgjöld samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 5. gr. verður að ákvarða í hverju tilviki fyrir sig hvort tiltekin vara sé „í sama flokki eða af sömu tegund“ og önnur vara, eftir aðstæðum hverju sinni. Kanna ber sölur í þrengsta hópi eða vöruúrvali innfluttrar vöru í innflutningslandinu sem unnt er að fá nauðsynlegar upplýsingar um og í eru vörur í sama flokki eða af sömu tegund og vörurnar sem verið er að virða. Að því er 5. gr. varðar teljast vörur „í sama flokki eða af sömu tegund“ vera vörur sem eru fluttar inn frá sama landi og vörurnar sem verið er að virða og einnig vörur sem eru fluttar inn frá öðrum löndum.

10. Í b-lið 1. mgr. 5. gr. merkir „sem fyrst“ dagginn þegar sala á innfluttri vöru eða á sams konar eða svipaðri innfluttri vöru fer fram í nægilega miklu magni til að unnt sé að ákveða einingarverð.
11. Þegar aðferðin í 2. mgr. 5. gr. er notuð skal frádráttur vegna virðisauka, sem verður til við frekari vinnslu, byggður á hlutlægum og mælanlegum gögnum um kostnað við slíka vinnu. Útreikningar skulu byggjast á viðurkenndum iðnaðarformúlum, forskriftum, smíðaaðferðum og öðrum starfsaðferðum í iðnaði.

12. Viðurkennt er að ekki er að jafnaði unnt að beita verðákvörðunaraðferðinni, sem kveðið er á um í 2. mgr. 5. gr., þegar einkenni innfluttu vörunnar hverfa við frekari vinnslu. Þó geta komið upp tilvik þar sem hægt er að ákvarða virðisauka vegna frekari vinnslu nákvæmlega og án óeðlilega mikillar fyrirhafnar þótt einkenni innfluttu vörunnar séu horfin. Á hinn bóginn geta einnig komið upp þau tilvik, þegar innflutta varan heldur einkennum sínum en verður svo léttvæg eining í vörunni sem er seld í innflutningslandinu, að ekki á við að nota þessa verðákvörðunaraðferð. Við þær aðstæður sem að framan greinir verður að meta hvert einstakt tilvik fyrir sig.

Athugasemd við 6. gr.

1. Almenna reglan er sú að samkvæmt þessum samningi er tollverð ákvarðað á grundvelli upplýsinga sem auðvelt er að fá aðgang að í innflutningslandinu. Þó kann að reynast nauðsynlegt, til að ákvarða reiknað verð, að athuga

Article 5 shall be deducted under the provisions of paragraph 1(a)(i) of Article 5.
9. In determining either the commissions or the usual profits and general expenses under the provisions of paragraph 1 of Article 5, the question whether certain goods are "of the same class or kind" as other goods must be determined on a case-by-case basis by reference to the circumstances involved. Sales in the country of importation of the narrowest group or range of imported goods of the same class or kind, which includes the goods being valued, for which the necessary information can be provided, should be examined. For the purposes of Article 5, "goods of the same class or kind" includes goods imported from the same country as the goods being valued as well as goods imported from other countries.
10. For the purposes of paragraph 1(b) of Article 5, the "earliest date" shall be the date by which sales of the imported goods or of identical or similar imported goods are made in sufficient quantity to establish the unit price.
11. Where the method in paragraph 2 of Article 5 is used, deductions made for the value added by further processing shall be based on objective and quantifiable data relating to the cost of such work. Accepted industry formulas, recipes, methods of construction, and other industry practices would form the basis of the calculations.
12. It is recognized that the method of valuation provided for in paragraph 2 of Article 5 would normally not be applicable when, as a result of the further processing, the imported goods lose their identity. However, there can be instances where, although the identity of the imported goods is lost, the value added by the processing can be determined accurately without unreasonable difficulty. On the other hand, there can also be instances where the imported goods maintain their identity but form such a minor element in the goods sold in the country of importation that the use of this valuation method would be unjustified. In view of the above, each situation of this type must be considered on a case-by-case basis.

Note to Article 6

1. As a general rule, customs value is determined under this Agreement on the basis of information readily available in the country of importation. In order to determine a computed value, however, it may be necessary to examine

kostnað við framleiðslu vörunnar sem verið er að virða og aðrar upplýsingar sem þarf að fá utan innflutningslandsins. Auk þess er framleiðandi vörunnar í flestum tilvikum utan lögsögu yfirvalda í innflutningslandinu. Notkun reiknaðs verðs takmarkast venjulega við þau tilvik þar sem tengsl eru milli kaupanda og seljanda og framleiðandinn er fús til að láta yfirvöldum í innflutningslandinu í té nauðsynlegar upplýsingar um kostnað og veita möguleika á athugunum sem kunna að reynast nauðsynlegar síðar.

2. „Kostnaðarverði eða verðmæti“, sem um getur í a-lið 1. mgr. 6. gr., skal ákvarðað á grundvelli upplýsinga sem gefnar eru af framleiðanda eða fyrir hans hönd um framleiðslu vörunnar sem verið er að virða. Það skal byggjast á viðskiptareikningum framleiðanda að því tilskildu að slíkir reikningar séu í samræmi við góða reikningsskilavenju í landinu þar sem varan er framleidd.

3. „Kostnaðarverð eða verðmæti“ felur í sér kostnaðarliðina sem eru tilgreindir í ii- og iii-lið a-liðar 1. mgr. 8. gr. Það felur einnig í sér verðmæti þeirra þátta, skipt niður eins og telst vera hæfilegt samkvæmt ákvæðum viðkomandi athugasemdar við 8. gr., sem eru tilgreindir í b-lið 1. mgr. 8. gr. og kaupandi hefur lagt af mörkum beint eða óbeint til framleiðslu á innfluttu vörunni. Verðmæti þáttanna sem tilgreindir eru í iv-lið b-liðar 1. mgr. 8. gr. og unnir í innflutningslandinu skal aðeins talið með ef framleiðandi greiðir fyrir þá vinnu. Tekið skal fram að aldrei má telja andvirði eða verðmæti þáttanna sem um getur í þessari málsgrein tvisvar þegar reiknað verðmæti er ákvarðað.

4. „Fjárhæð vegna hagnaðar og almennra útgjalda“, sem um getur í b-lið 1. mgr. 6. gr., skal ákvörðuð á grundvelli upplýsinga sem látnar eru í té af framleiðanda eða fyrir hans hönd, nema tölur framleiðandans séu í ósamræmi við tölur sem venjulega koma fram við sölu á vöru í sama flokki eða af sömu tegund, þegar verið er að virða vörur sem eru framleiddar í útflutningslandinu fyrir útflutning til innflutningslandsins.

5. Tekið skal fram í þessu samhengi að líta ber á „fjárhæð vegna hagnaðar og almennra útgjalda“ sem eina heild. Þar við bætist að þótt hagnaðartala framleiðanda sé lág en almenn útgjöld hans mikil, í einhverju sérstöku tilviki,

the costs of producing the goods being valued and other information which has to be obtained from outside the country of importation. Furthermore, in most cases the producer of the goods will be outside the jurisdiction of the authorities of the country of importation. The use of the computed value method will generally be limited to those cases where the buyer and seller are related, and the producer is prepared to supply to the authorities of the country of importation the necessary costings and to provide facilities for any subsequent verification which may be necessary.

2. The “cost or value” referred to in paragraph 1(a) of Article 6 is to be determined on the basis of information relating to the production of the goods being valued supplied by or on behalf of the producer. It is to be based upon the commercial accounts of the producer, provided that such accounts are consistent with the generally accepted accounting principles applied in the country where the goods are produced.

3. The “cost or value” shall include the cost of elements specified in paragraphs 1(a)(ii) and (iii) of Article 8. It shall also include the value, apportioned as appropriate under the provisions of the relevant note to Article 8, of any element specified in paragraph 1(b) of Article 8 which has been supplied directly or indirectly by the buyer for use in connection with the production of the imported goods. The value of the elements specified in paragraph 1(b)(iv) of Article 8 which are undertaken in the country of importation shall be included only to the extent that such elements are charged to the producer. It is to be understood that no cost or value of the elements referred to in this paragraph shall be counted twice in determining the computed value.

4. The “amount for profit and general expenses” referred to in paragraph 1(b) of Article 6 is to be determined on the basis of information supplied by or on behalf of the producer unless the producer’s figures are inconsistent with those usually reflected in sales of goods of the same class or kind as the goods being valued which are made by producers in the country of exportation for export to the country of importation.

5. It should be noted in this context that the “amount for profit and general expenses” has to be taken as a whole. It follows that if, in any particular case, the producer’s profit figure is low and the producer’s general expenses are

getur hagnaður og almenn útgjöld framleiðandans í samantekt engu að síður verið í samræmi við það sem venjulega kemur fram við sölu á vöru í sama flokki eða af sömu tegund. Þessi staða gæti til dæmis komið upp ef framleiðsluvara væri markaðssett í innflutningslandi og framleiðandinn sætti sig við lítinn eða engan hagnað til að standa straum af miklum almennum útgjöldum í tengslum við markaðssetninguna. Þegar framleiðandi getur sýnt fram á lítinn hagnað við sölu innfluttrar vöru vegna sérstakra viðskiptalegra aðstæðna skal taka tillit til hagnaðartalna hans, að því tilskildu að hann hafi gildar viðskiptalegar ástæður sem réttlæta þær og að verðlagning hans endurspegli venjubundna verðlagningarstefnu í viðkomandi atvinnugrein. Þær aðstæður gætu til dæmis skapast að framleiðendur neyddust til að lækka verð tímabundið vegna ófyrirsjáanlegrar minnkunar á eftirspurn eða þeir seldu vörur sem vantar inn í vöruval sem er framleitt í innflutningslandinu og sættu sig við lítinn hagnað til að halda samkeppnisstöðu sinni. Þegar tölur framleiðanda um hagnað og almenn útgjöld eru ekki í samræmi við það sem kemur venjulega fram við sölu á vörum í sama flokki eða af sömu tegund, þegar verið er að virða vörur sem eru framleiddar í útflutningslandinu fyrir útflutning til innflutningslandsins, er heimilt að byggja fjárhæð hagnaðar og almennra útgjalda á viðeigandi upplýsingum, öðrum en þeim sem látnar eru í té af framleiðandanum eða fyrir hans hönd.

6. Þegar upplýsingar, aðrar en þær sem eru látnar í té af framleiðanda eða fyrir hans hönd, eru notaðar þegar reiknað verð er ákvarðað skulu yfirvöld innflutningslandsins upplýsa innflytjandann, ef hann æskir þess, um uppruna slíkra upplýsinga, gögnin sem voru notuð og útreikninga sem byggjast á slíkum gögnum, með fyrirvara um ákvæði 10. gr.

7. Með orðunum „almenn útgjöld“, sem um getur í b-lið 1. mgr. 6. gr., er átt við beinan og óbeinan kostnað við framleiðslu og sölu útflutningsvöru sem fellur ekki undir a-lið 1. mgr. 6. gr.

8. Ákvarða verður í hverju tilviki fyrir sig hvort tiltekin vara sé „í sama flokki eða af sömu tegund“ og önnur vara, eftir aðstæðum hverju sinni. Þegar ákvarða skal venjulegan hagnað og almenn útgjöld samkvæmt ákvæðum 6. gr. skal athuga sölu á þrengsta hópi eða vöruvali sem er flutt út til innflutningslandsins sem hægt er að fá upplýsingar um og í eru vörurnar sem verið

high, the producer's profit and general expenses taken together may nevertheless be consistent with that usually reflected in sales of goods of the same class or kind. Such a situation might occur, for example, if a product were being launched in the country of importation and the producer accepted a nil or low profit to offset high general expenses associated with the launch. Where the producer can demonstrate a low profit on sales of the imported goods because of particular commercial circumstances, the producer's actual profit figures should be taken into account provided that the producer has valid commercial reasons to justify them and the producer's pricing policy reflects usual pricing policies in the branch of industry concerned. Such a situation might occur, for example, where producers have been forced to lower prices temporarily because of an unforeseeable drop in demand, or where they sell goods to complement a range of goods being produced in the country of importation and accept a low profit to maintain competitivity. Where the producer's own figures for profit and general expenses are not consistent with those usually reflected in sales of goods of the same class or kind as the goods being valued which are made by producers in the country of exportation for export to the country of importation, the amount for profit and general expenses may be based upon relevant information other than that supplied by or on behalf of the producer of the goods.

6. Where information other than that supplied by or on behalf of the producer is used for the purposes of determining a computed value, the authorities of the importing country shall inform the importer, if the latter so requests, of the source of such information, the data used and the calculations based upon such data, subject to the provisions of Article 10.

7. The "general expenses" referred to in paragraph 1(b) of Article 6 covers the direct and indirect costs of producing and selling the goods for export which are not included under paragraph 1(a) of Article 6.

8. Whether certain goods are "of the same class or kind" as other goods must be determined on a case-by-case basis with reference to the circumstances involved. In determining the usual profits and general expenses under the provisions of Article 6, sales for export to the country of importation of the narrowest group or range of goods, which includes the goods being

er að virða. Að því er varðar 6. gr. skulu vörur „í sama flokki eða af sömu tegund" vera frá sama landi og vörurnar sem verið er að virða.

Athugasemd við 7. gr.

1. Tollverð sem er ákvarðað samkvæmt ákvæðum 7. gr. skal, að svo miklu leyti sem unnt er, grundvallast á áður ákvörðuðu tollverði.

2. Við verðákvörðun skv. 7. gr. skal nota þær aðferðir sem mælt er fyrir um í 1.–6. gr. en eðlilegur sveigjanleiki í beitingu slíkra aðferða skal vera í samræmi við markmið og ákvæði 7. gr.

3. Hér á eftir fara nokkur dæmi um eðlilegan sveigjanleika:

a) *Sams konar vara* - beita mætti sveigjanlegri túlkun á kröfuna um að sams konar vara skuli flutt út á sama tíma eða um svipað leyti og varan sem verið er að virða; grundvalla mætti tollverð á sams konar innfluttri vöru sem er framleidd í öðru landi en útflutningslandi vörunnar sem verið er að virða; nota mætti tollverð sams konar innfluttrar vöru sem þegar hefði verið ákvarðað samkvæmt ákvæðum 5. og 6. gr.

b) *Svipuð vara* - beita mætti sveigjanlegri túlkun á kröfuna um að svipuð vara skuli flutt út á sama tíma eða um svipað leyti og varan sem verið er að virða; grundvalla mætti tollverð á svipaðri innfluttri vöru sem er framleidd í öðru landi en útflutningslandi vörunnar sem verið er að virða; nota mætti tollverð svipaðrar innfluttrar vöru sem þegar hefur verið ákvarðað samkvæmt ákvæðum 5. og 6. gr.

c) *Afleiðsluaðferð* - beita mætti sveigjanlegri túlkun á kröfuna í a-lið 1. mgr. 5. gr. um að varan sé seld „í sama ástandi og þegar hún var flutt inn"; framfylgja mætti „90 daga" kröfunni af sveigjanleika.

Athugasemd við 8. gr.
i-lið ur a-liðar 1. mgr.

Hugtakið „umboðssölulaun" merkir þóknun sem innflytjandi greiðir umboðsmanni sínum

valued, for which the necessary information can be provided, should be examined. For the purposes of Article 6, "goods of the same class or kind" must be from the same country as the goods being valued.

Note to Article 7

1. Customs values determined under the provisions of Article 7 should, to the greatest extent possible, be based on previously determined customs values.

2. The methods of valuation to be employed under Article 7 should be those laid down in Articles 1 through 6 but a reasonable flexibility in the application of such methods would be in conformity with the aims and provisions of Article 7.

3. Some examples of reasonable flexibility are as follows:

(a) *Identical goods* - the requirement that the identical goods should be exported at or about the same time as the goods being valued could be flexibly interpreted; identical imported goods produced in a country other than the country of exportation of the goods being valued could be the basis for customs valuation; customs values of identical imported goods already determined under the provisions of Articles 5 and 6 could be used.

(b) *Similar goods* - the requirement that the similar goods should be exported at or about the same time as the goods being valued could be flexibly interpreted; similar imported goods produced in a country other than the country of exportation of the goods being valued could be the basis for customs valuation; customs values of similar imported goods already determined under the provisions of Articles 5 and 6 could be used.

(c) *Deductive method* - the requirement that the goods shall have been sold in the "condition as imported" in paragraph 1(a) of Article 5 could be flexibly interpreted; the "90 days" requirement could be administered flexibly.

Note to Article 8
Paragraph 1(a)(i)

The term "buying commissions" means fees paid by an importer to the importer's agent for

fyrir að koma fram fyrir hans hönd í öðru landi í sambandi við kaup á vörunni sem verið er að virða.

ii-liður b-liðar 1. mgr.

1. Huga ber að tveimur atriðum þegar verðmæti hlutanna, sem eru tilgreindir í ii-lið b-liðar 8. gr., er skipt niður á innfluttar vörur – verðmæti viðkomandi hlutar og á hvern hátt þessu verðmæti er skipt niður á innfluttu vörurnar. Skipting þessara hluta skal gerð á sanngjarnan hátt sem hæfir aðstæðum og í samræmi við góða reikningsskilavenju.

2. Varðandi verðmæti þessara hluta þá er andvirði viðkomandi hlutar verðmætið ef innflytjandi fær hann á tilteknu verði frá seljanda sem hann hefur engin tengsl við. Ef hluturinn er framleiddur af innflytjanda eða einhverjum sem hann hefur tengsl við er framleiðslukostnaðurinn verðmætið. Ef innflytjandinn hefur áður notað hlutinn, óháð því hvort hann er aðfenginn eða framleiddur af innflytjandanum, verður að reikna upphaflegan kostnað við að útvega eða framleiða hlutinn niður sem nemur notkun hans til að finna verðmætið.

3. Þegar verðmæti hlutar hefur verið ákvarðað er nauðsynlegt að skipta því niður á innfluttu vörurnar. Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi. Til dæmis er hægt að skipta verðmætinu niður á fyrstu sendinguna ef innflytjandinn kýs að greiða toll af verðmætinu í einu lagi. Annar möguleiki er sá að innflytjandinn getur óskað eftir því að verðmætinu sé skipt niður á þær vörur sem búið er að framleiða þegar fyrsta sendingin er afgreidd. Enn fremur getur innflytjandinn óskað eftir því að verðmætinu sé skipt niður á allar vörur sem fyrirhugað er að framleiða þegar fyrir liggja samningar eða ákveðnar skuldbindingar um þá framleiðslu. Aðferðin sem er notuð við skiptingu fer eftir þeim gögnum sem innflytjandinn leggur fram.

4. Dæmi um það sem segir hér að framan er að innflytjandi lætur framleiðanda í té mót sem notað er við framleiðslu á innfluttri vöru og gerir samning við framleiðandann um að kaupa 10 000 einingar af vörunni. Við komu fyrstu sendingarinnar, sem er 1 000 einingar, hefur framleiðandinn þegar framleitt 4 000 einingar. Innflytjandinn getur farið þess á leit við tollyfirvöld að þau skipti verðmæti mótsins niður á 1.000 einingar, 4.000 einingar eða 10.000 einingar.

the service of representing the importer abroad in the purchase of the goods being valued.

Paragraph 1(b)(ii)

1. There are two factors involved in the apportionment of the elements specified in paragraph 1(b)(ii) of Article 8 to the imported goods - the value of the element itself and the way in which that value is to be apportioned to the imported goods. The apportionment of these elements should be made in a reasonable manner appropriate to the circumstances and in accordance with generally accepted accounting principles.

2. Concerning the value of the element, if the importer acquires the element from a seller not related to the importer at a given cost, the value of the element is that cost. If the element was produced by the importer or by a person related to the importer, its value would be the cost of producing it. If the element had been previously used by the importer, regardless of whether it had been acquired or produced by such importer, the original cost of acquisition or production would have to be adjusted downward to reflect its use in order to arrive at the value of the element.

3. Once a value has been determined for the element, it is necessary to apportion that value to the imported goods. Various possibilities exist. For example, the value might be apportioned to the first shipment if the importer wishes to pay duty on the entire value at one time. As another example, the importer may request that the value be apportioned over the number of units produced up to the time of the first shipment. As a further example, the importer may request that the value be apportioned over the entire anticipated production where contracts or firm commitments exist for that production. The method of apportionment used will depend upon the documentation provided by the importer.

4. As an illustration of the above, an importer provides the producer with a mould to be used in the production of the imported goods and contracts with the producer to buy 10,000 units. By the time of arrival of the first shipment of 1,000 units, the producer has already produced 4,000 units. The importer may request the customs administration to apportion the value of the mould over 1,000 units, 4,000 units or 10,000 units.

iv-liður b-liðar 1. mgr.

1. Viðbætur vegna þáttanna, sem um getur í iv-lið b-liðar 1. mgr. 8. gr., ættu að byggjast á hlutlægum og mælanlegum gögnum. Til að auðvelda bæði innflytjanda og tollyfirvöldum að ákvarða virðisauka ætti, að svo miklu leyti sem unnt er, að nota gögn sem eru tiltæk í viðskiptaskráningarkerfi kaupandans.

2. Þegar um er að ræða þætti sem kaupandi leggur til og kaupir eða leigir, skal viðbótin vera kaupverðið eða leigugjaldið. Engin viðbót verður vegna þátta sem almennur aðgangur er að, nema kostnaður við að taka afrit af þeim.

3. Hvort auðvelt er að reikna verðmætið, sem bæta skal við, fer eftir skipulagi og stjórnarháttum einstakra fyrirtækja og einnig bókhaldsaðferðum þeirra.
4. Til dæmis er hugsanlegt að fyrirtæki sem flytur inn margs konar framleiðsluvörur frá mörgum löndum hafi bókhald yfir hönnunarstöð sína utan innflutningslandsins þar sem hægt er að sjá nákvæmlega hvaða kostnaður tengist tiltekinni framleiðsluvöru. Í því tilviki er hægt að nota beina leiðréttingu samkvæmt ákvæðum 8. gr.

5. Hins vegar getur verið að fyrirtæki beri kostnaðinn af hönnunarstöð utan innflutningslandsins sem almennan fastakostnað án þess að hann sé færður á sérstaka framleiðsluvöru. Í því tilviki er unnt að nota viðeigandi leiðréttingu samkvæmt ákvæðum 8. gr. vegna innfluttu vörunnar með því að skipta heildarkostnaði við hönnunarstöðina á allar framleiðsluvörur sem njóta góðs af henni og bæta slíkum skiptum kostnaði við verð hverrar innflutningsvöru með hliðsjón af einingafjölda.
6. Frávik frá framangreindum aðstæðum krefjast þess að sjálfsögðu að tekið sé tillit til annarra þátta þegar kostnaðarskipting er ákveðin.
7. Þegar mörg lönd eiga þátt í framleiðslu hlutarins sem um ræðir á tilteknu tímabili skal leiðrétting takmarkast við það verðmæti sem bætist við þann hlut í raun utan innflutningslandsins.

c-liður 1. mgr.

1. Einkaleyfisþóknun eða höfundarlaun og leyfisgjöld, sem um getur í c-lið 1. mgr. 8. gr., geta meðal annars falið í sér greiðslur fyrir einkaleyfi, vörumerki og höfundarrétt. Þegar

Paragraph 1(b)(iv)

1. Additions for the elements specified in paragraph 1(b)(iv) of Article 8 should be based on objective and quantifiable data. In order to minimize the burden for both the importer and customs administration in determining the values to be added, data readily available in the buyer's commercial record system should be used in so far as possible.
2. For those elements supplied by the buyer which were purchased or leased by the buyer, the addition would be the cost of the purchase or the lease. No addition shall be made for those elements available in the public domain, other than the cost of obtaining copies of them.
3. The ease with which it may be possible to calculate the values to be added will depend on a particular firm's structure and management practice, as well as its accounting methods.
4. For example, it is possible that a firm which imports a variety of products from several countries maintains the records of its design centre outside the country of importation in such a way as to show accurately the costs attributable to a given product. In such cases, a direct adjustment may appropriately be made under the provisions of Article 8.
5. In another case, a firm may carry the cost of the design centre outside the country of importation as a general overhead expense without allocation to specific products. In this instance, an appropriate adjustment could be made under the provisions of Article 8 with respect to the imported goods by apportioning total design centre costs over total production benefiting from the design centre and adding such apportioned cost on a unit basis to imports.

6. Variations in the above circumstances will, of course, require different factors to be considered in determining the proper method of allocation.
7. In cases where the production of the element in question involves a number of countries and over a period of time, the adjustment should be limited to the value actually added to that element outside the country of importation.

Paragraph 1(c)

1. The royalties and licence fees referred to in paragraph 1(c) of Article 8 may include, among other things, payments in respect to patents, trade marks and copyrights. However, the

tollverð er ákvarðað skal þó ekki bæta gjöldum fyrir rétt til að gera eftirmynd af innfluttu vörunni í innflutningslandinu við verðið sem er greitt í raun eða ber að greiða.

2. Ekki skal bæta greiðslum sem kaupandinn greiðir fyrir rétt til dreifingar eða endursölu innfluttrar vöru við verðið sem er greitt í raun eða ber að greiða fyrir innfluttu vöruna ef þær greiðslur eru ekki skilyrði fyrir útflutningi á innfluttu vörunni til innflutningslandsins.

3. mgr.

Þegar hlutlæg og mælanleg gögn eru ekki til, með tilliti til viðbótanna sem krafist er að séu gerðar samkvæmt ákvæðum 8. gr., er ekki hægt að ákvarða viðskiptaverð samkvæmt ákvæðum 1. gr. Dæmi um þetta er þegar einkaleyfisþóknun eða höfundarlaun eru greidd á grundvelli söluverðs í innflutningslandinu á tiltekinni framleiðsluvöru í lítratali en varan var flutt inn í kílóatali og leyst upp í vökva eftir innflutning. Ef einkaleyfisþóknun eða höfundarlaun byggjast að hluta til á innfluttu vörunni og að hluta til á öðrum þáttum sem eru alveg óháðir innfluttu vörunni (t.d. þegar innflutta varan er blönduð með innlendum íblöndunarefnum og ekki er lengur hægt að greina efnin í sundur eða þegar einkaleyfisþóknunin eða höfundarlaunin verða ekki aðskilin frá sérstöku fyrirkomulagi í fjármálum sem kaupandi og seljandi hafa sín á milli) er ekki rétt að bæta einkaleyfisþóknun eða höfundarlaunum við verðið. Ef einkaleyfisþóknun eða höfundarlaun byggjast aðeins á innfluttu vörunni og eru auðmælanleg er þó hægt að bæta þeim við verðið sem er greitt í raun eða ber að greiða.

Athugasemd við 9. gr.

Í 9. gr. getur orðið „innflutningstími“ einnig merkt tollafgreiðslutíma.

Athugasemd við 11. gr.

1. Í 11. gr. er kveðið á um að innflytjandi hafi rétt til að áfrýja tollverðsákvörðun tollyfirvalda á vörunni sem verið er að virða. Í fyrstu getur innflytjandinn áfrýjað til æðra yfirvalds innan tollstjórnarinnar en á síðari stigum hefur hann rétt til að vísa málinu til dómstóla.

2. „Án viðurlaga“ merkir að ekki skulu lagðar á innflytjandann sektir eða honum hótað sektum einungis vegna þess að hann kýs að nýta rétt

charges for the right to reproduce the imported goods in the country of importation shall not be added to the price actually paid or payable for the imported goods in determining the customs value.

2. Payments made by the buyer for the right to distribute or resell the imported goods shall not be added to the price actually paid or payable for the imported goods if such payments are not a condition of the sale for export to the country of importation of the imported goods.

Paragraph 3

Where objective and quantifiable data do not exist with regard to the additions required to be made under the provisions of Article 8, the transaction value cannot be determined under the provisions of Article 1. As an illustration of this, a royalty is paid on the basis of the price in a sale in the importing country of a litre of a particular product that was imported by the kilogram and made up into a solution after importation. If the royalty is based partially on the imported goods and partially on other factors which have nothing to do with the imported goods (such as when the imported goods are mixed with domestic ingredients and are no longer separately identifiable, or when the royalty cannot be distinguished from special financial arrangements between the buyer and the seller), it would be inappropriate to attempt to make an addition for the royalty. However, if the amount of this royalty is based only on the imported goods and can be readily quantified, an addition to the price actually paid or payable can be made.

Note to Article 9

For the purposes of Article 9, "time of importation" may include the time of entry for customs purposes.

Note to Article 11

1. Article 11 provides the importer with the right to appeal against a valuation determination made by the customs administration for the goods being valued. Appeal may first be to a higher level in the customs administration, but the importer shall have the right in the final instance to appeal to the judiciary.

2. "Without penalty" means that the importer shall not be subject to a fine or threat of fine merely because the importer chose to exercise

sinn til áfrýjunar. Greiðslur vegna venjulegs málskostnaðar og greiðslur til lögfræðinga skulu ekki teljast sektir.
3. Ekkert í 11. gr. hindrar aðila í því að krefjast fullrar greiðslu álagðra tolla áður en málinu er áfrýjað.

Athugasemd við 15. gr.
4. mgr.

Í 15. gr. merkir orðið „einstaklingur" einnig lögpersónu þegar það á við.

e-liður 4. mgr.

Í þessum samningi telst einn einstaklingur stjórna öðrum þegar sá fyrrnefndi hefur rétt, að lögum eða í reynd, til að leggja hömlur á eða stjórna gerðum hins.

II. VIÐAUKI
TÆKNINEFND UM TOLLVERÐSÁKVÖRÐUN

1. Í samræmi við 18. gr. þessa samnings skal koma á fót tækninefnd sem starfar á vegum tollasamvinnuráðsins með það fyrir augum að tryggja einsleitni í túlkun og beitingu þessa samnings á tæknisviðinu.

2. Skyldustörf tækninefndarinnar eru eftirfarandi:

a) að kanna sérstök tæknileg vandamál sem koma upp í daglegri stjórnun tollverðsákvörðunarkerfis aðilanna og veita ráðgefandi álit um viðeigandi lausnir á grundvelli þeirra staðreynda sem liggja fyrir;
b) að athuga, samkvæmt beiðni, lög, málsmeðferð og starfshætti, er varða tollverðsákvörðun, með tilliti til þessa samnings og gefa skýrslur um niðurstöður þeirra athugana;
c) að semja og dreifa árlegum skýrslum um tæknilegar hliðar á rekstri og stöðu þessa samnings;
d) að láta í té slíkar upplýsingar og gefa ráð um öll mál er varða tollverðsákvörðun innfluttrar vöru sem einhver aðili eða nefndin kann að óska eftir. Þessar upplýsingar og ráð geta verið í formi ráðgefandi álits, athugasemda eða skýringa;
e) að auðvelda aðilum að fá tækniaðstoð, samkvæmt beiðni, með það fyrir augum að vinna að alþjóðlegri staðfestingu þessa samnings;

the right of appeal. Payment of normal court costs and lawyers' fees shall not be considered to be a fine.
3. However, nothing in Article 11 shall prevent a Member from requiring full payment of assessed customs duties prior to an appeal.

Note to Article 15
Paragraph 4

For the purposes of Article 15, the term "persons" includes a legal person, where appropriate.

Paragraph 4(e)

For the purposes of this Agreement, one person shall be deemed to control another when the former is legally or operationally in a position to exercise restraint or direction over the latter.

ANNEX II
TECHNICAL COMMITTEE ON CUSTOMS VALUATION

1. In accordance with Article 18 of this Agreement, the Technical Committee shall be established under the auspices of the CCC with a view to ensuring, at the technical level, uniformity in interpretation and application of this Agreement.
2. The responsibilities of the Technical Committee shall include the following:

(a) to examine specific technical problems arising in the day-to-day administration of the customs valuation system of Members and to give advisory opinions on appropriate solutions based upon the facts presented;
(b) to study, as requested, valuation laws, procedures and practices as they relate to this Agreement and to prepare reports on the results of such studies;
(c) to prepare and circulate annual reports on the technical aspects of the operation and status of this Agreement;
(d) to furnish such information and advice on any matters concerning the valuation of imported goods for customs purposes as may be requested by any Member or the Committee. Such information and advice may take the form of advisory opinions, commentaries or explanatory notes;
(e) to facilitate, as requested, technical assistance to Members with a view to furthering the international acceptance of this Agreement;

f) að kanna mál sem kærunefnd vísar til hennar skv. 19. gr. þessa samnings; og

g) að sinna þeim skyldustörfum öðrum sem nefndin kann að fela henni.

Almennt.

3. Tækninefndin skal leitast við að ljúka störfum sínum að tilteknum málum á hóflega skömmum tíma, einkum þeim sem aðilar, nefndin eða kærunefnd vísar til hennar. Eins og kveðið er á um í 4. mgr. 19. gr. skal kærunefnd setja ákveðin tímamörk um það hvenær skýrsla tækninefndarinnar á að hafa borist og skal tækninefndin leggja fram skýrslu sína innan þeirra tímamarka.

4. Tækninefndin skal, eftir því sem þörf krefur, njóta aðstoðar aðalskrifstofu tollasamvinnuráðsins við þá starfsemi sem hún hefur með höndum.

Fulltrúaseta.

5. Sérhver aðili skal eiga rétt á að hafa fulltrúa í tækninefndinni. Sérhverjum aðila er heimilt að tilnefna einn fulltrúa og einn eða fleiri varamenn til setu í nefndinni. Aðili sem hefur fulltrúa í tækninefndinni nefnist í þessum viðauka „aðili að tækninefndinni". Fulltrúar aðila í tækninefndinni geta notið aðstoðar ráðgjafa. Aðalskrifstofu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar er einnig heimilt að hafa áheyrnarfulltrúa á slíkum fundum.

6. Aðilum að tollasamvinnuráðinu, sem eru ekki aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, er heimilt að hafa einn fulltrúa á fundum tækninefndarinnar og einn eða fleiri varamenn. Þessir fulltrúar skulu sitja fundi tækninefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

7. Að fengnu samþykki formanns tækninefndarinnar getur aðalframkvæmdastjóri tollasamvinnuráðsins (nefndur „framkvæmdastjórinn" í þessum viðauka) boðið fulltrúum ríkisstjórna, sem eru hvorki aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni né tollasamvinnuráðinu og fulltrúum alþjóðlegra ríkis- og viðskiptastofnana, að sitja fundi tækninefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

8. Tilnefning fulltrúa, varamanna og ráðgjafa á fundi tækninefndarinnar skal lögð fyrir framkvæmdastjórann.

Fundir tækninefndarinnar.

9. Tækninefndin skal koma saman eftir þörfum en þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Tækninefnd-

(f) to carry out an examination of a matter referred to it by a panel under Article 19 of this Agreement; and

(g) to exercise such other responsibilities as the Committee may assign to it.

General

3. The Technical Committee shall attempt to conclude its work on specific matters, especially those referred to it by Members, the Committee or a panel, in a reasonably short period of time. As provided in paragraph 4 of Article 19, a panel shall set a specific time period for receipt of a report of the Technical Committee and the Technical Committee shall provide its report within that period.

4. The Technical Committee shall be assisted as appropriate in its activities by the CCC Secretariat.

Representation

5. Each Member shall have the right to be represented on the Technical Committee. Each Member may nominate one delegate and one or more alternates to be its representatives on the Technical Committee. Such a Member so represented on the Technical Committee is referred to in this Annex as a "member of the Technical Committee". Representatives of members of the Technical Committee may be assisted by advisers. The WTO Secretariat may also attend such meetings with observer status.

6. Members of the CCC which are not Members of the WTO may be represented at meetings of the Technical Committee by one delegate and one or more alternates. Such representatives shall attend meetings of the Technical Committee as observers.

7. Subject to the approval of the Chairman of the Technical Committee, the Secretary-General of the CCC (referred to in this Annex as "the Secretary-General") may invite representatives of governments which are neither Members of the WTO nor members of the CCC and representatives of international governmental and trade organizations to attend meetings of the Technical Committee as observers.

8. Nominations of delegates, alternates and advisers to meetings of the Technical Committee shall be made to the Secretary-General.

Technical Committee Meetings

9. The Technical Committee shall meet as necessary but at least two times a year. The date of

in ákveður fundardag í fundarlotunni næst á undan. Breyta má fundardeginum annaðhvort að beiðni einhvers af aðilum tækninefndarinnar ef einfaldur meirihluti aðila í tækninefndinni er því samþykkur eða að beiðni formannsins þegar um er að ræða mál sem brýnt er að leysa. Þrátt fyrir ákvæðin í fyrsta málslið þessarar málsgreinar skal tækninefndin koma saman eins oft og þörf krefur til að fjalla um mál sem kærunefnd vísar til hennar samkvæmt ákvæðum 19. gr. þessa samnings.

10. Fundir tækninefndarinnar skulu haldnir í höfuðstöðvum tollasamvinnuráðsins nema annað sé ákveðið.
11. Framkvæmdastjórinn skal tilkynna öllum nefndarmönnum tækninefndarinnar og aðilum sem fjallað er um í 6. og 7. mgr. um upphafsdag hverrar fundarlotu tækninefndarinnar, með að minnsta kosti 30 daga fyrirvara, nema í tilvikum sem eru mjög aðkallandi.

Dagskrá.

12. Framkvæmdastjórinn útbýr bráðabirgðadagskrá fyrir hverja fundarlotu og dreifir henni til aðila tækninefndarinnar og þeirra sem eru tilgreindir í 6. og 7. mgr. að minnsta kosti 30 dögum áður en fundir hefjast, nema í tilvikum sem eru mjög aðkallandi. Í þessari dagskrá skulu tekin með öll atriði sem tækninefndin hefur samþykkt í fundarlotunni næst á undan að tekin verði til umfjöllunar, öll atriði sem formaðurinn hefur frumkvæði að því að leggja fram og öll atriði sem framkvæmdastjórinn, nefndin eða einhver aðili að tækninefndinni hefur óskað eftir að tekin verði til umfjöllunar.
13. Tækninefndin skal ákveða dagskrána í upphafi hverrar fundarlotu. Tækninefndinni er heimilt að breyta dagskránni hvenær sem er á meðan fundir standa yfir.

Embættismenn og fundarsköp.

14. Tækninefndin skal kjósa formann og einn eða fleiri varaformenn úr hópi nefndarmanna. Formaður og varaformenn skulu hver um sig gegna embættinu í eitt ár. Leyfilegt er að endurkjósa fráfarandi formann og varaformenn. Umboð formanns eða varaformanns sem er ekki lengur fulltrúi aðila í tækninefndinni, fellur sjálfkrafa niður.

15. Ef formaðurinn er fjarverandi á einhverjum fundi eða hluta af fundi skal varaformaður stýra fundi. Í því tilviki hefur varaformaðurinn sama vald og sömu skyldur og formaður.

each meeting shall be fixed by the Technical Committee at its preceding session. The date of the meeting may be varied either at the request of any member of the Technical Committee concurred in by a simple majority of the members of the Technical Committee or, in cases requiring urgent attention, at the request of the Chairman. Notwithstanding the provisions in sentence 1 of this paragraph, the Technical Committee shall meet as necessary to consider matters referred to it by a panel under the provisions of Article 19 of this Agreement.
10. The meetings of the Technical Committee shall be held at the headquarters of the CCC unless otherwise decided.
11. The Secretary-General shall inform all members of the Technical Committee and those included under paragraphs 6 and 7 at least 30 days in advance, except in urgent cases, of the opening date of each session of the Technical Committee.

Agenda

12. A provisional agenda for each session shall be drawn up by the Secretary-General and circulated to the members of the Technical Committee and to those included under paragraphs 6 and 7 at least 30 days in advance of the session, except in urgent cases. This agenda shall comprise all items whose inclusion has been approved by the Technical Committee during its preceding session, all items included by the Chairman on the Chairman's own initiative, and all items whose inclusion has been requested by the Secretary-General, by the Committee or by any member of the Technical Committee.
13. The Technical Committee shall determine its agenda at the opening of each session. During the session the agenda may be altered at any time by the Technical Committee.

Officers and Conduct of Business

14. The Technical Committee shall elect from among the delegates of its members a Chairman and one or more Vice-Chairmen. The Chairman and Vice-Chairmen shall each hold office for a period of one year. The retiring Chairman and Vice-Chairmen are eligible for re-election. The mandate of a Chairman or Vice-Chairman who no longer represents a member of the Technical Committee shall terminate automatically.
15. If the Chairman is absent from any meeting or part thereof, a Vice-Chairman shall preside. In that event, the latter shall have the same powers and duties as the Chairman.

16. Formaður sem stýrir fundi skal taka þátt í störfum tækninefndarinnar sem slíkur en ekki sem fulltrúi aðila að tækninefndinni.

17. Til viðbótar við önnur skyldustörf formannsins samkvæmt þessum reglum skal hann setja og slíta fundum, stjórna umræðum, gefa fulltrúum orðið og annast almenna fundarstjórn samkvæmt þessum reglum. Formaðurinn getur einnig áminnt ræðumann ef hann fer út fyrir efnið.

18. Við málefnaumræður kunna fulltrúar að gera fyrirspurn um fundarsköp. Í því tilviki skal formaðurinn þegar í stað kveða upp úrskurð. Ef þessi úrskurður er véfengdur skal formaðurinn vísa málinu til úrskurðar fundarins og skal sá úrskurður standa nema honum sé hnekkt.
19. Framkvæmdastjórinn eða embættismenn aðalskrifstofu tollasamvinnuráðsins, tilnefndir af framkvæmdastjóranum, skulu annast skrifstofuvinnu í sambandi við fundi tækninefndarinnar.

Ákvörðunarbær meirihluti og atkvæðagreiðsla.

20. Fulltrúar aðila að tækninefndinni, sem mynda einfaldan meirihluta, teljast vera ákvörðunarbær meirihluti.
21. Sérhver aðili að tækninefndinni ræður yfir einu atkvæði. Ákvörðun í tækninefndinni skal tekin af meirihluta sem að minnsta kosti tveir þriðju af viðstöddum aðilum mynda. Tækninefndinni er frjálst, óháð niðurstöðu úr atkvæðagreiðslu um tiltekin mál, að gefa nefndinni og tollasamvinnuráðinu ítarlega skýrslu um málið sem sýnir mismunandi álit sem kemur fram í umræðum um það. Þrátt fyrir ákvæði þessarar málsgreinar skal tækninefndin taka ákvarðanir með einróma samþykki um mál sem kærunefnd vísar til hennar. Þegar ekki næst samkomulag innan tækninefndarinnar um mál sem kærunefnd vísar til hennar skal tækninefndin gefa um það skýrslu þar sem greint er í einstökum atriðum frá staðreyndum málsins og áliti aðilanna.

Tungumál og skráning.

22. Opinber tungumál tækninefndarinnar skulu vera enska, franska og spænska. Ræður eða yfirlýsingar á einhverju af þessum þremur tungumálum skal þýða þegar í stað yfir á hin opinberu tungumálin nema allir fulltrúar samþykki að þýðingar séu óþarfar. Ræður eða yfirlýsingar á öðrum tungumálum skulu á sama hátt

16. The Chairman of the meeting shall participate in the proceedings of the Technical Committee as such and not as the representative of a member of the Technical Committee.
17. In addition to exercising the other powers conferred upon the Chairman by these rules, the Chairman shall declare the opening and closing of each meeting, direct the discussion, accord the right to speak, and, pursuant to these rules, have control of the proceedings. The Chairman may also call a speaker to order if the speaker's remarks are not relevant.
18. During discussion of any matter a delegation may raise a point of order. In this event, the Chairman shall immediately state a ruling. If this ruling is challenged, the Chairman shall submit it to the meeting for decision and it shall stand unless overruled.
19. The Secretary-General, or officers of the CCC Secretariat designated by the Secretary-General, shall perform the secretarial work of meetings of the Technical Committee.

Quorum and Voting

20. Representatives of a simple majority of the members of the Technical Committee shall constitute a quorum.
21. Each member of the Technical Committee shall have one vote. A decision of the Technical Committee shall be taken by a majority comprising at least two thirds of the members present. Regardless of the outcome of the vote on a particular matter, the Technical Committee shall be free to make a full report to the Committee and to the CCC on that matter indicating the different views expressed in the relevant discussions. Notwithstanding the above provisions of this paragraph, on matters referred to it by a panel, the Technical Committee shall take decisions by consensus. Where no agreement is reached in the Technical Committee on the question referred to it by a panel, the Technical Committee shall provide a report detailing the facts of the matter and indicating the views of the members.

Languages and Records

22. The official languages of the Technical Committee shall be English, French and Spanish. Speeches or statements made in any of these three languages shall be immediately translated into the other official languages unless all delegations agree to dispense with translation. Speeches or statements made in any other lan-

þýddar yfir á ensku, frönsku og spænsku en í því tilviki skal viðkomandi fulltrúi leggja til þýðingu á ensku, frönsku eða spænsku. Einungis skal nota ensku, frönsku og spænsku í opinberum skjölum tækninefndarinnar. Bókanir og bréfaskipti í sambandi við mál sem tækninefndin fjallar um skulu fara fram á einhverju af opinberu tungumálunum.

23. Tækninefndin skal setja saman skýrslu um öll þing sem eru haldin á hennar vegum og, ef formaðurinn telur það nauðsynlegt, fundargerðir eða samantektir af fundum þeirra. Formaðurinn, eða sá sem hann tilnefnir, skal gefa skýrslu um störf tækninefndarinnar á hverjum fundi nefndarinnar og á hverjum fundi tollasamvinnuráðsins.

guage shall be translated into English, French and Spanish, subject to the same conditions, but in that event the delegation concerned shall provide the translation into English, French or Spanish. Only English, French and Spanish shall be used for the official documents of the Technical Committee. Memoranda and correspondence for the consideration of the Technical Committee must be presented in one of the official languages.

23. The Technical Committee shall draw up a report of all its sessions and, if the Chairman considers it necessary, minutes or summary records of its meetings. The Chairman or a designee of the Chairman shall report on the work of the Technical Committee at each meeting of the Committee and at each meeting of the CCC.

III. VIÐAUKI

1. Verið getur að fimm ára fresturinn, sem kveðið er á um í 1. mgr. 20. gr. og þróunaraðildarlönd hafa til að hrinda ákvæðum samningsins í framkvæmd, sé í reynd of stuttur fyrir tiltekin þróunaraðildarlönd. Í þeim tilvikum geta þróunaraðildarlöndin, fyrir lok tímabilsins sem um getur í 1. mgr. 20. gr., óskað eftir lengingu þess tímabils og er þá gert ráð fyrir að aðilar fjalli um slíka beiðni með velvilja í tilvikum þar sem viðkomandi þróunaraðildarlönd geta sýnt fram á að þau hafi gildar ástæður fyrir slíkri beiðni.

2. Þróunarlönd, sem eins og er virða vörur á lágmarksverði samkvæmt opinberum ákvörðunum, geta óskað eftir að gera fyrirvara sem gerir þeim kleift að halda slíku verði að takmörkuðu leyti og tímabundið samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem aðilar koma sér saman um.

3. Þróunarlönd, sem líta svo á að beiting ákvæða í öfugri röð að beiðni innflytjanda, sem kveðið er á um í 4. gr. samningsins, geti valdið þeim umtalsverðum erfiðleikum, geta óskað eftir að gera fyrirvara við ákvæði 4. gr. á eftirfarandi hátt:

> „Ríkisstjórn ... áskilur sér rétt til að ákveða að viðkomandi ákvæði 4. gr. samningsins skuli aðeins gilda þegar tollyfirvöld eru samþykk beiðni um að ákvæðum 5. og 6. gr. verði beitt í öfugri röð."

Ef þróunarlönd gera slíkan fyrirvara skulu aðilar samþykkja það skv. 21. gr. samningsins.

ANNEX III

1. The five-year delay in the application of the provisions of the Agreement by developing country Members provided for in paragraph 1 of Article 20 may, in practice, be insufficient for certain developing country Members. In such cases a developing country Member may request before the end of the period referred to in paragraph 1 of Article 20 an extension of such period, it being understood that the Members will give sympathetic consideration to such a request in cases where the developing country Member in question can show good cause.

2. Developing countries which currently value goods on the basis of officially established minimum values may wish to make a reservation to enable them to retain such values on a limited and transitional basis under such terms and conditions as may be agreed to by the Members.

3. Developing countries which consider that the reversal of the sequential order at the request of the importer provided for in Article 4 of the Agreement may give rise to real difficulties for them may wish to make a reservation to Article 4 in the following terms:

> "The Government of ..... reserves the right to provide that the relevant provision of Article 4 of the Agreement shall apply only when the customs authorities agree to the request to reverse the order of Articles 5 and 6."

If developing countries make such a reservation, the Members shall consent to it under Article 21 of the Agreement.

4. Þróunarlöndin geta óskað eftir að gera fyrirvara að því er varðar ákvæði 2. mgr. 5. gr. samningsins á eftirfarandi hátt:

„Ríkisstjórn ... áskilur sér rétt til að ákveða að ákvæðum 2. mgr. 5. gr. samningsins skuli beitt í samræmi við athugasemd við þá málsgrein hvort sem innflytjandinn óskar eftir því eða ekki."

Ef þróunarlönd gera slíkan fyrirvara skulu aðilar samþykkja það skv. 21. gr. samningsins.

5. Tiltekin þróunarlönd kunna að eiga í erfiðleikum með framkvæmd 1. gr. samningsins að því er tekur til innflutnings á vegum einkaumboðsmanna, einkadreifingaraðila og sérleyfishafa. Ef slík vandkvæði koma upp hjá þróunaraðildarlöndum sem beita samningnum skal fara fram athugun á því vandamáli, að beiðni slíkra aðila, með það fyrir augum að finna viðeigandi lausn.

6. Í 17. gr. er viðurkennt að við beitingu ákvæða samningsins geti tollyfirvöld þurft að gera fyrirspurnir varðandi sannleiksgildi eða nákvæmni hvers konar greinargerða, skjala eða yfirlýsinga sem eru lagðar fram vegna tollverðsákvörðunar. Þannig er í greininni viðurkennt að gera megi fyrirspurnir með það að markmiði til dæmis að fá staðfestingu á því að verðliðir, sem er skýrt frá eða eru lagðir fram hjá tollyfirvöldum vegna tollverðsákvörðunar, séu að fullu tilgreindir og réttir. Aðilar hafa, með fyrirvara um að innlendum lögum og málsmeðferð sé fylgt, rétt til að krefjast fullrar samvinnu innflytjenda í sambandi við þessar fyrirspurnir.

7. Innifalið í verði, sem er greitt eða ber að greiða, eru allar greiðslur sem kaupandi greiðir eða ber að greiða seljanda og flokkast undir söluskilmála innfluttu vörunnar eða kaupandi greiðir þriðja aðila til að fullnægja kröfum seljandans.

4. Developing countries may wish to make a reservation with respect to paragraph 2 of Article 5 of the Agreement in the following terms:

"The Government of ..... reserves the right to provide that paragraph 2 of Article 5 of the Agreement shall be applied in accordance with the provisions of the relevant note thereto whether or not the importer so requests."

If developing countries make such a reservation, the Members shall consent to it under Article 21 of the Agreement.

5. Certain developing countries may have problems in the implementation of Article 1 of the Agreement insofar as it relates to importations into their countries by sole agents, sole distributors and sole concessionaires. If such problems arise in practice in developing country Members applying the Agreement, a study of this question shall be made, at the request of such Members, with a view to finding appropriate solutions.

6. Article 17 recognizes that in applying the Agreement, customs administrations may need to make enquiries concerning the truth or accuracy of any statement, document or declaration presented to them for customs valuation purposes. The Article thus acknowledges that enquiries may be made which are, for example, aimed at verifying that the elements of value declared or presented to customs in connection with a determination of customs value are complete and correct. Members, subject to their national laws and procedures, have the right to expect the full cooperation of importers in these enquiries.

7. The price actually paid or payable includes all payments actually made or to be made as a condition of sale of the imported goods, by the buyer to the seller, or by the buyer to a third party to satisfy an obligation of the seller.

SAMNINGUR UM VÖRUSKOÐUN FYRIR SENDINGU

Aðilar,

sem gera sér ljóst að ráðherrar samþykktu, hinn 20. september 1986, að markmið Úrúgvælotu marghliða viðskiptaviðræðnanna skyldi vera það að „auka frelsi í alþjóðaviðskiptum og efla þau", „styrkja hlutverk GATT" og „auka aðlögunarhæfni GATT-kerfisins að hinu síbreytilega alþjóðlega efnahagsumhverfi",

AGREEMENT ON PRESHIPMENT INSPECTION

Members,

Noting that Ministers on 20 September 1986 agreed that the Uruguay Round of Multilateral Trade Negotiations shall aim to "bring about further liberalization and expansion of world trade", "strengthen the role of GATT" and "increase the responsiveness of the GATT system to the evolving international economic environment";

sem gera sér ljóst að fjölmargir aðilar sem eru þróunarlönd (hér eftir nefnd „þróunaraðildarlönd“) hafa aðstöðu til að framkvæma vöruskoðun fyrir sendingu,

sem viðurkenna þörf þróunaraðildarlanda til að framkvæma slíka skoðun, eins lengi og að svo miklu leyti sem þörf er á til að fylgjast með gæðum, magni og verði innfluttrar vöru, og

sem eru minnugir þess að nauðsynlegt er að slíkar áætlanir séu framkvæmdar án óþarfra tafa og án mismununar,

*sem gera sér ljós*t að samkvæmt skilgreiningu fer þessi skoðun fram á yfirráðasvæði aðila sem er útflytjandi,

sem viðurkenna þörfina á að mynda alþjóðlega umgjörð, sem samkomulag er um, varðandi réttindi og skyldur, bæði aðila sem eru notendur og aðila sem eru útflytjendur,

sem viðurkenna að meginreglur og skyldur samkvæmt GATT-samningnum frá 1994 gilda um starfsemi stofa sem annast vöruskoðun fyrir sendingu í umboði stjórnvalda aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni,

sem viðurkenna að æskilegt er að starfsemi stofa, sem annast vöruskoðun fyrir sendingu, sé gagnsæ svo og lög og reglur sem tengjast slíkri vöruskoðun,

sem æskja þess að kveðið verði á um að deilumál, sem upp koma á grundvelli þessa samnings milli útflytjenda og stofa sem annast vöruskoðun fyrir sendingu, verði leyst með skjótum, skilvirkum og sanngjörnum hætti,

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

1. gr.
Gildissvið - Skilgreiningar.

1. Þessi samningur gildir um alla vöruskoðun fyrir sendingu sem fram fer á yfirráðasvæði aðila, hvort sem slík starfsemi fer fram samkvæmt samningi eða í umboði stjórnvalda eða opinberra stofnana aðila.

2. „Aðili sem er notandi“ merkir aðila sem stjórnvöld eða opinber stofnun gerir samning við eða veitir umboð til að framkvæma vöruskoðun fyrir sendingu.

3. Vöruskoðun fyrir sendingu telst vera öll starfsemi sem tengist eftirliti með gæðum, magni, verði, þar með talið gengi gjaldmiðla og fjárhagslegir skilmálar, og/eða tollflokkun vara sem flytja á inn á yfirráðasvæði aðila sem er notandi.

4. „Stofa sem annast vöruskoðun fyrir sendingu“ er stofa sem aðili gerir samning við eða veitir umboð til að framkvæma vöruskoðun fyrir sendingu.[53]

Noting that a number of developing country Members have recourse to preshipment inspection;

Recognizing the need of developing countries to do so for as long and in so far as it is necessary to verify the quality, quantity or price of imported goods;

Mindful that such programmes must be carried out without giving rise to unnecessary delays or unequal treatment;

Noting that this inspection is by definition carried out on the territory of exporter Members;

Recognizing the need to establish an agreed international framework of rights and obligations of both user Members and exporter Members;

Recognizing that the principles and obligations of GATT 1994 apply to those activities of preshipment inspection entities that are mandated by governments that are Members of the WTO;

Recognizing that it is desirable to provide transparency of the operation of preshipment inspection entities and of laws and regulations relating to preshipment inspection;

Desiring to provide for the speedy, effective and equitable resolution of disputes between exporters and preshipment inspection entities arising under this Agreement;

Hereby *agree* as follows:

Article 1
Coverage - Definitions

1. This Agreement shall apply to all preshipment inspection activities carried out on the territory of Members, whether such activities are contracted or mandated by the government, or any government body, of a Member.

2. The term “user Member” means a Member of which the government or any government body contracts for or mandates the use of preshipment inspection activities.

3. Preshipment inspection activities are all activities relating to the verification of the quality, the quantity, the price, including currency exchange rate and financial terms, and/or the customs classification of goods to be exported to the territory of the user Member.

4. The term “preshipment inspection entity” is any entity contracted or mandated by a Member to carry out preshipment inspection activities.[53]

2. gr.

Skyldur aðila sem eru notendur. Bann við mismunun.

1. Aðilar sem eru notendur skulu sjá til þess að vöruskoðun fyrir sendingu fari fram með þeim hætti að aðilum sé ekki mismunað og að aðferðir og viðmiðanir, sem beitt er við slíka skoðun, séu hlutlægar og jafnar gagnvart öllum útflytjendum sem slík skoðun hefur áhrif á. Þeir skulu sjá til þess að allir skoðunarmenn á vegum stofa sem annast vöruskoðun fyrir sendingu samkvæmt samningi eða í umboði þeirra vinni verk sín á einsleitan hátt.

Kröfur stjórnvalda.

2. Aðilar sem eru notendur skulu sjá til þess að þegar vöruskoðun fyrir sendingu fer fram séu ákvæði 4. mgr. III. gr. GATT-samningsins frá 1994 virt í samræmi við lög þeirra, reglur og kröfur, að því marki sem þau eiga við.

Skoðunarstaður.

3. Aðilar sem eru notendur skulu sjá til þess að öll vöruskoðun fyrir sendingu, þar með talin útgáfa vottorðs sem staðfestir að ekkert athugavert finnist eða skjals sem staðfestir að ekki er unnt að gefa fyrrnefnt vottorð út, fari fram á því tollsvæði þaðan sem vörurnar eru fluttar út eða, ef ekki er unnt að láta skoðun fara fram á því tollsvæði vegna margbrotinna eðliseiginleika varanna eða ef báðir málsaðilar koma sér saman um það, á því tollsvæði þar sem vörurnar eru framleiddar.

Staðlar.

4. Aðilar sem eru notendur skulu sjá til þess að magn- og gæðaskoðun fari fram í samræmi við staðla sem seljandi og kaupandi skilgreina í kaupsamningi og að viðeigandi alþjóðastaðlar[54] séu notaðir ef slíkir skilgreindir staðlar eru ekki fyrir hendi.

Gagnsæi.

5. Aðilar sem eru notendur skulu sjá til þess að vöruskoðun fyrir sendingu fari fram með gagnsæjum hætti.

6. Aðilar sem eru notendur skulu, þegar útflytjendur hafa fyrst samband við þá, sjá til þess að stofur sem annast vöruskoðun fyrir sendingu láti útflytjendum í té skrá yfir allar nauðsynlegar upplýsingar til að þeir geti fullnægt skoðunarkröfum. Stofur sem annast vöruskoðun fyrir sendingu skulu láta útflytjendum í té þessar upplýsingar ef óskað er eftir þeim. Í þessum

Article 2

Obligations of User Members Non-discrimination

1. User Members shall ensure that preshipment inspection activities are carried out in a non-discriminatory manner, and that the procedures and criteria employed in the conduct of these activities are objective and are applied on an equal basis to all exporters affected by such activities. They shall ensure uniform performance of inspection by all the inspectors of the preshipment inspection entities contracted or mandated by them.

Governmental Requirements

2. User Members shall ensure that in the course of preshipment inspection activities relating to their laws, regulations and requirements, the provisions of paragraph 4 of Article III of GATT 1994 are respected to the extent that these are relevant.

Site of Inspection

3. User Members shall ensure that all preshipment inspection activities, including the issuance of a Clean Report of Findings or a note of non-issuance, are performed in the customs territory from which the goods are exported or, if the inspection cannot be carried out in that customs territory given the complex nature of the products involved, or if both parties agree, in the customs territory in which the goods are manufactured.

Standards

4. User Members shall ensure that quantity and quality inspections are performed in accordance with the standards defined by the seller and the buyer in the purchase agreement and that, in the absence of such standards, relevant international standards[54] apply.

Transparency

5. User Members shall ensure that preshipment inspection activities are conducted in a transparent manner.

6. User Members shall ensure that, when initially contacted by exporters, preshipment inspection entities provide to the exporters a list of all the information which is necessary for the exporters to comply with inspection requirements. The preshipment inspection entities shall provide the actual information when so requested by exporters. This information shall include a refer-

upplýsingum skal meðal annars vera tilvísun í lög og reglur aðila sem eru notendur, sem fjalla um vöruskoðun fyrir sendingu, og einnig upplýsingar um málsmeðferð og viðmiðanir sem er beitt við skoðun og sannprófun á verði og gengi gjaldmiðla, um rétt útflytjenda gagnvart skoðunarstofum og málsmeðferð við áfrýjum skv. 21. gr. Ekki skal gera viðbótarkröfur varðandi málsmeðferð eða breyta gildandi málsmeðferð vegna sendingar nema viðkomandi útflytjanda sé gerð grein fyrir slíkum breytingum þegar skoðunartími er ákveðinn. Hins vegar er heimilt að gera slíkar viðbótarkröfur eða breytingar vegna sendingar í neyðartilvikum, af þeim toga sem um getur í XX. og XXI. gr. GATT-samningsins frá 1994, áður en útflytjanda er gerð grein fyrir því. Fyrrnefnd aðstoð leysir útflytjendur hins vegar ekki undan þeirri skyldu að hlíta reglum aðila sem eru notendur um innflutning.

7. Aðilar sem eru notendur skulu sjá til þess að útflytjendur hafi greiðan aðgang að þeim upplýsingum sem um getur í 6. mgr. og að skrifstofur sem sjá um vöruskoðun fyrir sendingu, sem stofur sem annast slíka skoðun reka, séu jafnframt upplýsingamiðstöðvar þar sem unnt er að nálgast þessar upplýsingar.

8. Aðilar sem eru notendur skulu birta þegar í stað öll lög og reglur sem gilda um vöruskoðun fyrir sendingu með þeim hætti að stjórnvöldum annarra aðila og þeim sem annast viðskipti sé gert kleift að kynna sér efni þeirra.

Vernd viðskiptaupplýsinga sem eru trúnaðarmál.

9. Aðilar sem eru notendur skulu sjá til þess að stofur sem annast vöruskoðun fyrir sendingu fari með allar upplýsingar, sem þeim eru látnar í té við slíka skoðun, sem trúnaðarmál nema þær hafi þegar verið birtar, þriðju aðilar hafi almennt aðgang að þeim eða almenningur hafi aðgang að þeim á annan hátt. Aðilar sem eru notendur skulu sjá til þess að stofur sem annast vöruskoðun fyrir sendingu beiti málsmeðferð sem þjónar þessu markmiði.

10. Aðilar sem eru notendur skulu láta aðilum í té upplýsingar um þær ráðstafanir sem þeir beita til að hrinda ákvæðum 9. mgr. í framkvæmd, sé þess óskað. Ákvæði þessarar málsgreinar leggja engum aðila þær skyldur á herðar að láta af hendi trúnaðarupplýsingar ef slíkt hindraði framkvæmd áætlana um vöruskoðun fyrir sendingu eða skaðaði lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja í eigu hins opinbera eða í einkaeign.

ence to the laws and regulations of user Members relating to preshipment inspection activities, and shall also include the procedures and criteria used for inspection and for price and currency exchange-rate verification purposes, the exporters' rights vis-à-vis the inspection entities, and the appeals procedures set up under paragraph 21. Additional procedural requirements or changes in existing procedures shall not be applied to a shipment unless the exporter concerned is informed of these changes at the time the inspection date is arranged. However, in emergency situations of the types addressed by Articles XX and XXI of GATT 1994, such additional requirements or changes may be applied to a shipment before the exporter has been informed. This assistance shall not, however, relieve exporters from their obligations in respect of compliance with the import regulations of the user Members.

7. User Members shall ensure that the information referred to in paragraph 6 is made available to exporters in a convenient manner, and that the preshipment inspection offices maintained by preshipment inspection entities serve as information points where this information is available.

8. User Members shall publish promptly all applicable laws and regulations relating to preshipment inspection activities in such a manner as to enable other governments and traders to become acquainted with them.

Protection of Confidential Business Information

9. User Members shall ensure that preshipment inspection entities treat all information received in the course of the preshipment inspection as business confidential to the extent that such information is not already published, generally available to third parties, or otherwise in the public domain. User Members shall ensure that preshipment inspection entities maintain procedures to this end.

10. User Members shall provide information to Members on request on the measures they are taking to give effect to paragraph 9. The provisions of this paragraph shall not require any Member to disclose confidential information the disclosure of which would jeopardize the effectiveness of the preshipment inspection programmes or would prejudice the legitimate commercial interest of particular enterprises, public or private.

11. Aðilar sem eru notendur skulu sjá til þess að stofur sem annast vöruskoðun fyrir sendingu ljóstri ekki upp viðskiptaupplýsingum sem eru trúnaðarmál við þriðja málsaðila að öðru leyti en því að viðkomandi stofum er heimilt að deila þeim upplýsingum sem um ræðir með þeim opinberu stofnunum sem semja við þær eða veita þeim umboð. Aðilar sem eru notendur skulu sjá til þess að viðskiptaupplýsingar sem eru trúnaðarmál, sem stofur sem annast vöruskoðun fyrir sendingu og þeir hafa samið við eða veitt umboð láta þeim í té, séu varðveitt með viðunandi hætti. Stofur sem annast vöruskoðun fyrir sendingu skulu einungis deila viðskiptaupplýsingum sem eru trúnaðarmál með stjórnvöldum, sem semja við þær eða veita þeim umboð, að því marki að slíkra upplýsinga sé venjulega þörf vegna ábyrgða eða annars konar greiðslna eða vegna tollafgreiðslu, innflutningsleyfa eða gjaldeyriseftirlits.

12. Aðilar sem eru notendur skulu sjá til þess að stofur sem annast vöruskoðun fyrir sendingu krefjist þess ekki að útflytjendur veiti upplýsingar um:

a) framleiðslugögn í sambandi við einkaleyfis- eða nytjaleyfisaðferðir eða aðferðir sem ekki er greint frá eða aðferðir sem einkaleyfi er í undirbúningi fyrir;
b) óbirt tæknigögn önnur en gögn sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að farið sé eftir tæknilegum reglugerðum eða stöðlum;
c) innri verðlagningu, meðal annars framleiðslukostnað;
d) hagnað;
e) samningsskilmála milli útflytjenda og birgja þeirra, nema annars sé ógerlegt fyrir stofuna að framkvæma viðkomandi skoðun. Í slíkum tilvikum skal stofan einungis óska eftir nauðsynlegum upplýsingum í því skyni.

13. Útflytjandi getur, af sjálfsdáðum og til að upplýsa tiltekið mál, gefið þær upplýsingar sem um getur í 12. mgr. og stofur sem annast vöruskoðun fyrir sendingu geta annars ekki óskað eftir.

Hagsmunaárekstrar.

14. Aðilar sem eru notendur skulu sjá til þess að stofur sem annast vöruskoðun fyrir sendingu, að teknu tilliti til ákvæða um vernd viðskiptaupplýsinga sem eru trúnaðarmál í 9.–13. mgr., beiti tiltekinni málsmeðferð til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra:

11. User Members shall ensure that preshipment inspection entities do not divulge confidential business information to any third party, except that preshipment inspection entities may share this information with the government entities that have contracted or mandated them. User Members shall ensure that confidential business information which they receive from preshipment inspection entities contracted or mandated by them is adequately safeguarded. Preshipment inspection entities shall share confidential business information with the governments contracting or mandating them only to the extent that such information is customarily required for letters of credit or other forms of payment or for customs, import licensing or exchange control purposes.

12. User Members shall ensure that preshipment inspection entities do not request exporters to provide information regarding:

(a) manufacturing data related to patented, licensed or undisclosed processes, or to processes for which a patent is pending;
(b) unpublished technical data other than data necessary to demonstrate compliance with technical regulations or standards;
(c) internal pricing, including manufacturing costs;
(d) profit levels;
(e) the terms of contracts between exporters and their suppliers unless it is not otherwise possible for the entity to conduct the inspection in question. In such cases, the entity shall only request the information necessary for this purpose.

13. The information referred to in paragraph 12, which preshipment inspection entities shall not otherwise request, may be released voluntarily by the exporter to illustrate a specific case.

Conflicts of Interest

14. User Members shall ensure that preshipment inspection entities, bearing in mind also the provisions on protection of confidential business information in paragraphs 9 through 13, maintain procedures to avoid conflicts of interest:

a) milli stofa sem annast vöruskoðun fyrir sendingu og eininga, sem tengjast viðkomandi stofum sem annast vöruskoðun fyrir sendingu, þar á meðal eininga þar sem þær síðarnefndu hafa fjárhagslegra eða viðskiptalegra hagsmuna að gæta eða eininga, sem hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta hjá viðkomandi stofum, sem annast vöruskoðun fyrir sendingu og sem eiga að framkvæma vöruskoðun hjá þeim;

b) milli stofa sem annast vöruskoðun fyrir sendingu og annarra eininga, þar á meðal annarra eininga sem sæta vöruskoðun fyrir sendingu, að undanskildum opinberum stofnunum láta skoðun fara fram samkvæmt samningi eða umboði;

c) við deildir stofa sem annast vöruskoðun fyrir sendingu og hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að framkvæma skoðun.

(a) between preshipment inspection entities and any related entities of the preshipment inspection entities in question, including any entities in which the latter have a financial or commercial interest or any entities which have a financial interest in the preshipment inspection entities in question, and whose shipments the preshipment inspection entities are to inspect;

(b) between preshipment inspection entities and any other entities, including other entities subject to preshipment inspection, with the exception of the government entities contracting or mandating the inspections;

(c) with divisions of preshipment inspection entities engaged in activities other than those required to carry out the inspection process.

Tafir.

15. Aðilar sem eru notendur skulu sjá til þess að stofur sem annast vöruskoðun fyrir sendingu forðist ónauðsynlegar tafir á skoðun. Aðilar sem eru notendur skulu sjá til þess, eftir að stofa sem annast vöruskoðun fyrir sendingu og útflytjandi hafa komið sér saman um skoðunardag, að viðkomandi stofa framkvæmi skoðunina á þeim degi nema samkomulag sé um aðra tímasetningu milli útflytjanda og viðkomandi stofu eða útflytjandi eða „óviðráðanlegar aðstæður“[55] geri henni það ókleift.

16. Aðilar sem eru notendur skulu sjá til þess, eftir móttöku endanlegra skjala og eftir að skoðun er lokið, að stofur sem annast vöruskoðun fyrir sendingu gefi annaðhvort út, innan fimm virkra daga, vottorð sem staðfestir að ekkert athugavert finnist eða leggi fram ítarlega skriflega skýringu þar sem tilgreindar eru ástæður þess að ekki er unnt að gefa út slíkt vottorð. Aðilar sem eru notendur skulu í síðara tilvikinu sjá til þess að stofur sem annast vöruskoðun fyrir sendingu gefi útflytjendum tækifæri til að gera skriflega grein fyrir sjónarmiðum sínum og geri ráðstafanir til að skoðun verði endurtekin eins fljótt og báðum málsaðilum hentar, ef útflytjendur óska eftir því.

17. Aðilar sem eru notendur skulu, þegar útflytjendur óska eftir því, sjá til þess að stofur sem annast vöruskoðun fyrir sendingu sannprófi, áður en eiginleg vöruskoðun fer fram, verð og,

Delays

15. User Members shall ensure that preshipment inspection entities avoid unreasonable delays in inspection of shipments. User Members shall ensure that, once a preshipment inspection entity and an exporter agree on an inspection date, the preshipment inspection entity conducts the inspection on that date unless it is rescheduled on a mutually agreed basis between the exporter and the preshipment inspection entity, or the preshipment inspection entity is prevented from doing so by the exporter or by force majeure.[55]

16. User Members shall ensure that, following receipt of the final documents and completion of the inspection, preshipment inspection entities, within five working days, either issue a Clean Report of Findings or provide a detailed written explanation specifying the reasons for non-issuance. User Members shall ensure that, in the latter case, preshipment inspection entities give exporters the opportunity to present their views in writing and, if exporters so request, arrange for re-inspection at the earliest mutually convenient date.

17. User Members shall ensure that, whenever so requested by the exporters, preshipment inspection entities undertake, prior to the date of physical inspection, a preliminary verification of

i) kostnað við starfsmannahald (rannsóknarmenn, tæknimenn og aðra starfsmenn sem eingöngu starfa við rannsóknirnar);

ii) kostnað við tæki, búnað, land og byggingar sem eru eingöngu og til frambúðar ætluð til rannsóknarstarfsemi (nema um sé að ræða afnot á viðskiptagrundvelli);

iii) kostnað við ráðgjöf og jafngilda þjónustu vegna rannsóknarstarfsemi eingöngu, þar með taldar aðkeyptar rannsóknir, tækniþekking, einkaleyfi o.s.frv.;

iv) annan fastakostnað sem er beinlínis til kominn vegna rannsóknarstarfseminnar;

v) annan rekstrarkostnað (svo sem efni, birgðir o.þ.h.) sem er beinlínis til kominn vegna rannsóknarstarfseminnar;

b) aðstoð við illa stödd svæði á yfirráðasvæði aðila, sem er veitt samkvæmt almennum ramma um svæðaþróun[102] og er ekki sértækur styrkur (í skilningi 2. gr.)

PART IV: NON-ACTIONABLE SUBSIDIES

Article 8

Identification of Non-Actionable Subsidies

8.1 The following subsidies shall be considered as non-actionable[94]:

(a) subsidies which are not specific within the meaning of Article 2;

(b) subsidies which are specific within the meaning of Article 2 but which meet all of the conditions provided for in paragraphs 2(a), 2(b) or 2(c) below.

8.2 Notwithstanding the provisions of Parts III and V, the following subsidies shall be non-actionable:

(a) assistance for research activities conducted by firms or by higher education or research establishments on a contract basis with firms if:[95, 96, 97]

the assistance covers[98] not more than 75 per cent of the costs of industrial research[99] or 50 per cent of the costs of pre-competitive development activity[100, 101];

and provided that such assistance is limited exclusively to:

(i) costs of personnel (researchers, technicians and other supporting staff employed exclusively in the research activity);

(ii) costs of instruments, equipment, land and buildings used exclusively and permanently (except when disposed of on a commercial basis) for the research activity;

(iii) costs of consultancy and equivalent services used exclusively for the research activity, including bought-in research, technical knowledge, patents, etc.;

(iv) additional overhead costs incurred directly as a result of the research activity;

(v) other running costs (such as those of materials, supplies and the like), incurred directly as a result of the research activity.

(b) assistance to disadvantaged regions within the territory of a Member given pursuant to a general framework of regional development[102] and non-specific (with-

á svæðum sem eru styrkhæf, að því tilskildu að:

i) hvert illa statt svæði sé greinilega afmarkað samfellt landsvæði með sérstök efnahagsleg og stjórnunarleg einkenni sem unnt er að skilgreina;

ii) svæðið teljist illa statt á grundvelli hlutlausra og hlutlægra viðmiðana[103] sem gefa til kynna að erfiðleikarnir stafi ekki einungis af tímabundnum aðstæðum; slíkar viðmiðanir verða að koma skýrt fram í lögum og reglum eða öðrum opinberum skjölum til að unnt sé að staðfesta þær;

iii) viðmiðanirnar skulu fela í sér mælingu á efnahagsþróun sem skal byggjast á að minnsta kosti einum af eftirfarandi þáttum:
- tekjum á mann eða heimilistekjum á mann eða vergum þjóðartekjum (GDP) á mann, sem mega ekki fara yfir 85% af meðaltali viðkomandi svæðis;
- atvinnuleysisstigi sem þarf að vera að minnsta kosti 110% af meðaltali viðkomandi svæðis;

eins og það mælist á þriggja ára tímabili; slíkar mælingar geta þó verið samsettar og náð til annarra þátta;

c) aðstoð við að laga þá aðstöðu sem er fyrir hendi[104] að nýjum umhverfiskröfum, sem eru settar með lögum og/eða reglum, sem setja fyrirtækjum þrengri skorður og auka fjárhagsbyrðar þeirra, að því tilskildu að aðstoðin:

i) sé ein ráðstöfun sem er ekki beitt aftur; og

ii) sé takmörkuð við 20% af aðlögunarkostnaði; og

iii) taki ekki til kostnaðar við að skipta um og reka fjárfestinguna sem aðstoðin nemur til, sem fyrirtæki verða að bera að fullu; og

iv) tengist beinlínis og í réttum hlutföllum áformum fyrirtækis um að draga úr óþægindum og mengun og taki ekki til sparnaðar í framleiðslukostnaði sem kann að nást fram; og

v) sé í boði fyrir öll fyrirtæki sem geta tekið upp hinn nýja búnað og/eða framleiðsluferli.

in the meaning of Article 2) within eligible regions provided that:

(i) each disadvantaged region must be a clearly designated contiguous geographical area with a definable economic and administrative identity;

(ii) the region is considered as disadvantaged on the basis of neutral and objective criteria[103], indicating that the region's difficulties arise out of more than temporary circumstances; such criteria must be clearly spelled out in law, regulation, or other official document, so as to be capable of verification;

(iii) the criteria shall include a measurement of economic development which shall be based on at least one of the following factors:
- one of either income per capita or household income per capita, or GDP per capita, which must not be above 85 per cent of the average for the territory concerned;
- unemployment rate, which must be at least 110 per cent of the average for the territory concerned;

as measured over a three-year period; such measurement, however, may be a composite one and may include other factors.

(c) assistance to promote adaptation of existing facilities[104] to new environmental requirements imposed by law and/or regulations which result in greater constraints and financial burden on firms, provided that the assistance:

(i) is a one-time non-recurring measure; and

(ii) is limited to 20 per cent of the cost of adaptation; and

(iii) does not cover the cost of replacing and operating the assisted investment, which must be fully borne by firms; and

(iv) is directly linked to and proportionate to a firm's planned reduction of nuisances and pollution, and does not cover any manufacturing cost savings which may be achieved; and

(v) is available to all firms which can adopt the new equipment and/or production processes.

8.3 Nefndinni skal tilkynnt um styrkjaáætlanir þar sem ákvæðum 2. mgr. er beitt áður en þær koma til framkvæmda í samræmi við ákvæði VII. hluta. Allar slíkar tilkynningar skulu vera nægilega nákvæmar til að gera öðrum aðilum kleift að meta samkvæmni áætlunarinnar við skilyrðin og viðmiðanirnar sem kveðið er á um í viðeigandi ákvæðum 2. mgr. Aðilar skulu einnig afhenda nefndinni slíkar tilkynningar uppfærðar ár hvert, einkum með upplýsingum um heildarútgjöld vegna hverrar áætlunar og um allar breytingar á henni. Aðrir aðilar skulu eiga rétt á að beiðast upplýsinga um einstakar styrkveitingar samkvæmt tilkynntri áætlun.[105]

8.4 Aðalskrifstofan skal, að beiðni aðila, athuga tilkynningu sem er send skv. 3. mgr. og getur, ef nauðsyn ber til, farið fram á viðbótarupplýsingar frá aðilanum sem veitir styrki um tilkynntu áætlunina sem er til athugunar. Aðalskrifstofan skal skila skýrslu um niðurstöður sínar til nefndarinnar. Nefndin skal, að fenginni beiðni, þegar í stað fara yfir niðurstöður aðalskrifstofunnar (eða, ef aðalskrifstofan hefur ekki verið beðin um slíka athugun, tilkynninguna sjálfa) með það fyrir augum að ákvarða hvort skilyrðin og viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. hafi verið uppfyllt. Málsmeðferðinni, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, skal vera lokið eigi síðar en á fyrsta reglulega fundi nefndarinnar eftir að tilkynning um styrkjaáætlun hefur borist, enda hafi að minnsta kosti tveir mánuðir liðið á milli slíkrar tilkynningar og reglulegs fundar í nefndinni. Málsmeðferðinni, við athugun, sem lýst er í þessari málsgrein, skal einnig beitt, að fenginni beiðni, ef tilkynnt er um verulegar breytingar á áætlun sem tilkynnt hefur verið í árlegu uppfærslunum sem um getur í 3. mgr.

8.5 Að fenginni beiðni frá aðila skal ákvörðun nefndarinnar, sem um getur í 4. mgr. eða ef engin ákvörðun liggur fyrir af hálfu nefndarinnar, vísað til bindandi gerðardóms og einnig, í einstökum málum, ef ekki er farið eftir skilyrðunum sem sett eru fram í áætlun sem tilkynnt hefur verið. Gerðardómur skal skila niðurstöðum sínum til aðilanna innan 120 daga frá þeim degi er málinu var vísað til hans. Sé ekki kveðið á um annað í þessari málsgrein gildir samkomulagið um lausn deilumála um gerðardóma sem falla samkvæmt þessari málsgrein.

8.3 A subsidy programme for which the provisions of paragraph 2 are invoked shall be notified in advance of its implementation to the Committee in accordance with the provisions of Part VII. Any such notification shall be sufficiently precise to enable other Members to evaluate the consistency of the programme with the conditions and criteria provided for in the relevant provisions of paragraph 2. Members shall also provide the Committee with yearly updates of such notifications, in particular by supplying information on global expenditure for each programme, and on any modification of the programme. Other Members shall have the right to request information about individual cases of subsidization under a notified programme.[105]

8.4 Upon request of a Member, the Secretariat shall review a notification made pursuant to paragraph 3 and, where necessary, may require additional information from the subsidizing Member concerning the notified programme under review. The Secretariat shall report its findings to the Committee. The Committee shall, upon request, promptly review the findings of the Secretariat (or, if a review by the Secretariat has not been requested, the notification itself), with a view to determining whether the conditions and criteria laid down in paragraph 2 have not been met. The procedure provided for in this paragraph shall be completed at the latest at the first regular meeting of the Committee following the notification of a subsidy programme, provided that at least two months have elapsed between such notification and the regular meeting of the Committee. The review procedure described in this paragraph shall also apply, upon request, to substantial modifications of a programme notified in the yearly updates referred to in paragraph 3.

8.5 Upon the request of a Member, the determination by the Committee referred to in paragraph 4, or a failure by the Committee to make such a determination, as well as the violation, in individual cases, of the conditions set out in a notified programme, shall be submitted to binding arbitration. The arbitration body shall present its conclusions to the Members within 120 days from the date when the matter was referred to the arbitration body. Except as otherwise provided in this paragraph, the DSU shall apply to arbitrations conducted under this paragraph.

9. gr.

Viðræður og leyfileg úrræði.

9.1 Ef aðili hefur ástæðu til að ætla, við framkvæmd áætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr., þrátt fyrir að áætlunin sé í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í þeirri málsgrein, að þessi áætlun hafi haft alvarleg skaðleg áhrif á innlenda atvinnugrein sama aðila, til dæmis valdið tjóni sem erfitt yrði að bæta, getur slíkur aðili óskað eftir viðræðum við aðilann sem veitir styrkinn eða viðheldur honum.

9.2 Að fenginni beiðni um viðræður samkvæmt 1. mgr. skal aðilinn sem veitir eða viðheldur viðkomandi styrkjaáætlun ganga til slíkra viðræðna eins fljótt og kostur er. Tilgangur viðræðnanna skal vera sá að skýra staðreyndir málsins og finna lausn sem málsaðilar geta sætt sig við.

9.3 Ef ekki næst lausn, sem málsaðilar geta sætt sig við í viðræðunum sem um getur í 2. mgr., innan 60 daga frá beiðni um slíkar viðræður berst getur aðilinn, sem óskar eftir viðræðum, vísað málinu til nefndarinnar.

9.4 Þegar máli er vísað til nefndarinnar skal hún þegar í stað skoða staðreyndir málsins og sönnunargögn um þau áhrif er um getur í 1. mgr. Ef nefndin ákvarðar að slík áhrif hafi orðið getur hún lagt tilmæli fyrir aðilann sem veitir styrkinn um að hann breyti áætluninni á þann hátt að þessum áhrifum verði eytt. Nefndin skal leggja fram niðurstöður sínar innan 120 daga frá þeim degi er málinu var vísað til hennar skv. 3. mgr. Sé ekki farið að tilmælunum innan sex mánaða skal nefndin veita aðilanum sem óskaði eftir viðræðum heimild til að gera viðeigandi gagnráðstafanir, í réttu hlutfalli við umfang og eðli þeirra áhrifa sem gengið hefur verið úr skugga um að séu til staðar.

Article 9

Consultations and Authorized Remedies

9.1 If, in the course of implementation of a programme referred to in paragraph 2 of Article 8, notwithstanding the fact that the programme is consistent with the criteria laid down in that paragraph, a Member has reasons to believe that this programme has resulted in serious adverse effects to the domestic industry of that Member, such as to cause damage which would be difficult to repair, such Member may request consultations with the Member granting or maintaining the subsidy.

9.2 Upon request for consultations under paragraph 1, the Member granting or maintaining the subsidy programme in question shall enter into such consultations as quickly as possible. The purpose of the consultations shall be to clarify the facts of the situation and to arrive at a mutually acceptable solution.

9.3 If no mutually acceptable solution has been reached in consultations under paragraph 2 within 60 days of the request for such consultations, the requesting Member may refer the matter to the Committee.

9.4 Where a matter is referred to the Committee, the Committee shall immediately review the facts involved and the evidence of the effects referred to in paragraph 1. If the Committee determines that such effects exist, it may recommend to the subsidizing Member to modify this programme in such a way as to remove these effects. The Committee shall present its conclusions within 120 days from the date when the matter is referred to it under paragraph 3. In the event the recommendation is not followed within six months, the Committee shall authorize the requesting Member to take appropriate countermeasures commensurate with the nature and degree of the effects determined to exist.

V. HLUTI: JÖFNUNARRÁÐSTAFANIR

10. gr.

Beiting VI. gr. GATT-samningsins frá 1994.[106]

Aðilar skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að álagning jöfnunartolla[107] á vörur sem eru fluttar inn á yfirráðasvæði aðila frá yfirráðasvæði annars aðila sé í samræmi við ákvæði VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og skilmála þessa samnings. Jöfnunartolla er einungis heimilt að leggja á samkvæmt rannsóknum sem eru hafnar[108] og framkvæmdar í sam-

PART V: COUNTERVAILING MEASURES

Article 10

Application of Article VI of GATT 1994[106]

Members shall take all necessary steps to ensure that the imposition of a countervailing duty[107] on any product of the territory of any Member imported into the territory of another Member is in accordance with the provisions of Article VI of GATT 1994 and the terms of this Agreement. Countervailing duties may only be imposed pursuant to investigations initiated[108]

ræmi við ákvæði þessa samnings og samningsins um landbúnað.

11. gr.

Upphaf og framhald rannsóknar.

11.1 Með fyrirvara um ákvæði 6. mgr. skal hefja rannsókn til að ákvarða hvort meintur styrkur sé veittur og umfang og áhrif hans þegar skrifleg umsókn hefur borist frá innlendu atvinnugreininni eða fyrir hönd hennar.

11.2 Umsókn skv. 1. mgr. skulu fylgja næg sönnunargögn um *a)* að styrkur sé veittur og upphæðina ef unnt er, *b)* skaða í skilningi VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 eins og hann er túlkaður í þessum samningi og *c)* orsakatengsl milli innflutningsvaranna sem njóta styrkja og meints skaða. Einföld staðhæfing, sem er ekki studd viðeigandi sönnunargögnum, getur ekki talist fullnægjandi til að uppfylla kröfur þessarar málsgreinar. Í umsókninni skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar sem gera má ráð fyrir að umsækjandi eigi greiðan aðgang að:

i) heiti umsækjanda og lýsing hans á magni og verðgildi samsvarandi innlendrar vöru. Þegar skrifleg umsókn er lögð fram fyrir hönd innlendrar atvinnugreinar skal tilgreina atvinnugreinina sem sótt er um fyrir í skrá yfir alla innlenda framleiðendur samsvarandi vöru (eða samtök innlendra framleiðenda samsvarandi vöru) sem vitað er um ásamt, að svo miklu leyti sem unnt er, lýsingu þessara framleiðenda á magni og verðgildi samsvarandi innlendrar framleiðsluvöru;

ii) nákvæm lýsing á vöru sem haldið er fram að njóti styrks, nafn landsins eða landanna þaðan sem viðkomandi vara er upprunnin eða flutt út, heiti allra útflytjenda eða erlendra framleiðenda sem vitað er um og skrá yfir þá sem vitað er að flytja inn viðkomandi vöru;

iii) sönnunargögn um að um styrk sé að ræða og hve mikill og hvers eðlis hann er;

iv) sönnunargögn um að meintur skaði, sem innlend atvinnugrein hefur orðið fyrir, sé af völdum innflutningsvara sem njóta styrkja og vegna áhrifa þeirra; í þessum

and conducted in accordance with the provisions of this Agreement and the Agreement on Agriculture.

Article 11

Initiation and Subsequent Investigation

11.1 Except as provided in paragraph 6, an investigation to determine the existence, degree and effect of any alleged subsidy shall be initiated upon a written application by or on behalf of the domestic industry.

11.2 An application under paragraph 1 shall include sufficient evidence of the existence of *(a)* a subsidy and, if possible, its amount, *(b)* injury within the meaning of Article VI of GATT 1994 as interpreted by this Agreement, and *(c)* a causal link between the subsidized imports and the alleged injury. Simple assertion, unsubstantiated by relevant evidence, cannot be considered sufficient to meet the requirements of this paragraph. The application shall contain such information as is reasonably available to the applicant on the following:

(i) the identity of the applicant and a description of the volume and value of the domestic production of the like product by the applicant. Where a written application is made on behalf of the domestic industry, the application shall identify the industry on behalf of which the application is made by a list of all known domestic producers of the like product (or associations of domestic producers of the like product) and, to the extent possible, a description of the volume and value of domestic production of the like product accounted for by such producers;

(ii) a complete description of the allegedly subsidized product, the names of the country or countries of origin or export in question, the identity of each known exporter or foreign producer and a list of known persons importing the product in question;

(iii) evidence with regard to the existence, amount and nature of the subsidy in question;

(iv) evidence that alleged injury to a domestic industry is caused by subsidized imports through the effects of the subsidies; this evidence includes informa-

sönnunargögnum skulu vera upplýsingar um þá þróun sem orðið hefur á magni innflutningsvara sem haldið er fram að njóti styrkja, áhrif þessa innflutnings á verð samsvarandi framleiðsluvara á heimamarkaði og afleiðingar fyrir innlendu atvinnugreinina, eins og fram kemur í viðkomandi þáttum og vísitölum sem skipta máli fyrir stöðu innlendu atvinnugreinarinnar, til dæmis þeim þáttum sem taldir eru upp í 2. og 4. mgr. 15. gr.

11.3 Yfirvöld skulu athuga hversu nákvæm og fullnægjandi sönnunargögnin sem eru lögð fram í umsókninni eru og ákvarða hvort þau nægi til að réttlæta að rannsókn verði hafin.

11.4 Ekki skal hefja rannsókn skv. 1. mgr. nema yfirvöld hafi ákvarðað, á grundvelli könnunar á því hversu mikinn stuðning eða andstöðu við umsóknina innlendir framleiðendur samsvarandi vöru hafa látið í ljós,[109] að umsóknin sé frá innlendu atvinnugreininni eða fyrir hönd hennar.[110] Umsóknin telst vera „frá innlendu atvinnugreininni eða fyrir hönd hennar“ ef hún er studd af innlendum framleiðendum sem framleiða til samans meira en 50% af heildarframleiðslu samsvarandi vöru sem er framleidd af þeim hluta innlendrar atvinnugreinar er lætur annaðhvort í ljós stuðning eða andstöðu við umsóknina. Ekki skal hefja rannsókn ef innlendir framleiðendur, sem lýsa stuðningi við umsóknina, framleiða innan við 25% af heildarframleiðslu innlendu atvinnugreinarinnar á samsvarandi vöru.

11.5 Yfirvöld skulu forðast alla kynningu á umsókn um rannsókn nema ákvörðun hafi verið tekin um að hefja rannsókn.

11.6 Ef hlutaðeigandi yfirvöld ákveða, við sérstakar aðstæður, að hefja rannsókn, án þess að hafa fengið skriflega umsókn frá innlendri atvinnugrein eða fyrir hönd hennar um að hefja slíka rannsókn, skulu þau því aðeins halda henni áfram að þau hafi nægileg sönnunargögn um að styrkveiting, skaði og orsakatengsl, eins og lýst er í 2. mgr., réttlæti að rannsókn verði hafin.

11.7 Sönnunargögn um að styrkur sé veittur og skaði hafi orðið skulu athuguð samtímis *a)* við ákvörðun á því hvort hefja skuli rannsókn eða ekki og *b)* á meðan rannsókn stendur yfir, en

tion on the evolution of the volume of the allegedly subsidized imports, the effect of these imports on prices of the like product in the domestic market and the consequent impact of the imports on the domestic industry, as demonstrated by relevant factors and indices having a bearing on the state of the domestic industry, such as those listed in paragraphs 2 and 4 of Article 15.

11.3 The authorities shall review the accuracy and adequacy of the evidence provided in the application to determine whether the evidence is sufficient to justify the initiation of an investigation.

11.4 An investigation shall not be initiated pursuant to paragraph 1 unless the authorities have determined, on the basis of an examination of the degree of support for, or opposition to, the application expressed[109] by domestic producers of the like product, that the application has been made by or on behalf of the domestic industry.[110] The application shall be considered to have been made "by or on behalf of the domestic industry" if it is supported by those domestic producers whose collective output constitutes more than 50 per cent of the total production of the like product produced by that portion of the domestic industry expressing either support for or opposition to the application. However, no investigation shall be initiated when domestic producers expressly supporting the application account for less than 25 per cent of total production of the like product produced by the domestic industry.

11.5 The authorities shall avoid, unless a decision has been made to initiate an investigation, any publicizing of the application for the initiation of an investigation.

11.6 If, in special circumstances, the authorities concerned decide to initiate an investigation without having received a written application by or on behalf of a domestic industry for the initiation of such investigation, they shall proceed only if they have sufficient evidence of the existence of a subsidy, injury and causal link, as described in paragraph 2, to justify the initiation of an investigation.

11.7 The evidence of both subsidy and injury shall be considered simultaneously *(a)* in the decision whether or not to initiate an investigation and *(b)* thereafter, during the course of the

hún skal eigi hefjast síðar en fyrsta daginn sem heimilt er að beita bráðabirgðaráðstöfunum í samræmi við ákvæði þessa samnings.

11.8 Í tilvikum þar sem framleiðsluvörur eru ekki fluttar inn beint frá upprunalandinu, heldur fluttar út til aðila sem er innflytjandi (hér eftir nefndur „innflutningsaðili") frá innflutningslandi, skulu ákvæði þessa samnings hafa fullt gildi og líta skal á viðskiptin, að því er þennan samning varðar, eins og þau hafi verið gerð milli upprunalandsins og innflutningsaðilans.

11.9 Hafna skal umsókn samkvæmt 1. mgr. og hætta rannsókn um leið og hlutaðeigandi yfirvöld hafa fullvissað sig um að ekki séu nægileg sönnunargögn um að styrkur sé veittur eða skaði hafi orðið til að réttlæta að málinu sé haldið áfram. Hætta skal rannsókn þegar í stað í tilvikum þar sem styrkurinn er í lágmarki eða skaði eða raunverulegt eða hugsanlegt magn innflutningsvara sem njóta styrkja óverulegt. Að því er þessa málsgrein varðar skal líta svo á að fjárhæð styrks sé í lágmarki ef styrkurinn er innan við 1% af verðgildi.

11.10 Rannsókn skal ekki koma í veg fyrir tollafgreiðslu.

11.11 Rannsóknum skal lokið innan eins árs, nema við sérstakar aðstæður, og í engu tilviki síðar en 18 mánuðum eftir að þær hefjast.

investigation, starting on a date not later than the earliest date on which in accordance with the provisions of this Agreement provisional measures may be applied.

11.8 In cases where products are not imported directly from the country of origin but are exported to the importing Member from an intermediate country, the provisions of this Agreement shall be fully applicable and the transaction or transactions shall, for the purposes of this Agreement, be regarded as having taken place between the country of origin and the importing Member.

11.9 An application under paragraph 1 shall be rejected and an investigation shall be terminated promptly as soon as the authorities concerned are satisfied that there is not sufficient evidence of either subsidization or of injury to justify proceeding with the case. There shall be immediate termination in cases where the amount of a subsidy is *de minimis*, or where the volume of subsidized imports, actual or potential, or the injury, is negligible. For the purpose of this paragraph, the amount of the subsidy shall be considered to be *de minimis* if the subsidy is less than 1 per cent ad valorem.

11.10 An investigation shall not hinder the procedures of customs clearance.

11.11 Investigations shall, except in special circumstances, be concluded within one year, and in no case more than 18 months, after their initiation.

12. gr.
Sönnunargögn.

12.1 Aðilar og allir aðrir málsaðilar, sem eiga hagsmuna að gæta í rannsókn á jöfnunartollum, skulu fá vitneskju um hvaða upplýsinga yfirvöld krefjast og næg tækifæri til að leggja skriflega fram öll sönnunargögn sem þeir telja að skipti máli í sambandi við viðkomandi rannsókn.

12.1.1 Útflytjendur, erlendir framleiðendur eða aðilar, sem eiga hagsmuna að gæta og fá spurningalista sem eru notaðir við rannsókn á jöfnunartollum, skulu fá að minnsta kosti 30 daga frest til að svara.[111] Taka ber tilhlýðilegt tillit til beiðna um framlengingu á 30 daga tímabilinu og jafnan skal veita leyfi fyrir slíkri framlengingu þegar því verður við komið og næg ástæða er til.

12.1.2 Með fyrirvara um kröfuna um vernd trúnaðarupplýsinga skulu aðilar eða

Article 12
Evidence

12.1 Interested Members and all interested parties in a countervailing duty investigation shall be given notice of the information which the authorities require and ample opportunity to present in writing all evidence which they consider relevant in respect of the investigation in question.

12.1.1 Exporters, foreign producers or interested Members receiving questionnaires used in a countervailing duty investigation shall be given at least 30 days for reply.[111] Due consideration should be given to any request for an extension of the 30-day period and, upon cause shown, such an extension should be granted whenever practicable.

12.1.2 Subject to the requirement to protect confidential information, evidence

aðrir málsaðilar, sem hagsmuna eiga að gæta og eiga hlut að rannsókninni, þegar í stað fá aðgang að skriflegum sönnunargögnum sem einn aðili eða málsaðili sem á hagsmuna að gæta leggur fram.

12.1.3 Um leið og rannsókn er hafin skulu yfirvöld afhenda útflytjendum sem vitað er um[112] og yfirvöldum aðila, sem er útflytjandi (hér eftir nefndur „útflutningsaðili"), heildartexta skriflegu umsóknarinnar sem er móttekin skv. 1. mgr. 11. gr. og skulu veita öðrum sem hlut eiga að máli aðgang að henni ef þeir fara fram á það. Taka skal fyllsta tillit til verndar trúnaðarupplýsinga, eins og kveðið er á um í 4. mgr.

12.2 Aðilar og aðrir málsaðilar, sem eiga hagsmuna að gæta, skulu einnig, þegar gildar ástæður liggja til þess, hafa rétt til að láta upplýsingar í té munnlega. Þegar slíkar upplýsingar eru veittar munnlega er þess krafist að aðilar og aðrir málsaðilar, sem eiga hagsmuna að gæta, dragi slík málsgögn saman skriflega. Ákvarðanir rannsóknaryfirvalda geta aðeins byggst á upplýsingum og rökum eins og þau voru í skriflegum skýrslum þessa yfirvalds og aðilar og aðrir málsaðilar, sem hagsmuna eiga að gæta og eiga hlut að rannsókninni, höfðu aðgang að, að teknu tilhlýðilegu tilliti til nauðsynjar þess að vernda trúnaðarupplýsingar.

12.3 Þegar því verður við komið skulu yfirvöld veita aðilum og öðrum málsaðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, tækifæri og rúman tíma til að sjá allar upplýsingar sem varða málflutning í máli þeirra og yfirvöld nota við rannsókn á jöfnunartollum, ef þær eru ekki trúnaðarmál samkvæmt skilgreiningu í 4. mgr., og til að byggja málflutning sinn á þessum upplýsingum.

12.4 Upplýsingar, sem eru í eðli sínu trúnaðarmál (t.d. vegna þess að vitneskja um þær bætti samkeppnisstöðu keppinautar til muna eða hefði mjög óhagstæð áhrif fyrir þann sem veitir upplýsingarnar eða heimildarmann hans) eða málsaðilar að rannsókninni veita í trúnaði, skulu yfirvöld fara með sem trúnaðarmál, enda liggi gild rök til þess. Ekki skal láta slíkar upplýsingar í té án sérstaks leyfis þess sem veitir þær.[113]

12.4.1 Yfirvöld skulu krefjast þess að aðilar og aðrir málsaðilar, sem eiga hags-

presented in writing by one interested Member or interested party shall be made available promptly to other interested Members or interested parties participating in the investigation.

12.1.3 As soon as an investigation has been initiated, the authorities shall provide the full text of the written application received under paragraph 1 of Article 11 to the known exporters[112] and to the authorities of the exporting Member and shall make it available, upon request, to other interested parties involved. Due regard shall be paid to the protection of confidential information, as provided for in paragraph 4.

12.2. Interested Members and interested parties also shall have the right, upon justification, to present information orally. Where such information is provided orally, the interested Members and interested parties subsequently shall be required to reduce such submissions to writing. Any decision of the investigating authorities can only be based on such information and arguments as were on the written record of this authority and which were available to interested Members and interested parties participating in the investigation, due account having been given to the need to protect confidential information.

12.3 The authorities shall whenever practicable provide timely opportunities for all interested Members and interested parties to see all information that is relevant to the presentation of their cases, that is not confidential as defined in paragraph 4, and that is used by the authorities in a countervailing duty investigation, and to prepare presentations on the basis of this information.

12.4 Any information which is by nature confidential (for example, because its disclosure would be of significant competitive advantage to a competitor or because its disclosure would have a significantly adverse effect upon a person supplying the information or upon a person from whom the supplier acquired the information), or which is provided on a confidential basis by parties to an investigation shall, upon good cause shown, be treated as such by the authorities. Such information shall not be disclosed without specific permission of the party submitting it.[113]

12.4.1 The authorities shall require interested Members or interested parties

muna að gæta og veita trúnaðarupplýsingar, geri samantekt úr þeim sem er ekki trúnaðarmál. Þessi samantekt skal vera nægilega nákvæm til að veita viðunandi skilning á efni upplýsinga sem veittar eru í trúnaði. Í undantekningartilvikum er slíkum aðilum eða málsaðilum heimilt að benda á að ekki sé unnt að gera samantekt úr slíkum upplýsingum. Í slíkum undantekningartilvikum verður að gera grein fyrir ástæðunum fyrir því að ekki er unnt að gera samantekt.

12.4.2 Telji yfirvöld að beiðni um að upplýsingar séu trúnaðarmál eigi ekki rétt á sér og sá sem veitir upplýsingarnar er annaðhvort ófús að birta þær eða heimila að þær verði látnar í té með almennu orðalagi eða sem samantekt er yfirvöldum heimilt að líta framhjá slíkum upplýsingum nema unnt sé að sannfæra þau um, á grundvelli viðeigandi heimilda, að upplýsingarnar séu réttar.[114]

12.5 Meðan á rannsókn stendur skulu yfirvöld, nema þegar um er að ræða aðstæður sem kveðið er á um í 7. mgr., ganga úr skugga um réttmæti upplýsinganna sem aðilar eða aðrir sem eiga hagsmuna að gæta, láta í té og niðurstöður þeirra byggjast á.

12.6 Rannsóknaryfirvöldum er heimilt að framkvæma rannsóknir á yfirráðasvæði annarra aðila eftir því sem þörf krefur að því tilskildu að þau hafi tilkynnt viðkomandi aðila það með nægum fyrirvara og sá aðili andmæli ekki rannsókninni. Enn fremur er rannsóknaryfirvöldum heimilt að framkvæma rannsóknir á athafnasvæði fyrirtækis og rannsaka skýrslur þess ef *a*) fyrirtækið samþykkir það og *b*) hlutaðeigandi aðila hefur verið tilkynnt um það og hann andmælir því ekki. Beita skal málsmeðferðinni sem gerð er grein fyrir í VI. viðauka við rannsóknir sem fara fram á athafnasvæði fyrirtækis. Með fyrirvara um kröfuna um verndun trúnaðarupplýsinga skulu yfirvöld veita fyrirtækjum sem eiga hlut að máli aðgang að niðurstöðum slíkra rannsókna, eða sjá til þess að þær séu veittar skv. 8. mgr., og er þeim heimilt að veita umsækjendum aðgang að slíkum niðurstöðum.

12.7 Þegar aðili eða annar málsaðili, sem á hagsmuna að gæta, synjar um aðgang að nauðsynlegum upplýsingum eða veitir þær ekki innan eðlilegs frests eða hindrar rannsóknina verulega

providing confidential information to furnish non-confidential summaries thereof. These summaries shall be in sufficient detail to permit a reasonable understanding of the substance of the information submitted in confidence. In exceptional circumstances, such Members or parties may indicate that such information is not susceptible of summary. In such exceptional circumstances, a statement of the reasons why summarization is not possible must be provided.

12.4.2 If the authorities find that a request for confidentiality is not warranted and if the supplier of the information is either unwilling to make the information public or to authorize its disclosure in generalized or summary form, the authorities may disregard such information unless it can be demonstrated to their satisfaction from appropriate sources that the information is correct.[114]

12.5 Except in circumstances provided for in paragraph 7, the authorities shall during the course of an investigation satisfy themselves as to the accuracy of the information supplied by interested Members or interested parties upon which their findings are based.

12.6 The investigating authorities may carry out investigations in the territory of other Members as required, provided that they have notified in good time the Member in question and unless that Member objects to the investigation. Further, the investigating authorities may carry out investigations on the premises of a firm and may examine the records of a firm if *(a)* the firm so agrees and *(b)* the Member in question is notified and does not object. The procedures set forth in Annex VI shall apply to investigations on the premises of a firm. Subject to the requirement to protect confidential information, the authorities shall make the results of any such investigations available, or shall provide disclosure thereof pursuant to paragraph 8, to the firms to which they pertain and may make such results available to the applicants.

12.7 In cases in which any interested Member or interested party refuses access to, or otherwise does not provide, necessary information within a reasonable period or significantly

er heimilt að ákvarða, til bráðabirgða eða endanlega, jákvætt eða neikvætt, á grundvelli fyrirliggjandi staðreynda.

12.8 Áður en endanlega er ákvarðað, skulu yfirvöld veita aðilum og öðrum málsaðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, upplýsingar um helstu staðreyndir sem eru í athugun og liggja til grundvallar ákvörðun um það hvort beita skuli endanlegum aðgerðum. Slíkar upplýsingar skal veita nægilega tímanlega til að málsaðilar geti varið hagsmuni sína.

12.9 Í þessum samningi merkir „málsaðili sem á hagsmuna að gæta" eftirfarandi:

i) útflytjanda, erlendan framleiðanda eða innflytjanda vöru sem rannsókn tekur til eða verslunar- eða viðskiptasamtök þar sem framleiðendur, útflytjendur eða innflytjendur slíkrar vöru eru í meiri hluta; og

ii) framleiðanda samsvarandi vöru hjá innflutningsaðilanum eða verslunar- og viðskiptasamtök þar sem meirihlutinn framleiðir samsvarandi vöru á yfirráðasvæði innflutningsaðilans.

Þessi upptalning skal ekki koma í veg fyrir að aðilar telji aðra eiga hagsmuna að gæta en þá sem getið er um hér að framan, hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir.

12.10 Yfirvöld skulu veita þeim atvinnugreinum sem nota framleiðsluvöruna sem rannsókn tekur til og fulltrúum neytendasamtaka, í þeim tilvikum þegar varan er yfirleitt seld í smásölu, tækifæri til að leggja fram upplýsingar sem skipta máli fyrir rannsóknina varðandi styrkveitingu, skaða og orsakatengsl.

12.11 Yfirvöld skulu taka tilhlýðilegt tillit til þess ef þeir sem eiga hagsmuna að gæta, einkum lítil fyrirtæki, eiga erfitt með að afla umbeðinna upplýsinga og skulu þau veita alla þá aðstoð sem unnt er.

12.12 Málsmeðferðin sem er lýst hér að framan skal ekki koma í veg fyrir að yfirvöld aðila geti látið mál fá skjótan framgang, hvort sem um er að ræða að hefja rannsókn, ákvarða til bráðabirgða eða endanlega, jákvætt eða neikvætt, eða beitt bráðabirgðaráðstöfunum eða endanlegum ráðstöfunum í samræmi við viðkomandi ákvæði þessa samnings.

impedes the investigation, preliminary and final determinations, affirmative or negative, may be made on the basis of the facts available.

12.8 The authorities shall, before a final determination is made, inform all interested Members and interested parties of the essential facts under consideration which form the basis for the decision whether to apply definitive measures. Such disclosure should take place in sufficient time for the parties to defend their interests.

12.9 For the purposes of this Agreement, "interested parties" shall include:

(i) an exporter or foreign producer or the importer of a product subject to investigation, or a trade or business association a majority of the members of which are producers, exporters or importers of such product; and

(ii) a producer of the like product in the importing Member or a trade and business association a majority of the members of which produce the like product in the territory of the importing Member.

This list shall not preclude Members from allowing domestic or foreign parties other than those mentioned above to be included as interested parties.

12.10 The authorities shall provide opportunities for industrial users of the product under investigation, and for representative consumer organizations in cases where the product is commonly sold at the retail level, to provide information which is relevant to the investigation regarding subsidization, injury and causality.

12.11 The authorities shall take due account of any difficulties experienced by interested parties, in particular small companies, in supplying information requested, and shall provide any assistance practicable.

12.12 The procedures set out above are not intended to prevent the authorities of a Member from proceeding expeditiously with regard to initiating an investigation, reaching preliminary or final determinations, whether affirmative or negative, or from applying provisional or final measures, in accordance with relevant provisions of this Agreement.

13. gr.
Viðræður.

13.1 Eins fljótt og unnt er eftir að umsókn skv. 11. gr. hefur verið samþykkt og í öllum tilvikum áður en rannsókn hefst skulu aðilar, sem

Article 13
Consultations

13.1 As soon as possible after an application under Article 11 is accepted, and in any event before the initiation of any investigation,

gætu þurft að sæta slíkri rannsókn vegna framleiðslu sinnar, boðaðir til viðræðna með það fyrir augum að skýra stöðu mála sem um getur í 2. mgr. 11. gr. og finna lausn sem samkomulag er um.

13.2 Enn fremur skal veita aðilum, sem sæta rannsókn vegna framleiðslu sinnar, eðlilegt tækifæri, meðan á rannsókninni stendur, til að halda áfram viðræðum með það fyrir augum að skýra stöðu mála og finna lausn sem samkomulag er um.[115]

13.3 Með fyrirvara um þá skyldu að veita eðlileg tækifæri til viðræðna er þessum ákvæðum um viðræður ekki ætlað að koma í veg fyrir að yfirvöld aðila geti látið mál fá skjótan framgang, hvort sem um er að ræða að hefja rannsókn, ákvarða til bráðabirgða eða endanlega, jákvætt eða neikvætt, eða geti beitt bráðabirgðaráðstöfunum eða endanlegum ráðstöfunum í samræmi við ákvæði þessa samnings.

13.4 Aðili sem hyggst hefja rannsókn eða hefur þegar hafið slíka rannsókn skal, að fenginni beiðni, veita aðila eða aðilum, sem sæta slíkri rannsókn vegna framleiðslu sinnar, aðgang að sönnunargögnum sem eru ekki trúnaðarmál, þar á meðal samantektinni úr trúnaðargögnum, sem er ekki trúnaðarmál en er notuð í því skyni að hefja rannsókn eða framkvæma hana.

Members the products of which may be subject to such investigation shall be invited for consultations with the aim of clarifying the situation as to the matters referred to in paragraph 2 of Article 11 and arriving at a mutually agreed solution.

13.2 Furthermore, throughout the period of investigation, Members the products of which are the subject of the investigation shall be afforded a reasonable opportunity to continue consultations, with a view to clarifying the factual situation and to arriving at a mutually agreed solution.[115]

13.3 Without prejudice to the obligation to afford reasonable opportunity for consultation, these provisions regarding consultations are not intended to prevent the authorities of a Member from proceeding expeditiously with regard to initiating the investigation, reaching preliminary or final determinations, whether affirmative or negative, or from applying provisional or final measures, in accordance with the provisions of this Agreement.

13.4 The Member which intends to initiate any investigation or is conducting such an investigation shall permit, upon request, the Member or Members the products of which are subject to such investigation access to non-confidential evidence, including the non-confidential summary of confidential data being used for initiating or conducting the investigation.

14. gr.

Útreikningur á fjárhæð styrks með tilliti til ávinnings viðtakanda.

Að því er V. hluta varðar skal, í innlendri löggjöf eða framkvæmdarreglum viðkomandi aðila, kveðið á um aðferðina sem rannsóknaryfirvöld beita til að reikna út ávinning viðtakanda sem hann hefur fengið skv. 1. mgr. 1. gr. og skal beiting hennar í hverju einstöku tilviki vera gagnsæ og nægilega vel útskýrð. Enn fremur skal slík aðferð vera í samræmi við eftirfarandi viðmiðunarreglur:

a) ekki skal líta svo á að eiginfjárframlag frá hinu opinbera sé ávinningur nema fjárfestingarákvörðunin geti talist í ósamræmi við viðteknar venjur (þar með talin veiting áhættufjár) í fjárfestingu einkafjárfesta á yfirráðasvæði þess aðila;

b) ekki skal líta svo á að ríkislán sé ávinningur nema munur sé á fjárhæðinni sem

Article 14

Calculation of the Amount of a Subsidy in Terms of the Benefit to the Recipient

For the purpose of Part V, any method used by the investigating authority to calculate the benefit to the recipient conferred pursuant to paragraph 1 of Article 1 shall be provided for in the national legislation or implementing regulations of the Member concerned and its application to each particular case shall be transparent and adequately explained. Furthermore, any such method shall be consistent with the following guidelines:

(a) government provision of equity capital shall not be considered as conferring a benefit, unless the investment decision can be regarded as inconsistent with the usual investment practice (including for the provision of risk capital) of private investors in the territory of that Member;

(b) a loan by a government shall not be considered as conferring a benefit, unless

fyrirtækið er fær lánið greiðir af ríkisláninu og þeirri fjárhæð sem fyrirtækið myndi greiða af sambærilegu viðskiptaláni sem það gæti fengið á markaðinum. Þá yrði ávinningurinn mismunur þessara tveggja fjárhæða;

c) ekki skal líta svo á að ríkisábyrgð á láni sé ávinningur nema munur sé á fjárhæðinni sem fyrirtækið er fær ábyrgðina greiðir af láni með ríkisábyrgð og þeirri fjárhæð sem fyrirtækið myndi greiða af sambærilegu viðskiptaláni án ríkisábyrgðar. Þá yrði ávinningurinn mismunur þessara tveggja fjárhæða að frátöldum þeim mun er kann að vera á þóknun;

d) ekki skal líta svo á að vörur eða þjónusta frá hinu opinbera eða vörur eða þjónusta sem hið opinbera kaupir sé ávinningur nema látið sé í té á undirverði eða kaupin séu gerð á yfirverði. Hæfilegt endurgjald skal ákvarðað í tengslum við ráðandi markaðsaðstæður fyrir viðkomandi vöru eða þjónustu í því landi þar sem varan er boðin fram eða kaupin gerð (þar á meðal verð, gæði, fáanlegt magn, markaðshæfi, flutning og önnur skilyrði varðandi kaup og sölu).

there is a difference between the amount that the firm receiving the loan pays on the government loan and the amount the firm would pay on a comparable commercial loan which the firm could actually obtain on the market. In this case the benefit shall be the difference between these two amounts;

(c) a loan guarantee by a government shall not be considered as conferring a benefit, unless there is a difference between the amount that the firm receiving the guarantee pays on a loan guaranteed by the government and the amount that the firm would pay on a comparable commercial loan absent the government guarantee. In this case the benefit shall be the difference between these two amounts adjusted for any differences in fees;

(d) the provision of goods or services or purchase of goods by a government shall not be considered as conferring a benefit unless the provision is made for less than adequate remuneration, or the purchase is made for more than adequate remuneration. The adequacy of remuneration shall be determined in relation to prevailing market conditions for the good or service in question in the country of provision or purchase (including price, quality, availability, marketability, transportation and other conditions of purchase or sale).

15. gr.

Ákvörðun þess hvort skaði hafi orðið.[116]

15.1 Samkvæmt VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 skal ákvörðun þess hvort skaði hafi orðið byggjast á óyggjandi sönnunargögnum og fela í sér hlutlæga könnun bæði á *a*) magni innflutningsvöru sem nýtur styrkja og áhrifum hennar á innanlandsverð samsvarandi framleiðsluvara[117] og *b*) afleiðingum þessa innflutnings fyrir innlenda framleiðendur slíkra vara.

15.2 Að því er varðar magn innflutningsvara sem njóta styrkja skulu rannsóknaryfirvöld athuga hvort veruleg aukning hafi orðið á innfluttum vörum sem njóta styrkja, annaðhvort hrein aukning eða sem hlutfall af framleiðslu eða neyslu hjá innflutningsaðila. Að því er varðar áhrif innflutningsvara sem njóta styrkja á verð skulu rannsóknaryfirvöld athuga hvort um verulega verðlækkun sé að ræða á innfluttri vöru sem

Article 15

Determination of Injury[116]

15.1 A determination of injury for purposes of Article VI of GATT 1994 shall be based on positive evidence and involve an objective examination of both *(a)* the volume of the subsidized imports and the effect of the subsidized imports on prices in the domestic market for like products[117] and *(b)* the consequent impact of these imports on the domestic producers of such products.

15.2 With regard to the volume of the subsidized imports, the investigating authorities shall consider whether there has been a significant increase in subsidized imports, either in absolute terms or relative to production or consumption in the importing Member. With regard to the effect of the subsidized imports on prices, the investigating authorities shall consider whether there has been a significant price undercutting by

nýtur styrkja samanborið við verð á samsvarandi vöru innflutningsaðila eða hvort þessi innflutningur hafi á annan hátt áhrif í þá átt að þrýsta verði verulega niður eða koma í veg fyrir verðhækkanir sem annars hefðu orðið. Enginn einn eða nokkrir þessara þátta geta nauðsynlega ráðið úrslitum.

15.3 Þegar rannsókn á jöfnunartollum fer fram samtímis á innflutningsvörum frá fleiri en einu landi er rannsóknaryfirvöldum aðeins heimilt að meta samanlögð áhrif slíks innflutnings ef þau ákvarða að *a)* fjárhæð styrkja sem eru ákvarðaðir í tengslum við innflutning frá hverju landi sé yfir lágmarki, eins og það er skilgreint í 9. mgr. 11. gr., og magn innflutnings frá hverju landi sé ekki óverulegt og *b)* heildarmat á áhrifum innflutningsins eigi við í ljósi samkeppnisskilyrða milli innfluttu varanna og samkeppnisskilyrða milli innfluttu varanna og samsvarandi innlendrar framleiðsluvöru.

15.4 Athugun á áhrifum innflutningsvara sem njóta styrkja á innlenda atvinnugrein skal fela í sér mat á öllum efnahagsþáttum og vísitölum sem málið varða og hafa áhrif á stöðu atvinnugreinarinnar, þar á meðal raunverulegum og hugsanlegum samdrætti í framleiðslu, sölu, markaðshlutdeild, hagnaði, framleiðni, arðsemi fjárfestinga eða nýtingu á afkastagetu; á þáttum sem hafa áhrif á innanlandsverð; raunverulegum og hugsanlegum neikvæðum áhrifum á sjóðstreymi, birgðir, atvinnu, laun, hagvöxt, fjáröflunar- og fjárfestingarmöguleika og, í landbúnaði, á því hvort byrðar hafi aukist að því er varðar stuðningsáætlanir stjórnvalda. Þessi upptalning er ekki tæmandi og enginn einn eða nokkrir þessara þátta geta nauðsynlega ráðið úrslitum.

15.5 Sýna verður fram á að áhrif styrkja[118] á innflutningsvörur valdi skaða í skilningi þessa samnings. Sönnun þess að orsakatengsl séu á milli innflutningsvöru sem nýtur styrkja og skaða sem innlend atvinnugrein verður fyrir skal byggjast á athugun á öllum viðkomandi sönnunargögnum sem yfirvöld hafa undir höndum. Yfirvöld skulu einnig kanna aðra þekkta þætti en innflutningsvörur sem njóta styrkja og hafa skaðleg áhrif á innlendu atvinnugreinina á sama tíma og ekki má rekja skaða af völdum þessara annarra þátta til innflutningsvara sem njóta styrkja. Þættir sem geta skipt máli í þessu sambandi eru meðal annars magn og verð viðkom-

the subsidized imports as compared with the price of a like product of the importing Member, or whether the effect of such imports is otherwise to depress prices to a significant degree or to prevent price increases, which otherwise would have occurred, to a significant degree. No one or several of these factors can necessarily give decisive guidance.

15.3 Where imports of a product from more than one country are simultaneously subject to countervailing duty investigations, the investigating authorities may cumulatively assess the effects of such imports only if they determine that *(a)* the amount of subsidization established in relation to the imports from each country is more than *de minimis* as defined in paragraph 9 of Article 11 and the volume of imports from each country is not negligible and *(b)* a cumulative assessment of the effects of the imports is appropriate in light of the conditions of competition between the imported products and the conditions of competition between the imported products and the like domestic product.

15.4 The examination of the impact of the subsidized imports on the domestic industry shall include an evaluation of all relevant economic factors and indices having a bearing on the state of the industry, including actual and potential decline in output, sales, market share, profits, productivity, return on investments, or utilization of capacity; factors affecting domestic prices; actual and potential negative effects on cash flow, inventories, employment, wages, growth, ability to raise capital or investments and, in the case of agriculture, whether there has been an increased burden on government support programmes. This list is not exhaustive, nor can one or several of these factors necessarily give decisive guidance.

15.5 It must be demonstrated that the subsidized imports are, through the effects[118] of subsidies, causing injury within the meaning of this Agreement. The demonstration of a causal relationship between the subsidized imports and the injury to the domestic industry shall be based on an examination of all relevant evidence before the authorities. The authorities shall also examine any known factors other than the subsidized imports which at the same time are injuring the domestic industry, and the injuries caused by these other factors must not be attributed to the subsidized imports. Factors which may be relevant in this respect include, *inter alia*, the volumes and

andi vöru, sem er flutt inn án styrkja, samdráttur í eftirspurn eða breytingar í neyslumynstri, viðteknar viðskiptatakmarkanir og samkeppni milli erlendra og innlendra framleiðenda, tækniþróun og útflutningsmagn og framleiðni í innlendu atvinnugreininni.

15.6 Áhrif innflutningsvara sem njóta styrkja skulu metin með tilliti til innlendrar framleiðslu á samsvarandi vöru þegar fyrirliggjandi gögn gera kleift að bera kennsl á þá framleiðslu sérstaklega á grundvelli viðmiðana eins og framleiðsluferlis, sölu og ágóða framleiðenda. Sé ekki unnt að bera kennsl á þá framleiðslu sérstaklega skal meta áhrif innflutningsvöru sem nýtur styrkja með því að athuga framleiðslu í þrengsta vöruflokki eða vörulínu sem samsvarandi vara fellur undir og unnt er að fá nauðsynlegar upplýsingar um.

15.7 Þegar ákvarðað er hvort hætta sé á umtalsverðum skaða skal byggja á staðreyndum en ekki einungis á staðhæfingu, tilgátu eða hverfandi líkum. Breyting á aðstæðum sem getur skapað það ástand að styrkur valdi skaða verður að vera fyrirsjáanleg og yfirvofandi. Þegar ákvarðað er hvort hætta sé á umtalsverðum skaða skulu rannsóknaryfirvöld meðal annars taka tillit til eftirfarandi þátta:

i) eðlis viðkomandi styrks eða styrkja og hugsanlegra áhrifa þeirra á viðskipti;

ii) verulegrar aukningar á magni innflutningsvara, sem njóta styrkja, á innanlandsmarkaði sem bendir til verulegrar aukningar í innflutningi;

iii) nægilegrar útflutningsgetu útflytjanda eða verulegrar og yfirvofandi aukningar á henni, sem bendir til þess að veruleg aukning geti orðið á útflutningsvörum sem njóta styrkja á markaði innflutningsaðila, að teknu tilliti til þess hvort aðrir útflutningsmarkaðir geti tekið við umframútflutningi;

iv) hvort vörur séu fluttar inn á verði sem hefur veruleg áhrif til lækkunar eða til að halda niðri verði innanlands og að líkindum auka enn frekar eftirspurn eftir innflutningsvörum; og

v) birgða af vörunni sem er til rannsóknar.

Enginn einn þessara þátta getur óhjákvæmilega ráðið úrslitum við ákvarðanir en samanlagt hljóta þeir að leiða til þeirrar niðurstöðu að frekari útflutningur á vörum sem njóta styrkja sé yfirprices of non-subsidized imports of the product in question, contraction in demand or changes in the patterns of consumption, trade restrictive practices of and competition between the foreign and domestic producers, developments in technology and the export performance and productivity of the domestic industry.

15.6 The effect of the subsidized imports shall be assessed in relation to the domestic production of the like product when available data permit the separate identification of that production on the basis of such criteria as the production process, producers' sales and profits. If such separate identification of that production is not possible, the effects of the subsidized imports shall be assessed by the examination of the production of the narrowest group or range of products, which includes the like product, for which the necessary information can be provided.

15.7 A determination of a threat of material injury shall be based on facts and not merely on allegation, conjecture or remote possibility. The change in circumstances which would create a situation in which the subsidy would cause injury must be clearly foreseen and imminent. In making a determination regarding the existence of a threat of material injury, the investigating authorities should consider, *inter alia*, such factors as:

(i) nature of the subsidy or subsidies in question and the trade effects likely to arise therefrom;

(ii) a significant rate of increase of subsidized imports into the domestic market indicating the likelihood of substantially increased importation;

(iii) sufficient freely disposable, or an imminent, substantial increase in, capacity of the exporter indicating the likelihood of substantially increased subsidized exports to the importing Member's market, taking into account the availability of other export markets to absorb any additional exports;

(iv) whether imports are entering at prices that will have a significant depressing or suppressing effect on domestic prices, and would likely increase demand for further imports; and

(v) inventories of the product being investigated.

No one of these factors by itself can necessarily give decisive guidance but the totality of the factors considered must lead to the conclusion that further subsidized exports are imminent and that,

vofandi og að verulegur skaði muni hljótast af verði ekki gripið til verndaraðgerða.
15.8 Ef hætta er á skaða vegna innflutningsvara sem njóta styrkja skal sérstök aðgát höfð þegar íhugað er eða ákveðið að beita jöfnunarráðstöfunum.

16. gr.
Skilgreining á innlendri atvinnugrein.

16.1 Með fyrirvara um 2. mgr. merkir hugtakið „innlend atvinnugrein" í þessum samningi alla innlenda framleiðendur samsvarandi framleiðsluvara eða þá sem samanlagt framleiða meginhluta allrar innlendrar framleiðslu þessara vara, nema um sé að ræða framleiðendur sem hafa tengsl[119] við útflytjendur eða innflytjendur eða þá sem flytja sjálfir inn vöru sem nýtur meintra styrkja, eða samsvarandi vöru frá öðrum löndum, en þá má líta svo á að hugtakið „innlend atvinnugrein" eigi við um alla aðra framleiðendur.

16.2 Í undantekningartilvikum getur yfirráðasvæði aðila skipst í tvo eða fleiri samkeppnismarkaði að því er varðar viðkomandi vöru og líta má á framleiðendur á hverjum markaði um sig sem sérstaka atvinnugrein ef *a*) framleiðendur á slíku markaðssvæði selja alla eða næstum alla framleiðslu sína á viðkomandi vöru á þeim markaði og *b*) framleiðendur viðkomandi vöru, sem eru staðsettir annars staðar á svæðinu, fullnægja ekki að verulegu leyti eftirspurn á þeim markaði. Í slíkum tilvikum er heimilt að líta svo á að skaði hafi orðið, jafnvel þótt meginhluti innlendu atvinnugreinarinnar hafi ekki orðið fyrir skaða, á þeim forsendum að um sé að ræða mikið magn innflutningsvara sem njóta styrkja inn á slíkan einangraðan markað og að því tilskildu enn fremur að innflutningsvörur sem njóta styrkja skaði framleiðendur allra eða næstum allra vara á slíkum markaði.
16.3 Þegar innlend atvinnugrein er túlkuð á þann hátt að um sé að ræða framleiðendur á tilteknu svæði, t.d. á markaði eins og skilgreint er í 2. mgr., skulu jöfnunartollar aðeins lagðir á þær vörur sem eru endanlega ætlaðar til neyslu á því svæði. Þegar stjórnskipunarlög innflutningsaðila leyfa ekki að lagðir séu á jöfnunartollar á þeim grundvelli hefur innflutningsaðili því aðeins frjálsar hendur til álagningar jöfnunartolla að *a)* útflytjendum sé gefið tækifæri til að hætta útflutningi á niðurgreiddu verði til viðkomandi svæðis eða setja að öðrum kosti tryggingu samkvæmt 18. gr. ef nægileg trygging að þessu leyti unless protective action is taken, material injury would occur.
15.8 With respect to cases where injury is threatened by subsidized imports, the application of countervailing measures shall be considered and decided with special care.

Article 16
Definition of Domestic Industry

16.1 For the purposes of this Agreement, the term "domestic industry" shall, except as provided in paragraph 2, be interpreted as referring to the domestic producers as a whole of the like products or to those of them whose collective output of the products constitutes a major proportion of the total domestic production of those products, except that when producers are related[119] to the exporters or importers or are themselves importers of the allegedly subsidized product or a like product from other countries, the term "domestic industry" may be interpreted as referring to the rest of the producers.
16.2. In exceptional circumstances, the territory of a Member may, for the production in question, be divided into two or more competitive markets and the producers within each market may be regarded as a separate industry if *(a)* the producers within such market sell all or almost all of their production of the product in question in that market, and *(b)* the demand in that market is not to any substantial degree supplied by producers of the product in question located elsewhere in the territory. In such circumstances, injury may be found to exist even where a major portion of the total domestic industry is not injured, provided there is a concentration of subsidized imports into such an isolated market and provided further that the subsidized imports are causing injury to the producers of all or almost all of the production within such market.

16.3 When the domestic industry has been interpreted as referring to the producers in a certain area, i.e. a market as defined in paragraph 2, countervailing duties shall be levied only on the products in question consigned for final consumption to that area. When the constitutional law of the importing Member does not permit the levying of countervailing duties on such a basis, the importing Member may levy the countervailing duties without limitation only if *(a)* the exporters shall have been given an opportunity to cease exporting at subsidized prices to the area concerned or otherwise give assurances pursuant

hefur ekki verið sett og *b)* ekki sé unnt að leggja slíka tolla eingöngu á vörur tiltekinna framleiðenda sem sjá viðkomandi svæði fyrir birgðum.

16.4 Þegar tvö eða fleiri lönd hafa náð svo miklum samruna, samkvæmt ákvæðum a-liðar 8. mgr. XXIV. gr. GATT-samningsins frá 1994, að þau hafa eiginleika eins, sameinaðs markaðar skulu atvinnugreinar alls sameinaða svæðisins teljast innlendar atvinnugreinar í skilningi 1. og 2. mgr.

16.5 Ákvæði 6. mgr. 15. gr. gilda um þessa grein.

17. gr.
Bráðabirgðaráðstafanir.

17.1 Ekki skal beita bráðabirgðaráðstöfunum nema:

a) rannsókn sé hafin í samræmi við ákvæði 11. gr., opinber tilkynning hafi verið gefin út þar að lútandi og aðilar og aðrir málsaðilar, sem eiga hagsmuna að gæta, hafi fengið næg tækifæri til að leggja fram upplýsingar og bera fram athugasemdir;

b) áður hafi verið ákvarðað að um styrk sé að ræða og að innflutningsvörur sem njóta styrkja hafi skaðað innlenda atvinnugrein;

c) hlutaðeigandi yfirvöld telji að slíkar ráðstafanir séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir skaða á meðan rannsóknin stendur yfir.

17.2 Bráðabirgðaráðstafanir geta verið í formi jöfnunartolla til bráðabirgða sem eru tryggðir með geymslufé eða skuldabréfi jafnháu fjárhæð styrks samkvæmt bráðabirgðaútreikningum.

17.3 Ekki skal beita bráðabirgðaráðstöfunum fyrr en 60 dögum eftir að rannsókn hefst.

17.4 Ekki skal beita bráðabirgðaráðstöfunum í lengri tíma en nauðsynlegt er og ekki lengur en fjóra mánuði.

17.5 Fara skal eftir ákvæðum 19. gr. við beitingu bráðabirgðaráðstafana.

18. gr.
Skuldbindingar.

18.1 Heimilt er að[120] fresta eða binda enda á málsmeðferð, án þess að bráðabirgðaráðstöfunum

to Article 18, and adequate assurances in this regard have not been promptly given, and *(b)* such duties cannot be levied only on products of specific producers which supply the area in question.

16.4 Where two or more countries have reached under the provisions of paragraph 8(a) of Article XXIV of GATT 1994 such a level of integration that they have the characteristics of a single, unified market, the industry in the entire area of integration shall be taken to be the domestic industry referred to in paragraphs 1 and 2.

16.5 The provisions of paragraph 6 of Article 15 shall be applicable to this Article.

Article 17
Provisional Measures

17.1 Provisional measures may be applied only if:

(a) an investigation has been initiated in accordance with the provisions of Article 11, a public notice has been given to that effect and interested Members and interested parties have been given adequate opportunities to submit information and make comments;

(b) a preliminary affirmative determination has been made that a subsidy exists and that there is injury to a domestic industry caused by subsidized imports; and

(c) the authorities concerned judge such measures necessary to prevent injury being caused during the investigation.

17.2 Provisional measures may take the form of provisional countervailing duties guaranteed by cash deposits or bonds equal to the amount of the provisionally calculated amount of subsidization.

17.3 Provisional measures shall not be applied sooner than 60 days from the date of initiation of the investigation.

17.4 The application of provisional measures shall be limited to as short a period as possible, not exceeding four months.

17.5 The relevant provisions of Article 19 shall be followed in the application of provisional measures.

Article 18
Undertakings

18.1 Proceedings may[120] be suspended or terminated without the imposition of provisional

eða jöfnunartollum sé beitt, gegn því að fullnægjandi skuldbindingar séu lagðar fram þar sem:

a) stjórnvöld útflutningsaðila samþykkja að afnema eða takmarka styrk eða gera aðrar ráðstafanir varðandi áhrif hans; eða

b) útflytjandinn samþykkir að endurskoða verðið svo að rannsóknaryfirvöld séu þess fullviss að skaðlegum áhrifum styrks hafi verið eytt. Verðhækkanir samkvæmt slíkum skuldbindingum skulu ekki vera meiri en nauðsynlegt er til að vega á móti styrknum. Æskilegt er að verðhækkanir séu minni en styrknum nemur ef slík hækkun nægir til þess að innlenda atvinnugreinin skaðist ekki.

18.2 Ekki skal leita eftir eða staðfesta skuldbindingar nema yfirvöld innflutningsaðila hafi áður ákvarðað að um styrkveitingu sé að ræða sem hafi valdið skaða og, þegar um er að ræða skuldbindingar útflytjenda, að fengnu samþykki útflutningsaðila.

18.3 Ekki er nauðsynlegt að staðfesta skuldbindingar ef yfirvöld innflutningsaðila telja það óraunhæft, til dæmis ef útflytjendur eru eða geta orðið of margir eða af öðrum ástæðum, þar með talið vegna almennrar stefnu í þessum málum. Í slíkum tilvikum skulu yfirvöld, þegar unnt er að koma því við, upplýsa útflytjandann um ástæður þess að þau telja ekki heppilegt að staðfesta skuldbindingu og skulu veita útflytjandanum tækifæri til að bera fram athugasemdir þar að lútandi að því marki sem unnt er.

18.4 Þótt skuldbinding sé staðfest skal engu að síður ljúka rannsókn á því hvort um styrkveitingu sé að ræða og skaði hafi orðið ef útflutningsaðili æskir þess eða innflutningsaðili ákveður það. Í slíku tilviki, þegar ákvarðað er að ekki sé um styrkveitingu eða skaða að ræða, fellur skuldbindingin sjálfkrafa niður nema slík ákvörðun byggist að miklu leyti á því að skuldbinding sé fyrir hendi. Í þeim tilvikum er viðkomandi yfirvaldi heimilt að krefjast þess að skuldbindingu sé viðhaldið í hæfilegan tíma í samræmi við ákvæði þessa samnings. Liggi fyrir ákvörðun þess efnis að um styrkveitingu sé að ræða og skaði hafi orðið skal skuldbindingin gilda áfram í samræmi við þá skilmála sem hafa verið settir og ákvæði þessa samnings.

18.5 Yfirvöld innflutningsaðila geta gert tillögu um verðskuldbindingar en engum útflytjanda er

measures or countervailing duties upon receipt of satisfactory voluntary undertakings under which:

(a) the government of the exporting Member agrees to eliminate or limit the subsidy or take other measures concerning its effects; or

(b) the exporter agrees to revise its prices so that the investigating authorities are satisfied that the injurious effect of the subsidy is eliminated. Price increases under such undertakings shall not be higher than necessary to eliminate the amount of the subsidy. It is desirable that the price increases be less than the amount of the subsidy if such increases would be adequate to remove the injury to the domestic industry.

18.2 Undertakings shall not be sought or accepted unless the authorities of the importing Member have made a preliminary affirmative determination of subsidization and injury caused by such subsidization and, in case of undertakings from exporters, have obtained the consent of the exporting Member.

18.3 Undertakings offered need not be accepted if the authorities of the importing Member consider their acceptance impractical, for example if the number of actual or potential exporters is too great, or for other reasons, including reasons of general policy. Should the case arise and where practicable, the authorities shall provide to the exporter the reasons which have led them to consider acceptance of an undertaking as inappropriate, and shall, to the extent possible, give the exporter an opportunity to make comments thereon.

18.4 If an undertaking is accepted, the investigation of subsidization and injury shall nevertheless be completed if the exporting Member so desires or the importing Member so decides. In such a case, if a negative determination of subsidization or injury is made, the undertaking shall automatically lapse, except in cases where such a determination is due in large part to the existence of an undertaking. In such cases, the authorities concerned may require that an undertaking be maintained for a reasonable period consistent with the provisions of this Agreement. In the event that an affirmative determination of subsidization and injury is made, the undertaking shall continue consistent with its terms and the provisions of this Agreement.

18.5 Price undertakings may be suggested by the authorities of the importing Member, but no

skylt að taka slíkar skuldbindingar á sig. Þótt stjórnvöld eða útflytjendur bjóði ekki slíkar skuldbindingar eða samþykki ekki boð um slíkt skal það á engan hátt hafa skaðleg áhrif á umfjöllun um málið. Yfirvöldum er þó frjálst að ákvarða að líklegra sé að hætta á skaða verði að veruleika ef innflutningur sem nýtur styrkja heldur áfram.

18.6 Yfirvöld innflutningsaðila geta krafist þess að stjórnvöld eða útflytjendur, sem þau hafa staðfest skuldbindingu frá, láti reglulega í té upplýsingar er varða efndir slíkrar skuldbindingar og leyfi sannprófun viðkomandi gagna. Þegar ekki er staðið við skuldbindingu er yfirvöldum innflutningsaðila heimilt, samkvæmt þessum samningi og í samræmi við ákvæði hans, að grípa til skjótra aðgerða sem geta falið það í sér að bráðabirgðaráðstöfunum verði beitt tafarlaust á grundvelli bestu fáanlegra upplýsinga. Í slíkum tilvikum er heimilt, í samræmi við þennan samning, að leggja endanlega tolla á vörur, sem eru fluttar inn til neyslu, allt að 90 dögum áður en slíkum bráðabirgðaráðstöfunum er beitt, en slíkt afturvirkt mat gildir þó ekki um vörur sem voru fluttar inn áður en vanefndir urðu á skuldbindingu.

19. gr.
Álagning og innheimta jöfnunartolla.

19.1 Ef aðili ákvarðar endanlega, eftir að eðlilegar tilraunir hafa verið gerðar til að ljúka málinu með viðræðum, að um styrk sé að ræða og hvert umfang hans sé og að styrkurinn hafi þau áhrif að innflutningsvörurnar valdi skaða er honum heimilt að leggja á jöfnunartolla í samræmi við ákvæði þessarar greinar nema styrkurinn eða styrkirnir séu dregnir til baka.

19.2 Yfirvöld innflutningsaðila ákveða hvort leggja beri á jöfnunartolla eða ekki í tilvikum þar sem allar kröfur varðandi álagningu eru uppfylltar og hvort jöfnunartollurinn, sem er lagður á, skuli samsvara styrknum eða vera lægri. Ákjósanlegt er að álagning sé leyfð á yfirráðasvæði allra aðila, að tollurinn sé lægri en heildarstyrkurinn ef slíkur tollur nægir til að innlenda atvinnugreinin skaðist ekki og að tekin verði upp málsmeðferð sem gerir viðkomandi yfirvöldum kleift að taka tilhlýðilegt tillit til málflutnings innlendra málsaðila sem eiga hagsmuna að gæta[121] og þeir hagsmunir kynnu að skaðast við álagningu jöfnunartolls.

exporter shall be forced to enter into such undertakings. The fact that governments or exporters do not offer such undertakings, or do not accept an invitation to do so, shall in no way prejudice the consideration of the case. However, the authorities are free to determine that a threat of injury is more likely to be realized if the subsidized imports continue.

18.6 Authorities of an importing Member may require any government or exporter from whom an undertaking has been accepted to provide periodically information relevant to the fulfilment of such an undertaking, and to permit verification of pertinent data. In case of violation of an undertaking, the authorities of the importing Member may take, under this Agreement in conformity with its provisions, expeditious actions which may constitute immediate application of provisional measures using the best information available. In such cases, definitive duties may be levied in accordance with this Agreement on products entered for consumption not more than 90 days before the application of such provisional measures, except that any such retroactive assessment shall not apply to imports entered before the violation of the undertaking.

Article 19
Imposition and Collection of Countervailing Duties

19.1 If, after reasonable efforts have been made to complete consultations, a Member makes a final determination of the existence and amount of the subsidy and that, through the effects of the subsidy, the subsidized imports are causing injury, it may impose a countervailing duty in accordance with the provisions of this Article unless the subsidy or subsidies are withdrawn.

19.2 The decision whether or not to impose a countervailing duty in cases where all requirements for the imposition have been fulfilled, and the decision whether the amount of the countervailing duty to be imposed shall be the full amount of the subsidy or less, are decisions to be made by the authorities of the importing Member. It is desirable that the imposition should be permissive in the territory of all Members, that the duty should be less than the total amount of the subsidy if such lesser duty would be adequate to remove the injury to the domestic industry, and that procedures should be established which would allow the authorities concerned to take due account of representations made by domestic interested parties[121] whose interests might be adversely affected by the imposition of a countervailing duty.

19.3 Þegar jöfnunartollur er lagður á vöru skal viðeigandi fjárhæð lögð á í hverju einstöku tilviki, án mismununar, án tillits til uppruna slíkrar innflutningsvöru sem ákvarðað hefur verið að njóti styrkja og valdi skaða, nema um sé að ræða innflutningsvörur frá þeim sem hafa hafnað viðkomandi styrkjum eða tekið á sig skuldbindingar samkvæmt skilmálum þessa samnings og þær hafi verið samþykktar. Útflytjandi sem á að greiða endanlega jöfnunartolla af útflutningsvörum sínum, en hefur ekki sætt rannsókn af annarri ástæðu en þeirri að hafa hafnað samvinnu, skal eiga rétt á því að mál hans sé skoðað þegar í stað svo að rannsóknaryfirvöld geti hið fyrsta ákveðið sérstakan jöfnunartoll fyrir þann útflytjanda.

19.4 Ekki skal leggja hærri tolla[122] á innflutta framleiðsluvöru en nemur þeim styrk sem komist hefur verið að raun um að hafi verið veittur, reiknað með tilliti til styrkveitingar á hverja einingu útflutningsvörunnar sem nýtur styrkja.

19.3 When a countervailing duty is imposed in respect of any product, such countervailing duty shall be levied, in the appropriate amounts in each case, on a non-discriminatory basis on imports of such product from all sources found to be subsidized and causing injury, except as to imports from those sources which have renounced any subsidies in question or from which undertakings under the terms of this Agreement have been accepted. Any exporter whose exports are subject to a definitive countervailing duty but who was not actually investigated for reasons other than a refusal to cooperate, shall be entitled to an expedited review in order that the investigating authorities promptly establish an individual countervailing duty rate for that exporter.

19.4 No countervailing duty shall be levied[122] on any imported product in excess of the amount of the subsidy found to exist, calculated in terms of subsidization per unit of the subsidized and exported product.

20. gr.

Afturvirkni.

20.1 Eingöngu skal beita bráðabirgðaráðstöfunum og jöfnunartollum þegar um er að ræða framleiðsluvörur sem fluttar eru inn til neyslu eftir að ákvörðun skv. 1. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. öðlast gildi, með fyrirvara um undantekningar sem settar eru fram í þessari grein.

20.2 Þegar ákvarðað hefur verið endanlega að skaði hafi orðið (en ekki að hætta sé á skaða eða að stofnun atvinnurekstrar sé torvelduð verulega) eða, þegar ákvarðað er endanlega að hætta sé á skaða og áhrif innflutningsvaranna sem njóta styrkja myndu leiða til þess að ákvarðað væri að skaði hefði orðið ef engar bráðabirgðaráðstafanir væru gerðar, er heimilt að leggja jöfnunartolla á afturvirkt fyrir tímabilið sem bráðabirgðaráðstafanirnar, ef einhverjar eru, gilda um.

20.3 Ef endanlegur jöfnunartollur er hærri en fjárhæðin, sem er tryggð með geymslufé eða skuldabréfi, skal ekki innheimta mismuninn. Ef endanlegur tollur er lægri en fjárhæðin, sem er tryggð með geymslufé eða skuldabréfi, skal sú fjárhæð sem umfram er endurgreidd eða skuldabréfinu skilað þegar í stað.

20.4 Þegar ákvarðað hefur verið að hætta sé á skaða eða verulegri torveldun (en enginn skaði hefur enn orðið) er aðeins heimilt, með fyrirvara um ákvæði 2. mgr., að leggja á endanlegan jöfn-

Article 20

Retroactivity

20.1 Provisional measures and countervailing duties shall only be applied to products which enter for consumption after the time when the decision under paragraph 1 of Article 17 and paragraph 1 of Article 19, respectively, enters into force, subject to the exceptions set out in this Article.

20.2 Where a final determination of injury (but not of a threat thereof or of a material retardation of the establishment of an industry) is made or, in the case of a final determination of a threat of injury, where the effect of the subsidized imports would, in the absence of the provisional measures, have led to a determination of injury, countervailing duties may be levied retroactively for the period for which provisional measures, if any, have been applied.

20.3 If the definitive countervailing duty is higher than the amount guaranteed by the cash deposit or bond, the difference shall not be collected. If the definitive duty is less than the amount guaranteed by the cash deposit or bond, the excess amount shall be reimbursed or the bond released in an expeditious manner.

20.4 Except as provided in paragraph 2, where a determination of threat of injury or material retardation is made (but no injury has yet occurred) a definitive countervailing duty may be

unartoll frá þeim degi sem ákvarðað er að hætta sé á skaða eða verulegri torveldun og skal endurgreiða allt geymslufé sem hefur verið lagt inn á því tímabili sem bráðabirgðaráðstöfunum er beitt og skila öllum skuldabréfum þegar í stað.

20.5 Þegar endanleg ákvörðun er neikvæð skal endurgreiða allt geymslufé sem hefur verið lagt inn á því tímabili sem bráðabirgðaráðstöfunum er beitt og skila öllum skuldabréfum þegar í stað.

20.6 Við erfiðar aðstæður, þegar yfirvöld komast að þeirri niðurstöðu að skaði sem erfitt er að bæta hafi orðið vegna umfangsmikils innflutnings á vöru sem nýtur styrkja á tiltölulega stuttum tíma og styrkirnir eru greiddir eða veittir í bága við ákvæði GATT-samningsins frá 1994 og þessa samnings og þar sem talið er nauðsynlegt að meta jöfnunartolla á þær innflutningsvörur afturvirkt, til að koma í veg fyrir að slíkur skaði endurtaki sig, er heimilt að leggja endanlega jöfnunartolla á innflutningsvörur sem voru fluttar inn til neyslu allt að 90 dögum fyrir gildistöku bráðabirgðaráðstafananna.

imposed only from the date of the determination of threat of injury or material retardation, and any cash deposit made during the period of the application of provisional measures shall be refunded and any bonds released in an expeditious manner.

20.5 Where a final determination is negative, any cash deposit made during the period of the application of provisional measures shall be refunded and any bonds released in an expeditious manner.

20.6 In critical circumstances where for the subsidized product in question the authorities find that injury which is difficult to repair is caused by massive imports in a relatively short period of a product benefiting from subsidies paid or bestowed inconsistently with the provisions of GATT 1994 and of this Agreement and where it is deemed necessary, in order to preclude the recurrence of such injury, to assess countervailing duties retroactively on those imports, the definitive countervailing duties may be assessed on imports which were entered for consumption not more than 90 days prior to the date of application of provisional measures.

21. gr.

Gildistími og endurskoðun jöfnunartolla og skuldbindinga.

21.1 Jöfnunartollur skal aðeins haldast í gildi í þann tíma og að því marki sem nauðsynlegt er til að vega upp á móti styrkveitingu sem veldur skaða.

21.2 Þegar ástæða er til skulu yfirvöld, að því tilskildu að hæfilegur tími sé liðinn frá því að endanlegur jöfnunartollur var lagður á, endurskoða þörfina á áframhaldandi álagningu tollsins að eigin frumkvæði eða að fenginn beiðni frá málsaðila sem á hagsmuna að gæta og leggur fram ótvíræðar upplýsingar til rökstuðnings þörfinni á endurskoðun. Málsaðilar, sem eiga hagsmuna að gæta, skulu eiga rétt á að fara þess á leit við yfirvöld að þau kanni hvort áframhaldandi álagning tollsins sé nauðsynleg til að vega upp á móti styrkveitingu, hvort skaðleg áhrif haldist eða komi fram aftur ef tollurinn er felldur niður, honum breytt eða hvort tveggja. Ákvarði yfirvöld, í kjölfarið á endurskoðun samkvæmt þessari málsgrein, að ekki séu lengur forsendur fyrir jöfnunartolli skal hann tafarlaust felldur niður.

21.3 Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skal fella niður alla endanlega jöfnunartolla eigi síðar en fimm árum eftir þann dag sem þeir voru lagðir

Article 21

Duration and Review of Countervailing Duties and Undertakings

21.1 A countervailing duty shall remain in force only as long as and to the extent necessary to counteract subsidization which is causing injury.

21.2 The authorities shall review the need for the continued imposition of the duty, where warranted, on their own initiative or, provided that a reasonable period of time has elapsed since the imposition of the definitive countervailing duty, upon request by any interested party which submits positive information substantiating the need for a review. Interested parties shall have the right to request the authorities to examine whether the continued imposition of the duty is necessary to offset subsidization, whether the injury would be likely to continue or recur if the duty were removed or varied, or both. If, as a result of the review under this paragraph, the authorities determine that the countervailing duty is no longer warranted, it shall be terminated immediately.

21.3 Notwithstanding the provisions of paragraphs 1 and 2, any definitive countervailing duty shall be terminated on a date not later than

á (eða frá þeim degi sem síðasta endurskoðun skv. 2. mgr. fór fram, hafi endurskoðun tekið bæði til styrkveitingar og skaða, eða samkvæmt þessari málsgrein) nema yfirvöld ákvarði í endurskoðun, sem hefst fyrir þann dag, að eigin frumkvæði eða að fenginni tilhlýðilega rökstuddri beiðni frá eða fyrir hönd innlendu atvinnugreinarinnar, sem er lögð fram hæfilega löngu fyrir þann dag, að líklegt sé að niðurfelling tollsins muni leiða til áframhaldandi eða endurtekinnar styrkveitingar og skaða.[123] Heimilt er að halda tollinum í gildi þar til niðurstöður slíkrar endurskoðunar liggja fyrir.

21.4 Ákvæði 12. gr. um sönnunargögn og málsmeðferð skulu gilda um alla endurskoðun sem fer fram samkvæmt þessari grein. Hraða skal slíkri endurskoðun og henni skal að jafnaði lokið innan tólf mánaða frá þeim degi sem hún hefst.

21.5 Ákvæði þessarar greinar skulu gilda að breyttu breytanda um skuldbindingar sem eru staðfestar samkvæmt 18. gr.

22. gr.
Opinberar auglýsingar og skýringar á ákvörðunum.

22.1 Þegar yfirvöld eru þess fullviss að næg sönnunargögn séu fyrir hendi, sem réttlæti að hafin verði rannsókn skv. 11. gr., skal tilkynna það þeim aðila eða aðilum sem vörurnar er rannsóknin tekur til eru frá og öðrum sem rannsóknaryfirvöldum er kunnugt um að eigi hagsmuna að gæta og einnig skal birta um þetta opinbera auglýsingu.

22.2 Í opinberri auglýsingu um að rannsókn verði hafin skulu koma fram fullnægjandi upplýsingar um eftirfarandi atriði eða tilgreint á annan hátt í sérstakri skýrslu[124] hvar hægt er að fá vitneskju um þau:

i) heiti útflutningslands eða -landa og viðkomandi vöru;
ii) upphafsdag rannsóknar;
iii) lýsingu á styrkveitingu eða styrkveitingum sem á að rannsaka;
iv) samantekt á þeim þáttum sem staðhæfing um skaða byggist á;
v) heimilisfang sem aðilum og öðrum málsaðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, ber að beina athugasemdum sínum til;
vi) frest sem aðilar og aðrir málsaðilar, sem eiga hagsmuna að gæta, hafa til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

five years from its imposition (or from the date of the most recent review under paragraph 2 if that review has covered both subsidization and injury, or under this paragraph), unless the authorities determine, in a review initiated before that date on their own initiative or upon a duly substantiated request made by or on behalf of the domestic industry within a reasonable period of time prior to that date, that the expiry of the duty would be likely to lead to continuation or recurrence of subsidization and injury.[123] The duty may remain in force pending the outcome of such a review.

21.4 The provisions of Article 12 regarding evidence and procedure shall apply to any review carried out under this Article. Any such review shall be carried out expeditiously and shall normally be concluded within 12 months of the date of initiation of the review.

21.5 The provisions of this Article shall apply *mutatis mutandis* to undertakings accepted under Article 18.

Article 22
Public Notice and Explanation of Determinations

22.1 When the authorities are satisfied that there is sufficient evidence to justify the initiation of an investigation pursuant to Article 11, the Member or Members the products of which are subject to such investigation and other interested parties known to the investigating authorities to have an interest therein shall be notified and a public notice shall be given.

22.2 A public notice of the initiation of an investigation shall contain, or otherwise make available through a separate report[124], adequate information on the following:

(i) the name of the exporting country or countries and the product involved;
(ii) the date of initiation of the investigation;
(iii) a description of the subsidy practice or practices to be investigated;
(iv) a summary of the factors on which the allegation of injury is based;
(v) the address to which representations by interested Members and interested parties should be directed; and
(vi) the time-limits allowed to interested Members and interested parties for making their views known.

22.3 Birta skal opinberar auglýsingar um bráðabirgðaákvarðanir og endanlegar ákvarðanir, hvort sem ákvarðað er jákvætt eða neikvætt, er varða staðfestingu skuldbindingar skv. 18. gr., niðurfellingu þess háttar skuldbindingar og niðurfellingu endanlegs jöfnunartolls. Í öllum slíkum auglýsingum skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um niðurstöður og ályktanir um álitaefni varðandi staðreyndir og lagaatriði, sem rannsóknaryfirvöld telja að skipti máli, eða að öðrum kosti sé gerð grein fyrir þeim í sérstakri skýrslu. Senda skal allar slíkar auglýsingar og skýrslur til aðilans eða aðilanna sem vörurnar er falla undir slíka ákvörðun eða skuldbindingu eru frá og til allra annarra sem vitað er að eiga hagsmuna að gæta.

22.4 Í opinberri auglýsingu um bráðabirgðaráðstafanir skulu koma fram nægilega ítarlegar skýringar á bráðabirgðaákvörðunum, eða að öðrum kosti skal gerð grein fyrir þeim í sérstakri skýrslu, þess efnis hvort styrkur hafi verið veittur og skaði orðið og vísað til staðreynda og lagaatriða sem leiddu til þess að rök voru tekin gild eða þeim hafnað. Í slíkri auglýsingu eða skýrslu skal, að teknu tilhlýðilegu tilliti til kröfunnar um verndun trúnaðarupplýsinga, einkum koma fram:

i) nöfn viðkomandi birgja eða, þegar það er óframkvæmanlegt, sölulanda sem eiga hlut að máli;
ii) lýsing á vörunni sem nægir við tollafgreiðslu;
iii) fjárhæð styrks og á hvaða grundvelli ákvarðað hefur verið að um styrk sé að ræða;
iv) atriði sem skipta máli þegar ákvarðað er að skaði hafi orðið eins og um getur í 15. gr.
v) helstu ástæður fyrir ákvörðuninni.

22.5 Í opinberri auglýsingu um lok eða frestun rannsóknar, þegar ákvarðað er að leggja skuli á endanlegan toll eða staðfesta skuldbindingu, skulu koma fram allar viðeigandi upplýsingar um álitaefni varðandi staðreyndir og lagaatriði, eða að öðrum kosti skal gerð grein fyrir þeim í sérstakri skýrslu, og ástæður fyrir því að gripið var til endanlegra ráðstafana eða verðskuldbinding staðfest, að teknu tilhlýðilegu tilliti til kröfunnar um verndun trúnaðarupplýsinga. Í auglýsingunni eða skýrslunni skulu einkum koma fram upplýsingarnar sem gerð er grein fyrir í 4. mgr., svo og ástæður þess að viðkomandi rök eða kröfur aðila sem eiga hagsmuna að gæta eða út-

22.3 Public notice shall be given of any preliminary or final determination, whether affirmative or negative, of any decision to accept an undertaking pursuant to Article 18, of the termination of such an undertaking, and of the termination of a definitive countervailing duty. Each such notice shall set forth, or otherwise make available through a separate report, in sufficient detail the findings and conclusions reached on all issues of fact and law considered material by the investigating authorities. All such notices and reports shall be forwarded to the Member or Members the products of which are subject to such determination or undertaking and to other interested parties known to have an interest therein.

22.4 A public notice of the imposition of provisional measures shall set forth, or otherwise make available through a separate report, sufficiently detailed explanations for the preliminary determinations on the existence of a subsidy and injury and shall refer to the matters of fact and law which have led to arguments being accepted or rejected. Such a notice or report shall, due regard being paid to the requirement for the protection of confidential information, contain in particular:

(i) the names of the suppliers or, when this is impracticable, the supplying countries involved;
(ii) a description of the product which is sufficient for customs purposes;
(iii) the amount of subsidy established and the basis on which the existence of a subsidy has been determined;
(iv) considerations relevant to the injury determination as set out in Article 15;
(v) the main reasons leading to the determination.

22.5 A public notice of conclusion or suspension of an investigation in the case of an affirmative determination providing for the imposition of a definitive duty or the acceptance of an undertaking shall contain, or otherwise make available through a separate report, all relevant information on the matters of fact and law and reasons which have led to the imposition of final measures or the acceptance of an undertaking, due regard being paid to the requirement for the protection of confidential information. In particular, the notice or report shall contain the information described in paragraph 4, as well as the reasons for the acceptance or rejection of rele-

flytjenda og innflytjenda voru tekin gild eða þeim hafnað.
22.6 Í opinberri auglýsingu um að hætta skuli rannsókn eða fresta henni, í framhaldi af staðfestingu skuldbindingar skv. 18. gr., skal gera grein fyrir þeim hluta skuldbindingarinnar sem er ekki trúnaðarmál eða gera að öðrum kosti grein fyrir honum í sérstakri skýrslu.
22.7 Ákvæði þessarar greinar gilda að breyttu breytanda um upphaf og lyktir endurskoðunar sem fer fram samkvæmt 21. gr. og um ákvarðanir skv. 20. gr. um álagningu afturvirkra tolla.

23. gr.
Endurskoðun dómstóla.

Séu ákvæði í innlendum lögum aðila um ráðstafanir með jöfnunartollum skal sá aðili hafa dómstól, gerðardóm eða stjórnsýsludómstól eða sérstaka málsmeðferð í slíkum málum, meðal annars til að unnt sé að endurskoða þegar í stað stjórnsýsluákvarðanir sem tengjast endanlegum ákvörðunum og endurskoðun ákvarðana í skilningi 21. gr. Þessir dómstólar eða málsmeðferð skulu óháð þeim yfirvöldum sem bera ábyrgð á viðkomandi ákvörðun eða endurskoðun og skulu allir, sem eiga hagsmuna að gæta og eiga hlut að stjórnsýsluaðgerðum og sem stjórnsýsluaðgerðir hafa bein áhrif á, eiga möguleika á endurskoðun.

VI. HLUTI: STOFNANIR

24. gr.
Nefnd um styrki, jöfnunarráðstafanir og undirnefndir hennar.

24.1 Hér með er komið á fót nefnd um styrki og jöfnunarráðstafanir sem er skipuð fulltrúum allra aðila. Nefndin kýs sér formann og kemur saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári og að öðru leyti, að beiðni aðila, eins og viðkomandi ákvæði þessa samnings segja til um. Nefndin skal gegna þeim skyldustörfum sem henni eru falin samkvæmt þessum samningi eða aðilar fela henni og skal hún veita aðilum tækifæri til viðræðna í málum er varða rekstur samningsins eða framgang markmiða hans. Aðalskrifstofa Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar gegnir hlutverki aðalskrifstofu nefndarinnar.

24.2 Nefndinni er heimilt að koma á fót undirnefndum eftir því sem við á.
24.3 Nefndin skal koma á fót fastahópi sérfræðinga sem í eru fimm óháðir einstaklingar með

vant arguments or claims made by interested Members and by the exporters and importers.
22.6 A public notice of the termination or suspension of an investigation following the acceptance of an undertaking pursuant to Article 18 shall include, or otherwise make available through a separate report, the non-confidential part of this undertaking.
22.7 The provisions of this Article shall apply mutatis mutandis to the initiation and completion of reviews pursuant to Article 21 and to decisions under Article 20 to apply duties retroactively.

Article 23
Judicial Review

Each Member whose national legislation contains provisions on countervailing duty measures shall maintain judicial, arbitral or administrative tribunals or procedures for the purpose, inter alia, of the prompt review of administrative actions relating to final determinations and reviews of determinations within the meaning of Article 21. Such tribunals or procedures shall be independent of the authorities responsible for the determination or review in question, and shall provide all interested parties who participated in the administrative proceeding and are directly and individually affected by the administrative actions with access to review.

PART VI: INSTITUTIONS

Article 24
Committee on Subsidies and Countervailing Measures and Subsidiary Bodies

24.1 There is hereby established a Committee on Subsidies and Countervailing Measures composed of representatives from each of the Members. The Committee shall elect its own Chairman and shall meet not less than twice a year and otherwise as envisaged by relevant provisions of this Agreement at the request of any Member. The Committee shall carry out responsibilities as assigned to it under this Agreement or by the Members and it shall afford Members the opportunity of consulting on any matter relating to the operation of the Agreement or the furtherance of its objectives. The WTO Secretariat shall act as the secretariat to the Committee.
24.2 The Committee may set up subsidiary bodies as appropriate.
24.3 The Committee shall establish a Permanent Group of Experts composed of five inde-

sérþekkingu á sviði styrkja og viðskiptatengsla. Nefndin velur sérfræðingana og skipt verður um einn þeirra árlega. Heimilt er að óska eftir því við sérfræðingahópinn að hann aðstoði kærunefnd, eins og kveðið er á um í 5. mgr. 4. gr. Nefndinni er einnig heimilt að leita ráðgefandi álits á því hvort styrkveiting eigi sér stað og hvers eðlis styrkurinn er.

24.4 Aðilum er heimilt að leitað ráða hjá sérfræðingahópnum og er hópnum heimilt að veita ráðgefandi álit á eðli þess styrks sem aðili áformar að veita eða sem sá aðili viðheldur þá þegar. Slíkt ráðgefandi álit skal vera trúnaðarmál og ekki er heimilt að skírskota til þess í málsmeðferð skv. 7. gr.

24.5 Nefndinni og undirnefndum er heimilt, í störfum sínum, að leita eftir ráðgjöf og upplýsingum í hverjum þeim heimildum sem þykja heppilegar. Nefnd eða undirnefnd skal þó láta hlutaðeigandi aðila vita áður en hún leitar eftir upplýsingum úr heimildum innan lögsögu hans.

pendent persons, highly qualified in the fields of subsidies and trade relations. The experts will be elected by the Committee and one of them will be replaced every year. The PGE may be requested to assist a panel, as provided for in paragraph 5 of Article 4. The Committee may also seek an advisory opinion on the existence and nature of any subsidy.

24.4 The PGE may be consulted by any Member and may give advisory opinions on the nature of any subsidy proposed to be introduced or currently maintained by that Member. Such advisory opinions will be confidential and may not be invoked in proceedings under Article 7.

24.5 In carrying out their functions, the Committee and any subsidiary bodies may consult with and seek information from any source they deem appropriate. However, before the Committee or a subsidiary body seeks such information from a source within the jurisdiction of a Member, it shall inform the Member involved.

VII. HLUTI: TILKYNNINGAR OG EFTIRLIT

25. gr.

Tilkynningar.

25.1 Aðilar koma sér saman um, með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994, að tilkynningar þeirra um styrki skuli lagðar fram eigi síðar en 30. júní ár hvert og skulu þær vera í samræmi við ákvæði 2.-6. mgr.

25.2 Aðilar skulu tilkynna um alla styrki, eins og skilgreint er í 1. mgr. 1. gr., sem eru sértækir styrkir í skilningi 2. gr. og eru veittir eða viðhaldið á yfirráðasvæðum þeirra.

1. Any sign, or any combination of signs, capable of distinguishing the goods or services of one undertaking from those of other undertakings, shall be capable of constituting a trademark. Such signs, in particular words including personal names, letters, numerals, figurative elements and combinations of colours as well as any combination of such signs, shall be eligible for registration as trademarks. Where signs are not inherently capable of distinguishing the relevant goods or services, Members may make registrability depend on distinctiveness acquired through use. Members may require, as a condition of registration, that signs be visually perceptible.

2. Paragraph 1 shall not be understood to prevent a Member from denying registration of a

merkis af öðrum ástæðum, að því tilskildu að þessar ástæður fari ekki í bága við ákvæði Parísarsamningsins (1967).
3. Aðilum er heimilt að láta skráningarhæfi byggjast á notkun. Raunveruleg notkun vörumerkis skal þó ekki vera skilyrði fyrir því að unnt sé að leggja fram umsókn um skráningu. Ekki má hafna umsókn eingöngu vegna þess að fyrirhuguð notkun hefur ekki átt sér stað innan þriggja ára frá umsóknardegi.
4. Eiginleikar vöru eða þjónustu, sem vörumerki á að standa fyrir, skulu í engu tilviki vera hindrun í vegi fyrir skráningu vörumerkisins.
5. Aðilar skulu birta sérhvert vörumerki áður en það er skráð eða þegar í stað að skráningu lokinni og veita sanngjarnt tækifæri til að leggja fram beiðni um ógildingu skráningar. Þar að auki er aðilum heimilt að gefa kost á andmælum gegn skráningu vörumerkis.

16. gr.
Réttindi.

1. Eigandi skráðs vörumerkis hefur einkarétt á að koma í veg fyrir að þriðju málsaðilar, sem ekki hafa til þess samþykki eiganda, noti merki sem eru sams konar eða svipuð og skráð vörumerki, í viðskiptum með sams konar eða svipaða vöru eða þjónustu og vörumerkið er skráð fyrir, ef slíkri notkun fylgir hætta á ruglingi. Við notkun sams konar merkis fyrir sams konar vörur eða þjónustu skal gera ráð fyrir að hætta sé á ruglingi. Réttindin, sem er lýst hér að framan, hafa ekki áhrif á réttindi sem fyrir eru né á möguleika aðila til að veita réttindi á grundvelli notkunar.

2. Ákvæði 6. gr. a í Parísarsamningnum (1967) gildir að breyttu breytanda um þjónustu. Við ákvörðun á því hvort vörumerki er vel þekkt skulu aðilar taka tillit til þess hvort það er vel þekkt á viðkomandi sviði, meðal annars hvort það er þekkt hjá hlutaðeigandi aðila vegna kynningar á vörumerkinu þar.

3. Ákvæði 6. gr. a í Parísarsamningnum (1967) gilda að breyttu breytanda um vöru eða þjónustu sem er ekki svipuð þeirri sem vörumerkið er skráð fyrir, að því tilskildu að notkun þess vörumerkis í sambandi við þá vöru eða þjónustu bendi til tengsla milli þessarar vöru eða þjón-

trademark on other grounds, provided that they do not derogate from the provisions of the Paris Convention (1967).
3. Members may make registrability depend on use. However, actual use of a trademark shall not be a condition for filing an application for registration. An application shall not be refused solely on the ground that intended use has not taken place before the expiry of a period of three years from the date of application.
4. The nature of the goods or services to which a trademark is to be applied shall in no case form an obstacle to registration of the trademark.
5. Members shall publish each trademark either before it is registered or promptly after it is registered and shall afford a reasonable opportunity for petitions to cancel the registration. In addition, Members may afford an opportunity for the registration of a trademark to be opposed.

Article 16
Rights Conferred

1. The owner of a registered trademark shall have the exclusive right to prevent all third parties not having the owner's consent from using in the course of trade identical or similar signs for goods or services which are identical or similar to those in respect of which the trademark is registered where such use would result in a likelihood of confusion. In case of the use of an identical sign for identical goods or services, a likelihood of confusion shall be presumed. The rights described above shall not prejudice any existing prior rights, nor shall they affect the possibility of Members making rights available on the basis of use.
2. Article 6*bis* of the Paris Convention (1967) shall apply, *mutatis mutandis*, to services. In determining whether a trademark is well known, Members shall take account of the knowledge of the trademark in the relevant sector of the public, including knowledge in the Member concerned which has been obtained as a result of the promotion of the trademark.
3. Article 6*bis* of the Paris Convention (1967) shall apply, *mutatis mutandis*, to goods or services which are not similar to those in respect of which a trademark is registered, provided that use of that trademark in relation to those goods or services would indicate a connection between

ustu og eiganda hins skráða vörumerkis og að því tilskildu að líkur séu á að slík notkun skaði hagsmuni eiganda hins skráða vörumerkis.

17. gr.
Undantekningar.

Aðilar geta kveðið á um takmarkaðar undantekningar frá þeim rétti sem vörumerki veita, til að mynda að því er varðar eðlilega notkun lýsandi heita, að því tilskildu að í slíkum undantekningum sé tekið tillit til lögmætra hagsmuna eiganda vörumerkis og þriðju málsaðila.

18. gr.
Gildistími verndar.

Upphafleg skráning og sérhver endurnýjun skráningar á vörumerki skal ekki gilda skemur en í sjö ár. Skráningu vörumerkis skal vera unnt að endurnýja í ótiltekinn fjölda skipta.

19. gr.
Kröfur um notkun.

1. Ef notkun er forsenda þess að unnt sé að viðhalda skráningu er eingöngu heimilt að ógilda skráningu þegar notkun hefur ekki átt sér stað í þrjú ár samfellt, nema eigandi vörumerkis sýni fram á gildar ástæður sem hindra slíka notkun. Aðstæður sem skapast óháð ásetningi eiganda vörumerkis og hindra notkun þess, til að mynda innflutningshöft eða aðrar kröfur hins opinbera vegna vöru eða þjónustu sem nýtur vörumerkjaverndar, skulu teljast gildar ástæður fyrir því að vörumerkið hefur ekki verið notað.

2. Notkun annars einstaklings á vörumerki er viðurkennd sem notkun sem viðheldur skráningu ef hún er undir stjórn eiganda vörumerkisins.

20. gr.
Aðrar kröfur.

Ekki skal hamla að óþörfu notkun vörumerkis í viðskiptum með sérstökum kröfum á borð við að það sé notað ásamt öðru vörumerki, notað í sérstöku formi eða notað með þeim hætti sem rýrir eiginleika þess til að aðgreina vörur eða þjónustu eins viðskiptaaðila frá vörum eða þjónustu annars viðskiptaaðila. Þetta útilokar ekki kröfu um að nota beri vörumerki sem auðkennir viðskiptaaðila sem framleiðir vörurnar eða veitir þjónustuna ásamt, en án þess að tengja það við, vörumerki sem auðkennir hinar sérstöku vörur eða þjónustu þess viðskiptaaðila.

those goods or services and the owner of the registered trademark and provided that the interests of the owner of the registered trademark are likely to be damaged by such use.

Article 17
Exceptions

Members may provide limited exceptions to the rights conferred by a trademark, such as fair use of descriptive terms, provided that such exceptions take account of the legitimate interests of the owner of the trademark and of third parties.

Article 18
Term of Protection

Initial registration, and each renewal of registration, of a trademark shall be for a term of no less than seven years. The registration of a trademark shall be renewable indefinitely.

Article 19
Requirement of Use

1. If use is required to maintain a registration, the registration may be cancelled only after an uninterrupted period of at least three years of non-use, unless valid reasons based on the existence of obstacles to such use are shown by the trademark owner. Circumstances arising independently of the will of the owner of the trademark which constitute an obstacle to the use of the trademark, such as import restrictions on or other government requirements for goods or services protected by the trademark, shall be recognized as valid reasons for non-use.
2. When subject to the control of its owner, use of a trademark by another person shall be recognized as use of the trademark for the purpose of maintaining the registration.

Article 20
Other Requirements

The use of a trademark in the course of trade shall not be unjustifiably encumbered by special requirements, such as use with another trademark, use in a special form or use in a manner detrimental to its capability to distinguish the goods or services of one undertaking from those of other undertakings. This will not preclude a requirement prescribing the use of the trademark identifying the undertaking producing the goods or services along with, but without linking it to, the trademark distinguishing the specific goods or services in question of that undertaking.

21. gr.
Leyfisveiting og framsal.

Aðilar geta ákvarðað skilyrði um leyfisveitingu og framsal vörumerkja og er þá gert ráð fyrir að skyldubundin veiting nytjaleyfis skuli ekki leyfð og að eigandi skráðs vörumerkis hafi rétt til að framselja vörumerki með eða án framsals þess fyrirtækis sem vörumerkið tilheyrir.

Article 21
Licensing and Assignment

Members may determine conditions on the licensing and assignment of trademarks, it being understood that the compulsory licensing of trademarks shall not be permitted and that the owner of a registered trademark shall have the right to assign the trademark with or without the transfer of the business to which the trademark belongs.

3. þáttur: Landfræðilegar merkingar.

22. gr.
Vernd landfræðilegra merkinga.

1. Landfræðilegar merkingar í þessum samningi eru merkingar sem tákna að vara er upprunnin á yfirráðasvæði aðila, eða á landsvæði eða stað á því yfirráðasvæði, ef rekja má tiltekin gæði, orðspor eða aðra eiginleika vöru í aðalatriðum til landfræðilegs uppruna hennar.

2. Að því er varðar landfræðilegar merkingar skulu aðilar sjá til þess að þeir sem eiga hagsmuna að gæta geti á löglegan hátt komið í veg fyrir:

a) að í merkingu eða kynningu vöru sé með einhverjum hætti tilgreint eða gefið til kynna að varan sé upprunnin á öðru landsvæði en hinu rétta upprunasvæði með þeim hætti að almenningur fái villandi upplýsingar um landfræðilegan uppruna vörunnar;
b) notkun sem telst til óréttmætrar samkeppni í skilningi 10. gr. a í Parísarsamningnum (1967).

3. Aðili skal, annaðhvort að eigin frumkvæði, ef slíkt er leyfilegt samkvæmt lögum hans, eða að beiðni málsaðila sem á hagsmuna að gæta, synja um eða ógilda skráningu vörumerkis sem felur í sér eða samanstendur af landfræðilegri merkingu að því er varðar vörur sem eru ekki upprunnar á því yfirráðasvæði sem merkingin vísar til, ef þess háttar merking á vörumerki slíkra vara í landi aðila veitir almenningi villandi upplýsingar um réttan landfræðilegan uppruna vörunnar.

4. Verndarákvæðin skv. 1., 2. og 3. mgr. skulu gilda um landfræðilega merkingu sem, enda þótt hún sé rétt í bókstaflegum skilningi með tilliti til yfirráðasvæðis, landsvæðis eða staðar sem vörurnar eru upprunnar frá, gefur almenningi ranglega til kynna að vörurnar séu upprunnar á öðru yfirráðasvæði.

Section 3: Geographical Indications

Article 22
Protection of Geographical Indications

1. Geographical indications are, for the purposes of this Agreement, indications which identify a good as originating in the territory of a Member, or a region or locality in that territory, where a given quality, reputation or other characteristic of the good is essentially attributable to its geographical origin.

2. In respect of geographical indications, Members shall provide the legal means for interested parties to prevent:

(a) the use of any means in the designation or presentation of a good that indicates or suggests that the good in question originates in a geographical area other than the true place of origin in a manner which misleads the public as to the geographical origin of the good;
(b) any use which constitutes an act of unfair competition within the meaning of Article 10*bis* of the Paris Convention (1967).

3. A Member shall, *ex officio* if its legislation so permits or at the request of an interested party, refuse or invalidate the registration of a trademark which contains or consists of a geographical indication with respect to goods not originating in the territory indicated, if use of the indication in the trademark for such goods in that Member is of such a nature as to mislead the public as to the true place of origin.

4. The protection under paragraphs 1, 2 and 3 shall be applicable against a geographical indication which, although literally true as to the territory, region or locality in which the goods originate, falsely represents to the public that the goods originate in another territory.

23. gr.
Viðbótarvernd fyrir landfræðilegar merkingar á víni og brenndum drykkjum.

1. Sérhver aðili skal sjá til þess að þeir sem eiga hagsmuna að gæta geti á löglegan hátt komið í veg fyrir notkun landfræðilegrar merkingar á víni sem er ekki upprunnið á þeim stað sem landfræðilega merkingin segir til um eða landfræðilegrar merkingar á brenndum drykkjum sem eru ekki upprunnir á þeim stað sem landfræðilega merkingin segir til um, jafnvel þótt réttur uppruni vörunnar sé tilgreindur eða landfræðilega merkingin notuð í þýðingu eða henni fylgi athugasemd eins og „tegund", „gerð", „aðferð", „eftirlíking" o.fl.[163]

2. Synja skal um eða ógilda skráningu vörumerkis fyrir vín sem felur í sér eða samanstendur af landfræðilegri merkingu, eða skráningu vörumerkis fyrir brennda drykki sem felur í sér eða samanstendur af landfræðilegri merkingu, annaðhvort að eigin frumkvæði ef slíkt er leyfilegt samkvæmt löggjöf aðila eða að beiðni málsaðila sem á hagsmuna að gæta, sé um að ræða vín eða brennda drykki sem eru ekki af þessum uppruna.

3. Að því er samhljóða landfræðilegar merkingar á víni varðar skal sérhver merking njóta verndar, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 22. gr. Sérhver aðili skal ákvarða hvernig aðgreina beri hinar samhljóða merkingar, að teknu tilliti til nauðsynjar þess að tryggja að hlutaðeigandi framleiðendur fái sambærilega meðferð og neytendur fái ekki villandi upplýsingar.

4. Til að auðvelda vernd landfræðilegra merkinga á víni skal hugverkaréttarráðið annast samningaviðræður um að koma á fót marghliða tilkynninga- og skráningarkerfi fyrir landfræðilegar merkingar á víni sem uppfylla skilyrði um vernd í löndum aðila sem kerfið tekur til.

Article 23
Additional Protection for Geographical Indications for Wines and Spirits

1. Each Member shall provide the legal means for interested parties to prevent use of a geographical indication identifying wines for wines not originating in the place indicated by the geographical indication in question or identifying spirits for spirits not originating in the place indicated by the geographical indication in question, even where the true origin of the goods is indicated or the geographical indication is used in translation or accompanied by expressions such as "kind", "type", "style", "imitation" or the like.[163]

2. The registration of a trademark for wines which contains or consists of a geographical indication identifying wines or for spirits which contains or consists of a geographical indication identifying spirits shall be refused or invalidated, *ex officio* if a Member's legislation so permits or at the request of an interested party, with respect to such wines or spirits not having this origin.

3. In the case of homonymous geographical indications for wines, protection shall be accorded to each indication, subject to the provisions of paragraph 4 of Article 22. Each Member shall determine the practical conditions under which the homonymous indications in question will be differentiated from each other, taking into account the need to ensure equitable treatment of the producers concerned and that consumers are not misled.

4. In order to facilitate the protection of geographical indications for wines, negotiations shall be undertaken in the Council for TRIPS concerning the establishment of a multilateral system of notification and registration of geographical indications for wines eligible for protection in those Members participating in the system.

24. gr.
Alþjóðlegar samningaviðræður: Undantekningar.

1. Aðilar hafa komið sér saman um að hefja samningaviðræður í þeim tilgangi að auka vernd einstakra landfræðilegra merkinga á grundvelli 23. gr. Aðili skal ekki beita ákvæðum 4.-8. mgr. hér á eftir í því skyni að neita að taka þátt í samningaviðræðum eða gera tvíhliða eða marghliða samninga. Í tengslum við slíkar samningaviðræður skulu aðilar vera reiðubúnir að íhuga

Article 24
International Negotiations: Exceptions

1. Members agree to enter into negotiations aimed at increasing the protection of individual geographical indications under Article 23. The provisions of paragraphs 4 through 8 below shall not be used by a Member to refuse to conduct negotiations or to conclude bilateral or multilateral agreements. In the context of such negotiations, Members shall be willing to consider the

að beita þessum ákvæðum áfram gagnvart einstökum landfræðilegum merkingum sem slíkar samningaviðræður hafa fjallað um.

2. Hugverkaréttarráðið skal sjá um að endurskoða beitingu ákvæða þessa þáttar; sú fyrsta af þessum endurskoðunum skal fara fram innan tveggja ára frá gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Heimilt er að vekja athygli ráðsins á málum sem hafa áhrif á að skyldum samkvæmt þessum ákvæðum sé framfylgt. Ráðið skal, að beiðni aðila, eiga viðræður við einn eða fleiri aðila um slík mál sem ekki hefur fundist viðunandi lausn á með tvíhliða eða fjölhliða viðræðum milli hlutaðeigandi aðila. Ráðið skal grípa til þeirra aðgerða sem kunna að verða samþykktar til að auðvelda og stuðla að því að markmið þessa þáttar náist.

3. Þegar aðili hrindir ákvæðum þessa þáttar í framkvæmd skal hann ekki skerða þá vernd landfræðilegra merkinga sem var í gildi hjá þeim aðila fyrir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

4. Ekkert í þessum þætti skal leggja aðila þá skyldu á herðar að koma í veg fyrir að einhver af ríkisborgurum hans, eða einhver þeirra sem hafa lögheimili á yfirráðasvæði hans, noti áfram á svipaðan hátt tiltekna landfræðilega merkingu annars aðila á víni eða brenndum drykkjum í tengslum við vörur eða þjónustu, ef þeir hafa notað þessa landfræðilegu merkingu samfellt fyrir sömu eða skyldar vörur eða þjónustu á yfirráðasvæði þess aðila í *a)* að minnsta kosti 10 ár fyrir 15. apríl 1994 eða *b)* í góðri trú fyrir þann dag.

5. Ef vörumerki hefur verið notað eða skráð í góðri trú eða réttur til vörumerkis er áunninn með notkun í góðri trú annaðhvort:

a) áður en þessum ákvæðum er beitt hjá þeim aðila samkvæmt skilgreiningu í VI. hluta; eða
b) áður en landfræðilega merkingin hlýtur vernd í upprunalandi sínu;

skulu ráðstafanir, sem eru samþykktar til að hrinda ákvæðum þessa þáttar í framkvæmd, ekki skerða skráningarhæfi eða skráningargildi vörumerkis, eða réttinn til að nota vörumerki, á þeim forsendum að slíkt vörumerki sé sams konar eða svipað og ákveðin landfræðileg merking.

6. Ekkert í þessum þætti skal leggja aðila þá skyldu á herðar að beita ákvæðum sínum gagnvart landfræðilegum merkingum annars aðila að því er varðar vörur eða þjónustu ef viðkomandi

continued applicability of these provisions to individual geographical indications whose use was the subject of such negotiations.

2. The Council for TRIPS shall keep under review the application of the provisions of this Section: the first such review shall take place within two years of the entry into force of the WTO Agreement. Any matter affecting the compliance with the obligations under these provisions may be drawn to the attention of the Council, which, at the request of a Member, shall consult with any Member or Members in respect of such matter in respect of which it has not been possible to find a satisfactory solution through bilateral or plurilateral consultations between the Members concerned. The Council shall take such action as may be agreed to facilitate the operation and further the objectives of this Section.

3. In implementing this Section, a Member shall not diminish the protection of geographical indications that existed in that Member immediately prior to the date of entry into force of the WTO Agreement.

4. Nothing in this Section shall require a Member to prevent continued and similar use of a particular geographical indication of another Member identifying wines or spirits in connection with goods or services by any of its nationals or domiciliaries who have used that geographical indication in a continuous manner with regard to the same or related goods or services in the territory of that Member either (*a*) for at least 10 years preceding 15 April 1994 or (*b*) in good faith preceding that date.

5. Where a trademark has been applied for or registered in good faith, or where rights to a trademark have been acquired through use in good faith either:

(a) before the date of application of these provisions in that Member as defined in Part VI: or
(b) before the geographical indication is protected in its country of origin;

measures adopted to implement this Section shall not prejudice eligibility for or the validity of the registration of a trademark, or the right to use a trademark, on the basis that such a trademark is identical with, or similar to, a geographical indication.

6. Nothing in this Section shall require a Member to apply its provisions in respect of a geographical indication of any other Member with respect to goods or services for which the

merking fyrir þessar vörur eða þjónustu er sams konar og hugtak sem venjan er að nota sem almennt heiti á slíkum vörum eða þjónustu á yfirráðasvæði þess aðila. Ekkert í þessum þætti skal leggja aðila þá skyldu á herðar að beita ákvæðum sínum á landfræðilegar merkingar frá öðrum aðila að því er varðar vínafurðir ef viðkomandi merking fyrir þessar vínafurðir er sú sama og heiti sem venja er að nota um þrúgutegund á yfirráðasvæði þess aðila á gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

7. Aðili getur kveðið á um að leggja beri fram beiðni samkvæmt þessum þætti í tengslum við notkun eða skráningu vörumerkis innan fimm ára frá því að misnotkun hinnar vernduðu merkingar er orðin almenn vitneskja á yfirráðasvæði þess aðila eða frá skráningardegi vörumerkisins á yfirráðasvæði þess aðila, að því tilskildu að vörumerkið hafi verið birt í síðasta lagi þann dag, ef það gerist áður en misnotkunin varð almenn vitneskja á yfirráðasvæði þess aðila, að því tilskildu að landfræðilega merkingin sé ekki notuð eða skráð gegn betri vitund.

8. Ákvæði þessa þáttar skulu í engu skaða rétt neins einstaklings til að nota nafn sitt eða nafn fyrirrennara síns í viðskiptum, nema notkun á slíku nafni sé með þeim hætti að það villi um fyrir almenningi.

9. Ekki er skylt samkvæmt þessum samningi að vernda landfræðilegar merkingar sem njóta ekki verndar eða njóta ekki lengur verndar í upprunalandi þeirra, eða eru ekki lengur notaðar í því landi.

4. þáttur: Iðnhönnun.

25. gr.

Skilyrði fyrir vernd.

1. Aðilar skulu kveða á um vernd iðnhönnunar þegar um er að ræða ný, sjálfstæð sköpunarverk eða upprunaleg verk. Aðilum er heimilt að kveða á um að hönnun sé ekki ný eða upprunaleg ef hún er ekki að verulegu leyti frábrugðin þekktri hönnun eða samblandi úr þekktum hönnunarþáttum. Aðilum er heimilt að kveða á um að slík vernd skuli ekki taka til hönnunar sem í meginatriðum ræðst af tækni- eða nytsemissjónarmiðum.

2. Sérhver aðili skal sjá til þess að kröfur til að tryggja vernd textílhönnunar, einkum að því er varðar kostnað, rannsókn eða birtingu, minnki ekki að óþörfu möguleikann á að leita eftir slíkri vernd og fá hana. Aðilum skal vera frjálst að uppfylla þessa skyldu með lögum um iðnhönnun eða höfundarrétt.

relevant indication is identical with the term customary in common language as the common name for such goods or services in the territory of that Member. Nothing in this Section shall require a Member to apply its provisions in respect of a geographical indication of any other Member with respect to products of the vine for which the relevant indication is identical with the customary name of a grape variety existing in the territory of that Member as of the date of entry into force of the WTO Agreement.

7. A Member may provide that any request made under this Section in connection with the use or registration of a trademark must be presented within five years after the adverse use of the protected indication has become generally known in that Member or after the date of registration of the trademark in that Member provided that the trademark has been published by that date, if such date is earlier than the date on which the adverse use became generally known in that Member, provided that the geographical indication is not used or registered in bad faith.

8. The provisions of this Section shall in no way prejudice the right of any person to use, in the course of trade, that person's name or the name of that person's predecessor in business, except where such name is used in such a manner as to mislead the public.

9. There shall be no obligation under this Agreement to protect geographical indications which are not or cease to be protected in their country of origin, or which have fallen into disuse in that country.

Section 4: Industrial Designs

Article 25

Requirements for Protection

1. Members shall provide for the protection of independently created industrial designs that are new or original. Members may provide that designs are not new or original if they do not significantly differ from known designs or combinations of known design features. Members may provide that such protection shall not extend to designs dictated essentially by technical or functional considerations.

2. Each Member shall ensure that requirements for securing protection for textile designs, in particular in regard to any cost, examination or publication, do not unreasonably impair the opportunity to seek and obtain such protection. Members shall be free to meet this obligation through industrial design law or through copyright law.

26. gr.
Vernd.

1. Eigandi hönnunar, sem nýtur verndar, skal eiga rétt á að koma í veg fyrir að þriðju málsaðilar, sem hafa ekki til þess samþykki eiganda, búi til, selji eða flytji inn muni sem fela í sér hönnun sem er eftirmynd eða að mestu leyti eftirmynd af hinni vernduðu hönnun, þegar slíkt er gert í ábataskyni.
2. Aðilar geta kveðið á um takmarkaðar undantekningar á vernd iðnhönnunar, að því tilskildu að slíkar undantekningar stríði ekki óeðlilega gegn eðlilegri nýtingu iðnhönnunar sem nýtur verndar og skaði ekki í óeðlilegum mæli lögmæta hagsmuni eiganda hinnar vernduðu hönnunar, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna þriðju málsaðila.
3. Vernd skal vara í að minnsta kosti 10 ár.

Article 26
Protection

1. The owner of a protected industrial design shall have the right to prevent third parties not having the owner's consent from making, selling or importing articles bearing or embodying a design which is a copy, or substantially a copy, of the protected design, when such acts are undertaken for commercial purposes.
2. Members may provide limited exceptions to the protection of industrial designs, provided that such exceptions do not unreasonably conflict with the normal exploitation of protected industrial designs and do not unreasonably prejudice the legitimate interests of the owner of the protected design, taking account of the legitimate interests of third parties.
3. The duration of protection available shall amount to at least 10 years.

5. þáttur: Einkaleyfi.

27. gr.
Efni sem einkaleyfi gildir um.

1. Með fyrirvara um ákvæði 2. og 3. mgr. skal vera unnt að fá einkaleyfi fyrir uppfinningum á öllum tæknisviðum, hvort sem um er að ræða vörur eða aðferð, að því tilskildu að um sé að ræða eitthvað nýtt sem er framlag til uppfinninga og nýtanlegt í atvinnulífi.[164] Þrátt fyrir 4. mgr. 65. gr., 8. mgr. 70. gr. og 3. mgr. þessarar greinar skal vera unnt að fá einkaleyfi og nýta einkaleyfisrétt án mismununar eftir uppfinningastað, tæknisviði og því hvort vörurnar eru innfluttar eða framleiddar innanlands.

2. Aðilum er heimilt að synja um einkaleyfi fyrir uppfinningar ef nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að þær séu nýttar í ábataskyni á yfirráðasvæði þeirra til að vernda allsherjarreglu eða siðgæði, meðal annars til að vernda líf eða heilbrigði manna, dýra eða plantna eða koma í veg fyrir skaðleg áhrif á umhverfið, svo framarlega sem slík synjun stafar ekki eingöngu af því að nýting er bönnuð samkvæmt lögum þeirra.
3. Aðilum er enn fremur heimilt að synja um einkaleyfi fyrir:

a) aðferðir við sjúkdómsgreiningu, lækningar og skurðlækningar á mönnum eða dýrum;
b) plöntur og dýr, að undanskildum örverum, og vinnsluaðferðir sem eru líffræðilegar í meginatriðum og notaðar við ræktun plantna eða dýra, að undanskildum vinnsluaðferðum sem ekki eru líf-

Section 5: Patents

Article 27
Patentable Subject Matter

1. Subject to the provisions of paragraphs 2 and 3, patents shall be available for any inventions, whether products or processes, in all fields of technology, provided that they are new, involve an inventive step and are capable of industrial application.[164] Subject to paragraph 4 of Article 65, paragraph 8 of Article 70 and paragraph 3 of this Article, patents shall be available and patent rights enjoyable without discrimination as to the place of invention, the field of technology and whether products are imported or locally produced.
2. Members may exclude from patentability inventions, the prevention within their territory of the commercial exploitation of which is necessary to protect *ordre public* or morality, including to protect human, animal or plant life or health or to avoid serious prejudice to the environment, provided that such exclusion is not made merely because the exploitation is prohibited by their law.
3. Members may also exclude from patentability:

(a) diagnostic, therapeutic and surgical methods for the treatment of humans or animals;
(b) plants and animals other than micro-organisms, and essentially biological processes for the production of plants or animals other than non-biological and microbiological processes. However, Mem-

fræðilegar og örverufræðilegum vinnsluaðferðum. Samt sem áður skulu aðilar kveða á um vernd plöntustofna, annaðhvort með einkaleyfum eða sérstöku skilvirku kerfi eða samblandi af hvoru tveggja. Ákvæði þessarar undirgreinar ber að endurskoða fjórum árum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

bers shall provide for the protection of plant varieties either by patents or by an effective sui generis system or by any combination thereof. The provisions of this subparagraph shall be reviewed four years after the date of entry into force of the WTO Agreement.

28. gr.
Réttindi.

1. Einkaleyfi veitir eiganda eftirfarandi einkarétt til:

a) ef leyfið tekur til vöru, að koma í veg fyrir að þriðju málsaðilar, sem hafa ekki til þess samþykki eiganda, búi til, noti, hafi til sölu, selji eða flytji inn[165] þá vöru í því skyni;

b) ef leyfið tekur til vinnsluaðferðar, að koma í veg fyrir að þriðju málsaðilar, sem hafa ekki til þess samþykki eiganda, noti aðferðina og að þeir noti, hafi til sölu, selji eða flytji inn í því skyni að minnsta kosti þá vöru sem er framleidd með þeirri vinnsluaðferð.

2. Eigendur einkaleyfa hafa einnig rétt til að framselja einkaleyfið, eða yfirfæra til síðari rétthafa, og til að gera leyfissamninga.

Article 28
Rights Conferred

1. A patent shall confer on its owner the following exclusive rights:

(a) where the subject matter of a patent is a product, to prevent third parties not having the owner's consent from the acts of: making, using, offering for sale, selling, or importing[165] for these purposes that product;

(b) where the subject matter of a patent is a process, to prevent third parties not having the owner's consent from the act of using the process, and from the acts of: using, offering for sale, selling, or importing for these purposes at least the product obtained directly by that process.

2. Patent owners shall also have the right to assign, or transfer by succession, the patent and to conclude licensing contracts.

29. gr.
Skilyrði sem umsækjendum um einkaleyfi eru sett.

1. Aðilar skulu fara fram á að umsækjandi um einkaleyfi lýsi uppfinningunni nægilega skýrt og ítarlega til að fagmaður í viðkomandi grein geti beitt henni og er aðilum heimilt að fara fram á að umsækjandi tilgreini bestu aðferðina við að beita uppfinningunni sem uppfinningamanninum er kunnugt um á umsóknardegi eða, ef farið er fram á forgangsrétt, þeim degi sem forgangsréttar er krafist samkvæmt umsókninni.

2. Aðilar geta krafist þess að umsækjandi um einkaleyfi veiti upplýsingar um tilsvarandi umsóknir sínar og leyfisveitingar erlendis.

Article 29
Conditions on Patent Applicants

1. Members shall require that an applicant for a patent shall disclose the invention in a manner sufficiently clear and complete for the invention to be carried out by a person skilled in the art and may require the applicant to indicate the best mode for carrying out the invention known to the inventor at the filing date or, where priority is claimed, at the priority date of the application.

2. Members may require an applicant for a patent to provide information concerning the applicant's corresponding foreign applications and grants.

30. gr.
Undantekningar á réttindum.

Aðilar geta kveðið á um takmarkaðar undantekningar á einkaleyfisrétti, að því tilskildu að slíkar undantekningar stríði ekki óeðlilega gegn eðlilegri nýtingu einkaleyfis og skaði ekki í

Article 30
Exceptions to Rights Conferred

Members may provide limited exceptions to the exclusive rights conferred by a patent, provided that such exceptions do not unreasonably conflict with a normal exploitation of the patent

óeðlilegum mæli lögmæta hagsmuni eiganda einkaleyfis, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna þriðju málsaðila.

31. gr.
Önnur notkun án heimildar rétthafa.

Þegar lög aðila heimila aðra notkun,[166] án heimildar rétthafa, á viðfangsefni sem einkaleyfi er á, þar með talin notkun stjórnvalda eða notkun þriðju aðila sem stjórnvöld heimila, ber að virða eftirfarandi ákvæði:

a) meta skal heimild fyrir slíkri notkun eftir málsástæðum í hverju tilviki fyrir sig;
b) slíka notkun má einungis leyfa ef væntanlegur notandi hefur reynt að fá heimild rétthafa með sanngjörnum viðskiptaskilmálum og -skilyrðum áður en til slíkrar notkunar kemur og slíkar tilraunir hafa ekki borið árangur innan hæfilegs tíma. Aðili getur veitt undanþágu frá þessari kröfu þegar um er að ræða neyðartilvik eða annað alvarlegt hættuástand innanlands eða notkun hins opinbera sem ekki er í ábataskyni. Í neyðartilvikum eða þegar annað hættuástand ríkir innanlands skal rétthafa samt sem áður tilkynnt um notkun eins skjótt og frekast er unnt án óeðlilegrar fyrirhafnar. Þegar um er að ræða notkun hins opinbera sem ekki er í ábataskyni og stjórnvöldum eða verktaka er eða ætti að vera kunnugt um, án þess að einkaleyfisréttur sé kannaður, að lögmætt einkaleyfi sé eða muni verða notað af stjórnvöldum eða á vegum þeirra skal láta rétthafa vita þegar í stað;
c) umfang slíkrar notkunar og sá tími sem hún stendur yfir skal takmarkast við þann tilgang sem heimildin var veitt fyrir og fyrir hálfleiðaratækni gildir hún einungis um opinbera notkun sem ekki er í ábataskyni eða til að bæta starfshætti sem dómstóll eða stjórnvöld hafa ákvarðað að séu samkeppnishamlandi;
d) slík notkun skal ekki útheimta einkarétt;
e) slík notkun skal vera óframseljanleg, nema með þeim hluta fyrirtækis eða viðskiptavildar sem nýtur góðs af slíkri notkun;
f) slík notkun skal aðallega heimiluð vegna birgðaöflunar fyrir innanlandsmarkað aðila sem heimilar slíka notkun;

and do not unreasonably prejudice the legitimate interests of the patent owner, taking account of the legitimate interests of third parties.

Article 31
Other Use Without Authorization of the Right Holder

Where the law of a Member allows for other use[166] of the subject matter of a patent without the authorization of the right holder, including use by the government or third parties authorized by the government, the following provisions shall be respected:

(a) authorization of such use shall be considered on its individual merits;
(b) such use may only be permitted if, prior to such use, the proposed user has made efforts to obtain authorization from the right holder on reasonable commercial terms and conditions and that such efforts have not been successful within a reasonable period of time. This requirement may be waived by a Member in the case of a national emergency or other circumstances of extreme urgency or in cases of public non-commercial use. In situations of national emergency or other circumstances of extreme urgency, the right holder shall, nevertheless, be notified as soon as reasonably practicable. In the case of public non-commercial use, where the government or contractor, without making a patent search, knows or has demonstrable grounds to know that a valid patent is or will be used by or for the government, the right holder shall be informed promptly;
(c) the scope and duration of such use shall be limited to the purpose for which it was authorized, and in the case of semi-conductor technology shall only be for public non-commercial use or to remedy a practice determined after judicial or administrative process to be anti-competitive;
(d) such use shall be non-exclusive;
(e) such use shall be non-assignable, except with that part of the enterprise or goodwill which enjoys such use;
(f) any such use shall be authorized predominantly for the supply of the domestic market of the Member authorizing such use;

g) heimild til slíkrar notkunar skal felld niður, með fyrirvara um að réttmætra hagsmuna þeirra sem hafa slíka heimild sé nægilega vel gætt, ef og þegar aðstæður, sem voru forsenda hennar, eru ekki lengur fyrir hendi og ólíklegt er að þær muni koma upp aftur. Þar til bært yfirvald skal hafa heimild til að endurskoða, að fenginni rökstuddri beiðni, hvort þessar aðstæður séu enn fyrir hendi;

h) rétthafa skal greidd hæfileg þóknun miðað við aðstæður í hverju tilviki, að teknu tilliti til þess hvert fjárhagslegt gildi heimildin hefur;

i) lögmæti ákvörðunar um heimild fyrir slíkri notkun skal vera með fyrirvara um endurskoðun dómsvalda eða óháða endurskoðun annars æðra yfirvalds hjá þeim aðila;

j) ákvörðun um þóknun sem fyrir slíka notkun skal vera með fyrirvara um úrskurð dómsvalda eða óháða endurskoðun annars æðra yfirvalds hjá þeim aðila;

k) aðilum er ekki skylt að beita skilyrðum b- og f-liðar hafi slík notkun verið leyfð í því skyni að bæta starfshætti sem ákvarðað er eftir dóms- eða stjórnsýslumeðferð að séu samkeppnishamlandi. Þegar þóknun er ákvörðuð í slíkum tilvikum er heimilt að taka tillit til þess hversu brýnt er að leiðrétta samkeppnishamlandi starfshætti. Þar til bær yfirvöld skulu hafa heimild til að synja um niðurfellingu heimildar ef og þegar líkur eru á að aðstæður, sem lágu til grundvallar slíkri heimild, endurtaki sig;

l) ef heimild til slíkrar notkunar er veitt í þeim tilgangi að leyfa nýtingu einkaleyfis („síðara einkaleyfi“) sem ekki er unnt að nýta án þess að brjóta annan einkaleyfisrétt („fyrra einkaleyfi“) skulu eftirtalin skilyrði einnig gilda:

i) uppfinningin, sem tilkall er gert til í síðara einkaleyfinu, skal vera mikilvægt tæknilegt framfaraskref sem hefur verulega efnahagslega þýðingu borið saman við uppfinninguna sem tilkall er gert til í fyrra einkaleyfinu;

ii) eigandi fyrra einkaleyfisins skal eiga rétt á leyfavíxlun með sanngjörnum skilmálum til að geta notað uppfinninguna sem tilkall er gert til í síðara einkaleyfinu; og

(g) authorization for such use shall be liable, subject to adequate protection of the legitimate interests of the persons so authorized, to be terminated if and when the circumstances which led to it cease to exist and are unlikely to recur. The competent authority shall have the authority to review, upon motivated request, the continued existence of these circumstances;

(h) the right holder shall be paid adequate remuneration in the circumstances of each case, taking into account the economic value of the authorization;

(i) the legal validity of any decision relating to the authorization of such use shall be subject to judicial review or other independent review by a distinct higher authority in that Member;

(j) any decision relating to the remuneration provided in respect of such use shall be subject to judicial review or other independent review by a distinct higher authority in that Member;

(k) Members are not obliged to apply the conditions set forth in subparagraphs (b) and (f) where such use is permitted to remedy a practice determined after judicial or administrative process to be anti-competitive. The need to correct anti-competitive practices may be taken into account in determining the amount of remuneration in such cases. Competent authorities shall have the authority to refuse termination of authorization if and when the conditions which led to such authorization are likely to recur;

(l) where such use is authorized to permit the exploitation of a patent (“the second patent”) which cannot be exploited without infringing another patent (“the first patent”), the following additional conditions shall apply:

(i) the invention claimed in the second patent shall involve an important technical advance of considerable economic significance in relation to the invention claimed in the first patent;

(ii) the owner of the first patent shall be entitled to a cross-licence on reasonable terms to use the invention claimed in the second patent; and

iii) notkun, sem er heimiluð með tilliti til fyrra einkaleyfisins, skal vera óframseljanleg nema með framsali síðara einkaleyfisins.

32. gr.
Afturköllun/svipting einkaleyfis.

Ákvörðun um að afturkalla eða nema einkaleyfi úr gildi skal vera unnt að skjóta til úrskurðar dómstóla.

33. gr.
Gildistími verndar.

Gildistími verndar skal ekki renna út fyrr en tuttugu ár eru liðin frá umsóknardegi.[167]

34. gr.
Aðferðareinkaleyfi: Sönnunarbyrði.

1. Í einkamálum, er varða brot á réttindum eiganda sem um getur í b-lið 1. mgr. 28. gr., ef einkaleyfið varðar vinnsluaðferð til framleiðslu vöru, geta dómsyfirvöld gert stefnda að sanna að vinnsluaðferð sams konar vöru sé öðruvísi en aðferðin sem einkaleyfið tekur til. Þess vegna skulu aðilar kveða á um, í að minnsta kosti einu eftirtalinna tilvika, að sams konar vara, sem er framleidd án samþykkis eiganda einkaleyfis, skuli, nema unnt sé að sanna hið gagnstæða, teljast framleidd með þeirri vinnsluaðferð sem einkaleyfið tekur til:

a) ef varan, sem er framleidd með þeirri vinnsluaðferð sem einkaleyfið tekur til, er ný;
b) ef verulegar líkur eru á að sams konar vara hafi verið framleidd með hinni vernduðu aðferð og eigandi einkaleyfis hefur ekki, eftir hæfilegar tilraunir, getað ákvarðað hvaða aðferð var notuð.

2. Aðilum skal einungis vera frjálst að kveða á um að sönnunarbyrðin, sem er tilgreind í 1. mgr., hvíli á þeim sem telst hafa framið brotið ef skilyrðið, sem um getur í a-lið, er uppfyllt eða ef skilyrðið, sem um getur í b-lið, er uppfyllt.

3. Þegar færð eru fram mótrök skal taka tillit til lögmætra hagsmuna stefndu með tilliti til þess að vernda framleiðslu- og viðskiptaleyndarmál þeirra.

(iii) the use authorized in respect of the first patent shall be non-assignable except with the assignment of the second patent.

Article 32
Revocation/Forfeiture

An opportunity for judicial review of any decision to revoke or forfeit a patent shall be available.

Article 33
Term of Protection

The term of protection available shall not end before the expiration of a period of twenty years counted from the filing date.[167]

Article 34
Process Patents: Burden of Proof

1. For the purposes of civil proceedings in respect of the infringement of the rights of the owner referred to in paragraph 1(b) of Article 28, if the subject matter of a patent is a process for obtaining a product, the judicial authorities shall have the authority to order the defendant to prove that the process to obtain an identical product is different from the patented process. Therefore, Members shall provide, in at least one of the following circumstances, that any identical product when produced without the consent of the patent owner shall, in the absence of proof to the contrary, be deemed to have been obtained by the patented process:

(a) if the product obtained by the patented process is new;

(b) if there is a substantial likelihood that the identical product was made by the process and the owner of the patent has been unable through reasonable efforts to determine the process actually used.

2. Any Member shall be free to provide that the burden of proof indicated in paragraph 1 shall be on the alleged infringer only if the condition referred to in subparagraph (a) is fulfilled or only if the condition referred to in subparagraph (b) is fulfilled.

3. In the adduction of proof to the contrary, the legitimate interests of defendants in protecting their manufacturing and business secrets shall be taken into account.

6. þáttur: Formhönnun (svæðislýsingar) smárása.

35. gr.

Tengsl við sáttmálann um hugverk er varða smárásir.

Aðilar hafa komið sér saman um vernd formhönnunar (svæðislýsinga) smárása (í þessum samningi nefnd „formhönnun"), í samræmi við 2.–7. gr. (nema 3. mgr. 6. gr.), 12. gr. og 3. mgr. 16. gr. sáttmálans um hugverk er varða smárásir, og að fara auk þess að eftirfarandi ákvæðum.

36. gr.

Gildissvið verndar.

Með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. 37. gr. skulu aðilar telja eftirfarandi verknaði ólöglega hafi rétthafi[168] ekki heimilað þá: innflutningur, sala, eða önnur dreifing í viðskiptalegum tilgangi á formhönnun sem nýtur verndar, smárás sem slík formhönnun er hluti af eða vöru sem slík smárás er hluti af, en eingöngu að því leyti sem varan eða tækið felur áfram í sér ólöglega eftirmynd formhönnunar.

37. gr.

Athæfi sem krefst ekki heimildar rétthafa.

1. Þrátt fyrir 36. gr. skal enginn aðili líta svo á að verknaður, sem um getur í þeirri grein, að því er varðar smárásir sem ólögleg eftirmynd formhönnunar er hluti af eða vöru sem slík smárás er hluti af, sé ólöglegur ef sá sem framdi eða fyrirskipaði slíkan verknað vissi ekki og gat ekki vitað með eðlilegu móti, þegar hann fékk smárásina eða vöruna sem slík smárás er hluti af, að ólögleg eftirmynd formhönnunar væri hluti af henni. Aðilar skulu kveða á um, eftir að viðkomandi hefur hlotið nægilega aðvörun um að formhönnunin sé ólögleg eftirmynd, að honum sé heimilt að fremja verknað að því er varðar birgðir sem eru fyrirliggjandi eða hafa verið pantaðar áður, en honum beri að greiða rétthafa fjárhæð er jafngildir eðlilegri einkaleyfis- eða höfundarþóknun sem bæri að greiða samkvæmt nytjaleyfi sem samið væri um af fúsum og frjálsum vilja vegna slíkrar formhönnunar.

2. Skilyrðin, sem eru sett fram í a- til k-lið 31. gr., skulu gilda að breyttu breytanda ef um er að ræða nauðungarleyfisveitingu fyrir formhönnun

Section 6: Layout-designs (Topographies) of Integrated Circuits

Article 35

Relation to the IPIC Treaty

Members agree to provide protection to the layout-designs (topographies) of integrated circuits (referred to in this Agreement as "layout-designs") in accordance with Articles 2 through 7 (other than paragraph 3 of Article 6), Article 12 and paragraph 3 of Article 16 of the Treaty on Intellectual Property in Respect of Integrated Circuits and, in addition, to comply with the following provisions.

Article 36

Scope of the Protection

Subject to the provisions of paragraph 1 of Article 37, Members shall consider unlawful the following acts if performed without the authorization of the right holder:[168] importing, selling, or otherwise distributing for commercial purposes a protected layout-design, an integrated circuit in which a protected layout-design is incorporated, or an article incorporating such an integrated circuit only in so far as it continues to contain an unlawfully reproduced layout-design.

Article 37

Acts Not Requiring the Authorization of the Right Holder

1. Notwithstanding Article 36, no Member shall consider unlawful the performance of any of the acts referred to in that Article in respect of an integrated circuit incorporating an unlawfully reproduced layout-design or any article incorporating such an integrated circuit where the person performing or ordering such acts did not know and had no reasonable ground to know, when acquiring the integrated circuit or article incorporating such an integrated circuit, that it incorporated an unlawfully reproduced layout-design. Members shall provide that, after the time that such person has received sufficient notice that the layout-design was unlawfully reproduced, that person may perform any of the acts with respect to the stock on hand or ordered before such time, but shall be liable to pay to the right holder a sum equivalent to a reasonable royalty such as would be payable under a freely negotiated licence in respect of such a layout-design.

2. The conditions set out in subparagraphs (a) through (k) of Article 31 shall apply *mutatis mutandis* in the event of any non-voluntary

eða notkun hennar af hálfu hins opinbera eða fyrir hið opinbera án heimildar rétthafa.

38. gr.
Gildistími verndar.

1. Hjá aðilum, þar sem skráning er skilyrði fyrir vernd, skal gildistími verndar fyrir formhönnun ekki renna út fyrr en 10 ár eru liðin frá umsóknardegi eða frá þeim degi að nýting í ábataskyni átti sér fyrst stað, hvar í heiminum sem það gerist.

2. Hjá aðilum, þar sem skráning er ekki skilyrði fyrir vernd, skal gildistími verndar fyrir formhönnun ekki renna út fyrr en minnst 10 ár eru liðin frá þeim degi að nýting í ábataskyni átti sér fyrst stað, hvar í heiminum sem það gerist.
3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er aðila heimilt að kveða á um að vernd falli niður þegar 15 ár eru liðin frá því að formhönnunin varð til.

7. þáttur: Vernd trúnaðarupplýsinga.

39. gr.

1. Þegar verið er að tryggja haldgóða vernd gegn óheiðarlegri samkeppni, eins og kveðið er á um í 10. gr. a í Parísarsamningnum (1967), skulu aðilar vernda óbirtar upplýsingar í samræmi við 2. mgr. og gögn sem eru afhent stjórnvöldum eða opinberum stofnunum í samræmi við 3. mgr.
2. Einstaklingar og lögpersónur skulu eiga þess kost að koma í veg fyrir að upplýsingar, sem þeir eiga lögmætt tilkall til, séu látnar öðrum í té, þeirra sé aflað eða þær notaðar af öðrum án samþykkis þeirra með þeim hætti sem er andstætt heiðarlegum viðskiptaháttum[169] svo framarlega sem slíkar upplýsingar:

a) eru leyndarmál í þeim skilningi að þær eru ekki, í heild sinni eða einstakir þættir þeirra og samsetning, almennt þekktar eða tiltækar einstaklingum í því umhverfi þar sem algengt er að fjalla um þá tegund upplýsinga sem um ræðir;

b) hafa viðskiptalegt gildi af því að þær eru leyndarmál; og
c) sá sem hefur þær undir höndum á löglegan hátt hefur gert eðlilegar ráðstafanir, miðað við aðstæður, til að halda þeim leyndum.

3. Þegar aðilar setja það skilyrði fyrir samþykki á markaðssetningu lyfjavara- eða efnaafurða

licensing of a layout-design or of its use by or for the government without the authorization of the right holder.

Article 38
Term of Protection

1. In Members requiring registration as a condition of protection, the term of protection of layout-designs shall not end before the expiration of a period of 10 years counted from the date of filing an application for registration or from the first commercial exploitation wherever in the world it occurs.
2. In Members not requiring registration as a condition for protection, layout-designs shall be protected for a term of no less than 10 years from the date of the first commercial exploitation wherever in the world it occurs.
3. Notwithstanding paragraphs 1 and 2, a Member may provide that protection shall lapse 15 years after the creation of the layout-design.

Section 7: Protection of Undisclosed Information

Article 39

1. In the course of ensuring effective protection against unfair competition as provided in Article 10*bis* of the Paris Convention (1967), Members shall protect undisclosed information in accordance with paragraph 2 and data submitted to governments or governmental agencies in accordance with paragraph 3.
2. Natural and legal persons shall have the possibility of preventing information lawfully within their control from being disclosed to, acquired by, or used by others without their consent in a manner contrary to honest commercial practices[169] so long as such information:

(a) is secret in the sense that it is not, as a body or in the precise configuration and assembly of its components, generally known among or readily accessible to persons within the circles that normally deal with the kind of information in question;
(b) has commercial value because it is secret; and
(c) has been subject to reasonable steps under the circumstances, by the person lawfully in control of the information, to keep it secret.

3. Members, when requiring, as a condition of approving the marketing of pharmaceutical or of

fyrir landbúnað, sem hafa að geyma nýjar efnaeiningar, að lögð verði fram óbirtar prófanir eða önnur gögn sem verulega erfitt er að fá fram skulu þeir vernda slík gögn gegn óréttmætri viðskiptanotkun. Enn fremur skulu aðilar sjá til þess að slík gögn séu ekki birt, nema það sé nauðsynlegt til að vernda almenning eða gerðar séu ráðstafanir til að tryggja að gögnin séu vernduð gegn óréttmætri notkun í viðskiptum.

agricultural chemical products which utilize new chemical entities, the submission of undisclosed test or other data, the origination of which involves a considerable effort, shall protect such data against unfair commercial use. In addition, Members shall protect such data against disclosure, except where necessary to protect the public, or unless steps are taken to ensure that the data are protected against unfair commercial use.

8. þáttur: Eftirlit með samkeppnishamlandi starfsháttum í tengslum við samningsbundin nytjaleyfi.

40. gr.

1. Aðilar eru sammála um að tilteknir starfshættir eða skilyrði, er varða leyfisveitingu viðvíkjandi hugverkarétti og takmarka samkeppni, kunni að hafa skaðleg áhrif á viðskipti og hindra miðlun og útbreiðslu á tækni.

2. Ekkert í þessum samningi skal koma í veg fyrir að aðilar setji í löggjöf sína ákvæði um starfshætti eða skilyrði er varða leyfisveitingu sem í sérstökum tilvikum kann að vera misnotkun á hugverkarétti sem hefur óhagstæð áhrif á samkeppni á viðkomandi markaði. Eins og kveðið er á um hér að framan er aðila heimilt að samþykkja, í samræmi við önnur ákvæði þessa samnings, viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða hafa eftirlit með slíkum starfsháttum, til dæmis með skilyrðum um endurútgáfu einkaréttarleyfa, skilyrðum er koma í veg fyrir að nytjaleyfi sé véfengt eða með því að viðbótarleyfum er bætt við upprunalega leyfið með þvingunaraðgerðum, í ljósi viðkomandi laga og reglna þess aðila.

3. Sérhver aðili skal, að fenginni beiðni, hefja viðræður við annan aðila sem hefur ástæðu til að ætla að eigandi hugverkaréttar, sem er ríkisborgari eða hefur lögheimili á yfirráðasvæði þess aðila sem óskað var eftir viðræðum við, beiti starfsháttum er brjóta í bága við lög og reglur aðilans sem fer fram á viðræður um efni þessa þáttar og sem vill tryggja að farið sé að slíkri löggjöf, með fyrirvara um rétt aðila til löglegra aðgerða og fullt frelsi hvors aðila um sig til að taka endanlega ákvörðun. Aðilinn, sem fær beiðnina, skal fjalla ítarlega og með velvilja um hana og veita nægileg tækifari til viðræðna við aðilann sem leggur fram beiðnina og láta í té upplýsingar, sem almenningur hefur aðgang að en eru ekki trúnaðarupplýsingar og tengjast viðkomandi máli, og aðrar upplýsingar sem aðilinn hefur aðgang að, með fyrirvara um innlend lög

Section 8: Control of Anti-competitive Practices in Contractual Licences

Article 40

1. Members agree that some licensing practices or conditions pertaining to intellectual property rights which restrain competition may have adverse effects on trade and may impede the transfer and dissemination of technology.

2. Nothing in this Agreement shall prevent Members from specifying in their legislation licensing practices or conditions that may in particular cases constitute an abuse of intellectual property rights having an adverse effect on competition in the relevant market. As provided above, a Member may adopt, consistently with the other provisions of this Agreement, appropriate measures to prevent or control such practices, which may include for example exclusive grantback conditions, conditions preventing challenges to validity and coercive package licensing, in the light of the relevant laws and regulations of that Member.

3. Each Member shall enter, upon request, into consultations with any other Member which has cause to believe that an intellectual property right owner that is a national or domiciliary of the Member to which the request for consultations has been addressed is undertaking practices in violation of the requesting Member's laws and regulations on the subject matter of this Section, and which wishes to secure compliance with such legislation, without prejudice to any action under the law and to the full freedom of an ultimate decision of either Member. The Member addressed shall accord full and sympathetic consideration to, and shall afford adequate opportunity for, consultations with the requesting Member, and shall cooperate through supply of publicly available non-confidential information of relevance to the matter in question and of other

og samninga sem kunna að hafa verið gerðir og málsaðilar sætta sig við, um að aðilinn sem leggur fram beiðnina gæti trúnaðar.

4. Þegar mál er höfðað á hendur ríkisborgurum aðila, eða þeim sem eiga lögheimili í landi hans, í landi annars aðila fyrir meint brot á lögum og reglum þess aðila varðandi efni þessa þáttar skal síðarnefndi aðilinn gefa fyrrnefnda aðilanum, að fenginni beiðni, kost á viðræðum með sömu skilmálum og gert er ráð fyrir í 3. mgr.

III. HLUTI
FULLNUSTA HUGVERKARÉTTAR

1. þáttur: Almennar skyldur.
41. gr.

1. Aðilar skulu sjá til þess að til sé málsmeðferð um fullnustu í samræmi við lög þeirra, eins og lýst er í þessum hluta, til að unnt sé að grípa til skilvirkra aðgerða gegn athæfi sem er brot á hugverkarétti er fellur undir þennan samning, þar með talin skjót úrræði til að koma í veg fyrir brot og úrræði sem hamla frekari brotum. Beita skal slíkri málsmeðferð á þann hátt að forðast sé að skapa hindranir í lögmætum viðskiptum og skulu gerðar verndarráðstafanir gegn því að slíkri málsmeðferð sé misbeitt.
2. Málsmeðferð við fullnustu hugverkaréttar skal vera réttlát og sanngjörn. Hún skal ekki vera óþarflega flókin eða kostnaðarsöm, eða leiða til þess að sett verði óeðlileg tímamörk eða órétt-lætanlegar tafir verði.
3. Ákvarðanir varðandi málsatvik skulu helst vera skriflegar og rökstuddar. Málsaðilar, að minnsta kosti, skulu hafa aðgang að þeim án ótilhlýðilegrar tafar. Ákvarðanir varðandi málsatvik skulu einungis byggðar á sönnunargögnum sem málsaðilar hafa fengið tækifæri til að láta í ljós álit sitt á.
4. Í málarekstri skulu málsaðilar eiga möguleika á endurskoðun dómsvalds á endanlegum stjórnvaldsákvörðunum og, með fyrirvara um lögsagnarákvæði í lögum aðila um mikilvægi máls, að minnsta kosti lagalegar hliðar upphaflegrar dómsniðurstöðu varðandi málsatvik. Samt sem áður skal ekki skylt að kveða á um tækifæri til endurskoðunar sýknu í refsimálum.

5. Þessi hluti samningsins hefur ekki í för með sér þá skyldu að innleiða dómskerfi fyrir fullnustu hugverkaréttar, aðskilið frá dómskerfi til að framfylgja lögum almennt, né hefur hann áhrif

information available to the Member, subject to domestic law and to the conclusion of mutually satisfactory agreements concerning the safeguarding of its confidentiality by the requesting Member.
4. A Member whose nationals or domiciliaries are subject to proceedings in another Member concerning alleged violation of that other Member's laws and regulations on the subject matter of this Section shall, upon request, be granted an opportunity for consultations by the other Member under the same conditions as those foreseen in paragraph 3.

PART III
ENFORCEMENT OF INTELLECTUAL PROPERTY RIGHTS

Section 1: General Obligations
Article 41

1. Members shall ensure that enforcement procedures as specified in this Part are available under their law so as to permit effective action against any act of infringement of intellectual property rights covered by this Agreement, including expeditious remedies to prevent infringements and remedies which constitute a deterrent to further infringements. These procedures shall be applied in such a manner as to avoid the creation of barriers to legitimate trade and to provide for safeguards against their abuse.
2. Procedures concerning the enforcement of intellectual property rights shall be fair and equitable. They shall not be unnecessarily complicated or costly, or entail unreasonable time-limits or unwarranted delays.
3. Decisions on the merits of a case shall preferably be in writing and reasoned. They shall be made available at least to the parties to the proceeding without undue delay. Decisions on the merits of a case shall be based only on evidence in respect of which parties were offered the opportunity to be heard.
4. Parties to a proceeding shall have an opportunity for review by a judicial authority of final administrative decisions and, subject to jurisdictional provisions in a Member's law concerning the importance of a case, of at least the legal aspects of initial judicial decisions on the merits of a case. However, there shall be no obligation to provide an opportunity for review of acquittals in criminal cases.
5. It is understood that this Part does not create any obligation to put in place a judicial system for the enforcement of intellectual property rights distinct from that for the enforcement of law in

á getu aðila til að framfylgja lögum sínum almennt. Ekkert í þessum hluta hefur í för með sér skyldu að því er varðar skiptingu fjármagns til fullnustu hugverkaréttar annars vegar og hins vegar til að framfylgja almennum lögum.

general, nor does it affect the capacity of Members to enforce their law in general. Nothing in this Part creates any obligation with respect to the distribution of resources as between enforcement of intellectual property rights and the enforcement of law in general.

2. þáttur: Málsmeðferð og úrræði í einkamálum og innan stjórnsýslunnar.

42. gr.

Réttlát og sanngjörn málsmeðferð.

Aðilar skulu sjá til þess að rétthafar[170] hafi aðgang að málsmeðferð fyrir almennum dómstólum til fullnustu hugverkaréttar sem fellur undir þennan samning. Stefndi skal eiga rétt á skriflegri aðvörun með nægum fyrirvara og fullnægjandi upplýsingum, þar með eru taldar forsendur kröfunnar. Málsaðilar mega hafa óháðan lögmann og málsmeðferð skal ekki fela í sér óhóflegar kröfur um skyldu einstaklinga til að mæta. Allir málsaðilar að slíkri málsmeðferð eiga tilhlýðilegan rétt á að rökstyðja kröfur sínar og leggja fram öll viðeigandi sönnunargögn. Í reglunum skal kveðið á um aðferðir til að sanngreina og vernda trúnaðarupplýsingar nema slíkt brjóti í bága við gildandi stjórnskipunarlög.

Section 2: Civil and Administrative Procedures and Remedies

Article 42

Fair and Equitable Procedures

Members shall make available to right holders[170] civil judicial procedures concerning the enforcement of any intellectual property right covered by this Agreement. Defendants shall have the right to written notice which is timely and contains sufficient detail, including the basis of the claims. Parties shall be allowed to be represented by independent legal counsel, and procedures shall not impose overly burdensome requirements concerning mandatory personal appearances. All parties to such procedures shall be duly entitled to substantiate their claims and to present all relevant evidence. The procedure shall provide a means to identify and protect confidential information, unless this would be contrary to existing constitutional requirements.

43. gr.

Sönnunargögn.

1. Ef málsaðili leggur fram sönnunargögn sem unnt er að afla án of mikillar fyrirhafnar og styðja kröfu hans og tilgreinir sönnunargögn sem styðja kröfu hans en mótaðilinn hefur undir höndum, geta dómsyfirvöld fyrirskipað mótaðila að leggja fram sönnunargögnin, með fyrirvara í viðeigandi málum um skilyrði sem tryggja vernd trúnaðarupplýsinga.

2. Þegar málsaðili synjar, af eigin hvötum og án gildrar ástæðu, um aðgang að nauðsynlegum upplýsingum eða veitir þær ekki á annan hátt innan eðlilegs frests eða torveldar að mun málsmeðferð í tengslum við fullnustu getur aðili veitt dómsyfirvöldum heimild til að taka ákvörðun, sem er til bráðabirgða eða endanleg, þar sem um ræðir staðfestingu eða höfnun, á grundvelli upplýsinga, sem þeim eru veittar, þar með talið kæru eða staðhæfingar málsaðila sem hefur orðið fyrir tjóni af því að hann fékk ekki aðgang að upplýsingum, með þeim fyrirvara að málsaðilar eigi þess kost að segja álit sitt á staðhæfingunum eða sönnunargögnunum.

Article 43

Evidence

1. The judicial authorities shall have the authority, where a party has presented reasonably available evidence sufficient to support its claims and has specified evidence relevant to substantiation of its claims which lies in the control of the opposing party, to order that this evidence be produced by the opposing party, subject in appropriate cases to conditions which ensure the protection of confidential information.

2. In cases in which a party to a proceeding voluntarily and without good reason refuses access to, or otherwise does not provide necessary information within a reasonable period, or significantly impedes a procedure relating to an enforcement action, a Member may accord judicial authorities the authority to make preliminary and final determinations, affirmative or negative, on the basis of the information presented to them, including the complaint or the allegation presented by the party adversely affected by the denial of access to information, subject to providing the parties an opportunity to be heard on the allegations or evidence.

44. gr.
Lögbann.

1. Dómsyfirvöld skulu hafa vald til að fyrirskipa málsaðila að láta af broti, meðal annars vald til að koma í veg fyrir að innflutt vara, sem tengist broti á hugverkarétti, komist í umferð á yfirráðasvæði þeirra strax og tollafgreiðslu hennar er lokið. Aðilum er ekki skylt að veita slíka heimild vegna verndaðs efnis sem einstaklingur hefur aflað sér eða pantað áður en hann vissi eða mátti vita að verslun með slíkt efni væri brot á hugverkarétti.

2. Þrátt fyrir önnur ákvæði í þessum hluta og að því tilskildu að farið sé að ákvæðum II. hluta er fjalla sérstaklega um notkun af hálfu hins opinbera, eða notkun þriðju málsaðila sem hafa til þess heimild hins opinbera, án heimildar rétthafa, geta aðilar takmarkað úrræði sín gegn slíkri notkun við það að greiða þóknun í samræmi við h-lið 31. gr. Í öðrum tilvikum skulu úrræði samkvæmt þessum hluta gilda, en stríði þessi úrræði gegn lögum aðila skal vera unnt að fá dómsálit í formi yfirlýsinga og hæfilegar bætur.

45. gr.
Bætur.

1. Dómsyfirvöld geta gert þeim sem brýtur gegn hugverkarétti að greiða rétthafa hæfilegar bætur fyrir það tjón sem brot á hugverkarétti hans hefur valdið honum, þegar sá sem framdi brotið vissi eða mátti vita að hann framdi ólöglegt athæfi.

2. Dómsyfirvöld geta einnig gert þeim sem brýtur gegn hugverkarétti að greiða rétthafa kostnað, meðal annars hæfilegan lögfræðikostnað. Í ákveðnum tilvikum geta aðilar heimilað dómsyfirvöldum að fyrirskipa endurgreiðslu hagnaðar og/eða greiðslu fyrirfram ákveðinna bóta, jafnvel þótt sá sem framdi brotið hafi ekki vitað eða ekki getað vitað með góðu móti að hann tók þátt í ólöglegu athæfi.

46. gr.
Önnur úrræði.

Til að koma á skilvirkan hátt í veg fyrir brot geta dómsyfirvöld fyrirskipað að vörur, sem þau hafa ákvarðað að séu ólöglegar, skuli teknar úr

Article 44
Injunctions

1. The judicial authorities shall have the authority to order a party to desist from an infringement, *inter alia* to prevent the entry into the channels of commerce in their jurisdiction of imported goods that involve the infringement of an intellectual property right, immediately after customs clearance of such goods. Members are not obliged to accord such authority in respect of protected subject matter acquired or ordered by a person prior to knowing or having reasonable grounds to know that dealing in such subject matter would entail the infringement of an intellectual property right.

2. Notwithstanding the other provisions of this Part and provided that the provisions of Part II specifically addressing use by governments, or by third parties authorized by a government, without the authorization of the right holder are complied with, Members may limit the remedies available against such use to payment of remuneration in accordance with subparagraph (h) of Article 31. In other cases, the remedies under this Part shall apply or, where these remedies are inconsistent with a Member's law, declaratory judgments and adequate compensation shall be available.

Article 45
Damages

1. The judicial authorities shall have the authority to order the infringer to pay the right holder damages adequate to compensate for the injury the right holder has suffered because of an infringement of that person's intellectual property right by an infringer who knowingly, or with reasonable grounds to know, engaged in infringing activity.

2. The judicial authorities shall also have the authority to order the infringer to pay the right holder expenses, which may include appropriate attorney's fees. In appropriate cases, Members may authorize the judicial authorities to order recovery of profits and/or payment of pre-established damages even where the infringer did not knowingly, or with reasonable grounds to know, engage in infringing activity.

Article 46
Other Remedies

In order to create an effective deterrent to infringement, the judicial authorities shall have the authority to order that goods that they have

umferð, án þess að bætur komi fyrir, með þeim hætti að komist sé hjá að valda rétthafa tjóni, eða eyðilagðar ef það brýtur ekki í bága við stjórnskipunarlög. Dómsyfirvöld geta einnig fyrirskipað að efni og áhöld, sem voru aðallega notuð til að búa til ólöglegu vörurnar, skuli tekin úr umferð, án þess að bætur komi fyrir, með þeim hætti að það dragi úr hættu á frekari brotum. Þegar slíkar beiðnir eru skoðaðar skal þess gætt að þau úrræði sem eru fyrirskipuð séu í réttu hlutfalli við alvöru brotsins og tekið sé tillit til hagsmuna þriðju málsaðila. Þegar um er að ræða vörur með fölsuðum vörumerkjum nægir ekki, nema í undantekningartilvikum, að fjarlægja hið ólögmæta vörumerki til að unnt sé að setja vörurnar í umferð.

found to be infringing be, without compensation of any sort, disposed of outside the channels of commerce in such a manner as to avoid any harm caused to the right holder, or, unless this would be contrary to existing constitutional requirements, destroyed. The judicial authorities shall also have the authority to order that materials and implements the predominant use of which has been in the creation of the infringing goods be, without compensation of any sort, disposed of outside the channels of commerce in such a manner as to minimize the risks of further infringements. In considering such requests, the need for proportionality between the seriousness of the infringement and the remedies ordered as well as the interests of third parties shall be taken into account. In regard to counterfeit trademark goods, the simple removal of the trademark unlawfully affixed shall not be sufficient, other than in exceptional cases, to permit release of the goods into the channels of commerce.

47. gr.

Réttur til upplýsinga.

Aðilar geta kveðið á um heimild dómsyfirvalda til að fyrirskipa þeim sem framdi brotið að upplýsa rétthafa um þriðja aðila, sem tók þátt í að framleiða og dreifa hinum ólöglegu vörum eða þjónustu, og dreifingarleiðir þeirra, nema slíkt sé ekki í samræmi við alvöru brotsins.

Article 47

Right of Information

Members may provide that the judicial authorities shall have the authority, unless this would be out of proportion to the seriousness of the infringement, to order the infringer to inform the right holder of the identity of third persons involved in the production and distribution of the infringing goods or services and of their channels of distribution.

48. gr.

Skaðabætur til stefnda.

1. Dómsyfirvöld geta fyrirskipað málsaðila, sem lagði fram beiðni um ráðstafanir sem gripið var til og hefur misbeitt málsmeðferð við fullnustu, að greiða málsaðila, ef athafnafrelsi hans hefur verið heft eða takmarkað, hæfilegar bætur vegna tjóns sem hann hefur orðið fyrir vegna slíkrar beitingar. Dómsyfirvöld geta einnig fyrirskipað stefnanda að greiða stefnda kostnað, meðal annars hæfilegan lögfræðikostnað.

2. Að því er varðar framkvæmd laga um vernd eða fullnustu hugverkaréttar skulu aðilar því aðeins leysa opinber yfirvöld og embættismenn undan ábyrgð, að því er varðar viðeigandi úrræði, að gripið hafi verið til aðgerða eða fyrirhugað sé að gera það í góðri trú við framkvæmd slíkra laga.

Article 48

Indemnification of the Defendant

1. The judicial authorities shall have the authority to order a party at whose request measures were taken and who has abused enforcement procedures to provide to a party wrongfully enjoined or restrained adequate compensation for the injury suffered because of such abuse. The judicial authorities shall also have the authority to order the applicant to pay the defendant expenses, which may include appropriate attorney's fees.

2. In respect of the administration of any law pertaining to the protection or enforcement of intellectual property rights, Members shall only exempt both public authorities and officials from liability to appropriate remedial measures where actions are taken or intended in good faith in the course of the administration of that law.

49. gr.
Stjórnsýslumeðferð.

Að því marki sem unnt er að beita úrræðum einkamálaréttar vegna stjórnsýslumeðferðar varðandi málsatvik skal slík málsmeðferð samrýmast meginreglum sem eru efnislega jafngildar meginreglum þessa þáttar.

3. þáttur: Bráðabirgðaráðstafanir.

50. gr.

1. Dómsyfirvöld hafa vald til að fyrirskipa tafarlausar og skilvirkar ráðstafanir til bráðabirgða:

a) til að koma í veg fyrir brot á hugverkarétti, og einkum til að koma í veg fyrir að vörur komist í umferð innan lögsögu þeirra, þar með taldar innfluttar vörur strax og tollafgreiðslu er lokið.

b) til að varðveita sönnunargögn er tengjast hinu meinta broti.

2. Dómsyfirvöld geta í vissum tilvikum gert bráðabirgðaráðstafanir án þess að hafa samband við mótaðilann, einkum ef líkur eru á að tafir muni valda rétthafa óbætanlegu tjóni eða sannanlega er hætta á að sönnunargögn eyðileggist.

3. Dómsyfirvöldum skal heimilt að krefja stefnanda um sönnunargögn, sem unnt er að afla með góðu móti, til að þau geti fullvissað sig nægilega um að hann sé rétthafi og að réttur hans hafi verið brotinn, eða að slíkt brot sé yfirvofandi, og fyrirskipað honum að leggja fram tryggingu eða jafngildi hennar til að vernda stefnda og koma í veg fyrir misnotkun.

4. Ef bráðabirgðaráðstafanir hafa verið samþykktar án þess að hafa samband við mótaðilann skal láta hlutaðeigandi málsaðila vita af því, í síðasta lagi um leið og ráðstöfununum er hrundið í framkvæmd. Endurskoðun, sem í felst réttur til að flytja mál sitt, skal eiga sér stað að beiðni stefnda með það fyrir augum að ákveða, innan hæfilegs tíma frá því að tilkynnt er um ráðstafanirnar, hvort þeim skuli breytt, þær afturkallaðar eða staðfestar.

5. Heimilt er að krefja stefnanda um aðrar nauðsynlegar upplýsingar til að yfirvald, sem hefur framkvæmd bráðabirgðaráðstafana með höndum, geti borið kennsl á vörurnar.

6. Með fyrirvara um 4. mgr. ber, að beiðni stefnda, að afturkalla bráðabirgðaráðstafanir sem eru gerðar á grundvelli 1. og 2. mgr. eða fella

Article 49
Administrative Procedures

To the extent that any civil remedy can be ordered as a result of administrative procedures on the merits of a case, such procedures shall conform to principles equivalent in substance to those set forth in this Section.

Section 3: Provisional Measures

Article 50

1. The judicial authorities shall have the authority to order prompt and effective provisional measures:

(a) to prevent an infringement of any intellectual property right from occurring, and in particular to prevent the entry into the channels of commerce in their jurisdiction of goods, including imported goods immediately after customs clearance;

(b) to preserve relevant evidence in regard to the alleged infringement.

2. The judicial authorities shall have the authority to adopt provisional measures *inaudita altera parte* where appropriate, in particular where any delay is likely to cause irreparable harm to the right holder, or where there is a demonstrable risk of evidence being destroyed.

3. The judicial authorities shall have the authority to require the applicant to provide any reasonably available evidence in order to satisfy themselves with a sufficient degree of certainty that the applicant is the right holder and that the applicant's right is being infringed or that such infringement is imminent, and to order the applicant to provide a security or equivalent assurance sufficient to protect the defendant and to prevent abuse.

4. Where provisional measures have been adopted *inaudita altera parte*, the parties affected shall be given notice, without delay after the execution of the measures at the latest. A review, including a right to be heard, shall take place upon request of the defendant with a view to deciding, within a reasonable period after the notification of the measures, whether these measures shall be modified, revoked or confirmed.

5. The applicant may be required to supply other information necessary for the identification of the goods concerned by the authority that will execute the provisional measures.

6. Without prejudice to paragraph 4, provisional measures taken on the basis of paragraphs 1 and 2 shall, upon request by the defendant, be

þær úr gildi á annan hátt ef málarekstur, sem leiðir til ákvörðunar um málsatvik, hefst ekki innan hæfilegs tímabils sem, ef slíkt er leyfilegt samkvæmt lögum aðila, er ákvarðað af dómsyfirvaldi sem fyrirskipar ráðstafanirnar eða, liggi slík ákvörðun ekki fyrir, er ekki lengra en 20 virkir dagar eða 31 almanaksdagur, eftir því hvort tímabilið er lengra.

7. Þegar bráðabirgðaráðstafanir eru afturkallaðar eða þær falla niður vegna aðgerðar eða aðgerðarleysis stefnanda, eða síðar er komist að raun um að ekki er um brot eða hættu á broti á hugverkarétti að ræða, geta dómsyfirvöld fyrirskipað stefnanda, að beiðni stefnda, að greiða stefnda hæfilegar bætur vegna tjóns sem ráðstafanirnar hafa haft í för með sér.

8. Að því marki sem unnt er að fyrirskipa bráðabirgðaráðstafanir vegna stjórnsýslumeðferðar skal slík meðferð samrýmast meginreglum sem eru efnislega jafngildar meginreglum þessa þáttar.

revoked or otherwise cease to have effect, if proceedings leading to a decision on the merits of the case are not initiated within a reasonable period, to be determined by the judicial authority ordering the measures where a Member's law so permits or, in the absence of such a determination, not to exceed 20 working days or 31 calendar days, whichever is the longer.

7. Where the provisional measures are revoked or where they lapse due to any act or omission by the applicant, or where it is subsequently found that there has been no infringement or threat of infringement of an intellectual property right, the judicial authorities shall have the authority to order the applicant, upon request of the defendant, to provide the defendant appropriate compensation for any injury caused by these measures.

8. To the extent that any provisional measure can be ordered as a result of administrative procedures, such procedures shall conform to principles equivalent in substance to those set forth in this Section.

4. þáttur: Sérstakar kröfur í tengslum við landmæraeftirlit.[171]

51. gr.

Frestun tollafgreiðslu.

Aðilar skulu, í samræmi við ákvæðin sem eru sett fram hér á eftir, samþykkja málsmeðferð[172] svo að rétthafa, sem hefur gildar ástæður til að ætla að innflutningur á vörum með fölsuðum vörumerkjum eða vörum þar sem höfundarréttur hefur verið brotinn[173] kunni að eiga sér stað, sé gert kleift að leggja fyrir þar til bær yfirvöld á sviði stjórnsýslu eða dómgæslu skriflega umsókn um að tollyfirvöld fresti því að afgreiða slíkar vörur til frjálsrar dreifingar. Aðilar geta heimilað að slík umsókn sé lögð fram að því er varðar vörur sem tengjast annars konar brotum á hugverkarétti, að því tilskildu að kröfur þessa þáttar séu uppfylltar. Aðilar geta enn fremur kveðið á um samsvarandi málsmeðferð varðandi frestun tollyfirvalda á afgreiðslu vara sem ætlaðar eru til útflutnings frá yfirráðasvæðum þeirra og teljast fara í bága við hugverkarétt.

Section 4: Special Requirements Related to Border Measures[171]

Article 51

Suspension of Release by Customs Authorities

Members shall, in conformity with the provisions set out below, adopt procedures[172] to enable a right holder, who has valid grounds for suspecting that the importation of counterfeit trademark or pirated copyright goods[173] may take place, to lodge an application in writing with competent authorities, administrative or judicial, for the suspension by the customs authorities of the release into free circulation of such goods. Members may enable such an application to be made in respect of goods which involve other infringements of intellectual property rights, provided that the requirements of this Section are met. Members may also provide for corresponding procedures concerning the suspension by the customs authorities of the release of infringing goods destined for exportation from their territories.

52. gr.

Beiting.

Rétthafi, sem hefur málsmeðferð skv. 51. gr., skal krafinn um sönnunargögn sem nægja til að þar til bær yfirvöld geti verið þess fullviss að samkvæmt lögum í innflutningslandinu líti út fyrir að um brot á hugverkarétti rétthafa sé að

Article 52

Application

Any right holder initiating the procedures under Article 51 shall be required to provide adequate evidence to satisfy the competent authorities that, under the laws of the country of importation, there is prima facie an infringe-

ræða og nógu nákvæma lýsingu á vörunum til að tollyfirvöld geti með auðveldu móti þekkt þær. Þar til bær yfirvöld skulu láta stefnanda vita innan hæfilegs tíma hvort þau hafa samþykkt umsóknina og hve lengi aðgerðir tollyfirvalda muni gilda ef þar til bær yfirvöld ákvarða slíkt.

ment of the right holder's intellectual property right and to supply a sufficiently detailed description of the goods to make them readily recognizable by the customs authorities. The competent authorities shall inform the applicant within a reasonable period whether they have accepted the application and, where determined by the competent authorities, the period for which the customs authorities will take action.

53. gr.
Trygging eða jafngildi hennar.

1. Þar til bær yfirvöld skulu hafa heimild til að krefjast þess að stefnandi leggi fram tryggingu eða jafngildi hennar er nægi til að vernda stefnda og þar til bær yfirvöld og koma í veg fyrir misnotkun. Slík trygging eða jafngildi hennar skal ekki hindra óeðlilega að gripið sé til þessarar málsmeðferðar.

2. Hafi tollyfirvöld, í framhaldi af umsókn samkvæmt þessum þætti, frestað því, á grundvelli ákvörðunar sem ekki er tekin af dómsyfirvaldi eða öðru sjálfstæðu yfirvaldi, að afgreiða vörur til frjálsrar dreifingar er taka til iðnhönnunar, einkaleyfa, formhönnunar eða trúnaðarupplýsinga og fresturinn, sem kveðið er á um í 55. gr., er útrunninn án þess að til þess bær yfirvöld hafi veitt bráðabirgðaúrlausn, og að því tilskildu að öll innflutningsskilyrði hafi verið uppfyllt, skal eigandi, innflytjandi eða viðtakandi slíkra vara eiga rétt á að fá þær afgreiddar ef lögð er fram nægilega há trygging til að vernda rétthafa gegn broti. Greiðsla slíkrar tryggingar skal ekki hafa áhrif á önnur úrræði sem rétthafi á kost á og er því gert ráð fyrir að tryggingunni verði aflétt leiti rétthafi ekki réttar síns innan hæfilegs tíma.

Article 53
Security or Equivalent Assurance

1. The competent authorities shall have the authority to require an applicant to provide a security or equivalent assurance sufficient to protect the defendant and the competent authorities and to prevent abuse. Such security or equivalent assurance shall not unreasonably deter recourse to these procedures.

2. Where pursuant to an application under this Section the release of goods involving industrial designs, patents, layout-designs or undisclosed information into free circulation has been suspended by customs authorities on the basis of a decision other than by a judicial or other independent authority, and the period provided for in Article 55 has expired without the granting of provisional relief by the duly empowered authority, and provided that all other conditions for importation have been complied with, the owner, importer, or consignee of such goods shall be entitled to their release on the posting of a security in an amount sufficient to protect the right holder for any infringement. Payment of such security shall not prejudice any other remedy available to the right holder, it being understood that the security shall be released if the right holder fails to pursue the right of action within a reasonable period of time.

54. gr.
Tilkynning um frestun.

Innflytjanda og stefnanda skal þegar í stað tilkynnt um frestun á tollafgreiðslu vara í samræmi við 51. gr.

Article 54
Notice of Suspension

The importer and the applicant shall be promptly notified of the suspension of the release of goods according to Article 51.

55. gr.
Gildistími frestunar.

Hafi tollyfirvöld ekki verið látin vita, innan 10 virkra daga eftir að stefnanda hefur verið tilkynnt um frestun, að annar málsaðili en stefndi hafi hafið málarekstur sem leiðir til ákvörðunar um málsatvik eða að þar til bært yfirvald hafi gert bráðabirgðaráðstafanir til að framlengja

Article 55
Duration of Suspension

If, within a period not exceeding 10 working days after the applicant has been served notice of the suspension, the customs authorities have not been informed that proceedings leading to a decision on the merits of the case have been initiated by a party other than the defendant, or that

frestun á tollafgreiðslu, ber að afgreiða vörurnar, að því tilskildu að öll innflutnings- eða útflutningsskilyrði hafi verið uppfyllt; í ákveðnum tilvikum má lengja frestinn um 10 virka daga. Ef hafinn er málarekstur sem leiðir til ákvörðunar um málsatvik skal endurskoðun, sem í felst réttur til að flytja mál sitt, fara fram að beiðni stefnda, með það fyrir augum að ákveða, innan hæfilegs tíma, hvort þessum ráðstöfunum skuli breytt, þær afturkallaðar eða staðfestar. Þrátt fyrir það sem segir hér að framan skulu ákvæði 6. mgr. 50. gr. gilda þegar tollafgreiðslu vara er frestað eða frestun látin gilda áfram í samræmi við bráðabirgðaráðstöfun samkvæmt dómi.

the duly empowered authority has taken provisional measures prolonging the suspension of the release of the goods, the goods shall be released, provided that all other conditions for importation or exportation have been complied with: in appropriate cases, this time-limit may be extended by another 10 working days. If proceedings leading to a decision on the merits of the case have been initiated, a review, including a right to be heard, shall take place upon request of the defendant with a view to deciding, within a reasonable period, whether these measures shall be modified, revoked or confirmed. Notwithstanding the above, where the suspension of the release of goods is carried out or continued in accordance with a provisional judicial measure, the provisions of paragraph 6 of Article 50 shall apply.

56. gr.
Bætur til innflytjanda og eiganda vöru.

Viðkomandi yfirvöldum skal heimilt að fyrirskipa stefnanda að greiða innflytjanda, viðtakanda og eiganda vöru hæfilegar bætur vegna tjóns sem þeir verða fyrir þegar lagt er hald á vöru að ástæðulausu eða lagt er hald á vöru sem hefur hlotið afgreiðslu skv. 55. gr.

Article 56
Indemnification of the Importer and of the Owner of the Goods

Relevant authorities shall have the authority to order the applicant to pay the importer, the consignee and the owner of the goods appropriate compensation for any injury caused to them through the wrongful detention of goods or through the detention of goods released pursuant to Article 55.

57. gr.
Réttur til skoðunar og upplýsinga.

Með fyrirvara um vernd trúnaðarupplýsinga skulu aðilar veita þar til bærum yfirvöldum heimild til að veita rétthafa næg tækifæri til að láta skoða vörur sem tollyfirvöld hafa lagt hald á svo unnt sé að færa rök fyrir kröfu rétthafa. Þar til bær yfirvöld skulu einnig hafa heimild til að veita innflytjanda sams konar tækifæri til að láta skoða slíkar vörur. Þegar ákvarðað hefur verið jákvætt varðandi málsatvik geta aðilar veitt þar til bæru yfirvaldi heimild til að veita rétthafa upplýsingar um nöfn og heimilisföng sendanda, innflytjanda og viðtakanda og magn viðkomandi vara.

Article 57
Right of Inspection and Information

Without prejudice to the protection of confidential information, Members shall provide the competent authorities the authority to give the right holder sufficient opportunity to have any goods detained by the customs authorities inspected in order to substantiate the right holder's claims. The competent authorities shall also have authority to give the importer an equivalent opportunity to have any such goods inspected. Where a positive determination has been made on the merits of a case, Members may provide the competent authorities the authority to inform the right holder of the names and addresses of the consignor, the importer and the consignee and of the quantity of the goods in question.

58. gr.
Aðgerð að eigin frumkvæði.

Þegar aðilar æskja þess að þar til bær yfirvöld grípi til aðgerða að eigin frumkvæði og fresti tollafgreiðslu á vörum sem þeir hafa fengið stað-

Article 58
Ex Officio Action

Where Members require competent authorities to act upon their own initiative and to suspend the release of goods in respect of which they have

fest að líkur séu á að tengist broti á hugverkarétti:

a) geta þar til bær yfirvöld hvenær sem er leitað upplýsinga hjá rétthafa er hugsanlega koma að gagni þegar þau beita valdheimildum sínum;

b) skal innflytjanda og rétthafa þegar í stað tilkynnt um frestunina. Hafi innflytjandi kært frestunina til þar til bærra yfirvalda gilda skilyrði 55. gr. um hana að breyttu breytanda;

c) skulu aðilar því aðeins leysa opinber yfirvöld og embættismenn undan ábyrgð að því er varðar viðeigandi úrræði að gripið hafi verið til aðgerða eða fyrirhugað sé að gera það í góðri trú.

59. gr.
Úrræði.

Með fyrirvara um önnur réttindi rétthafa til aðgerða og rétt stefnda til að fara fram á endurskoðun dómsyfirvalds skal þar til bærum yfirvöldum heimilt að fyrirskipa að ólöglegu vörurnar verði eyðilagðar eða þær teknar úr umferð í samræmi við meginreglur 46. gr. Þegar um er að ræða vörur með fölsuðu vörumerki skulu yfirvöld ekki leyfa að ólöglegu vörurnar verði endurútfluttar í óbreyttu ástandi eða þær fái annars konar tollmeðferð nema í undantekningartilvikum.

60. gr.
Lágmarksinnflutningur.

Aðilar geta undanþegið frá beitingu fyrrnefndra ákvæða lítið magn vöru sem er ekki verslunarvara og er í farangri ferðamanna eða litlum vörusendingum.

5. þáttur: Málsmeðferð í refsimálum.

61. gr.

Aðilar skulu kveða á um málsmeðferð í refsimálum sem skuli að minnsta kosti beitt þegar um er að ræða vörumerkjasvik af ásetningi eða höfundarréttarstuld í ábataskyni. Tiltæk úrræði, nægilega ströng til að vera fyrirbyggjandi, skulu vera fangelsun og/eða fjársektir í samræmi við viðurlög sem er beitt vegna álíka alvarlegra afbrota. Eftir því sem við á skulu úrræði einnig

acquired *prima facie* evidence that an intellectual property right is being infringed:

(a) the competent authorities may at any time seek from the right holder any information that may assist them to exercise these powers;

(b) the importer and the right holder shall be promptly notified of the suspension. Where the importer has lodged an appeal against the suspension with the competent authorities, the suspension shall be subject to the conditions, *mutatis mutandis*, set out at Article 55;

(c) Members shall only exempt both public authorities and officials from liability to appropriate remedial measures where actions are taken or intended in good faith.

Article 59
Remedies

Without prejudice to other rights of action open to the right holder and subject to the right of the defendant to seek review by a judicial authority, competent authorities shall have the authority to order the destruction or disposal of infringing goods in accordance with the principles set out in Article 46. In regard to counterfeit trademark goods, the authorities shall not allow the re-exportation of the infringing goods in an unaltered state or subject them to a different customs procedure, other than in exceptional circumstances.

Article 60
De Minimis Imports

Members may exclude from the application of the above provisions small quantities of goods of a non-commercial nature contained in travellers' personal luggage or sent in small consignments.

Section 5: Criminal Procedures

Article 61

Members shall provide for criminal procedures and penalties to be applied at least in cases of wilful trademark counterfeiting or copyright piracy on a commercial scale. Remedies available shall include imprisonment and/or monetary fines sufficient to provide a deterrent, consistently with the level of penalties applied for crimes of a corresponding gravity. In appropri-

felast í upptöku, sekt og eyðileggingu ólöglegra vara svo og efna og tækja sem einkum hafa verið notuð til að fremja lögbrot. Aðilum er heimilt að kveða á um að málsmeðferð í refsimálum og refsiaðgerðum verði beitt í öðrum málum er varða brot á hugverkarétti, einkum þegar brot eru framin af ásetningi og í ábataskyni.

IV. HLUTI
ÖFLUN OG VIÐHALD HUGVERKARÉTTAR OG SKYLD MÁLSMEÐFERÐ MÁLSAÐILA

62. gr.

1. Aðilum er heimilt að krefjast þess, sem skilyrðis fyrir öflun eða viðhaldi hugverkaréttar, sem kveðið er á um í 2.-6. þætti II. hluta, að eðlilegri málsmeðferð og formsatriðum sé hlítt. Slík málsmeðferð og formsatriði skulu samrýmast ákvæðum þessa samnings.

2. Ef öflun hugverkaréttar er komin undir því að réttur sé veittur eða skráður skulu aðilar sjá til þess, með fyrirvara um að efnisleg skilyrði fyrir öflun réttar séu uppfyllt, að málsmeðferð við veitingu eða skráningu geri ráð fyrir að réttur sé veittur eða skráður innan sanngjarns tíma til að koma í veg fyrir að gildistími verndar sé styttur að ástæðulausu.

3. Ákvæði 4. gr. Parísarsamningsins (1967) gilda að breyttu breytanda um þjónustumerki.

4. Almennar meginreglur 2. og 3. mgr. 41. gr. skulu gilda um málsmeðferð er varðar öflun eða viðhald hugverkaréttar og, ef kveðið er á um slíka málsmeðferð í lögum aðila, afturköllun stjórnvalda og málsmeðferð milli aðila á borð við andstöðu, afturköllun og niðurfellingu.

5. Endanlegar stjórnsýsluákvarðanir í tengslum við einhverja þá málsmeðferð, sem um getur í 4. mgr., skulu teknar með fyrirvara um endurskoðun dómsyfirvalds eða ígildis dómsyfirvalds. Þó skal ekki skylt að gefa kost á slíkri endurskoðun ákvarðana í málum þar sem andstaða hefur ekki borið árangur eða um er að ræða afturköllun stjórnvalda, að því tilskildu að unnt sé að ógilda ástæðurnar sem liggja að baki slíkri málsmeðferð.

ate cases, remedies available shall also include the seizure, forfeiture and destruction of the infringing goods and of any materials and implements the predominant use of which has been in the commission of the offence. Members may provide for criminal procedures and penalties to be applied in other cases of infringement of intellectual property rights, in particular where they are committed wilfully and on a commercial scale.

PART IV
ACQUISITION AND MAINTENANCE OF INTELLECTUAL PROPERTY RIGHTS AND RELATED INTER PARTES PROCEDURES

Article 62

4. Aðilinn, sem óskar eftir viðræðum, skal í öllum tilvikum tilkynna um slíka beiðni til deilumálanefndarinnar og til viðeigandi ráða og nefnda. Beiðnir um viðræður skulu lagðar fram skriflega og skal skýra frá ástæðunum fyrir beiðninni og meðal annars tilgreina þær ráðstafanir sem um er að ræða og þann lagagrundvöll sem kæran er byggð á.
5. Í viðræðum samkvæmt ákvæðum tilgreinds samnings ættu aðilar að freista þess að finna viðunandi lausn á málinu áður en gripið er til frekari úrræða samkvæmt þessu samkomulagi.

6. Viðræður eru trúnaðarmál og hafa þær engin áhrif á rétt aðila við frekari málsmeðferð.

7. Takist ekki að leysa deiluna með viðræðum innan 60 daga frá því að beiðni um viðræður barst er kæranda heimilt að óska eftir að skipuð verði kærunefnd. Ef viðræðuaðilar eru sammála um að ekki hafi tekist að leysa deiluna í viðræðum er kæranda heimilt, á 60 daga tímabilinu, að óska skriflega eftir að skipuð verði kærunefnd.
8. Í tilvikum þar sem skjótra aðgerða er þörf,

Article 4
Consultations

1. Members affirm their resolve to strengthen and improve the effectiveness of the consultation procedures employed by Members.
2. Each Member undertakes to accord sympathetic consideration to and afford adequate opportunity for consultation regarding any representations made by another Member concerning measures affecting the operation of any covered agreement taken within the territory of the former.[176]
3. If a request for consultations is made pursuant to a covered agreement, the Member to which the request is made shall, unless otherwise mutually agreed, reply to the request within 10 days after the date of its receipt and shall enter into consultations in good faith within a period of no more than 30 days after the date of receipt of the request, with a view to reaching a mutually satisfactory solution. If the Member does not respond within 10 days after the date of receipt of the request, or does not enter into consultations within a period of no more than 30 days, or a period otherwise mutually agreed, after the date of receipt of the request, then the Member that requested the holding of consultations may proceed directly to request the establishment of a panel.
4. All such requests for consultations shall be notified to the DSB and the relevant Councils and Committees by the Member which requests consultations. Any request for consultations shall be submitted in writing and shall give the reasons for the request, including identification of the measures at issue and an indication of the legal basis for the complaint.
5. In the course of consultations in accordance with the provisions of a covered agreement, beore resorting to further action under this Understanding, Members should attempt to obtain satisfactory adjustment of the matter.
6. Consultations shall be confidential, and without prejudice to the rights of any Member in any further proceedings.
7. If the consultations fail to settle a dispute within 60 days after the date of receipt of the request for consultations, the complaining party may request the establishment of a panel. The complaining party may request a panel during the 60-day period if the consulting parties jointly consider that consultations have failed to settle the dispute.
8. In cases of urgency, including those which

þar á meðal þegar um er að ræða vörur sem hætt er við skemmdum, skulu aðilar hefja viðræður eigi síðar en 10 dögum eftir að beiðnin berst. Ef ekki tekst að leysa deiluna í viðræðum innan 20 daga frá því að beiðnin barst er kæranda heimilt að óska eftir að skipuð verði kærunefnd.

9. Í tilvikum þar sem skjótra aðgerða er þörf, þar á meðal þegar um er að ræða vörur sem hætt er við skemmdum, skulu deiluaðilar, kærunefndir og áfrýjunarnefndin gera allt sem hægt er til að hraða málsmeðferðinni sem mest.
10. Í viðræðum ættu aðilar að huga sérstaklega að tilteknum vandamálum og hagsmunum þróunaraðildarlanda.
11. Þegar aðili, sem tekur ekki þátt í viðræðum, telur sig eiga verulegra viðskiptahagsmuna að gæta í viðræðum sem fram fara skv. 1. mgr. XXII. gr. GATT-samningsins frá 1994, 1. mgr. XXII. gr. samningsins um þjónustuviðskipti eða samsvarandi ákvæðum í öðrum tilgreindum samningum,[177] getur hann tilkynnt aðilunum, sem taka þátt í viðræðunum og deilumálanefndinni, innan 10 daga frá því að beiðni um viðræður samkvæmt áðurnefndri grein var dreift, að hann óski eftir þátttöku í viðræðunum. Slíkum aðila skal heimiluð þátttaka í viðræðunum, að því tilskildu að aðilinn sem fékk beiðnina um viðræður, fallist á að staðhæfingin um verulega hagsmuni eigi við rök að styðjast. Í því tilviki skal það tilkynnt deilumálanefndinni. Ef ekki er fallist á beiðni um þátttöku í viðræðum er þeim aðila sem þess óskar frjálst að óska eftir viðræðum skv. 1. mgr. XXII. gr. eða 1. mgr. XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, 1. mgr. XXII. gr. eða 1. mgr. XXIII. gr. samningsins um þjónustuviðskipti eða samsvarandi ákvæðum í öðrum tilgreindum samningum.

5. gr.
Sáttaumleitanir.

1. Deiluaðilum er frjálst að nýta sér málsmeðferð, sem felst í sáttaumleitunum, ef þeir koma sér saman um það.
2. Málsmeðferð sem felst í sáttaumleitunum, og þá einkum afstaða deiluaðila við umfjöllun málsins, skal vera trúnaðarmál og hefur engin áhrif á rétt aðila ef málinu er haldið áfram samkvæmt þessari málsmeðferð.

3. Deiluaðilum er, hvenær sem er, heimilt að óska eftir málsmeðferð sem felst í sáttaumleitunum. Hefja má sáttaumleitanir og ljúka þeim

concern perishable goods, Members shall enter into consultations within a period of no more than 10 days after the date of receipt of the request. If the consultations have failed to settle the dispute within a period of 20 days after the date of receipt of the request, the complaining party may request the establishment of a panel.
9. In cases of urgency, including those which concern perishable goods, the parties to the dispute, panels and the Appellate Body shall make every effort to accelerate the proceedings to the greatest extent possible.
10. During consultations Members should give special attention to the particular problems and interests of developing country Members.
11. Whenever a Member other than the consulting Members considers that it has a substantial trade interest in consultations being held pursuant to paragraph 1 of Article XXII of GATT 1994, paragraph 1 of Article XXII of GATS, or the corresponding provisions in other covered agreements[177], such Member may notify the consulting Members and the DSB, within 10 days after the date of the circulation of the request for consultations under said Article, of its desire to be joined in the consultations. Such Member shall be joined in the consultations, provided that the Member to which the request for consultations was addressed agrees that the claim of substantial interest is well-founded. In that event they shall so inform the DSB. If the request to be joined in the consultations is not accepted, the applicant Member shall be free to request consultations under paragraph 1 of Article XXII or paragraph 1 of Article XXIII of GATT 1994, paragraph 1 of Article XXII or paragraph 1 of Article XXIII of GATS, or the corresponding provisions in other covered agreements.

Article 5
Good Offices, Conciliation and Mediation

1. Good offices, conciliation and mediation are procedures that are undertaken voluntarily if the parties to the dispute so agree.
2. Proceedings involving good offices, conciliation and mediation, and in particular positions taken by the parties to the dispute during these proceedings, shall be confidential, and without prejudice to the rights of either party in any further proceedings under these procedures.
3. Good offices, conciliation or mediation may be requested at any time by any party to a dispute. They may begin at any time and be ter-

hvenær sem er. Að loknum sáttaumleitunum getur kærandi óskað eftir að skipuð verði kærunefnd.

4. Ef sáttaumleitanir eru hafnar innan 60 daga frá því að beiðni um viðræður berst skal kærandi láta líða 60 daga frá því hann fékk beiðni um viðræður áður en hann óskar eftir að skipuð verði kærunefnd. Kæranda er heimilt að óska eftir að skipuð verði kærunefnd á þessu 60 daga tímabili ef deiluaðilar eru sammála um að þrátt fyrir sáttaumleitanirnar hafi ekki tekist að leysa deiluna.

5. Heimilt er að halda sáttaumleitunum áfram á sama tíma og málið er til umfjöllunar í kærunefnd, ef deiluaðilar eru því samþykkir.
6. Aðalframkvæmdastjórinn getur, í krafti embættis síns, boðið fram aðstoð við aðila með það fyrir augum að leysa deiluna með sáttaumleitunum.

6. gr.
Skipun kærunefnda.

1. Ef kærandi óskar eftir því skal skipa kærunefnd eigi síðar en á fyrsta fundi deilumálanefndarinnar eftir að beiðnin um það er fyrst tekin á dagskrá nefndarinnar, nema deilumálanefndin ákveði með einróma samþykki á þeim fundi að skipa ekki kærunefnd.[178]
2. Senda skal skriflega beiðni um að skipuð verði kærunefnd. Þar skal koma fram hvort viðræður hafi farið fram, tilgreina þær sérstöku ráðstafanir sem um er að ræða og láta fylgja stutta samantekt um lagagrundvöll þann sem kæran er byggð á sem nægir til skýringar málinu. Ef sá sem leggur fram beiðnina óskar eftir að skipuð verði kærunefnd er hafi aðra starfsskilmála en venja er til skal í skriflegu beiðninni vera tillaga um texta þessara sérstöku starfsskilmála.

7. gr.
Starfsskilmálar kærunefnda.

1. Kærunefndir skulu hafa eftirfarandi starfsskilmála, nema deiluaðilar komi sér saman um annað innan 20 daga frá skipun kærunefndarinnar:

„Að rannsaka, í ljósi viðeigandi ákvæða í (nafn tilgreinds samnings eða tilgreindra samninga sem deiluaðilar vitna í), það mál sem (nafn deiluaðila) vísar til deilumálanefndarinnar í skjali ... og komast að niðurstöðum sem auðvelda deilumálanefndinni

minated at any time. Once procedures for good offices, conciliation or mediation are terminated, a complaining party may then proceed with a request for the establishment of a panel.
4. When good offices, conciliation or mediation are entered into within 60 days after the date of receipt of a request for consultations, the complaining party must allow a period of 60 days after the date of receipt of the request for consultations before requesting the establishment of a panel. The complaining party may request the establishment of a panel during the 60-day period if the parties to the dispute jointly consider that the good offices, conciliation or mediation process has failed to settle the dispute.
5. If the parties to a dispute agree, procedures for good offices, conciliation or mediation may continue while the panel process proceeds.
6. The Director-General may, acting in an *ex officio* capacity, offer good offices, conciliation or mediation with the view to assisting Members to settle a dispute.

Article 6
Establishment of Panels

1. If the complaining party so requests, a panel shall be established at the latest at the DSB meeting following that at which the request first appears as an item on the DSB's agenda, unless at that meeting the DSB decides by consensus not to establish a panel.[178]
2. The request for the establishment of a panel shall be made in writing. It shall indicate whether consultations were held, identify the specific measures at issue and provide a brief summary of the legal basis of the complaint sufficient to present the problem clearly. In case the applicant requests the establishment of a panel with other than standard terms of reference, the written request shall include the proposed text of special terms of reference.

Article 7
Terms of Reference of Panels

1. Panels shall have the following terms of reference unless the parties to the dispute agree otherwise within 20 days from the establishment of the panel:

"To examine, in the light of the relevant provisions in (name of the covered agreement(s) cited by the parties to the dispute), the matter referred to the DSB by (name of party) in document ... and to make such findings as will assist the DSB in making

að gefa út tilmæli eða kveða upp úrskurði eins og kveðið er á um í þeim samningi eða samningum.“

2. Kærunefndir skulu fjalla um viðeigandi ákvæði í tilgreinda samningnum eða tilgreindu samningunum sem deiluaðilar vitna í.

3. Þegar deilumálanefndin skipar kærunefnd er henni heimilt að fela formanni hennar að móta starfsskilmálana í samráði við deiluaðila, með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. Starfsskilmálum sem eru þannig mótaðir skal dreift til allra aðila. Ef samþykkt er að starfsskilmálar verði ekki staðlaðir er aðilum heimilt að bera fram athugasemdir við deilumálanefndina um hvaðeina þar að lútandi.

the recommendations or in giving the rulings provided for in that/those agreement(s).”

2. Panels shall address the relevant provisions in any covered agreement or agreements cited by the parties to the dispute.

3. In establishing a panel, the DSB may authorize its Chairman to draw up the terms of reference of the panel in consultation with the parties to the dispute, subject to the provisions of paragraph 1. The terms of reference thus drawn up shall be circulated to all Members. If other than standard terms of reference are agreed upon, any Member may raise any point relating thereto in the DSB.

8. gr.

Skipan kærunefnda.

1. Kærunefndir skulu skipaðar vel menntuðum og hæfum einstaklingum, hvort sem þeir eru í þjónustu hins opinbera eða ekki, þar á meðal einstaklingum sem hafa starfað í kærunefnd eða lagt mál fyrir kærunefnd, verið fulltrúar aðila eða samningsaðila að GATT-samkomulaginu frá 1947, starfað sem fulltrúar í ráði eða nefnd tilgreinds samnings eða undanfara hans, starfað á aðalskrifstofunni, kennt eða birt efni um löggjöf eða stefnu í alþjóðaviðskiptum eða hafa starfað að mótun viðskiptastefnu aðila sem háttsettir embættismenn.

2. Kærunefndarmenn skulu valdir með það í huga að tryggja að þeir séu óháðir og að þeir hafi nægilega fjölbreyttan bakgrunn og víðtæka reynslu.

3. Þegar stjórnvöld[179] aðila eiga hlut að deilu eða eru þriðju aðilar að deilu, eins og skilgreint er í 2. mgr. 10. gr., skulu ríkisborgarar þeirra aðila ekki eiga sæti í kærunefnd sem fjallar um þá deilu nema deiluaðilar komi sér saman um annað.

4. Til að greiða fyrir vali í kærunefndir skal aðalskrifstofan halda leiðbeinandi skrá yfir einstaklinga, hvort sem þeir eru í þjónustu hins opinbera eða ekki, er búa yfir því hæfi er um getur í 1. mgr., sem heimilt er að velja kærunefndarmenn af, eftir því sem við á. Þessi skrá skal hafa að geyma nafnalistann yfir kærunefndarmenn, sem eru ekki í þjónustu hins opinbera, sem tekinn var saman 30. nóvember 1984 (BISD 31S/9) og aðra nafnalista og leiðbeinandi skrár, teknar saman samkvæmt einhverjum af tilgreindu samningunum, ásamt nöfnum einstaklinga sem voru á þessum nafnalistum og leiðbeinandi skrám á þeim tíma þegar samningurinn

Article 8

Composition of Panels

1. Panels shall be composed of well-qualified governmental and/or non-governmental individuals, including persons who have served on or presented a case to a panel, served as a representative of a Member or of a contracting party to GATT 1947 or as a representative to the Council or Committee of any covered agreement or its predecessor agreement, or in the Secretariat, taught or published on international trade law or policy, or served as a senior trade policy official of a Member.

2. Panel members should be selected with a view to ensuring the independence of the members, a sufficiently diverse background and a wide spectrum of experience.

3. Citizens of Members whose governments[179] are parties to the dispute or third parties as defined in paragraph 2 of Article 10 shall not serve on a panel concerned with that dispute, unless the parties to the dispute agree otherwise.

4. To assist in the selection of panelists, the Secretariat shall maintain an indicative list of governmental and non-governmental individuals possessing the qualifications outlined in paragraph 1, from which panelists may be drawn as appropriate. That list shall include the roster of non-governmental panelists established on 30 November 1984 (BISD 31S/9), and other rosters and indicative lists established under any of the covered agreements, and shall retain the names of persons on those rosters and indicative lists at the time of entry into force of the WTO Agreement. Members may periodically suggest names of governmental and non-governmental

um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar öðlaðist gildi. Aðilum er síðan heimilt með reglulegu millibili að leggja til að nöfnum einstaklinga, hvort sem þeir eru í þjónustu hins opinbera eða ekki, verði bætt í leiðbeinandi skrána ásamt viðeigandi upplýsingum um þekkingu þeirra á alþjóðaviðskiptum og á þeim sviðum eða málefnum sem tilgreindu samningarnir taka til og skal þeim nöfnum bætt í skrána að fengnu samþykki deilumálanefndarinnar. Í skránni skal tilgreint hvaða sérstöku reynslu eða sérþekkingu viðkomandi einstaklingar hafa á þeim málefnum eða sviðum er tengjast tilgreindu samningunum.

individuals for inclusion on the indicative list, providing relevant information on their knowledge of international trade and of the sectors or subject matter of the covered agreements, and those names shall be added to the list upon approval by the DSB. For each of the individuals on the list, the list shall indicate specific areas of experience or expertise of the individuals in the sectors or subject matter of the covered agreements.

5. Í kærunefndum skulu þrír nefndarmenn eiga sæti, nema deiluaðilar komi sér saman um, innan 10 daga frá því að nefndin var skipuð, að kærunefndin skuli skipuð fimm einstaklingum. Aðilum skal þegar í stað tilkynnt skipan kærunefndarinnar.

5. Panels shall be composed of three panelists unless the parties to the dispute agree, within 10 days from the establishment of the panel, to a panel composed of five panelists. Members shall be informed promptly of the composition of the panel.

6. Aðalskrifstofan gerir tillögur til deiluaðila um útnefningu í kærunefnd. Deiluaðilar skulu ekki hafna útnefningu nema brýnar ástæður beri til.

6. The Secretariat shall propose nominations for the panel to the parties to the dispute. The parties to the dispute shall not oppose nominations except for compelling reasons.

7. Ef ekki næst samkomulag um hverjir skuli sitja í kærunefnd innan 20 daga frá því að kærunefnd er skipuð skal aðalframkvæmdastjórinn, að beiðni annars hvors deiluaðilans og í samráði við formann deilumálanefndarinnar og formann viðkomandi ráðs eða nefndar, ákvarða hverjir skuli eiga þar sæti með því að skipa þá sem honum þykja best til þess fallnir í samræmi við viðkomandi sérreglur eða viðbótarreglur eða -málsmeðferð tilgreinda samningsins eða tilgreindu samninganna sem deilan snýst um, að höfðu samráði við deiluaðila. Formaður deilumálanefndarinnar skal tilkynna aðilum um hverjir eigi sæti í kærunefndinni, sem skipuð er með þessum hætti, eigi síðar en 10 dögum eftir að formaður fær beiðni þar að lútandi.

7. If there is no agreement on the panelists within 20 days after the date of the establishment of a panel, at the request of either party, the Director-General, in consultation with the Chairman of the DSB and the Chairman of the relevant Council or Committee, shall determine the composition of the panel by appointing the panelists whom the Director-General considers most appropriate in accordance with any relevant special or additional rules or procedures of the covered agreement or covered agreements which are at issue in the dispute, after consulting with the parties to the dispute. The Chairman of the DSB shall inform the Members of the composition of the panel thus formed no later than 10 days after the date the Chairman receives such a request.

8. Almenn regla er að aðilar skuldbindi sig til að gera embættismönnum sínum kleift að sitja í kærunefnd.

8. Members shall undertake, as a general rule, to permit their officials to serve as panelists.

9. Kærunefndarmenn skulu starfa á einstaklingsgrundvelli en ekki sem fulltrúar stjórnvalda, né heldur sem fulltrúar stofnana eða samtaka. Því skulu aðilar ekki gefa þeim fyrirmæli eða reyna að hafa áhrif á þá sem einstaklinga í málum sem kærunefndin hefur til umfjöllunar.

9. Panelists shall serve in their individual capacities and not as government representatives, nor as representatives of any organization. Members shall therefore not give them instructions nor seek to influence them as individuals with regard to matters before a panel.

10. Þegar deilan stendur milli þróunaraðildarlands og iðnaðaraðildarlands skal að minnsta kosti einn kærunefndarmanna vera frá þróunaraðildarlandi, ef þróunaraðildarlandið óskar eftir því.

10. When a dispute is between a developing country Member and a developed country Member the panel shall, if the developing country Member so requests, include at least one panelist from a developing country Member.

11. Útgjöld kærunefndarmanna, þar með talinn ferðakostnaður og dagpeningar, eru greidd af fjárhagsáætlun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í samræmi við viðmiðanir sem aðalráðið setur og á grundvelli tilmæla frá fjárhagsáætlunar-, fjármála- og stjórnunarnefnd.

9. gr.
Málsmeðferð þegar kærendur eru fleiri en einn.

1. Ef fleiri en einn aðili óskar eftir því að skipuð verði kærunefnd vegna sama máls er heimilt að skipa aðeins eina kærunefnd til að rannsaka þær kærur, að teknu tilliti til réttar allra hlutaðeigandi aðila. Skipa ber aðeins eina kærunefnd til að rannsaka slíkar kærur þegar það er gerlegt.

2. Slík sameiginleg kærunefnd skal skipuleggja rannsókn málsins og leggja niðurstöður sínar fyrir deilumálanefndina með þeim hætti að réttur deiluaðila sé í engu minni en hefði sérstök kærunefnd verið skipuð til að rannsaka hvert mál um sig. Ef einn deiluaðilanna óskar eftir því skal kærunefnd skila sérskýrslum um viðkomandi deilu. Kærendur skulu hafa aðgang að þeim skriflegum gögnum sem aðrir kærendur leggja fram og einnig á hver kærandi rétt á því að vera viðstaddur þegar aðrir kærendur gera kærunefndinni grein fyrir sjónarmiðum sínum.

3. Ef fleiri en ein kærunefnd er skipuð til að rannsaka kærur er tengjast sama máli skulu sömu einstaklingar sitja í kærunefndunum, eftir því sem framast er unnt, og skal samræma tímaáætlanir um meðferð slíkra deilna í kærunefndum.

10. gr.
Þriðju aðilar.

1. Í umfjöllun kærunefndar skal bæði tekið fullt tillit til hagsmuna deiluaðila og annarra aðila samkvæmt þeim tilgreinda samningi sem deilan snýst um.
2. Aðila, sem á verulegra hagsmuna að gæta í máli, sem kærunefnd hefur til umfjöllunar, og hefur tilkynnt um hagsmuni sína til deilumálanefndarinnar (í þessu samkomulagi nefndur „þriðji aðili“) skal veitt tækifæri til að fá áheyrn hjá kærunefndinni og að leggja fram skrifleg gögn. Deiluaðilar skulu einnig fá þessi gögn og skal tekið tillit til þeirra í skýrslu kærunefndarinnar.
3. Þriðju aðilar skulu fá gögnin sem deiluaðilar lögðu fram á fyrsta fundi kærunefndarinnar.

11. Panelists' expenses, including travel and subsistence allowance, shall be met from the WTO budget in accordance with criteria to be adopted by the General Council, based on recommendations of the Committee on Budget, Finance and Administration.

Article 9
Procedures for Multiple Complainants

1. Where more than one Member requests the establishment of a panel related to the same matter, a single panel may be established to examine these complaints taking into account the rights of all Members concerned. A single panel should be established to examine such complaints whenever feasible.
2. The single panel shall organize its examination and present its findings to the DSB in such a manner that the rights which the parties to the dispute would have enjoyed had separate panels examined the complaints are in no way impaired. If one of the parties to the dispute so requests, the panel shall submit separate reports on the dispute concerned. The written submissions by each of the complainants shall be made available to the other complainants, and each complainant shall have the right to be present when any one of the other complainants presents its views to the panel.
3. If more than one panel is established to examine the complaints related to the same matter, to the greatest extent possible the same persons shall serve as panelists on each of the separate panels and the timetable for the panel process in such disputes shall be harmonized.

Article 10
Third Parties

1. The interests of the parties to a dispute and those of other Members under a covered agreement at issue in the dispute shall be fully taken into account during the panel process.
2. Any Member having a substantial interest in a matter before a panel and having notified its interest to the DSB (referred to in this Understanding as a "third party") shall have an opportunity to be heard by the panel and to make written submissions to the panel. These submissions shall also be given to the parties to the dispute and shall be reflected in the panel report.

3. Third parties shall receive the submissions of the parties to the dispute to the first meeting of the panel.

4. Ef þriðji aðili telur að ráðstöfun, sem þegar er til umfjöllunar hjá kærunefnd, geri að engu eða skerði ávinning, sem hann hefur samkvæmt tilgreindum samningi, er þeim aðila heimilt að hagnýta sér venjulega málsmeðferð við lausn deilumála samkvæmt þessu samkomulagi. Þegar unnt er skal slíkri deilu vísað til upphaflegrar kærunefndar.

11. gr.
Störf kærunefnda.

Störf kærunefnda felast í því að aðstoða deilumálanefndina við að sinna skyldustörfum sínum samkvæmt þessu samkomulagi og tilgreindu samningunum. Því ber kærunefndinni að leggja hlutlægt mat á það mál sem hún hefur til umfjöllunar, meðal annars hlutlægt mat á staðreyndir málsins og hvort unnt sé að beita ákvæðum tilgreindu samninganna sem um ræðir og hvort þeir séu uppfylltir og komast að niðurstöðum sem auðvelda deilumálanefndinni að gefa út tilmæli eða kveða upp úrskurði, eins og kveðið er á um í tilgreindu samningunum. Kærunefndum ber að hafa samráð við deiluaðila með reglulegu millibili og veita þeim nægileg tækifæri til að finna lausn sem deiluaðilar sætta sig við.

12. gr.
Málsmeðferð í kærunefndum.

1. Kærunefndir skulu fara eftir starfsreglunum sem fram koma í 3. viðbæti, nema kærunefndin ákveði annað að höfðu samráði við deiluaðila.
2. Við málsmeðferð í kærunefnd ætti að vera nægilegt svigrúm til að tryggja að kærunefndarskýrslur séu vandaðar, án þess að það tefji óþarflega meðferð málsins í kærunefnd.
3. Að höfðu samráði við deiluaðila skulu kærunefndarmenn, svo fljótt sem auðið er og, þegar unnt er, eigi síðar en innan viku frá því að kærunefnd var skipuð og starfsskilmálar hennar samþykktir, gera tímaáætlun um meðferð málsins í kærunefnd, að teknu tilliti til ákvæða 9. mgr. 4. gr., ef við á.
4. Þegar kærunefnd gerir tímaáætlun um meðferð máls í kærunefnd skal hún ætla deiluaðilum nægan tíma til að undirbúa greinargerðir.

5. Kærunefndir skulu setja deiluaðilum ákveðin tímamörk til að skila skriflegum greinargerðum og ber deiluaðilum að virða þau tímamörk.
6. Hver deiluaðili skal skila skriflegum greinargerðum til aðalskrifstofunnar sem sendir þær þegar í stað áfram til kærunefndar og til hins deiluaðilans eða hinna deiluaðilanna. Kærandi

4. If a third party considers that a measure already the subject of a panel proceeding nullifies or impairs benefits accruing to it under any covered agreement, that Member may have recourse to normal dispute settlement procedures under this Understanding. Such a dispute shall be referred to the original panel wherever possible.

Article 11
Function of Panels

The function of panels is to assist the DSB in discharging its responsibilities under this Understanding and the covered agreements. Accordingly, a panel should make an objective assessment of the matter before it, including an objective assessment of the facts of the case and the applicability of and conformity with the relevant covered agreements, and make such other findings as will assist the DSB in making the recommendations or in giving the rulings provided for in the covered agreements. Panels should consult regularly with the parties to the dispute and give them adequate opportunity to develop a mutually satisfactory solution.

Article 12
Panel Procedures

1. Panels shall follow the Working Procedures in Appendix 3 unless the panel decides otherwise after consulting the parties to the dispute.
2. Panel procedures should provide sufficient flexibility so as to ensure high-quality panel reports, while not unduly delaying the panel process.
3. After consulting the parties to the dispute, the panelists shall, as soon as practicable and whenever possible within one week after the composition and terms of reference of the panel have been agreed upon, fix the timetable for the panel process, taking into account the provisions of paragraph 9 of Article 4, if relevant.
4. In determining the timetable for the panel process, the panel shall provide sufficient time for the parties to the dispute to prepare their submissions.
5. Panels should set precise deadlines for written submissions by the parties and the parties should respect those deadlines.
6. Each party to the dispute shall deposit its written submissions with the Secretariat for immediate transmission to the panel and to the other party or parties to the dispute. The complaining

skal skila fyrstu greinargerð sinni á undan gagnaðilanum nema kærunefnd ákveði, þegar hún gengur frá tímaáætluninni sem um getur í 3. mgr. og að höfðu samráði við deiluaðila, að deiluaðilar skuli skila fyrstu greinargerðum sínum samtímis. Þegar gert er ráð fyrir því að fyrstu greinargerðum sé skilað í ákveðinni röð skal kærunefnd setja ákveðin tímamörk um hvenær greinargerð gagnaðilans skuli hafa borist henni í hendur. Eftir það skulu skriflegar greinargerðir lagðar fram samtímis.

7. Ef deiluaðilum tekst ekki að finna lausn sem þeir sætta sig við skal kærunefndin leggja niðurstöður sínar fyrir deilumálanefndina í formi skriflegrar skýrslu. Í slíkum tilvikum skal kærunefnd gera grein fyrir niðurstöðum athugana sinna í skýrslunni, hvort beita megi viðeigandi ákvæðum og hvaða grundvallarforsendur liggja að baki niðurstöðum og tilmælum hennar. Þegar deiluaðilar hafa sín á milli fundið lausn á málinu skal einungis lýsa málinu stuttlega í skýrslu kærunefndarinnar og tilkynna að lausn á því sé fundin.

8. Til að málsmeðferð verði sem skilvirkust skal það vera almenn regla að sá tími, sem kærunefnd hefur til að vinna að rannsókn, frá því að kærunefndin er skipuð og starfsskilmálar hennar samþykktir þar til deiluaðilar fá lokaskýrslu afhenta, sé ekki lengri en sex mánuðir. Í tilvikum þar sem skjótra aðgerða er þörf, þar á meðal þegar um er að ræða vörur sem hætt er við skemmdum, skal kærunefnd stefna að því að deiluaðilar fái skýrsluna afhenta innan þriggja mánaða.

9. Ef kærunefnd telur sér ekki fært að skila skýrslu sinni innan sex mánaða, eða innan þriggja mánaða þegar skjótra aðgerða er þörf, skal hún greina deilumálanefndinni skriflega frá ástæðum fyrir töfinni og áætla innan hvaða tímamarka hún muni skila skýrslunni. Þó skulu aldrei líða meira en níu mánuðir frá því að kærunefnd er skipuð þar til skýrslunni er dreift til aðila.

10. Þegar viðræður fara fram um ráðstafanir sem þróunaraðildarland gerir geta deiluaðilar komið sér saman um að lengja frestina sem ákveðnir eru í 7. og 8. mgr. 4. gr. Ef deiluaðilar eru ekki að þeim fresti liðnum sammála um að viðræðunum sé lokið skal formaður deilumálanefndarinnar ákveða, að höfðu samráði við deiluaðila, hvort framlengja eigi frestinn og þá um hve langan tíma. Þar að auki skal kærunefnd, þegar hún rannsakar kærur gegn þróunaraðildar-

party shall submit its first submission in advance of the responding party's first submission unless the panel decides, in fixing the timetable referred to in paragraph 3 and after consultations with the parties to the dispute, that the parties should submit their first submissions simultaneously. When there are sequential arrangements for the deposit of first submissions, the panel shall establish a firm time-period for receipt of the responding party's submission. Any subsequent written submissions shall be submitted simultaneously.

7. Where the parties to the dispute have failed to develop a mutually satisfactory solution, the panel shall submit its findings in the form of a written report to the DSB. In such cases, the report of a panel shall set out the findings of fact, the applicability of relevant provisions and the basic rationale behind any findings and recommendations that it makes. Where a settlement of the matter among the parties to the dispute has been found, the report of the panel shall be confined to a brief description of the case and to reporting that a solution has been reached.

8. In order to make the procedures more efficient, the period in which the panel shall conduct its examination, from the date that the composition and terms of reference of the panel have been agreed upon until the date the final report is issued to the parties to the dispute, shall, as a general rule, not exceed six months. In cases of urgency, including those relating to perishable goods, the panel shall aim to issue its report to the parties to the dispute within three months.

9. When the panel considers that it cannot issue its report within six months, or within three months in cases of urgency, it shall inform the DSB in writing of the reasons for the delay together with an estimate of the period within which it will issue its report. In no case should the period from the establishment of the panel to the circulation of the report to the Members exceed nine months.

10. In the context of consultations involving a measure taken by a developing country Member, the parties may agree to extend the periods established in paragraphs 7 and 8 of Article 4. If, after the relevant period has elapsed, the consulting parties cannot agree that the consultations have concluded, the Chairman of the DSB shall decide, after consultation with the parties, whether to extend the relevant period and, if so, for how long. In addition, in examining a com-

landi, gefa þróunaraðildarlandi nægan tíma til að undirbúa og leggja fram rök sín. Ekkert sem gert er í samræmi við þessa málsgrein hefur áhrif á ákvæði 1. mgr. 20. gr. og 4. mgr. 21. gr.

11. Ef einn eða fleiri deiluaðilar eru þróunaraðildarlönd skal skýrt tekið fram í skýrslu kærunefndar á hvern hátt tekið hefur verið tillit til viðeigandi ákvæða um mismunandi meðferð og hagstæðari meðferð til handa þróunaraðildarlöndum sem eru hluti af tilgreindu samningunum sem þróunaraðildarlandið hefur skírskotað til í málsmeðferðinni við lausn deilumála.

12. Kærunefnd er heimilt, að beiðni kæranda, að gera hlé á störfum sínum hvenær sem er, þó aldrei lengur en í tólf mánuði. Þegar slíkt hlé er gert á störfum nefndarinnar skal færa tímamörkin, sem sett eru fram í 8. og 9. mgr. þessarar greinar, 1. mgr. 20. gr. og 4. mgr. 21. gr., fram um jafnlangan tíma og hléinu nemur. Ef gert hefur verið hlé á störfum kærunefndar lengur en í 12 mánuði fellur heimildin um skipun nefndarinnar úr gildi.

13. gr.

Réttur til að leita eftir upplýsingum.

1. Kærunefndir hafa rétt til að leita eftir upplýsingum og tæknilegri ráðgjöf hjá þeim einstaklingum eða stofnunum sem þær telja við eiga að leita til. Þó skal kærunefnd, áður en hún leitar eftir slíkum upplýsingum eða tæknilegri ráðgjöf hjá einstaklingi eða stofnun innan lögsögu aðila, tilkynna það yfirvöldum þess aðila. Aðila ber að svara fljótt og vel beiðnum kærunefndar um þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar og viðeigandi. Trúnaðarupplýsingar sem kærunefnd fær skulu ekki afhentar nema með formlegu leyfi einstaklingsins, stofnunarinnar eða yfirvalda aðilans sem veitir þær.

2. Kærunefndir geta leitað upplýsinga í hvaða heimildum sem við eiga og hafa samráð við sérfræðinga og fá álit þeirra á tilteknum hliðum málsins. Að því er varðar vísindalegar eða aðrar tæknilegar staðreyndir í málum sem deiluaðili ber upp getur kærunefnd óskað eftir skriflegri skýrslu frá endurskoðunarhópi sérfræðinga. Reglur um stofnun slíks hóps og starfsreglur hans eru settar fram í 4. viðbæti.

plaint against a developing country Member, the panel shall accord sufficient time for the developing country Member to prepare and present its argumentation. The provisions of paragraph 1 of Article 20 and paragraph 4 of Article 21 are not affected by any action pursuant to this paragraph.

11. Where one or more of the parties is a developing country Member, the panel's report shall explicitly indicate the form in which account has been taken of relevant provisions on differential and more-favourable treatment for developing country Members that form part of the covered agreements which have been raised by the developing country Member in the course of the dispute settlement procedures.

12. The panel may suspend its work at any time at the request of the complaining party for a period not to exceed 12 months. In the event of such a suspension, the time-frames set out in paragraphs 8 and 9 of this Article, paragraph 1 of Article 20, and paragraph 4 of Article 21 shall be extended by the amount of time that the work was suspended. If the work of the panel has been suspended for more than 12 months, the authority for establishment of the panel shall lapse.

Article 13

Right to Seek Information

1. Each panel shall have the right to seek information and technical advice from any individual or body which it deems appropriate. However, before a panel seeks such information or advice from any individual or body within the jurisdiction of a Member it shall inform the authorities of that Member. A Member should respond promptly and fully to any request by a panel for such information as the panel considers necessary and appropriate. Confidential information which is provided shall not be revealed without formal authorization from the individual, body, or authorities of the Member providing the information.

2. Panels may seek information from any relevant source and may consult experts to obtain their opinion on certain aspects of the matter. With respect to a factual issue concerning a scientific or other technical matter raised by a party to a dispute, a panel may request an advisory report in writing from an expert review group. Rules for the establishment of such a group and its procedures are set forth in Appendix 4.

14. gr.
Trúnaðarkvaðir.

1. Umræður kærunefndar eru trúnaðarmál.
2. Kærunefnd semur skýrslur sínar, að deiluaðilum fjarstöddum, á grundvelli þeirra upplýsinga og yfirlýsinga sem gefnar hafa verið.

3. Álit einstakra kærunefndarmanna skal birt nafnlaust í skýrslunni.

15. gr.
Bráðabirgðaendurskoðun.

1. Eftir að hafa fjallað um gagnrök sem fram hafa komið í málinu og hlýtt á munnlegan málflutning skal kærunefnd afhenda deiluaðilum þann hluta úr drögum að skýrslu sinni þar sem málinu er lýst (staðreyndir og röksemdafærsla). Deiluaðilar skulu leggja fram skriflegar athugasemdir um málið innan þeirra tímamarka sem kærunefnd setur.
2. Þegar fresturinn, sem kærunefnd veitti deiluaðilum til að leggja fram skriflegar athugasemdir, er útrunninn skal kærunefndin afhenda deiluaðilum bráðabirgðaskýrslu, bæði þá hluta þar sem málinu er lýst og niðurstöðum og ályktunum kærunefndar. Deiluaðila er heimilt, innan tímamarka sem kærunefndin setur, að leggja fram skriflega beiðni um að kærunefndin endurskoði tiltekin atriði í bráðabirgðaskýrslunni áður en aðilum er send lokaskýrsla. Óski deiluaðili eftir því skal kærunefndin halda einn fund til viðbótar með deiluaðilum um þau atriði sem tiltekin eru í skriflegu athugasemdunum. Ef engar athugasemdir berast frá deiluaðilum innan settra tímamarka telst bráðabirgðaskýrslan vera lokaskýrsla kærunefndar og skal hún send aðilum þegar í stað.
3. Niðurstöður lokaskýrslu kærunefndar skulu fela í sér umfjöllun um rökin sem fram komu við bráðabirgðaendurskoðunina. Bráðabirgðaendurskoðun skal fara fram innan þeirra tímamarka sem sett eru fram í 8. mgr. 12. gr.

16. gr.
Samþykkt kærunefndarskýrslna.

1. Til þess að aðilum gefist nægur tími til að fjalla um kærunefndarskýrslur skulu þær ekki bornar upp til samþykkis í deilumálanefndinni fyrr en 20 dögum eftir að aðilar fá þær sendar.

2. Aðilar, sem hafa eitthvað við kærunefndarskýrslu að athuga, skulu gera skriflega grein fyrir athugasemdum sínum að minnsta kosti 10 dögum áður en deilumálanefndin kemur saman til að fjalla um kærunefndarskýrsluna.

Article 14
Confidentiality

1. Panel deliberations shall be confidential.
2. The reports of panels shall be drafted without the presence of the parties to the dispute in the light of the information provided and the statements made.
3. Opinions expressed in the panel report by individual panelists shall be anonymous.

Article 15
Interim Review Stage

1. Following the consideration of rebuttal submissions and oral arguments, the panel shall issue the descriptive (factual and argument) sections of its draft report to the parties to the dispute. Within a period of time set by the panel, the parties shall submit their comments in writing.

2. Following the expiration of the set period of time for receipt of comments from the parties to the dispute, the panel shall issue an interim report to the parties, including both the descriptive sections and the panel's findings and conclusions. Within a period of time set by the panel, a party may submit a written request for the panel to review precise aspects of the interim report prior to circulation of the final report to the Members. At the request of a party, the panel shall hold a further meeting with the parties on the issues identified in the written comments. If no comments are received from any party within the comment period, the interim report shall be considered the final panel report and circulated promptly to the Members.

3. The findings of the final panel report shall include a discussion of the arguments made at the interim review stage. The interim review stage shall be conducted within the time-period set out in paragraph 8 of Article 12.

Article 16
Adoption of Panel Reports

1. In order to provide sufficient time for the Members to consider panel reports, the reports shall not be considered for adoption by the DSB until 20 days after the date they have been circulated to the Members.
2. Members having objections to a panel report shall give written reasons to explain their objections for circulation at least 10 days prior to the DSB meeting at which the panel report will be considered.

3. Deiluaðilar eiga rétt á að taka fullan þátt í umfjöllun deilumálanefndarinnar um kærunefndarskýrsluna og skulu sjónarmið þeirra færð ítarlega til bókar.
4. Áður en 60 dagar eru liðnir frá því að kærunefndarskýrslan var send aðilum skal skýrslan samþykkt á fundi deilumálanefndarinnar,[180] nema deiluaðili tilkynni deilumálanefndinni formlega ákvörðun sína um að áfrýja eða deilumálanefndin ákveði með einróma samþykki að samþykkja hana ekki. Hafi aðili tilkynnt að hann hyggist áfrýja tekur deilumálanefndin kærunefndarskýrsluna ekki til umfjöllunar og samþykkis fyrr en eftir að málsmeðferð við áfrýjun lýkur. Þessi málsmeðferð við samþykkt hefur ekki áhrif á rétt aðila til að láta í ljós álit sitt á kærunefndarskýrslu.

17. gr.
Áfrýjun.
Fastanefnd um áfrýjun.

1. Deilumálanefndin skal koma á fót fastanefnd um áfrýjun. Áfrýjunarnefndin fær til meðferðar mál sem hafa verið til meðferðar í kærunefnd og verið áfrýjað. Í áfrýjunarnefndinni eiga sæti sjö menn og sinna þrír þeirra hverju einstöku máli. Þeir sem eiga sæti í áfrýjunarnefndinni skulu skiptast á að sinna málum. Sú skipting er ákveðin í starfsreglum áfrýjunarnefndarinnar.
2. Deilumálanefndin skipar menn til starfa í áfrýjunarnefndinni til fjögurra ára í senn og er heimilt að skipa sama mann tvisvar. Þó skal starfstíma þriggja manna, sem eru valdir með hlutkesti úr hópi þeirra sjö sem skipaðir eru um leið og samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina öðlast gildi, ljúka að tveimur árum liðnum. Skipað verður í sæti þeirra sem hverfa úr nefndinni jafnóðum og þau losna. Ef maður er skipaður í stað annars sem ekki hafði lokið starfstíma sínum situr sá fyrrnefndi í nefndinni uns skipunartími forverans er á enda.
3. Áfrýjunarnefndin skal vera skipuð mönnum sem óumdeilanlega teljast til færustu sérfræðinga og sem sýnt hafa fram á sérfræðiþekkingu sína í lögum, alþjóðaviðskiptum og almennt í þeim málefnum sem tilgreindu samningarnir taka til. Þeir skulu ekki hafa tengsl við nein stjórnvöld. Samsetning áfrýjunarnefndarinnar skal í stórum dráttum endurspegla samsetningu aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Allir þeir sem starfa í áfrýjunarnefndinni skulu ætíð og fyrirvaralítið vera til taks og fylgjast með störfum deilumálanefndarinnar og annarri viðeigandi

3. The parties to a dispute shall have the right to participate fully in the consideration of the panel report by the DSB, and their views shall be fully recorded.
4. Within 60 days after the date of circulation of a panel report to the Members, the report shall be adopted at a DSB meeting[180] unless a party to the dispute formally notifies the DSB of its decision to appeal or the DSB decides by consensus not to adopt the report. If a party has notified its decision to appeal, the report by the panel shall not be considered for adoption by the DSB until after completion of the appeal. This adoption procedure is without prejudice to the right of Members to express their views on a panel report.

Article 17
Appellate Review
Standing Appellate Body

1. A standing Appellate Body shall be established by the DSB. The Appellate Body shall hear appeals from panel cases. It shall be composed of seven persons, three of whom shall serve on any one case. Persons serving on the Appellate Body shall serve in rotation. Such rotation shall be determined in the working procedures of the Appellate Body.
2. The DSB shall appoint persons to serve on the Appellate Body for a four-year term, and each person may be reappointed once. However, the terms of three of the seven persons appointed immediately after the entry into force of the WTO Agreement shall expire at the end of two years, to be determined by lot. Vacancies shall be filled as they arise. A person appointed to replace a person whose term of office has not expired shall hold office for the remainder of the predecessor's term.

3. The Appellate Body shall comprise persons of recognized authority, with demonstrated expertise in law, international trade and the subject matter of the covered agreements generally. They shall be unaffiliated with any government. The Appellate Body membership shall be broadly representative of membership in the WTO. All persons serving on the Appellate Body shall be available at all times and on short notice, and shall stay abreast of dispute settlement activities and other relevant activities of the WTO. They shall not participate in the consideration of any

starfsemi á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þeir skulu þó hvergi koma að umfjöllun deilumáls þegar slíkt getur beint eða óbeint valdið hagsmunaárekstrum.

4. Deiluaðilum einum, en ekki þriðju aðilum, er heimilt að áfrýja kærunefndarskýrslu. Þriðju aðilar, sem hafa tilkynnt deilumálanefndinni um að þeir eigi verulegra hagsmuna að gæta í málinu skv. 2. mgr. 10. gr., geta lagt fram skriflegar greinargerðir og fengið áheyrn hjá áfrýjunarnefndinni.

